# Fornleifar í Öræfum:

## Heimildaúttekt



Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS456-09011

Reykjavík

2011

*Forsíðumyndin er bæjarteikning danskra mælingamanna frá 1904.*

*Í eigu Landmælinga Íslands.*

© Fornleifastofnun Íslands 2011

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

# Efnisyfirlit

1. INNGANGUR: SVEITIN MILLI SANDA ... 5
2. FORNLEIFASKRÁ ... 7
*SF-081 Kvísker* ... *7*
*SF-082 Hnappavellir* ... *13*
*SF-083 Fagurhólsmýri* ... *44*
*SF-084 Hofsnes* ... *55*
*SF-085 Hof* ... *62*
*SF-086 Sandfell* ... *95*
*SF-087 Svínafell* ... *106*
*SF-088 Skaptafell* ... *125*

*SF-641 Fornleifar á fleiri en einni jörð* ... *154*
*SF-642 Ingólfshöfði* ... *155*
*SF-643 Hafrafell* ... *159*
*SF-644 Breiðamerkursandur* ... *161*
3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR ... 163
HEIMILDASKRÁ ... 166

# 1. INNGANGUR: SVEITIN MILLI SANDA

Svæðið á milli Breiðamerkursands og Skeiðarársands er jafnan nefnt *Sveitin milli sanda*. Á þessum slóðum er ströndin hafnarlaus og liggur í einskonar boga undir hæsta fjalli landsins, Öræfajökli. Á fyrstu öldum byggðar var þetta sama svæði nefnt *Litla Hérað*, hugsanlega til aðgreiningar frá Héraði á Austurlandi. Gríðarlegt eldgos í Öræfajökli (sem þá var nefndur Knappafellsjökull) árið 1362 gjörbreytti ásýnd sveitarinnar úr gjöfulu landbúnaðarsvæði í mikla auðn, og nafni þess um ókomna tíð úr Litla Héraði í *Öræfi*. En þrátt fyrir að gosið mikla árið 1362 hafi umbylt lífi fólks og lagt svæðið í auðn um sinn, byggðist sveitin aftur og er hún einskonar minnisvarði um þrautseigju íslenskra bænda.

Saga Öræfasveitar er sérstæð fyrir margra hluta sakir. Stórkostleg eldsumbrot hafa mótað byggðina og sett henni skorður og mikilfenglegt landslagið, sem og einangrun byggðarinnar langt fram eftir 20. öld, hafa markað hana og styrkt sérkenni hennar. Eldgosið í Öræfajökli er jafnan talið stærsta gos í Evrópu á síðastliðnum 2000 árum og ljóst að það hefur valdið töluverðu mannfalli, skepnudauða og gríðarlegu tjóni á mannvirkjum. Þó að margt hafi verið skrifað um byggð í Hofshreppi, eyðingu hennar og uppbyggingu er enn ótal spurningum um gosið og afleiðingar þess ósvarað. Gosið í Öræfajökli er einn af merkilegri atburðum úr sögu Íslands byggðar, en mikilla rannsókna á fjölbreytilegum fræðasviðum s.s. náttúrufræði og fornleifafræði er þörf, til að auka þekkingu á sögu Öræfanna og áhrifa eldsumbrota á mannlífið.[1]

Á vormánuðum 2009 veitti Kvískerjasjóður Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Fornleifastofnun Íslands styrkt til að vinna heimildaúttekt um fornleifar í Öræfum og nágrenni. Fornleifastofnun kostaði verkið að hluta og var það unnið á árunum 2009-2011. Um skráninguna sáu auk Elínar fornleifafræðingarnir Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Í þessari skýrslu er afrakstur skráningarinnar birtur.

Öræfi eru nú hluti af Sveitarfélaginu Hornafirði voru áður sérstakur hreppur, Hofshreppur. Heimildakönnun á öllum jörðum í gamla Hofshreppi leiddi í ljós vitneskju um ríflega 900 fornleifar í hreppnum á 8 lögbýlum, eða ríflega 100 fornleifar að meðaltali á jörðu. Er þetta afar hátt hlutfall og styrkir það það sem löngum hefur verið talið, að Öræfi kunni að

[1] Hér verður því ekki fjallað ítarlega um gosið né heldur byggðasögu svæðisins. Talsvert hefur verið ritað um sögu Öræfa og Öræfagos og fróðleiksfúsum bent á útgefin rit um sögu svæðisins, s.s. rit Sigurðar Björnssonar frá Kvískerjum og samantekt dr. Sigurðar Þórarinssonar "Hérað milli sanda og eyðing þess", *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu III* eftir Magnús Björnsson og skýrslur og greinar um fornleifauppgrefti á svæðinu, s.s. eftir Gísla Gestsson og Bjarna F. Einarsson.

vera einstaklega gjöfult minjasvæði. Minjarnar reyndust afar fjölbreytilegar og voru bæði teknar saman upplýsingar um löngu horfnar eyðibýli (sem sumar hverjar gæti reynast erfitt að staðsetja nákvæmlega) sem og útihús, kvíar, leiðir og vöð sem vel eru þekkt í dag og talsverð ummerki sjást jafnvel enn um. Um niðurstöður skráningarinnar verður fjallað betur í samantekt aftast í skýrslu.

Við skráninguna var farið í gegnum margvíslegar heimildir s.s. Íslenskt fornbréfasafn, Íslendingasögur, Sturlungu og ýmsar aðrar fornbókmenntir sem ásamt ýmsum yngri heimildum, s.s. jarðabækur og örnefnaskrár. Auk þessa leyndust mikilvægar vísbendingar um byggð á svæðinu á uppdráttum, bæði túnakortum sem varðveitt eru í handriti á Þjóðskjalasafni Íslands (og kort af Skaftafelli frá dönskum landmælingarmönnum 1904) sem og á þeim nákvæmu og greinargóðu mælingum sem danskir arkitektúrnemar gerðu á svæðinu fyrir tæplega 40 árum. Afrakstur mælinganna var gefinn út í tveimur heftum, Öræfi I-II. Þar er m.a. að finna ljósmyndir af gömlum húsum í sveitinni og uppmælingar á nokkrum húsum, bæði torfbæjum s.s. á Hofi og Hnappavöllum sem og útihúsum á sömu jörðum og víðar. Þessar uppmælingar eru merkilegt safn heimilda í dag og var stuðst við þær í skýrslu þessari. Mun fleiri heimildir voru skoðaðar við heimildaúttekt, s.s. útgefið efni Kvískerjasystkina og greinar og skýrslur um fornleifauppgrefti á svæðinu á Gröf og í Bæ og úttekt á eldhúsi í Hæðum í Skaftafelli.

En þrátt fyrir að mikið magn heimilda hafi verið kannað í heimildaúttekt þessari, er langt því frá að öll kurl séu komin til grafar. Ástæðan er sú að enn má búast við að ókannaður fróðleikur um fornleifar leynist enn hér og þar og ennfremur, að mikið af fornleifum eiga eftir að bætast við þegar að athugun á vettvangi kemur. Að jafnaði bætir vettvangsskráning a.m.k. við um 20% fleiri minjastöðum og í tilfelli Öræfa má búast við enn fleiri stöðum, ekki síst eftir viðtöl við staðkunnuga heimildamenn. Það er því ljóst að mikið og skemmtilegt starf er enn óunnið við skráningu og rannsóknir á menningarminjum í Öræfasveit.

# 2. FORNLEIFASKRÁ

## *SF-081 Kvísker*

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Kvísker. Bóndaeign. Landsk. 80 ál. eftir jarðab. 1697. Hafa verið eitt ár í eyði, kunna þó að byggjast. Jarðardýrleiki vjc." JÁM XIII, 434.
1847: 6 hdr. Bændaeign. Einnig kallað Tvísker. JJ, 5.
[1343]: "Máldagi Maríukirkju á Hnappavöllum í Öræfum [...]. j kviskæria land skog j millvm kambskardz oc vattarar slykur sem hann er." DI II, 773.
[1522 og síðar]: "Skrá um jarðir Teits lögmanns Þorleifssonar. [...] Þessar jarder ätti Teijtur Þ(orleifsson) fyrir austan j Hornafyrdi sem hann sijdar selur Biskup Augmundi. [...] Kuijaskier iijc." DI IX, 92-93. 3. ágúst 1525: "Ögmundr biskup fær Ásgrími Ásgrímssyni jörðina Hof í Öræfum til fullrar eignar [...]. en jörðina Kvísker fær biskup Asgrími og jörðina Breiðármörk með sex álna trjáreka, en Asgrímr fær biskupi Fjörð og Svínhóla í Lóni." DI IX, 274-275.
1839: Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu segir: "Loksins koma Tvísker, 4 hndr. að dýrleika, í austur frá Hnappavöllum [SF-082], stífra fjögra bæjarleiða lengd, austur á Breiðamerkursandi, stendur undir litlu felli, sem umgirt er jöklum eins og einlægur jökulklasi er bak við [all]a Öræfasveit." SSS, 150-151.
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 segir einnig: "Rekafjöru á jörðin fyrir nokkrum parti lands síns. Á jörðunni kann að fóðrast 1 kýr." JÁM XIII, 434.
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir einnig: "Þessi jörð er sára heyskaparlítil, hrossaganga ónýt, en sauð[fé] má nokkuð hafa hér." SSS, 151.
Í Sýslu og sóknalýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: "Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." SSS, 151-152.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Undirlendi er svo til allt myndað af árframburði og allvíðlent, fjalllendi nokkurt og talsvert gróið. [...] Nefndarálitið fyrir Öræfin var bókað 11. maí 1849 [...]. Um Kvísker er nefndarálitið á þessa leið: "Bændaeign. Túnið er heldur stórt, en snöggt, fóðrar eina kú,



*Horft heima að Kvískerjum í nóvember 2010*

engjar eru mjög litlar og erfiðar, en hagar sérlega góðir, að því er þeir nema, en vetrarhart og álízt jörðin geta framfleytt einni kú og 80 fjár. Fjara fylgir jörðinni töluvert löng og heldur rekasæl. Selveiði er í Breiðamerkurós, og fær jörðin landhlut þar af. Silungsveiði er þar einnig lítil. Hagar eru allir undiropnir vatnaágangi og jörðin örðug yfir höfuð nema fjaran, og sér í lagi geta ei hestar orðið hafðir þar á sumrum né vetrum." Við þetta hefði mátt bæta: Skógur nokkur til eldiviðar, hellutak allgott, en torfrista mjög lítil og léleg það sem er. Svartbaks- og skúmsungatekja nokkur. [...] En eftir að kom fram á 20. öld, fór landið að gróa upp smátt og smátt,.[...] Um aldamótin 1900 var með naumindum hægt að hafa tvær kýr á sumarhögum, en um 1950 hefði verið hægara að hafa þar 15-20 kýr, auk þess sem hrossabeit var orðin góð. Árið 1960 var einnig orðin góð torfrista á landi, sem var gróðurlaust um 1900." BAS III, 57-58.

SF-081:001 *Kvísker* bæjarhóll bústaður
Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Loksins koma Tvísker, 4 hndr. að dýrleika, í austur frá Hnappavöllum [SF-082], stífra fjögra bæjarleiða lengd, austur á Breiðamerkursandi, stendur undir litlu felli, sem umgirt er jöklum eins og einlægur jökulklasi er bak við [all]a Öræfasveit." Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt bæjarröð sem samanstendur af 5-6 húsum. Bjarni F. Einarsson gerði könnunarskurði árið 1999 og 2010 , bak við nýrra og eldra húsið. Í báðum tilvikum var komið niður á mannvistarleifar fyrir 1362.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1912 var komið upp framhúsi með járnþaki. Árið 1928 var komið upp íbúðarhúsi með járnþaki, og árið 1945 var steypt íbúðarhús."
Heimildir: SSS, 150-151; BAS III, 58 og túnakort um 1920; BE: Kvísker: fornar minjar djúpt í jörðu, skýrsla 1-2.




*Túnakort Kvískerja frá um 1920. Númer á korti eru viðbætur og samsvara númerum í fornleifaskrá*

SF-081:002 heimild um útihús
Inn á túnakort frá um 1920 er merkt útihús fast ofan við (að baki) bæjarraðarinnar, en stakstætt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-081:003 heimild um útihús
Inn á túnakort frá um 1920 er merkt útihús um 20 m frá bæjarsamstæðunni 001.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-081:004 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt útihús um 20 m frá bæjarsamstæðunni 001, fast við heimreið 009.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-081:005 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt útihús skammt frá því þar sem heimreið 009 og götur 010 hafa mættst og um 30 m frá bæjarsamstæðunni 001.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-081:006 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt útihús og kálgarður samfastur beint á móti bæjarhúsunum 001 og hefur heimreiðin 009 legið á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-081:007 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt útihús um 65m frá bæjarsamstæðunni 001.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-081:008 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt útihús tæplega 100 m frá bæjarsamstæðunni 001.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-081:009 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 er merkt heimreið fram hjá bæjarhúsum í Kvískerjum, eftir endilöngu túninu (útihús 004-006 voru einnig við heimreiðina). Samkvæmt túnakortinu var heimreiðin um 200 m löng og endaði í götu 010.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-081:010 heimild
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] hellutak allgott, [...]."
Heimildir: BAS III, 57.

SF-081:011 *Skjólgarðsfit* örnefni varnargarður
"Austast í landi jarðarinnar eru graseyrar sem nefndar eru Fitjar. Upp af þeim heita Fitjaöldur, svo voru hér Skjólgarðsfit, sem nú er horfin, og Skjólgarðsfitjarkvísl, sem nú er sameinuð Hrútá," segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kvísker, 1.

SF-081:012 *Nýjasel* heimild um sel
"Hér austast, ofan við lónið sem er innan við fjörukambinn, heitir Hólmar. Þeir ná að Hrútá og neðst í þeim við lónið heitir heitir Sláttuhólmi. Þar ofar heitir Nýjasel og upp af þeim eru Nýjaselsöldur,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Kvísker, 1.

SF-081:013 *Gamlasel* heimild um sel
"Þeir [Hólmar] ná að Hrútá og neðst í þeim við lónið heitir Sláttuhólmi. Þar ofar heitir Nýjasel [012] og upp af þeim eru Nýjaselsöldur, svo er Gamlasel og Gamlaselsöldur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Kvísker, 1

SF-081:014 *Mógil* örnefni mógrafir
"Þá er Litlamýri, svo er Kúaflötur og Krummaskógsalda, sem gengur þar fram á melinn. Þar vestur af með Stóralæk heitir Mógil og Alda er milli Hellisgilslækjar og Stóralækjar," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Kvísker, 1.

SF-081:015 *Kirkjugötur* heimild um leið
"Sunnan Stóralækjar heitir það svo Öldur, liggja svo í boga frá Stóralæk og að Eystri-Kvíá. Yfir miðjar Öldurnar og Mosana liggja Kirkjugötur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Kvísker, 1.

SF-081:016 *Bakki* heimild um býli
Í Norðanfara er birt ágrip af jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1712. Þar segir: "Bakki er sagt bær heitið hafi fyrir austan Kvíá, þar sem hún rann að fornu, eða framundan Kambsmýrarkambi; sjezt ekkert til tópta." "Hér neðan við aurinn er svo með sjó Bakkafjara, sem er eign Sandfells. Sagt er að hún dragi nafn af býlinu Bakka, sem stóð fyrir austan Kvíá," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Norðanfari, 43, Ö-Kvísker, 2.

SF-081:017 *Lambhúsklettur* örnefni lambhús
"Þá segjum við að allt láglendið sé búið og nú bregðum við okkur heim í tún: Suðaustast í túninu milli lækja heitir Túnshali og austasti kletturinn á túninu heitir Lambhúsklettur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Kvísker, 2.

SF-081:018 *Réttarklettur* örnefni rétt
"Austan við hann [Lambhúsklett 017] er svo Réttarklettur en sá klettur er að nokkru leyti utan túns," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Kvísker, 2.

SF-081:019 *Hesthúsklettur* örnefni hesthús

"Vestur af Lambhúskletti [017]er Hesthúsklettur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Kvísker, 2.

SF-081:020 *Hólshús* heimild um útihús
"...vestur af bæ er Vestratún, í því er Hóll. Framan í honum eru Hólshús," segir í örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Kvísker, 2

SF-081:021 *Útigönguból* örnefni ból
"Aðeins austar en hann fer fram af brúninni [Hangandifoss] er Útigönguból (71)(við 343 m hæð), er sérkennilegur skúti, op að austan og kringlótt op beint fram úr honum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Kvísker, 2.

SF-081:022 *Lambaból* örnefni ból
"Á tanganum milli Múlagljúfurs og Þvergils eru Þvergilstorfur. Skammt vestur af Hrafnakambi eru Lambaból og hinum megin við þau er efst á heiðinni Gljúfurtorfur," segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Kvísker, 3.

SF-081:023 *Grettistak* örnefni
"Upp af og austur af Gljúfurtorfum eru svonefndar Bringur. Sunnan við lækinn heitir svo Sortumýri og þar er við veginn hóll, Sortuhóll. Þá er syðst í heiðinni Grettistak og Arnarbæli er austan við Stöðuvatnið, sem fyrr var getið, þetta eru klettar með brekku undir," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Kvísker, 3.

SF-081:024 *Loðnaból* örnefni ból
"Upp af og sunnan við Litlaháls heitir Hlíð og austanvert á Bæjarskeri heitir Loðnaból," segir í örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Kvísker, 3

SF-081:025 *Kúmensklettur* örnefni akur
"Mitt milli Kíkiskletts og Kerlingarkletts er Kúmensklettur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Kvísker, 3

SF-081:026 *Einstig* örnefni leið
"Ofan við Bæjarsker heitir Einstig; liggur austan við Bæjarlæk upp á Sláttutorfu, austan við Einstig eru svo Einstigsbrekkur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Kvísker, 3

SF-081:027 *Nátthagi* heimild um nátthaga
"Vestur frá bænum upp við hlíðina, Vestrihvammur. Austast í Vestrihvammi er Nátthagi og í Nátthaganum er Hellir. Nyrst í hvamminum eru Hjallar og upp af þeim eru Hjallabrúnir," segir í örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Kvísker, 4

SF-081:028 *Tvídyraðiskúti* örnefni
"Vestan við hvamminn heitir Vestriháls, austan í hálsinum er Tvídyraðiskúti...," segir í örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Kvísker, 4

SF-081:029 *Vilborgarból* örnefni ból
"Þá er Vilborgarból framan í fjöllunum að vestan móts við þar sem Vatnafjöllin eru hæst ( á jökli er þar sýnt 362 m en fjallið 856 m). Neðan við Vilborgarhól er líparítgangur, sem heitir Bleikikambur,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir:Ö-Kvísker, 4

SF-081:030 *Varða Sveins Pálssonar* varða
Í grein eftir Flosa Björnsson í Árbók fornleifafélagsins árið 1974 segir frá vörðu Sveins Pálssonar í

Kvískerjafjöllum: "Efst í Kvískerjafjöllum er vörðubrot nokkurt, lágt í loftinu og lætur ekki mikið yfir sér við fyrstu sýn. Engu að síður er það eitt þeirra mannvirkja 18. aldar sem á sér sögubrot, að vísu eitt hið merkasta í sinni röð. Spillir það og ekki til að hægt er að tímasetja vörðuna með óvenjlegri nákvæmni, raunar upp á klukkustund. En öruggt má telja að Sveinn læknir Pálsson og félagar hans hafi hlaðið vörðuna er þeir gengu á Öræfajökul [11. ágúst] 1794 [frá Kvískerjum]." Varða hlaðin af Sveini Pálssyni 11. ágúst 1794 á höfða efst í Kvískerjafjöllum, nú stundum kallaður Sveinshöfði, tæpan 1,5 km norðvestur af Hnútu og mun vera í 780 m.y.s.
Í grein Flosa segir einnig: "Í sinni núverandi mynd er varðan rúmlega hálfan metra á hæð, nærri einn metra í þvermál neðst. Hlaðin að mestu úr hnullungsgrjóti en þó að nokkru úr helluklumpum neðst. Hellubrot eru við steininn sem varðan stendur á og gætu hæglega einhver þeirra hafa verið úr vörðunni og lausir hnullungar voru við vörðuna um það leyti sem menn fóru að gefa henni gaum í sambandi við jökulgöngu Sveins. Höfðu þeir auðsjáanlega hrunið úr vörðunni. [...] Eins og varðan er nú er efsti hluti hennar ekki allskostar í þeirri mynd sem vörðubrotið var lengi vel; hefur verið gerð upp ekki alls fyrir löngu en mun litlu hærri en vörðubrotið var. Varðan stendur á allstórum steini, nærri mannhæðarháum. Hann er óreglulega fimmhyrndur, ávalur að norðanverðu en með skörðum brúnum á hinar hliðarnar. Dálítill flötur efst, þar sem varðan stendur. Bókstaðurinn [P] er höggvinn í sléttan hallandi flöt ofantil á suðurhlið steinsins. Stafurinn er um 12 sm á hæð, um 4,5 sm á breidd. Hæð frá jörðu að neðri enda stafsins hér um bil 1,10 m. Handbragðið eftir ástæðum hreinlegt og skýrt." Fangamarkið 'P' er einnig klappað á steininn sem varðan stendur á. "Á hólnum nýnefnda byggðum við vörðu úr grjóti og lögðum ofan á hana danskan eirpening, svo að þeir, er kynnu að vilja feta í spor okkar, geti fundið staðinn, þar sem við gengum á jökulinn." FSP, 493-96.
Heimildir: Árb 1974, 143-46, FSP, 493-96; ÁHÍF 1974, 143-146

SF-081:031 heimild um leið
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur."
Heimildir: SSS, 151-152

SF-081:032 heimild um varnargarð
Í greinarstúfi eftir Sigurð Björnsson frá Kvískerjum í Árbók fornleifafélagsins 1963 segir frá grjóthlöðnum varnargörðum frá 14. öld: "Sumarið 1959 jafnaði ég (með jarðýtu) blett í svonefndum Vestrihvammi, en hann er rétt vestan við Kvísker í Öræfum. Þarna var, eins og víðast í Öræfum, allþykkt vikurlag frá gosinu úr Öræfajökli 1362 og ýtti ég því fyrst niður fyrir allhátt moldarbarð, sem þarna var. Þá veitti ég athygli steinaröð, sem kom í ljós, þegar hreyft var við vikurlaginu. Við nánari athugun sá ég, að hér var um nokkurs konar garða að ræða, sitt hvorum megin við alldjúpan en þröngan lækjarfarveg; var hann nærri barðinu um það bil jafn að breidd og dýpt, en breikkaði og grynnkaði eftir því sem fjær því dró. Þar var líka aðeins grjót innan á börmunum og ekkert stórt. En þar sem farvegurinn var dýpstur, var raðað stórum steinum og klömpum upp á rönd, sitt hvorum megin."
Um grjótgarðlögin segir einnig: "Stærstu steinarnir voru um 80X60X80 cm, og hafa þeir víða tekið 50-60 sm upp úr jarðvegi. Smærri steinum var raðað í farveginn, en ekki beinlínis hlaðið. Um hlutverk þeirra þarf engar grafgötur að fara; þeir hafa verið settir til að varna því að vatn græfi meira en orðið var, og sumir jafnvel komnir með læknum. En um klampana, sem reistir höfðu verið við farveginn, gegnir öðrum málið, þeir voru flestir um það bil fet frá bakka (þó mislangt vegna smáhlykkja á bökkunum) og hafa því ekki á neinn hátt varið þá fyrir læknum. Vegna þess hve farvegurinn var mjór og djúpur þarna (60-80 sm), hefir hann verið hættulegur kindum, þegar snjór var á jörð, og er líklegast, að þess vegna hafi klömpunum verið raðað sitt hvoru megin við hann. Að vísu hefir þetta ekki verið gripheldur garður, en þó sennilega nægilegur til að beina fé fram hjá hættunni í snjó, sem fé komst um, án þess að troðin væri slóð fyrir það."
Heimildir:ÁHÍF 1963, 110-111

SF-081:033 heimild um myllu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1874 eða um það bil, kom Sigurður Ingimundarson upp vatnsknúinni kornmyllu, þeirri fyrstu í Öræfu, en þeim var fljótlega komið upp í öllum bæjarþorpum."
Heimildir: BAS III, 58

SF-081:034 heimild um sel
"Aftur á móti eru þar rústir af seli sem Brynjólfur Sveinsson biskup átti [...] laust eftir miða 17. öld. Til er lýsing á húsum bæði heima á Kvískerjum og selhúsum frá þeim tíma [...] Engar sagnir eru í sambandi við þetta sel og með öllu gleymt hverslags rústir þetta voru." segir í bókinni Sótt fram.
Heimildir:SF, 93

SF-081:035 heimild um brunn
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1924 var vatn leitt inn í bæinn, því var dælt til 1932, en sjálfrennandi eftir það."
Heimildir: BAS III, 58

SF-081:036 heimild um sæluhús
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Af nýgræðunum er aðeins stuttur spölur austur að sæluhúsinu við Jökulsá. Frá húsinu er örstutt upp á næstu jökulöldu, en á bak við hana er stórt jökullón, en handan við það þverhníptur jökulveggur, [...]."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 36

SF-081:037 heimild um ristu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Torfrista mjög lítil og léleg það sem er."
Heimildir: BAS III, 57

SF-081:038 heimild um rafstöð
Rafstöð var sett upp á Kvískerjum 1927, sem var nægilega öflug fyrir þennan litla bæ. Rafstöðin var endurbætt 1955 af Kvískerjabræðrum.

## *SF-082 Hnappavellir*

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Hnappavellir. Bóndaeign. Jarðardýrleiki xijc." JÁM XIII, 434.
1847: 12 hdr. Bændaeign. JJ, 5.
Í Landnámabók segir: "Ásbjorn hét maðr, son Heyjangrs-Bjarnar hersis ór Sogni; [...] Ásbjorn fór til Íslands ok dó í hafi, en Þorgerðr kona hans, ok synir þeira kómu út ok námu allt Ingólfshöfðahverfi á milli Kvíar ok Jokulsár, ok bjó hon at sandfelli ok Gulaugr, son þeira Ásbjarnar, eptir hana; frá honum eru Sandfellingar komnir. Annarr son þeira var Þorgils, er Hnappfellingar eru frá komnir." ÍF I, 320.
[1343]: "Máldagi Maríukirkju á Hnappavöllum í Öræfum [...] nappaveller [gamall madagi). Mariukirkia a nappavelli a fiordung j heima lande med ollum gognvm oc giædvm." DI II, 773.
16. september 1528: "Skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ á Síðu, [...]. Jtem gaf Eirekur þorsteinsson kirkiubæiar klaustri allan þann skog sem hann hafdi fremst eigande ad ordit j skaptafellz heide til æfinligrar eignar oc frials forrædis j suo mäta ad þeir j svinafelli byggi oc a knappauollvm skyllde hafa þar elldivid epter þvi sem þvi þarfnazt." DI IX, 470-471.
1. ágúst 1546: Þorleifur Pálsson selur Birni Þorleifssyni m.a. Hnappavelli og Svínafell í Öræfum fyrir bæi í Barðastrandasýslu. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 1. Sjá einnig DI XI, 481.
Um 1570: Gíslamáldagar. "Kirkjur í Minna Héraði og nærlendis. [...] Þessar kirkiur voru fordum i minna hieradi sem nu kallast Oræfe. [...] 2. Mariukirkia á Hnappavollum ä fiordung i heimalandi." DI XV, 713.
1839: Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu segir: "Nú koma Hnappavellir, 9 hndr. að dýrleika, liggur freka bæjarleið í austur frá Fagrahólsmýri, [...]." SSS; 150.
Túnakort frá því um 1920: Vesturbærinn: Tún 1,5 teigar (ha), sáðreitir að stærð: 576 m2. Austurbærinn: Tún 1,1 teigur (ha). Sáðreitir að stærð: 465,50 m2. Miðbærinn: Tún 3,2 teigar (ha), sáreitir að stærð 774,5 m2.
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 segir einnig um Hnappavelli: "Skógarítak til eldingar er jörðunni eignað í Skaftafellsskógi. [...] Reka á jörðin fyrir sínu landi. Ábúandi betalar fjórða hvört ár hundraðs hest fyrir reka, utan hvali." Um Hnappavallahjáleigu segir í sömu bók: "Kvaðir: hestlán í kaupstað annað hvert ár. Einnig á hún skóg í Skaftafellsskógi eftir tiltölu í Hnappavallaítaki." JÁM XIII, 434-435.
1839 (SSS, 150) segir einnig: "[...], heyskaparjörð, en verri til útgöngu" og svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: "Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." SSS, 151-152.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Austast á undirlendi jarðarinnar er Kvíármýri, graslendi, sem hefur verið nokkurs konar afréttur, svo lengi sem menn vita, en er talin með eignum Rauðalækjarkirkju 1348 og mun lítið breytt síðan [...]. Austast á Kvíármýri var austasti áfangastaður í Öræfum. Vestan við Kvíármýri taka við Hnappavallaaurar, myndaðir af Hólá og Stigá, litlum jökulám, sem um þá renna. Eru þeir nokkuð grónir, einkum er nær dregur sjó. Vestan við Hnappavallaaura taka við mýrlendi, og eru þar allvíðlend starengi. Fjalllendi er nokkurt og víða bratt, en ber ekki margt fé. [...] Nefndarálit frá 11. maí 1849: "Hnappavellir með Hnappavallahjáleigu: Bændaeign. Túnið er gott, fóðrar 5 kýr, engjar víðlendar og vatnasamar, en heyfall að mestu leyti slæmt, hagar eru víðlendir eftir því sem hér er í sveit. Jörðin álízt að geta framfleytt 7 kúm og 169 fjár. Fjara fylgir jörðinni, heldur rekasæl, [...]. Hagar eru undirorpnir vatna- og sandágangi og jörðin örðug nema fjaran." Við þetta herði mátt bæta: Selveiði í Hnappavallaósi og lítils háttar silungsveiði á sama stað. Torfrista og hellutak hvort tveggja gott. Jörðin hefur litlum breytingum tekið, eftir að þessi lýsing var gefin, þar til nú á síðustu árum vegna ræktunar." BAS III, 59-61.

SF-082:001 *Hnappavellir* bæjarhóll bústaður *(Miðbærinn)*
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merktur bær, 19 útihús (003-019),2 kálgarður (020 og 028) og 7 leiðir/slóðar (021-027). Samkvæmt túnakortinu var bærinn með 2-3 burstir.Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Nú koma Hnappavellir, 9 hndr. að dýrleika, liggur

freka bæjarleið í austur frá Fagrahólsmýri, [...].Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Á Hnappavöllum eru nú sem stendur 6 ábúendur, en voru til skamms tíma 7. Jörðin er líka slægjujörð mikil og víðlend. Fyrr á öldum var þessi jörð mun minni en nú, en undir Hnappavellina hafa síðar lagzt jarðir, sem voru austar og eyddust ýmist af vatnaágangi eða jökulhlaupum [Húsavík, Hólar og Bakki].
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Á jörðinni hafa alltaf verið 4-6 bændur frá því um 1800.



*Horft heima að Hnappavöllum, nóvember 2011.*




*Túnakort Miðbæjar Hnappavalla frá því um 1920. Númer á teikningunni vísa í númer í fornleifaskrá.*

Raflýst var á V árið 1926, en á hinum bæjunum 1929. Fram yfir miðja 19. öld var einbýli í

Hnappavallahjáleigu, en 1852 byggði Stefán Pálsson íbúðarhús austast í gamla Hjáleiguþorpinu. Nálægt 1890 flutti svo Gísli Þorsteinsson þann bæ austar og byggði nokkru neðar en núverandi Austurhjáleigubær er. Efri bæirnir voru lengst af þrír eftir 1800 og stóðu rétt saman, þannig að tveir voru allt að því í sömu línu, en einn framan við þá og stutt frá. Árið 1868 flutti Gísli Jónsson (Hnv. V.7) einn bæinn "vestur fyrir læk", og var það fyrsti bærinn, sem þar var byggður."
Samkvæmt túnakorti voru tveir miðbæir (sjá einnig bæ 029). Sá miðbær sem hér er skráður var líklega eldri. Túnstærð 3,2 teigar (ha) og sáðreitir 774,5 m2 Samkvæmt túnakorti.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.; SSS, 150; ÁÓG 1990, 61; ÁFÍ 1937, 30; BAS III, 61-62

SF-082:002 heimild um kirkju
HNAPPAVELLIR (KNAPPAFELL) Í ÖRÆFUM (AS) Maríu
c. 1200: Kirknaskrá Páls biskups Jónssonar. [1343]: Hnappaveller gamall maldagi. Mariukirkia a nappavelli a fiordung j heima lande med ollum gognvm oc giædvm. ij kyr. oc xviij ær. hvn a xxx hesta hrishogg j breidarland. j Hola land til xviij rossa. j kviskæria land skog j millvm kambskardz oc vattarar slykur sem hann er. j Hrvtafell xij vngneyta rekstur. hvn a kross sæmiligann med likneskivm. tiolld vmhverfis kirkiv. merki ij. messuklædi iij. tuenn corporalia. alltaraklædi iiij oc iij dukar. kluckur iiij. klek. kertistikur ij. iiij merkur j bokum. sacrarivm mvnnlaug oc lysikolv. halfva nork vax. vatzketil. glodarker oc elldbera. messustack oc messufata kistv oc adra litla kistv. sloppa ij. oc eina kantara kapu. fontklædi. skrift litla. skogartopt hia biorghum oc j hrutafelli. nattrekstur busmala fra skarde a hvolä. hvn a hofudlin eitt staktt oc einn glerglugg. þangad liggia vnder iiij bæier ad allre skylldv. erv þriu bænhus oc takast sex avrar af hveriv prestur tekur heima fiorar merkur. fiordung j ollvm Hnappavalla rekum. 1362: Jtem lagdist [til Stafafells] frä Hnappavallar kirkiu epter skipan herra Þorarins biskups [7 kúgildi, 2 hdr ófríð, ornamenti] og skrvde slijkur sem þar var; [Stafafells 1397 bæinn líklega tekið af í hlaupinu 1362 þar er klárlega engin kirkja eða bænhús"
Heimildir: DI XII, 5; DI II, 773,774; DI XI, 422; DI IV, 201, 202;

SF-082:003 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús 5-8 m frá bæ 001. Húsið virðist Samkvæmt túnakorti hafa verið nokkur samföst hús og endar gata 021 við það.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:004 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús um 30 m frá bæ 001.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:005 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar frá um 1920 er útihús um 36 m frá bæ 001 en innan við 5 m frá útihúsi 004.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:006 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús um 10 m frá bæ 001 en við það er byggður langur kálgarður.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:007 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús rúmum 70 m frá bæ 001 í Giljatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:008 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús rúmum 70 m frá bæ 001 en 10 m frá 007, í Giljatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:009 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús um 60 m frá bæ 001, í Heimatúni, fast við leið

027.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:010 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús tæpum 60 m frá bæ 001, í Heimatúni, um 15 m frá leið 027.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:011 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús 70-75 m frá bæ 001, í Heimatúni, um 25 m frá leið 027.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:012 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús tæpum 100 m frá bæ 001, í Heimatúni, tæpum 40 m frá leið 027. Húsið virðist útihúsasamstæða úr þremur húsum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:013 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús rúmum 100 m frá bæ 001, í Heimatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:014 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús um 70 m frá bæ 001, í Heimatúni, um 35 m frá leið 027.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:015 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er útihús rúmlega 100 m frá bæ 001, í Heimatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:016 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt útihús rúmlega 130 m frá bæ 001, í Heimatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:017 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt útihús rúmlega 220-230 m frá bæ 001, í Heimatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:018 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt útihús rúmlega 160 m frá bæ 001, í s.k. Túnhala.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:019 *Staðlatún* heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt útihús um 145 m frá bæ 001, í Staðlatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:020 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merktur kálgarður15-20 m frá bæ 001.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:021 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt heimreið sem legið hefur frá leið 026 (til Vesturhjáleigu) og að bænum, í gegnum húsaröðina og áfram að leið 022 og útihúsum í Giljatúni.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:022 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt leið sem legið hefur frá leið 024, meðfram túnjaðri Giljatúns og áfram.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:023 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt leið sem legið hefur frá leið 024, meðfram túnjaðri Giljatúns og áfram.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:024 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt leið sem legið hefur meðfram túnhala og áfram eftir öllu túninu á Hnappastöðum en hefur greinst í tvær leiðir (sjá 022 og 023) rétt við bæjarþyrpinguna.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:025 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt leið sem legið hefur til Vesturbæjar frá leið 026 (sem var til Vesturhjáleigu) meðfram Staðlatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:026 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt leið sem legið hefur til Vesturhjáleigu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:027 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merkt leið sem legið hefur frá leiðinni að Vesturhjáleigu 026 og þvert yfir Heimatún.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:028 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Miðbæjar (III) frá um 1920 er merktur kálgarður um 220 m frá bæ 001, utan við tún.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:029 *Hnappavellir (Miðbær)* bæjarstæði bústaður
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merktur bær, 9-10 útihús (030-037 og 111), kálgarður (038), 4 leiðir/slóðar (039-041 og 110) og örnefni sem bendir til smiðju 112. Samkvæmt túnakortinu var bærinn með 4 burstir.
Samkvæmt túnakortinu var túnstærðin 1,6 teigar (ha) og sáðreitir 881 m2.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:030 heimild um útihús



*Túnakort fyrir Miðbæ Hnappavalla frá því um 1920. Númer á teikningu vísa til númera í fornleifaskrá*

Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt útihús innan við 5 m frá bæ 029 og hefur aðeins verið gangvegur á milli.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið samstæðuhús og samanstaðið af fjórum hólfum/húsum. Það hefur snúið eins og bær.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:031 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt útihús innan við 5 m frá húsi 031 og um 15 m frá bæ 029.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið samstæðuhús og samanstaðið af þremur hólfum/húsum. Það hefur snúið eins og bærinn.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:032 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt útihús um 10 m frá bæ 029.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið samanstaðið af tveimur hólfum/húsum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:033 *Gerðistorfa* heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt útihús um 55 frá bæ 029, nálægt túnhorni Gerðistorfu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:034 *Stöðlatún* heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt útihús um 115 frá bæ 029, í jaðri Stöðlatúns.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:035 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt útihús um100 m frá bæ 029, í Eyratúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:036 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt útihús rúmum 110 m frá bæ 029, í Eyratúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:037 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt útihús um 135 m frá bæ 029, í jaðri Eyratúns.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:038 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merktur kálgarður til móts við bæinn 029 og hefur aðeins heimreiðin 039 legið á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:039 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt heimreið sem legið hefur frá leið 041 og að bæ 029 meðfram tveimur hliðum kálgarðs 038. Leið 040 að Vesturbænum er framhald þessarar heimreiðar.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:040 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt leið sem legið hefur frá heimreið 039 og áfram út túnið til Vesturbæjar.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:041 heimild um leið
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt leið sem legið hefur eftir endilöngu heimatúninu (m.a. í jaðri Stöðlatúns, Smiðjutúns og Eyratúns).
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:042 *Hnappavellir* bæjarstæði bústaður *(Vesturbærinn)*
Vesturbærinn VI á Hnappavöllum er merktur inn á túnakort frá því um 1920 ásamt 6 útihúsum (043-048), 2 leiðum (050-051) og 1 kálgarði (049).




*Túnakort Vesturbæjar á Hnappavöllum frá því um 1920. Númer á teikningu vísa í númer í fornleifaskrá.*

Samkvæmt túnakortinu var vesturbærinn á Hnappavöllum samsettur úr sex burstum. Túnstærð er 1,5 teigar (ha) og sáðreitir 576 m2.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:043 heimild um útihús
Inn á túnakort Vesturbæjar (VI) frá því um 1920 eru merkt útihús um 50 m frá bæ 042, við þau er byggður kálgarður.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:044 heimild um útihús
Inn á túnakort Vesturbæjar (VI) frá því um 1920 eru merkt útihús 40-50 m frá bæ 042.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:045 heimild um útihús
Inn á túnakort Vesturbæjar (VI) frá því um 1920 er merkt útihús um 60 m frá bæ 042. Það hefur verið um 10 m frá útihúsi 044.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:046 heimild um útihús
Inn á túnakort Vesturbæjar (VI) frá því um 1920 er merkt útihús rúmum 90 m frá bæ 042 í túnjaðri.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:047 heimild um útihús
Inn á túnakort Vesturbæjar VI frá því um 1920 er merkt útihús í stakstæðum túnskika sem nefndur er Hólatún. Húsið er rúmum 100 m frá bæ 042.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:048 *Hlöðutún* heimild um útihús
Inn á túnakort Vesturbæjar (VI) frá því um 1920 er merkt útihús rúmum30 m frá bæ 042 í túni sem merkt er Hlöðutún og gæti það gefið vísbendingu um hlutverk hússins. Við það er sambyggður kálgarður.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:049 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Vesturbæjar VI frá því um 1920 er merktur kálgarður framan við bæ 042 og virðist aðeins hlað (innan við 3 m) á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:050 heimild um traðir
Inn á túnakort Vesturbæjar VI frá því um 1920 eru merktar stuttar traðir sem liggja frá götum 051 og að bæ 042.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:051 heimild um traðir
Inn á túnakort Vesturbæjar VI frá því um 1920 eru merkt leið sem liggur eftir endilöngu túninu, m.a. í túnjaðri Hólatúns og Hlöðutúns.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:052 *Hnappavellir* bæjarhóll bústaður *(Vesturbær)*
Vesturbærinn (V) á Hnappavöllum er ásamt 10 útihúsum (053-062) og 4 götuslóðum (063-066)




*Túnakort frá því um 1920. Númerin á kortinu samsvara fornleifanúmerum í skránni.*

merktur inn á túnakort frá því um 1920.
Samkvæmt túnakortinu var bærinn þá burstabær með sex burstir. Túnstærðin var þá 1,1 teigur (ha) og sáðreitir 465,5 m2.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:053 heimild um útihús
Útihús og kálgarður sambyggður eru merkt inn á túnakort Vesturbæjar(V) 052 frá því um 1920. Útihúsið er sýnt framan við bæ 052 og eru götur 063 á milli (um 5 m). Útihúsið er sýnt í horni kálgarðs og marka traðir 063 kálgarðinn af öðrum megin en traðir 065 hinum megin.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:054 heimild um útihús
Útihús og kálgarður sambyggður eru merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) 052 frá því um 1920. Útihúsið er sýnt framan við bæ 052 og eru götur 063 á milli (um 5 m) og er það um 15 m frá útihúsið 053. Kálgarðurinn er byggður við útihúsið (á milli þess og húss 055).
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:055 heimild um útihús
Útihús og kálgarður sambyggður eru merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) 052 frá því um 1920 um 20 m frá bæ 052. Kálgarður er byggður við útihúsið (á milli þess og húss 054 - sjá 054).
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:056 heimild um útihús
Útihús og kálgarður sambyggður eru merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) frá því um 1920, 60-70 m frá bæ 052. Kálgarður er byggður við útihúsið sem virðist L-laga Samkvæmt túnakortinu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:057 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) frá því um 1920, 60-70 m frá bæ 052 á stakstæðum túnbletti, sem kallaðist Aurblettur.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:058 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) frá því um 1920, 80-90 m frá bæ 052 í stakstæðum túnbletti, sem kallaðist Aurblettur.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:059 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) frá því um 1920, um 100 m frá bæ 052 í stakstæðum túnbletti, sem kallaðist Aurblettur.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:060 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) frá því um 1920 110-120 m frá bæ 052 fast utan í stakstæðum túnbletti, sem kallaðist Aurblettur.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:061 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) frá því um 1920 rúmum 120 m frá bæ 052 í horni stakstæðs túnbletts sem nefndur er Ekra á túnakortinu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:062 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) frá því um 1920 um 100 m frá bæ 052, í stakstæðum túnbletti sem nefndur er Ekra á túnakortinu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:063 heimild um leið
Heimreið er merktar inn á túnakort Vesturbæjar (V) og hafa þær legið framan við bæinn 052 og áfram

til gatna 064 annars vegar en í hina áttina hafa þær legið að hinum Vesturbænum 042.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:064 heimild um leið
Leið er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) um 20 m frá bæ 052 og hefur hún Samkvæmt túnakortinu m.a. legið til Miðbæjar.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:065 heimild um leið
Leið er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) frá heimreið 063 og meðfram túnjaðri.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:066 heimild um leið
Leið er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (V) hefur hún einnig legið "til Gísla" [ekki ljóst hvort það er Miðbær, bær Gísla Jónssonar eða Vesturbær bær Gísla Bjarnasonar].
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:067 *Hnappavellir Vesturbær* bæjarstæði bústaður *VII*
Vesturbærinn VII á Hnappavöllum er merktur inn á túnakort frá því um 1920 ásamt 6 útihúsum (068-




*Túnakort frá um 1920 fyrir vesturbæ Hnappavalla (VII). Númer eru þau sömu og í fornleifaskrá og eru viðbætur höfundar.*

073), 2 leiðum (075-076), 1 kálgarði (074) og örnefni sem bendir til smiðju (077).
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að bærinn hefði samanstaðið af 4 burstum. Um 1920 hefur túnstærð verið 1 teigur (ha) og sáðreitir 482 m2.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:068 heimild um bústað

Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar(VII) frá því um 1920 fast við horn bæjarins 067, þar sem heimreiðin 076 beygði að bæ. Húsið virðist hafa verið bæjarhús Samkvæmt merkingunni en ekki fast við bæinn.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:069 heimild um útihús
Útihús og samfastur kálgarður eru merkt inn á túnakort Vesturbæjar (VII) frá því um 1920 til móts við bæjarhúsin og hefur heimreiðin 076 aðeins verið á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:070 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (VII) frá því um 1920 um 30 m frá bæ 067.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:071 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (VII) frá því um 1920 um 40-50 m frá bæ 067.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:072 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (VII) frá því um 1920 um 100 m frá bæ 067, í túni sem nefnt er Móaskák á kortinu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:073 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (VII) frá því um 1920 um 130 m frá bæ 067, í túni sem nefnt er Móaskák á kortinu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:074 heimild um kálgarð
Kálgarður er merktur inn á túnakort Vesturbæjar (VII) frá því um 1920 um 25 m frá bæ 067 í túnhorni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:075 heimild um leið
Leið er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (VII) meðfram öllu heimatúninu og Smiðjutúni 077.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:076 heimild um leið
Heimreið er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (VII) og hefur hún legið frá Vesturbænum V.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:077 *Smiðjutún* örnefni smiðja
Örnefnið Smiðjutún er merkt inn á túnakort Vesturbæjar (VII) 60-70 m frá bæ 067.
Túnið er lítill skiki (um 40 X 15 m stór) og hefur gata 075 markað eina hlið hans.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:078 *Vesturhjáleiga* bæjarstæði bústaður
Vesturhjáleiga á Hnappavöllum er merktur inn á túnakort frá því um 1920 ásamt 11 útihúsum (079-089), 4 kálgörðum (090-092, 113) og 5 leiðum (093-097).
Samkvæmt túnakortinu var Vesturhjáleiga á Hnappavöllum II samsettur úr níu burstum. Túnstærð er



*Vestarihjáleiga árið 1974. Öræfi II, Teikningar K39-K42 samsettar.*

3,1 teigar (ha) og sáðreitir 883 m2. Í Jarðabók Johnsen segir neðanmáls: "Sýslumaður sem telur 5 eigendur á öllum Hnappavöllum nefndir eigi hjáleiguna, en þar á móti prestur, en hvorugur þeirra nefndir Hnappavallahjáleigu, sem jarðabækur líka minnast á." Ekki er ljóst hvort þetta á við Vestur- eða Austurhjáleigu (sjá 098) en líklega er það þó Vesturhjáleigan sem líkast var eldri. Það sama gildir um upplýsingar úr Jarðabók Ísleifs Einarssonar sem birt er sem fylgiskjal í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII. Þar segir: "Hnappavallahjáleiga. Byggð úr heimalandi. Dýrleiki er óviss."

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Á jörðinni hafa alltaf verið 4-6 bændur frá því um 1800. Raflýst var á V árið 1926, en á hinum bæjunum 1929. Fram yfir miðja 19. öld var einbýli í Hnappavallahjáleigu, en 1852 byggði Stefán Pálsson íbúðarhús austast í gamla Hjáleiguþorpinu [110]. Nálægt 1890 flutti svo Gísli Þorsteinsson þann bæ austar [098] og byggði nokkru neðar en núverandi Austurhjáleigubær er." Danskir arkitektúr nemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp




*Túnakort af Hnappavöllum II, Vesturhjáleigu frá 1920. Tölusetning húsa er gerð af höfundi og er vísar til númera fornleifar í fornleifaskránni.*

bæjarþyrpinguna í Vesturhjáleigu og nokkur útihús (hús 079, 081, 113, 210 og 211). Því eru til ítarlegar uppmælingar af gamla bænum og nágrenni hans bæði planteikningar og sniðteikningar. Af þeim má ráða talsvert af upplýsingum. Af þeim má ráða að skemma A, hafi verið yst í bæjarröðinni, þá geymsla B, svo hlaða C og þá fjós D en að baki þessum síðastnefndu byggingum tveimur var þá súrheysturn. Við hlið fjóssins komu svo hin eiginlegu bæjarhús, fyrst baðstofa og eldhús (E) og svo önnur baðstofa og stofa, F. Við hlið bæjarhúsanna voru svo tvær tóftir, skemma G og tóft H sem merkt er "hjallos" á teikningu Dananna. Samkvæmt teikningunni var skemman A um 8-8,5 X 5,5-6 að utanmáli en í raun sambyggð geymslunni. Skemman var með timburþili og þá mest tæpir 3 m á hæð. Við hlið skemmu var geymslan, B, sem var áþekk skemmu að stærð eða um 8 X 4 m að stærð og um 3 m á hæð. Hlaðan C var um 9 X 5 m stór með timburþili. Dyr voru á miðju þilinu og gluggi þar fyrir ofan. Hlaðan var rúmir 4 m á hæð. Fjósið, D, var 10,5 X 5-5,5 m stórt og í raun aðeins önnur burst af tveimur í sama húsi og hlaðan. Timburþil var á fjósinu og það mest um 3,5 m að hæð. Dyr voru til hliðar á þilinu en gluggi fyrir miðju. Bæjarhúsin samanstóðu af tveimur burstum. Í bænum hefur verið hæð og ris. Í annarri burstinni var baðstofa og eldhús, E. Hún var 9 X 5-6 m stór en rúmir 5 m á hæð. Timburþil snéri fram og á því voru dyr og gluggi á jarðhæð og annar gluggi í risi. Strompur var einnig á þessari burst. Í hinni burstinni, F, var önnur baðstofa og stofa. Hún var 6,5 X 6 m stór. Á henni voru skemmudyr og tveir gluggar á jarðhæð en annar gluggi í risi. Við hlið bæjar var skemmurúst, G, líklega orðin tóft þó erfitt sé að fullyrða það af teikningunni. Skemman var að innanmáli 7,5 X 2,7 m. Við hlið hennar var tóft sem merkt er "hjallos" (Hjallhús?) á teikningu Dananna. Það er 5,5 X 2 m að stærð og er opið fram að hlaði. Samkvæmt uppmælingunni hefur bæjarsamstæðan um 1974 ver um 45 m löng en um 12 m á breidd en þá eru ekki talin með þau hús sem skráð eru sérstaklega undir öðrum númerum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920, JJ nm, 5; JÁM XIII, 435; BAS III, 61-62, Öræfi II, teikningar 39-45

SF-082:079 heimild um fjárhús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu fast aftan við bæinn 078.

Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið tvískipt. Danskir arkitektúr nemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna í Vesturhjáleigu og nokkur útihús, m.a. tvískipt hús á sama stað og tvískipt hús eru sýnd á túnakorti frá því um 1920 og líklega er um sömu hús (mögulega eitthvað endurbætt) að ræða. Samkvæmt uppmælingunum voru húsin með timburþili og grind en að öðru leyti úr torfi og grjóti. Þau hafa verið um 15 X 13 m að stærð. Það hús sem stóð nærri bænum var hlaða en við hlið hennar var fjárhús en lítið port eða inngangur var á milli með dyrum. Hlaðan var nálega 9 X 4,5 m að innanmáli. Gafl hennar var að hluta niðurgrafinn en gluggi í risi. Sjálf fjárhúsin voru gróflega áætlað 8-9 X 3 m að innanmáli. Timburgafl var á þeim og á honum voru dyr og gluggi.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920, Öræfi II, teikningar 39-45

SF-082:080 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu 20-25 m frá bæ 078.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið samstæðuhús með fjórum hólfum/húsum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:081 heimild um smiðju
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu um 5 m framan við bæ 078. Tveir kálgarðar eru byggðir fast við húsin.
Samkvæmt túnakorti var húsið einfalt. Danskir arkitektúr nemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna í Vesturhjáleigu og nokkur útihús. Einfalt hús sem þeir segja smiðju á sama stað og einfalda húsið er sýnt á túnakorti frá því um 1920 og líklega er um sömu hús (mögulega eitthvað endurbætt) að ræða. Samkvæmt uppmælingunum voru húsin með timburþili en að öðru leyti úr torfi og grjóti. Samkvæmt uppmælingunni var húsið 6,5 X 6,5 m að utanmáli. Stafn þess sneri í sömu átt og bæjarhúsin, þó örlítið skáhallt á þau. Smiðjan hefur verið tæpir 3 m á hæð. Á timburþilinu voru dyr í miðju og gluggi þar ofan við. Fyrir framan húsið var stór steinn, mögulega smiðjusteinn. Við hlið smiðjunnar virðist hafa verið trjágarður á svipuðum slóðum og kálgarður er merktur á kortið frá því um 1920. Trjágarðurinn er þó mun minni eða 5 X 7,5 m að stærð. Hinn kálgarðurinn sem merktur er inn á túnakort frá því um 1920 og skráður er undir þessu númeri virðist enn í fullri notkun 1974 en ekki sést hvort gerði er þá í kringum hann.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920, Öræfi II, teikningar 39-45

SF-082:082 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu um 45 m frá bæ 078.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:083 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu um 70 m frá bæ.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:084 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu tæpum 90 m frá bæ 078.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi skipst í 3 hólf/hús.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:085 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu um 110 m frá bæ 078.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:086 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu um 135 m frá bæ 078.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:087 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu rúmum 150 m frá bæ 078.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi skipst í tvö hólf/hús.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:088 heimild um útihús
Inn á túnakort Vesturhjáleigu frá því um 1920 er merkt útihús rúmum 170 m frá bæ 078.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:089 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Vesturhjáleigu rúmum 230 m frá bæ 078, í túnskika sem nefndur er Austurtunga á túnakortinu.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:090 heimild um kálgarð
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merktur kálgarður frá Vesturhjáleigu beint á móti bæ 078 og var aðeins bæjarhlaðið á milli (um 15 m). Kálgarðurinn var einn af þremur (sjá einnig 091 og 092) sem voru til móts við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:091 heimild um kálgarð
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merktur kálgarður frá Vesturhjáleigu beint á móti bæ 078 og var aðeins bæjarhlaðið á milli (um 15 m). Kálgarðurinn var einn af þremur (sjá einnig 090 og 092) sem voru til móts við bæjarhúsin og var hann í miðið.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:092 heimild um kálgarð
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merktur kálgarður frá Vesturhjáleigu beint á móti bæ 078 og var aðeins bæjarhlaðið á milli (um 15 m). Kálgarðurinn var einn af þremur (sjá einnig 090 og 091) sem voru til móts við bæjarhúsin.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:093 heimild um leið
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt heimreið að Vesturhjáleigu. Hún hefur legið um hlaðið á bænum og áfram til austurs til Austurhjáleigu (098). Danskir arkitektúr nemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna og nokkur útihús á Hnappavöllum. Á teikningu þeirra sést glitta í heimreiðina eða bæjarhlaðið á einum stað, fyrir framan smiðju 081. Samkvæmt uppmælingunni var tröðin fyrir framan bæ grjóthlaðin stétt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:094 heimild um leið
Inn á túnakort Vesturhjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið sem legið hefur frá heimreið 093 og að Miðbænum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:095 heimild um leið
Inn á túnakort Vesturhjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið sem legið hefur frá heimreið 093 og líklega beint til norðurs.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:096 heimild um leið

Inn á túnakort Vesturhjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið sem legið hefur frá heimatúninu og að Austurtungu þar sem útihús 089 var.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:097 heimild um leið
Inn á túnakort Vesturhjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið sem legið hefur með jaðri heimatúnsins. Leið 096 hefur legið þvert á hana.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:098 *Austurhjáleiga* bæjarstæði bústaður
Austurhjáleiga I á Hnappavöllum er merktur inn á túnakort frá því um 1920 ásamt 5 útihúsum (099-103), 3 kálgörðum (104-106) og 3 leiðum (107-109). Samkvæmt heimildum var hjáleigan áður á




*Túnakort Austurhjáleigu Hnappavalla frá um 1920. Númer á teikningu vísa í fornleifanúmer.*

öðrum stað (sjá 114).
Samkvæmt túnakortinu var Austurhjáleigubærinn samsettur úr fjórum burstum. Túnstærð er 1,2 teigar (ha) og sáðreitir 592 m2. Í Jarðabók Johnsen segir neðanmáls: "Sýslumaður sem telur 5 eigendur á öllum Hnappavöllum nefndir eigi hjáleiguna, en þar á móti prestur, en hvorugur þeirra nefndir Hnappavallahjáleigu, sem jarðabækur líka minnast á." Ekki er ljóst hvort þetta á við Vestur- eða Austurhjáleigu (sjá 078) en líklega er það þó Vesturhjáleigan sem líkast var eldri. Það sama gildir um upplýsingar úr Jarðabók Ísleifs Einarssonar sem birt er sem fylgiskjal í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII. Þar segir: "Hnappavallahjáleiga. Byggð úr heimalandi. Dýrleiki er óviss."

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Á jörðinni hafa alltaf verið 4-6 bændur frá því um 1800. Raflýst var á V árið 1926, en á hinum bæjunum 1929. Fram yfir miðja 19. öld var einbýli í Hnappavallahjáleigu, en 1852 byggði Stefán Pálsson íbúðarhús austast í gamla Hjáleiguþorpinu [110]. Nálægt 1890 flutti svo Gísli Þorsteinsson þann bæ austar [sem hér er skráð 098] og byggði nokkru neðar en núverandi Austurhjáleigubær er."
Heimildir: Túnakort frá því um 1920, JJ nm, 5; JÁM XIII, 435; BAS III, 61-62

SF-082:099 heimild um útihús

Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Austurhjáleigu tæpum 20 m frá bæ 098.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:100 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Austurhjáleigu rúmlega 40 m frá bæ 098.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:101 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Austurhjáleigu rúmlega110 m frá bæ 098, í túnskika sem nefndur er Sandhólatún á kortinu.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:102 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Austurhjáleigu um 125 m frá bæ 098, í túnskika sem nefndur er Sandhólatún á kortinu.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:103 heimild um útihús
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merkt útihús frá Austurhjáleigu um 25 m frá bæ 098.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:104 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Austurhjáleigu frá því um 1920 eru merktur kálgarður beint fyrir framan bæ og hefur aðeins verið gangvegur (2 m) á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:105 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Austurhjáleigu frá því um 1920 eru merktur kálgarður tæpum 30 m frá bæ 098.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:106 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Austurhjáleigu frá því um 1920 eru merktur kálgarður um 50 m frá bæ 098.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:107 heimild um leið
Inn á túnakort Austurhjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið meðfram öllu heimatúninu og Sandhólatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:108 heimild um leið
Inn á túnakort Austurhjáleigu frá því um 1920 eru merkt heimreið að bæ 098.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:109 heimild um leið
Inn á túnakort Austurhjáleigu frá því um 1920 eru merkt leið á milli heimatúns og Sandhólatúns.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:110 *Austurhjáleiga (elsta)* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Johnsen segir neðanmáls: "Sýslumaður sem telur 5 eigendur á öllum Hnappavöllum nefndir eigi hjáleiguna, en þar á móti prestur, en hvorugur þeirra nefndir Hnappavallahjáleigu, sem jarðabækur

líka minnast á." Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar sem birt er sem fylgiskjal í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Hnappavallahjáleiga. Byggð úr heimalandi. Dýrleiki er óviss."
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Á jörðinni hafa alltaf verið 4-6 bændur frá því um 1800. Raflýst var á V árið 1926, en á hinum bæjunum 1929. Fram yfir miðja 19. öld var einbýli í Hnappavallahjáleigu, en 1852 byggði Stefán Pálsson íbúðarhús austast í gamla Hjáleiguþorpinu. Nálægt 1890 flutti svo Gísli Þorsteinsson þann bæ austar og byggði nokkru neðar en núverandi Austurhjáleigubær er."
Heimildir: JJ nm, 5; JÁM XIII, 435; BAS III, 61-62

SF-082:111 heimild um útihús
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merktur garður og innan hans tvö útihús um 75 m frá bæ 029, í Eyratúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-082:112 *Smiðjutún* örnefni smiðja
Inn á túnakort Miðbæjar (IV) frá um 1920 er merkt örnefnið Smiðjutún sem afmarkast hefur að götum 041 annars vegar og hins vegar af götum 041. Smiðjutún var í horni milli gatnanna og kálgarðs 038. Í örnefnaskrá segir: "Smiðjutún er suðvestan við Miðbæ,"
Túnið var aðeins um 10 m frá bæ 029 og má vera að það dragi nafn af smiðju í bæjarsamstæðunni. Um það verður hins vegar ekki fullyrt og allt eins líklegt að smiðja hafi staðið í Smiðjutúninu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920 og Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:113 heimild um hesthús
Inn á túnakort Vesturhjáleigu frá því um 1920 er merkt mannvirki sem virðist kálgarður. Það hefur verið fast við bæ 078 og hefur aðeins verið þröngur gangvegur á milli (um 2 m). Samkvæmt túnakorti mætti ætla að útihúsið hafi verið tvískipt. Danskir arkitektúr nemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna í Vestarihjáleigu og nokkur útihús. Fast við bæinn, að því er virðist á sama/svipuðum stað og mannvirki er merkt inn á túnakort mæla þeir upp hesthús. Mögulegt er að kassinn sem er sýndur á túnakortinu eigi að merkja útihús en ekki kálgarð en ekki er stórvægilegur munur á merkingum, einnig er mögulegt að hesthúsið sé einfaldlega yngra.
Samkvæmt uppmælingunni var hesthúsið einfalt og um 8,5 X 5,5 m að utanmáli. Timburþil var á húsinu og voru dyr til hliðar en gluggi í miðju.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920. og Öræfi II, teikningar 39-45

SF-082:114 *Eystrahús* heimild um beitarhús
"Inn í Öldurnar og upp í mýrina skerast margar dældir og lækjarskorningar; þetta er nefnt einu nafni Grófir (12). Sokkugróf (13) nær upp í mýrina skammt fyrir austan Eystrahús," segir í örnefnaskrá og á öðrum stað segir einnig: "Á Kvíármýri er fjárskýli, sem nefnt er Eystrahús."
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 1 og 2

SF-082:115 heimild um áfangastað
"Neðan undir Selklifi er sléttur grasbali samnefndur því, Selbali. Þetta er gamall áningastaður," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 1

SF-082:116 *Selhús* heimild um fjárskýli
"Ofan við Selklif er Selhús. Þetta er fjárskýli, og munnmæli eru um það, að þarna hafi verið haft í seli frá Hnappavöllum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 1

SF-082:117 *Stórahús* heimild um beitarhús
"Vestanvert við botn Selgrófar eru Selrof, og vestan við Selgróf er Stórahús. Það er beitarhúsatóft," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 1

SF-082:118 *Kvíármýrarrétt* heimild um rétt
"Austan við Hlaupið, neðan við kambinn, er Kvíármýrarrétt. Skammt austan við réttina er Stóristeinn," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 1

SF-082:119 *Bakkabrú* örnefni brú
"Eftir miðjum Bökkunum er Bakkarás, og austast á Bökkunum er Bakkabrú," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 10

SF-082:120 *Votuleirarkofi* heimild um fjárskýli
"Neðan við Kvíármýrina vestanverða er lækjarfarvegur, sem nefnist Votuleirukíll, og vestan við hann, með Öldulóni, er grasreim, sem heitir Votuleira. Austanvert á henni er fjárskýli, sem heitir Votuleirukofí, er við kílinn," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 2

SF-082:121 *Víkurkofi* heimild um fjárskýli
"Í Austurvíkum er fjárskýli, Víkurkofi, en Þverkofi er fjárskýli í Heimrivíkum," segir í örnefnaskrám.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 2

SF-082:122 *Tumás* þjóðsaga legstaður
"Tumás er gömul dys utarlega og austarlega í Hóláraurum skammt fyrir ofan Víkur. Segja munnmæli, að þar hafi verið dysjaður tröllkarl, Tumás að nafni. Höfðu gamlir menn þá trú, að því fylgdi happ, svo sem timburreki, hvalreki eða strand, ef leiði hans var hlaðið upp, þegar það var farið að fyrnast," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 3

SF-082:123 heimild
"Uppi á Staðarfjalli framarlega er Varða (76). Hún er hlaðin af landmælingamönnum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 3

SF-082:124 *Einstig* heimild um leið
"Austan við og ofan við Bekki heitir Einstig. Það er fjár- og gangnamannaleið upp á fjallið," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 3

SF-082:125 *Drangsgil* heimild um leið
"Vestast í fjallinu er bratt skriðugjögur, Drangsgil, gangnamannaleið upp á fjallið," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 3

SF-082:126 *Lambaból* örnefni ból
"Austan við gilið [Morfjallagilsháls] er neðsti tanginn aðskilinn af efri hálsinum af smástalli. Þetta gil er næst austan og ofan við Lambaból (99), sem eru neðst og austast í Eyjafjalli," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 4

SF-082:127 *Efstivegur* örnefni leið
"Upp undir klettabeltinu er rák, sem heitir Efstivegur,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 4

SF-082:128 *Miðvegur* örnefni leið
"Upp undir klettabeltinu er rák, sem heitir Efstivegur [127], og næsta rák þar fyrir neðan heitir Miðvegur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 4

SF-082:129 *Neðstivegur* örnefni leið

"Neðan við Miðveg [128] er svo Neðstivegur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 4

SF-082:130 *Kálfsból* örnefni ból
"Vestan megin við Hvarfið, við neðstu klettana, er Kálfsból. Litlu neðar er Hrútsból [131]. Vestan megin í Hvarfinu er svo Langaból [132]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 4

SF-082:131 *Hrútsból* örnefni ból
"Vestan megin við Hvarfið, við neðstu klettana, er Kálfsból [130]. Litlu neðar er Hrútsból. Vestan megin í Hvarfinu er svo Langaból [132]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 4

SF-082:132 *Langaból* örnefni ból
"Vestan megin við Hvarfið, við neðstu klettana, er Kálfsból [130]. Litlu neðar er Hrútsból [131]. Vestan megin í Hvarfinu er svo Langaból," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 4

SF-082:133 *Stigaból* örnefni ból
"Austast í Stiganum eru Fjársteinar. Meðfram bríkinni að vestan og undir Gapa eru Stigaból,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 4-5

SF-082:134 heimild um leið
"Vestan í Bleika-fjalli, við lækinn, er Hangandiskriða, er þar á gangnamannaleið," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 5

SF-082:135 *Fjallarétt* heimild um rétt
"Þetta er stórt svæði, sem nær frá Hóláraur að Stigáraur ofan við þjóðveginn. Á þeim er Nýgræðnahóll. Við hann er gömul rétt, Fjallarétt," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 6

SF-082:136 *Nýgræðnakofi* heimild um fjárskýli
"Nýgræður eru svo framhald af Fjallanýgræðum og liggja hér niður eftir. Á þeim er fjárskýli, Nýgræðnakofi,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 6

SF-082:137 *Nýgræðnarétt* heimild um rétt
"Nýgræður eru svo framhald af Fjallanýgræðum og liggja hér niður eftir. Á þeim er fjárskýli, Nýgræðnakof [136], og Nýgræðnarétt var gömul fjárrétt utarlega á Nýgræðum, en er nú alveg niður fallin," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 6

SF-082:138 varða
"Varða er austast á Hólmum,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 6

SF-082:139 *Eystri-Hólmakofi* heimild um óþekkt
"...austarlega á Hólmum er Eystri-Hólmakofi,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 6

SF-082:140 *Vestari-Hólmakofi* heimild um óþekkt
"og vestast á Hólmum er Vestri-Hólmakofi. Hann er í hólma, sem nú heitir Hjáleiguhólmi, er nú engi, en var fyrrum nefndur Óberjuhólmi. Þetta er niður við lón," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 6

SF-082:141 *Veitur* örnefni áveita
"Vestan við Stigáraur, austur af bæjunum, inn með fjöllunum, eru fitjar, sem heita Veitur. Þær skiptast við Grjóthrygg í Framveitur og Innveitur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 6

SF-082:142 heimild um rétt
" Innst á Veitunum heitir Langháls. Þar er gömul rétt," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappastaðir, 6

SF-082:143 *Efstivegur* örnefni leið
" Í Kömbum eru stallar: Efstivegur, sem er efst,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappastaðir, 7

SF-082:144 *Miðvegur* örnefni leið
" Í Kömbum eru stallar: Efstivegur [143], sem er efst, um miðja Kambana er svo Miðvegur..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappastaðir, 7

SF-082:145 *Neðstivegur* örnefni leið
" Í Kömbum eru stallar: Efstivegur [143], sem er efst, um miðja Kambana er svo Miðvegur [144], og eftir neðsta klettabeltinu er svo Neðstivegur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappastaðir, 7

SF-082:146 *Háuból* örnefni ból
"Vestan við Gyltu og vestan við hann eru Gatklettsbrekkur. Undir klettabrúnunum ofan við brekkurnar eru Háuból," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappastaðir, 7

SF-082:147 *Hjáleigustekkatún* heimild um stekk
"Niður af Gatklettsbrekkum eru Andrésardý. Nærri vestast í Veitunum, niður af Gatklettsbrekkum, er Hjáleigustekkatún. Í því heitir sléttasti bletturinn Stekkatúnsflötur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappastaðir, 7

SF-082:148 *Vörðusker* varða óþekkt
"Í brekkunni fyrir ofan og vestan flötinn heitir Einstakiklettur, svo er þar næst túni Brekkuhorn, og upp af því heitir hæðin Vörðusker, "segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað í sömu lýsingu segir jafnframt: "Upp af túninu austanverðu er Bláberjatorfa, og austan við það er svo skerjabrúnin, nefnd Vörðusker,"
Heimildir: Ö-Hnappastaðir, 7 og 14

SF-082:149 heimild um myllu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1874 eða um það bil, kom Sigurður Ingimundarson upp vatnsknúinni kornmyllu, þeirri fyrstu í Öræfu, en þeim var fljótlega komið upp í öllum bæjarþorpum." Í örnefnaskrá segir: "Kvarnarlækur heitir lækurinn, þegar neðar dregur. Áður fyrr var hér vatnsmylla við lækinn, sem nú hefur verið virkjaður,"
Heimildir: BAS III, 58 og Ö-Hnappavellir, 7

SF-082:150 *Veitugarður* heimild um áveitu
"Kvarnarlækur heitir lækurinn, þegar neðar dregur. Áður fyrr var hér vatnsmylla [149]við lækinn, sem nú hefur verið virkjaður. Fleiri smálækir sameinuðust, þegar neðar dró, og heitir þá Veitulækur, [...]Austan við Kvarnarlæk var Eystrilækur, sem rennur í Veitulækinn. Umhverfis Framveiturnar, sem fyrr var getið, er gamall garður, Veitugarður, " segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappastaðir, 7 og 8

SF-082:151 *Kúavað* örnefni vað

"Svo breytir Veitulækur um nafn og heitir um tíma Stórilækur, þar til í hann kemur Stekkatúnslækur [152]. Þar er á þeim vað, Kúavað," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 8

SF-082:152 *Stekkjartún* örnefni stekkur
"Svo breytir Veitulækur um nafn og heitir um tíma Stórilækur, þar til í hann kemur Stekkatúnslækur," segir í örnefnaskrá og síðar í sömu lýsingu segir: "Norður af Hádegishamri taka við Stekkatúnshamrar. Í þeim er Blautustífluklettur, og norðan við hann er Rauðaklif. Nyrstu klettarnir í þessum hömrum heita Sigurðarhamar. Svo er Stekkatúnsnef ofan við Stekkatún, en það er milli hamranna og Stekkatúnslækjar, er fyrr getur. Í læknum, þar sem hann rennur niður hamrana, er Stekkatúnsfoss,"
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 8 og 11

SF-082:153 *Eystra-Borgarbrot* heimild um fjárhús
Utan við Grafning, austan Svæðnalækjar, eru rústir eftir fjárskýli, sem heita Eystra-Borgarbrot ...," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 8

SF-082:154 *Vestra-Borgarbrot* heimild um fjárhús
Utan við Grafning, austan Svæðnalækjar, eru rústir eftir fjárskýli, sem heita Eystra-Borgarbrot [153] og Vestra-Borgarbrot," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 8

SF-082:155 *Miðflóagötur* heimild um leið
"Í karganum [Hjáleigusvæðnakraga] Miðflóagötur (239), gamlir engjaslóðar,...," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 8

SF-082:156 *Skjólgarður* heimild um varnargarður
" Í karganum Miðflóagötur[155], gamlir engjaslóðar, og Mosar eru vestast og yst í honum. Þar er lágt garðbrot, sem heitir Skjólgarður," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 8

SF-082:157 *Skjólgarður* heimild um varnargarður
"Skjólgarður er garðbrot ofarlega í Víðáttunni," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 9

SF-082:158 *Djúpavað* heimild um vað
"Djúpavað er á Silungalæk við Eystrahorn á Fífuhólmum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 9

SF-082:159 *Breiðavað* heimild um vað
"Djúpavað [158]er á Silungalæk við Eystrahorn á Fífuhólmum, og Breiðavað er á læknum milli Efri-Víðáttu og Bala, sem eru í Fífuhólmum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 9

SF-082:160 *Sveskjuvað* heimild um vað
"Djúpavað [158] er á Silungalæk við Eystrahorn á Fífuhólmum, og Breiðavað [159]er á læknum milli Efri-
Víðáttu og Bala, sem eru í Fífuhólmum. Svo er annað vað, Svekjuvað, sem er á læknum milli Svekju og Bala, en það er ekki komið að því," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 9

SF-082:161 heimild um áveitu
"Kekkir eru við Svæðnalæk. Þar er stíflugarður í lækinn vegna áveitu á engjarnar," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 9

SF-082:162 *Grænaveita* örnefni áveita
"Hnappavallahamrar verða síðar nefndir. Utan við þá er engi, sem heitir Grænaveita. Skiptist hún í Eystri- og Vestripart," segir í örnefnaskrá og á öðrum stað segir ennfremur: "Þrjár rásir liggja eftir Grænuveitu; þær heita Vestastarás, Miðrás (310) og Austastarás."
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 10

SF-082:163 *Grænuveitubrú* heimild um leið
"Milli Eystri- og Vestriparts er engjavegur, sem heitir Grænuveitubrú," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 10

SF-082:164 *Sveskjuborg* heimild um fjárborg
"Á vesturmörkum Svekju heitir Svekjurás, og í Svekju eru Svekjumosar, og Svekjuborg er rúst eftir fjárborg," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 10

SF-082:165 *Sandskarðveita* heimild um áveitu
"Verður nú haldið áfram með láglendið. Austan við Salthöfðann heitir þá Sandskarðsveita," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 10

SF-082:166 *Ytri-Sandskveita* heimild um áveitu
"Verður nú haldið áfram með láglendið. Austan við Salthöfðann heitir þá Sandskarðsveita [165] og sunnan hennar, austan við Salthöfðanefið, er Ytri-Sandskarðsveita," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 10

SF-082:167 *Sandskarðsból* örnefni ból
"Upp af Gimbluklettsparti er Sandskarðsbólspartur," segir í örnefnaskrá og nokkru síðar: "Austan við Sandskarð er Sandskarðsból..."
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 10 og 11

SF-082:168 *Sauðaból* örnefni ból
"Austan við Sandskarð er Sandskarðsból, og austan þess er Krókaklif. Þá er Sauðaból," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 11

SF-082:169 *Nýjarétt* heimild um rétt
"Þá er komið að Nýjurétt. Þar var geymt fé að vetrarlagi til forna. Austan við Nýjurétt er Djúpihvammur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 11

SF-082:170 *Vatnsból* örnefni ból
"Austan við Djúpahvammslæk heita Fjársteinar. Austan þeirra eða ofan er klif, sem heitir Smalabora. Þá er Vatnsból. Þetta er hár klettur og ból undir," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 11

SF-082:171 *Ölduból* örnefni ból
Austan við Djúpahvammslæk heita Fjársteinar. Austan þeirra eða ofan er klif, sem heitir Smalabora. Þá er Vatnsból [170]. Þetta er hár klettur og ból undir. Svo er Ölduklif og Ölduból," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 11

SF-082:172 *Þorgeirsrétt* heimild um rétt
"Grófarlækur er lækur, sem kemur langt að, og verður víða við hann miðað. Skammt sunnan lækjar er í klettunum Þorgeirsrétt," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 11

SF-082:173 *Hamarsveita* örnefni áveita
"Þetta er vestan við Hamarslækinn. Hamarsveita er austast, milli Miðskjólsöldu og Hamarslækjar, undir Hádegishamri," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 12

SF-082:174 *Hamarsrétt* heimild um rétt
" Í hamrinum er Hamarsrák. Kórar eru í hamrinum, greinast í Vestri- og Eystrikór. Undir hamrinum er gömul fjárrétt, Hamarsrétt," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 12

SF-082:175 heimild um rétt
"Í læknum, þar sem hann rennur niður hamrana, er Stekkatúnsfoss. Utarlega í læknum heitir Mjókyrki, þar sem lækurinn hefur grafið sig mjög djúpt niður. Þarna framarlega við hamrana er brot af gamalli fjárrétt," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 12

SF-082:176 *Stöðull* heimild um kvíar
"Stöðull er vestan við Bæjarlæk," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 12

SF-082:177 *Kúabrún* heimild um leið
"Nyrst á Dýjabrún er sandbrún, sem heitir Kúabrún. Gata þessi var kúavegur. Nú er þetta nafn ekki notað," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 12

SF-082:178 *Rakabrú* heimild um leið
"Vegur er í Rakanum, sem heitir Rakabrú, er nú hluti af þjóðveginum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 12

SF-082:179 *Aurgata* heimild um leið
"Aurgata er vegurinn meðfram Hjáleigutúninu, og vestan og sunnan við Stöðulinn 176, en hann var vestan Bæjarlækjar, eru Grjót," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 12

SF-082:180 heimild um rétt
" Í þeim [Grjótunum] er fjárrétt, Rétt. Hún var byggð 1904," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 12

SF-082:181 *Stekkjargróf* örnefni stekkur
" Um Stekkjargróf greinist hún [Heiði] í Austur- og Vesturheiði, en Stekkjargróf er laut í Heiðina; þar var mótekja [180]. Í henni er Stekkjargrófarlækur og Stekkjargrófarfoss í Stekkjargrófarklifi," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 13

SF-082:182 heimild um mógrafir
" Um Stekkjargróf [181] greinist hún [Heiði] í Austur- og Vesturheiði, en Stekkjargróf er laut í Heiðina; þar var mótekja. Í henni er Stekkjargrófarlækur og Stekkjargrófarfoss í Stekkjargrófarklifi," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 13

SF-082:183 *Steinbogi* heimild um brú
"Austanmegin við Grófarlæk, ofarlega í skerjunum, er Grófarlækjarhlíð (434). Ofan við efri Grófarlækjarfossinn er sjálfgerð brú á læknum, Steinbogi," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 13

SF-082:184 *Hrognhellir* heimild um fiskreitur
"Norðaustur af Fífumýri er Hrognhellir í skerjabrúnunum. Þar er sagt að Hnappvellingar hafi þurrkað hrogn til forna," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 13-14

SF-082:185 *Lambhús* heimild um lambhús
"Hryggur þar sem Austur-Hjáleigubærinn stendur og Austur-Hjáleigulág vestan við Lambhús-gil," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 14

SF-082:186 *Gerðishús* heimild um útihús
"Gerðistorfa er vestan við Austur-Hjáleigu, við hana Gerðistorfubalar, og túnblettur við Gerðishús heitir Gerðistunga," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 14

SF-082:187 *Emmutættur* heimild um bústað
"Emmutættur eru gamlar húsarústir austan við Gerðishús [186]; þar segja munnmælin að einsetukona, sem Emma hét, hafi búið," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 14

SF-082:188 *Emmubrunnur* heimild um brunn
"Emmutættur [187] eru gamlar húsarústir austan við Gerðishús [186]; þar segja munnmælin að einsetukona, sem Emma hét, hafi búið. Emmubrunnur er á Gerðistorfubölum, nú uppfylltur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 14

SF-082:189 *Paldrar* heimild um leið
"Neðsti hluti túnsins heitir Mói. Ofan við Móann heita Paldrar, hafa verið sléttaðir," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 14

SF-082:190 heimild um leið
"Ekra er neðan við Eystri-Miðbæ, austan við Ekru er Ekrulág þar sem vegurinn liggur til Miðbæjar," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:191 *Kofatún* örnefni útihús
"Neðan og austan við Eystri-Miðbæ er Kofatún," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:192 *Völvuleiði* örnefni legstaður
"Ofarlega á Ekrunni er Völvuleiði," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:193 *Leynigarður* örnefni óþekkt
"Neðan og vestan við Vestur-Hjáleigubæinn er Leynigarður," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:194 *Stígurinn* örnefni leið
"Neðan og vestan við Vestur-Hjáleigubæinn er Leynigarður [193]. Smiðjutún [112] er suðvestan við Miðbæ og ofan við Stíginn á gilbarminum er Hlöðutún [195]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:195 *Hlöðutún* örnefni hlaða

Í örnefnaskrá segir: "Neðan og vestan við Vestur-Hjáleigubæinn er Leynigarður [193]. Smiðjutún [112] er suðvestan við Miðbæ og ofan við Stíginn [194]á gilbarminum er Hlöðutún," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:196 *Hesthústún* örnefni hesthús
"Austan við hann [Einbúa] er Hesthústún," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:197 *Stöðlagirðing* heimild um óþekkt
"Stöðlatún [034?] er efst á Stöðlinum. Stöðlagirðing er vestast á Stöðlinum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:198 *Kvíar* heimild um kvíar
"Ofarlega á Stöðlinum eru Kvíar, mjög gamlar," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappavellir, 15

SF-082:199 *Hnappavellir (elsti)*
"Vestur af Hnappavöllum er haldið bær staðið hafi; þar hefir sjezt til tópta. Halda menn þar hafi staðið Hnappavellir áður en Öræfi aftóku." segir í Norðanfara. Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir: "Vestan við Hnappavelli hefur sézt til rústa og garðlaga, og eru taldar líkur til, að þar hafi bærinn +a Hnappavllum staðið, áður en hin miklu landspjöll urðu." Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðaðar fornminjar segir: "b. Rúst fornbæjar Hnappavalla, nokkru fyrir vestan bæinn, sem nú er." Í neðanmálsgrein í sama riti stendur þó einnig: "Ath. Á hvorugum þessum stað vottar fyrir rústum og er hér aðeins um munnmæli að ræða. Hér hefur ekki vottað fyrir neinum mannvirkjum, þegar friðlýsingin var gerð. 5.5.´52."
Heimildir: Norðanfari, 43; Ferðabók Sveins Pálssonar, 538

SF-082:200 heimild um leið
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur."
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Þangað [að Kvískerjum] eru nærri 15 km. frá Hnappavöllum, og alla þá leið verður varla sagt, að stigið sé af steini. Fyrst liggur leiðin um aurana austan við túnin á Hnappavöllum. Um þá falla tvær jökulár [Stigá og Hólá], sem venjulega eru litlar. [...] Kvíármýrin endar að framan á bröttum malarhjalla, en framan undir honum er langt og stórt lón sem heitir Öldulón, og liggur vegurinn fast fram með því. [...] Þegar austur fyrir Kvíáraurinn kemur, tekur við góður og greiðfær vegur heim að Kvískerjum, [...]."
Heimildir: SSS, 151-152; ÁFÍ 1937, 30-31

SF-082:201 heimild um áfangastað
"Austast á Kvíármýri var austasti áfangastaður í Öræfum," segir í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu.
Heimildir: BAS III, 61

SF-082:202 heimild
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Torfrista og hellutak hvort tveggja gott."
Heimildir: BAS III, 61

SF-082:203 heimild um ristu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Torfrista og hellutak hvort tveggja gott."
Heimildir: BAS III, 61

SF-082:204 heimild um hesthús
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Á Hnappavöllum má enn að nokkru sjá hið gamla byggingarlag, sem tíðkað var í Öræfum og víðar, að fjárhús og hesthúskofar stóðu hér og hvar um túnin. Var þetta gert til þess, að auðveldara væri að koma áburði á túnin og svo vegna þess, að hvergi

sprettur betur en í nánd við fjárhúsin."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 30

SF-082:205 heimild um fjárhús
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Á Hnappavöllum má enn að nokkru sjá hið gamla byggingarlag, sem tíðkað var í Öræfum og víðar, að fjárhús og hesthúskofar stóðu hér og hvar um túnin. Var þetta gert til þess, að auðveldara væri að koma áburði á túnin og svo vegna þess, að hvergi sprettur betur en í nánd við fjárhúsin."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 30

SF-082:206 *Bakki* heimild um býli
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Fyrr á öldum var þessi jörð [Hnappavellir] mun minni en nú, en undir Hnappavellina hafa síðar lagzt jarðir, sem voru austar og eyddust ýmist af vatnaágangi eða jökulhlaupum. Með vissu vita menn um þrjár, en þær voru: Húsavík, [...]. Þá Hólar, [...], og loks Bakki, sem var austar, fram af Kvíárjöklinum austan til, og hefir sennilega eyðst, um líkt leyti og Húsavík. Báðar þessu síðarnefndu jarðir voru eign Rauðalækjar og síðar Sandfells, en þegjandi og hljóðalaust hafa lönd þeirra fallið til Hnappavalla nema fjara, sem Bakki átti og liggur til Sandfells." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir: " 3. Bakki á að hafa staðið rétt austan við hinn forna farveg Kvíár eða öllu heldur vestan undir svonefndum Kambsmýrarkambi."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 30; Ferðabók Sveins Pálssonar, 533

SF-082:207 *Húsavík* heimild um býli
Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornleifar segir: "a. Rústir eyðibýlisins Húsavíkur, við lón nokkurt, sem þar er austur frá við sjóinn." Í neðanmálsgrein í sama riti stendur þó einnig: "Ath. Á hvorugum þessum stað vottar fyrir rústum og er hér aðeins um munnmæli að ræða. Hér hefur ekki vottað fyrir neinum mannvirkjum, þegar friðlýsingin var gerð. 5.5.´52." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Fyrr á öldum var þessi jörð [Hnappavellir] mun minni en nú, en undir Hnappavellina hafa síðar lagzt jarðir, sem voru austar og eyddust ýmist af vatnaágangi eða jökulhlaupum. Með vissu vita menn um þrjár, en þær voru: Húsavík, sem var austur undir Öldulóni og nærri sjó. Sú jörð hefir sennilega eyðst í jökulhlaupi á 14. öld. Þá Hólar, [...], og loks Bakki, [...]. Í örnefnaskrá segir: "Stórugrjótin eru leifar eftir jökulhlaup. Niður af þeim, við lónið, er talið, að bærinn Húsavík hafi staðið." og á öðrum stað: "Húsavíkurhryggur er lágur grjóthryggur um miðjar Víkurnar. Austan við þann hrygg er Húsavík. Þar er talið, að bær hafi verið." Í Ferðabók Sveins Pálssonar stendur: " 2. Húsavík, telja menn, að býli hafi heitið þarna í grenndinni, suðaustur af Stórasteini á svonefndum Staðaraurum. Til skamms tíma hefur sézt votta þar fyrir garðlögum."
Heimildir: ÁÓG 1990, 61; ÁFÍ 1937, 30, Ö-Hnappavellir, 2; Ferðabók Sveins Pálssonar, 533

SF-082:208 *Tóptafell* heimild um bústað
Í Landnámu segir: "Því leiddi Þorgerðr kvígu sína undan Tóptafelli skammt frá Kvíá suðr ok í Kiðjaklett hjá Jokulsfelli fyrir vestan. Þorgerðr nam því land um allt Ingólfshofðahverfi á millim Kvíár ok Jokulsár ok bjó at Sandfelli." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Örnefnin Tóftafell og Kiðjaleiti þekkjast nú ekki lengur, [...]." Í örnefnaskrá segir: "Kvíármýri hafi verið norðaustan við Kvíármýrarkamb, þar sem nú er Kvíárjökull. Á þeim slóðum mun og hafa verið Tóftafell, sem getið er um í Landnámu; þar byrjaði Þorgerður landnámskona að teyma kvígu sína frá Kvíá."
Heimildir: ÍF I, 321; ÁFÍ 1937, 20 og Ö-Hnappavellir, 1

SF-082:209 *Hólastaður* bæjarstæði býli
Í Máldaga Rauðalækjarkirkju frá 1179 segir: "xv. yxna gamalla i hola land."
Í Máldaga Maríukirkju á Hnappavöllum frá 1343 segir: "j Hola land til xviij rossa."
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Hólastaður. Meinast byggður hafa verið að fornu. Nú kominn í jökulgrjót og aura. Kallast nú Hnappavallaland."
[1387]: "Máldagi Maríukirkju á Breiðá [...]. Breida [..]. Mariukirkia a breida a heimaland allt med ognum oc giædum. med firoum og skogum. [...] hun a helle hinn eystra oc holaland."
[1397]: Ólafskirkja á Kálfafelli í Fellshverfi á viðhögg í Hólalandi á xxx hesta.

1576: Gíslamáldagar. "Kirkian ad Sandfelle ä heimaland allt. [...] Eyiar allar þær er Holum hafa fylgt."
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Fyrr á öldum var þessi jörð [Hnappavellir] mun minni en nú, en undir Hnappavellina hafa síðar lagzt jarðir, sem voru austar og eyddust ýmist af vatnaágangi eða jökulhlaupum. Með vissu vita menn um þrjár, en þær voru: Húsavík, [...]. Þá Hólar, sem voru undir fjallinu [Staðarfjalli], austur undir Kvíárjökli, og loks Bakki, [...] Báðar þessu síðarnefndu jarðir voru eign Rauðalækjar og síðar Sandfells, en þegjandi og hljóðalaust hafa lönd þeirra fallið til Hnappavalla nema fjara, sem Bakki átti og liggur til Sandfells."
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Talið er, að bær, sem Hólar hét, hafi fyrrum staðið framan undir því fjalli [Staðarfjalli/Tóptafelli], en var aftekinn og landið komið í eigu staðarins á Rauðalæk 1179 [...]. Getur því Tóftafellsnafnið stafað frá þeim bæ, þó að síðar yrði talað um Staðarhóla og Staðarfjall, af því að það var staðareign, sbr. Staðarfjara. Í örnefnaskrá segir: "Þá eru það Staðarhólar, vanalega stytt í Hólar, graslendi austan Hólár, upp við rætur Staðarfjalls. Segja gamlar heimildir, að þar hafi verið byggð og kirkjustaður til forna, og 1712 voru til menn, er mundu þar til rústa." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir: "1. Hólar eiga að hafa staðið utan við Hnappavelli [...] Fram í byrjun þessarar aldar hafa sézt leifar af túngörðum, og það er jafnvel haldið að þarna hafi verið kirkja."
Heimildir: DI I, 248; DI II, 773; DI IV, 14; DI IV, 200; DI XV, 701; JÁM XIII, 434; ÁFÍ 1937, 30; BAS III, 54 og Ö-Hnappavellir, 3; Ferðabók Sveins Pálssonar, 533

SF-082:210 heimild um hænsnakofa
Danskir arkitektúr nemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna og nokkur útihús í Vesturhjáleigu, flest þessara húsa eru þau sömu (eða a.m.k. á svipuðum stað) og hús sem merkt eru inn á túnakort frá því um 1920 en á því eru tvær undantekningar (sjá líka hús 211). Annað húsanna, og það sem hér er skráð, var þá hænsnakofi og sér glitta í það að baki bæjarsamstæðunni á sniðteikningu. Á plani af bæjarsamstæðunni og húsum í grennd sést svo húsið betur. Það hefur verið um 4,5 X 3,5 m að utanmáli með timburþili og dyrum á því miðju. Einhvers konar dæld virðist hafa verið frá hænsnakofanum og að hesthúsum 113. Alls er óvíst að hænsnakofinn sé nógu gamall til að teljast til fornleifa í lagalegum skilningi en af uppmælingunni að dæma má ætla að kofinn sé byggður í gamalli byggingarhefð og hann er því skráður með.
Heimildir: Öræfi II, teikningar 39-45

SF-082:211 heimild um skemmu
Danskir arkitektúr nemar komu til Hnappavalla sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarþyrpinguna og nokkur útihús í Vesturhjáleigu, flest þessara húsa eru þau sömu (eða a.m.k. á svipuðum stað) og hús sem merkt eru inn á túnakort frá því um 1920 en á því eru tvær undantekningar (sjá líka hús 210). Annað húsanna, og það sem hér er skráð, var þá kartöflugeymsla og sést ekki á sniðteikningu af bænum þar sem hún hefur verið í hvarfi við hann. Á plani af bæjarsamstæðunni og húsum í grennd sést húsið hins vegar. Það hefur verið um 4 X 4 m að utanmáli en rúmir 2 m á kannt að innan. Ekki er timburþil á húsinu eins og flestum húsunum við Vesturhjáleigu. Alls er óvíst að kartöflugeymslan sé nógu gömul til að teljast til fornleifa í lagalegum skilningi en af uppmælingunni að dæma má ætla að kofinn sé byggður í gamalli byggingarhefð og hann er því skráður með.
Heimildir: Öræfi II, teikningar 39-45

SF-082:212 *Þverkofi* heimild um fjárskýli
"Vestan við Austurvíkur eru Vesturvíkur, yfirleitt kallaðar Heimrivíkur. Þar er gamalt fjárskýli sem kallað var Þverkofi (PÞ:12)." segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 138

SF-082:213 *Miðskjól* heimild um fjárskýli
"Vestan við Grófarlækinn er Miðskjólsklif. Gegnt því, austan við lækinn er Miðskjól og fram undan því Miðskjólsalda (PÞ.19)," segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 138

SF-082:214 heimild um rétt

"Hádegishamar er í hádegisstað frá Hnappavöllum. Undir hamrinum er gömul fjárrétt (PÞ.22)." segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 138

## *SF-083 Fagurhólsmýri*

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Fagrahólsmýri. Hjáleiga, byggð úr Hnappavalla heimalandi. Dýrleiki er óviss. Landsk. Lxxx ál. Kvaðir eru hestlán í Djúpavog annað hvört ár." JÁM XIII, 435. "Jarðarinnar er ekki getið í fornum heimildum, og mun óvíst hve snemma hún hefur byggzt. Að stofni til mun þó vera hér um sömu jörð að ræða og Salthöfðafjaran er kennd við, en sá bær stóð skammt vestan við Salthöfða og fór í eyði 1362 [sjá 067]. Salthöfðafjöru er getið í Breiðármáldaga frá 1343". BAS III, 63.
1847: Hjáleiga Hnappavalla. JJ, 5.
1839: Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu segir: "[...]. þá Fagrahólsmýri, 3 hndr. að dýrleika meðalbæjarleið í landsuður frá Hofsnesi [SF-084], [...]." SSS, 150.
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 segir einnig: "Skógur í Hnappavallaítaki í Skaftafellsskógi." JÁM XIII, 435.
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir einnig: "[...] heyskaparjörð góð og allgóð útiganga." SSS, 150.
Í Sýslu og sóknalýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: "Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." SSS, 151-152.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Undirlendi jarðarinnar er að litlu leyti myndað af ármöl, en votlent. Engjarnar eru grasgefnar gulstararsvæður. Fjalllendi er allvíðáttumikið og hvergi bratt eða klettótt, en lítið gróið. [...] Í nefndaráliti 11. maí 1849 segir: "Fagurhólsmýri bændaeign, túnið heldur stórt, en þýft, fóðrar 2 kýr, engjar eru eftir jarðarmagni nógar, en votlendar mjög og heyfall slæmt. Hagar saman við Hnappvellinga (óskiptir), en jörð þessi hefur verið hjáleiga frá Hnappavöllum og 30 álnum meira en 1/4 úr allri jörðinni. Fjara fylgir jörð þessari að þessari tiltölu sameiginlega með Hnappvellingum. Jörðin álízt að geta framfleytt 3 kúm og 80 fjár og er örðug vegna heyskaparins." Við þetta hefði mátt bæta: Hellutak og torfrista sæmileg, og er hvort tveggja nærtækt. Sel- og silungsveiði í óskiptu veiðilandi með Hnappvellingum." BAS III, 62, 63-64.

SF-083:001 *Fagurhólsmýri* bæjarhóll bústaður
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Fagrahólsmýri. Hjáleiga, byggð úr Hnappavalla heimalandi." Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "[...]. þá Fagrahólsmýri, 3 hndr. að dýrleika meðalbæjarleið í landsuður frá Hofsnesi [SF-084], [...]." Í Árbók ferðafélagsins segir: "Á Fagurhólsmýri er tvíbýli. Skammt fyrir ofan bæinn er hól [Rauðhóll]l, sem sennilegt er að bærinn dragi nafn af, en ekki er hann nú tiltakanlega "fagur" hóllinn sá. [...] Upphaflega var Fagurhólsmýri hjáleiga frá Hnappavöllum, sem áttu land inn að Gljúfursá. Mjög snemma hefir hjáleiga verið byggð á þessum slóðum, en fyrst stóð bærinn austar og neðan við hamrana, sem eru fyrir neðan bæinn[sjá 003]. En sá bær hefir eyðzt af vikurfalli í Öræfajökulsgosi. Nú eru fjárhús frá Fagurhólsmýri á sama stað og sá bær stóð. Fyrir nokkrum árum var verið að byggja þar nýtt hús og kom þá niður á veggi gömlu húsanna. Þeir voru gersamlega á kafi í djúpri vikurhrönn, svo að áður en til var grafið, sáust þess engin merki, að þar væru nein mannaverk." Samkvæmt Byggðasögu A-
Skaftafellssýslu hafa ábúendur á Fagurhólsmýri oftast verið tveir en "varla beinlínis tvíbýli fyrr en 1857". Samkvæmt sömu heimild hefur Efri-Bær verið í byggð a.m.k. frá 1792-? Þar segir einnig: "Rafstöð var reist fyrir báða bæina árið 1922. Árið 1910 var byggt járnvarið framhús á Efri bænum, 1921 byggð þar baðstofa undir járnþaki, en árið 1956 var reist steypt íbúðarhús."
Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var bærinn þá 5 burstir en lá ein þeirra þvert á hinar. Að baki bænum og honum samfastur var kálgarður Samkvæmt kortinu. Samkvæmt því var túnstærð efri bæjarins 2,9 teigar (ha) og sáðreitir 1863 m2.
Heimildir: JÁM XIII, 435; SSS, 150; ÁFÍ 1937, 25-26; BAS III, 21-23, 66

SF-083:002 *Neðri Bær* bæjarhóll bústaður
Í Árbók ferðafélagsins segir: "Á Fagurhólsmýri er tvíbýli. Skammt fyrir ofan bæinn er hóll, sem sennilegt er að bærinn dragi nafn af, en ekki er hann nú tiltakanlega "fagur" hóllinn sá. [...] Upphaflega var Fagurhólsmýri hjáleiga frá Hnappavöllum, sem áttu land inn að Gljúfursá. Mjög snemma hefir hjáleiga verið byggð á þessum slóðum, en fyrst stóð bærinn austar og neðan við hamrana [sjá 003],




*Túnakort af Fagurhólsmýri frá um 1920. Númer vísa í númer í fornleifaskrá.*

sem eru fyrir neðan bæinn. En sá bær hefir eyðzt af vikurfalli í Öræfajökulsgosi. Nú eru fjárhús frá Fagurhólsmýri á sama stað og sá bær stóð. Fyrir nokkrum árum var verið að byggja þar nýtt hús og kom þá niður á veggi gömlu húsanna. Þeir voru gersamlega á kafi í djúpri vikurhrönn, svo að áður en til var grafið, sáust þess engin merki, að þar væru nein mannaverk."Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Neðri-Bær verið í byggð a.m.k. frá 1792-? Á Neðri bænum var byggð baðstofa undir járnþaki árið 1924, en steinsteypt íbúðarhús árið 1946." Auður Jónsdóttir ræddi við Guðrúnu Jónsdóttur (fædd 12. júlí 1922) um Neðri-bæ Öræfum árið 2003 sem hluti af verkefni í Kennaraháskóla Íslands. Hún lýsti bænum á eftirfarandi hátt: “**Torfbærinn.** Húsaröðin var burstaþiljuð tré og járn; þökin öll með torfi og járn undir og hellur á útihúsum. Baðstofan var upp á loftinu. Vestan við húsaröðina stóð kamar og þró undir honum. **Baðstofan.** Hún var panelþiljuð og skiptist í tvö stór herbergi með hvítskúruðum trégólfum. Meðfram þiljunum voru rúmin, ofan á þeim voru ofin teppi og þar var setið þegar spunnið var á rokkana eða prjónað á prjónavél. Þar var líka einn góður stóll með örmum og baki og stórt borð sem allir gátu setið við. Var þetta borð smíðað af Steindóri Sveinssyni frá Hofsnesi í Öræfasveit og var mikil listasmíði. Þá voru loftljós, rafmagnsljós, og í fremri baðstofu var kolaofn, fataskápur var þar líka og tvær kommóður með góðum skúffum. Úr baðstofu lá stigi niður í eldhús. **Eldhús.** Í eldhúsinu var fast borð undir suðurglugga. Hurðir voru fyrir skápum undir borðinu, sem hefur sennilega verið þrír til þrír og hálfur metri að lengd. Hnífaparaskúffa var hægra megin og eldavélin stóð á borði lengst til hægri og svo kom skápur með hillum. Hurð var fyrir þeim og var hún u.þ.b. tveggja metra há. Á móti stiganum, vinstra megin við þetta fasta borð, var skilvindan á sjálfstæðu borði. Hún var handsnúin fyrstu árin, síðan var hún rafmagnstengd. Eins var háttað með að strokka smjörið. Það var fyrst strokkað handsnúið en allt varð þetta rafmagnstengt síðar. […] Eldhúsgólfið var með hvítum viðarborðum. **Búrið.** Inn af ganginum var búr með moldargólfi og hlöðnum veggjum sem geymdi mjög vel vetraforðann. Þar voru sýrutunnur úr eik með mysu sem var þykk eins og hlaup. Það var nógur blóðmör, sem var jafn þéttur og góður í ágúst – næstum árs gamall.

Sulta úr hausum og löppum geymdist ekki svo lengi og ekki lifrapylsan. Þarna var saltkjötið geymt og pækillinn endurnýjaður öðru hverju. Pabbi slátraði oft geldingi í júlí því hann vildi ekki eldra saltkjöt. Við fengum sjóbirting í júní og fugl úr Höfðanum og var þetta nýtt öðru hverju yfir allt sumarið en lítið var um nýjan fisk. **Jarðhúsið.** Þar var smiðjan hans pabba þar sem hann vann allar skeifur fyrir hestana sem höfðu ekki alltaf sama hófalag. Þar stóð gömul eldavél sem var notuð á haustin við að sjóða slátur. Þar var líka stór pottur til að sjóða rúmfatnað og fleira. Þegar kjötið var reykt seint á haustin var gerð glóð á gólfið og ég veit ekki hvað það tók langan tíma en allt hafði þetta ákveðna tímasetningu."

Heimildir: ÁFÍ 1937, 25-26; BAS III, 23-24, 66 og http://www.google.is/imgres?imgurl=http://mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/fagurholsmyri_oraefum/images/skaftafell.jpg&imgrefurl=http://mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/fagurholsmyri_oraefum/&usg=__5h2MU6NfRHqeeMxv5ZlAxe816QU=&h=346&w=500&sz=43&hl=is&start=35&zoom=1&um=1&itbs=1&tbnid=Jz7alcqAIp4UtM:&tbnh=90&tbnw=130&prev=/images%3Fq%3DSv%25C3%25ADnafell%2B%25C3%25AD%2B%25C3%25B6r%25C3%25A6fum%26start%3D20%26um%3D1%26hl%3Dis%26sa%3DN%26ndsp%3D20%26tbs%3Disch:1&ei=NlGYTcGiI5Xu4gaImLGUDA

SF-083:003 *Fagurhólsmýri (elsti* bæjarhóll bústaður *bær)*

"Upphaflega er þetta hjáleiga frá Hnappavöllum, sem þá áttu land út að Gljúfurá. Fyrst stóð bærinn neðan hamranna og austar, en sá bær fór í eyði af vikurfalli frá Öræfajökulsgosi. Nú eru fjárhús, þar sem sá bær var. Fundust leifar gamla bæjarins eitt sinn, er grafið var þar fyrir nýjum húsum," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins segir: "Mjög snemma hefir hjáleiga verið byggð á þessum slóðum, en fyrst stóð bærinn austar og neðan við hamrana, sem eru fyrir neðan bæinn. En sá bær hefir eyðzt af vikurfalli í Öræfajökulsgosi. Nú eru fjárhús frá Fagurhólsmýri á sama stað og sá bær stóð. Fyrir nokkrum árum var verið að byggja þar nýtt hús og kom þá niður á veggi gömlu húsanna. Þeir voru gersamlega á kafi í djúpri vikurhrönn, svo að áður en til var grafið, sáust þess engin merki, að þar væru nein mannaverk."

Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 1, ÁFÍ 1937, 25-26;

SF-083:004 heimild um útihús

Stórt útihús með tveimur áföstum kálgörðum er merkt framan við Efribæinn 001, inn á túnakort frá um 1920. Á milli bæjar og húss/kálgarða hafa aðeins verið um 5 m og þar hefur heimreiðin 027 legið.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:005 heimild um útihús

Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 35 m frá Efribæ 001.

Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að húsið hefði verið tvískipt.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:006 heimild um útihús

Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 60 m frá Efribæ 001.

Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að húsið hefði verið einfalt.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:007 heimild um útihús

Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 70-75 m frá Efribæ 001.

Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að húsið hafi verið samstæðuhús og skiptst í 5 hólf/hús.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:008 heimild um útihús

Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 105 m frá Efribæ 001 í túnjaðri.

Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að húsið hafi skipst í tvö hólf/hús.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:009 heimild um útihús

Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 40 m frá Efribæ 001 í túnjaðri.

Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:010 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 50 m frá Efribæ 001. Við húsið er sambyggður kálgarður sem reyndar hefur einnig tengst öðru útihúsi (sjá 011).
Samkvæmt túnakortinu mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:011 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 tæpum 60 m frá Efribæ 001.
Húsið virðist tvískipt á teikningu á túnakorti. Við það var kálgarður (sjá 010).
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:012 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 15 m frá Neðribæ 002 en tæpum 55 m frá Efribæ 001.
Húsið virðist einfalt á teikningu á túnakorti.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:013 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um 50 m frá Efribæ 001, utan túns og skammt frá því þar sem heimreið 027 hefur legið af Efribæ.
Húsið virðist einfalt á teikningu á túnakorti.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:014 heimild um kálgarð
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 um 115 m frá Efribæ 001, utan túns og um 10 m frá leið 028 sem liggur í túnjaðri.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:015 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 um fast að baki Neðribæ 002.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:016 heimild um kálgarð
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 beint neðan við Neðribæ 002 og hefur aðeins hlaðið verið á milli. Annar kálgarður 017 var um 5 m fjær bæ og lá heimreiðin 018 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:017 heimild um kálgarð
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá því um 1920 innan við 5 m frá Neðribæ 002. Annar kálgarður 016 var nær bæ og lá heimreiðin 018 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:018 heimild um leið
Heimreið að Neðribæ 002 er merkt inn á túnakort frá því um 1920.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:019 heimild um útihús
Útihús er merkt inn á túnakort frá því um 1920 rúmum 50 m frá Neðribæ 002, í túnjaðri.
Samkvæmt túnakorti virðist húsið hafa verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-083:020 heimild um útihús

Útihús er merkt inn  á túnakort frá því um 1920 rúmum 40 m frá Neðribæ 002.
Samkvæmt túnakorti virðist húsið hafa verið einfalt.
Heimildir:  Túnakort frá því um 1920.

SF-083:021     heimild um útihús
Útihús er merkt inn  á túnakort frá því um 1920 rúmum 60 m frá Neðribæ 002.
Samkvæmt túnakorti virðist húsið hafa verið einfalt en við það er byggður kálgarður.
Heimildir:  Túnakort frá því um 1920.

SF-083:022     heimild um útihús
Útihús er merkt inn  á túnakort frá því um 1920 tæplega 80 m frá Neðribæ 002.
Samkvæmt túnakorti virðist húsið hafa verið tvískipt.
Heimildir:  Túnakort frá því um 1920.

SF-083:023     heimild um útihús
Útihús er merkt inn  á túnakort frá því um 1920 um 100 m frá Neðribæ 002, í túnjaðri.
Samkvæmt túnakorti virðist húsið hafa verið einfalt.
Heimildir:  Túnakort frá því um 1920.

SF-083:024     heimild um útihús
Útihús er merkt inn  á túnakort frá því um 1920 um 200 m frá Neðribæ 002, í afgirtum túnskika.
Samkvæmt túnakorti virðist húsið hafa verið tvískipt.
Heimildir:  Túnakort frá því um 1920.

SF-083:025     heimild um útihús
Útihús er merkt inn  á túnakort frá því um 1920 um 215 m frá Neðribæ 002, í afgirtum túnskika. Það hefur staðið mjög nærri öðru húsi 024 en virðist ekki sambyggt Samkvæmt túnakortinu.
Samkvæmt túnakorti virðist húsið hafa verið tvískipt.
Heimildir:  Túnakort frá því um 1920.

SF-083:026     heimild um leið
Samkvæmt túnakort frá því um 1920 virðast stuttar götur/leið hafa tengt heimatúnin við stakstæðan túnskika.
Heimildir:  Túnakort frá því um 1920.

SF-083:027     heimild um leið
Samkvæmt túnakort frá því um 1920 hefur heimreiðin að Efribæ 001 legið í L efst í túninu.
Heimildir:  Túnakort frá því um 1920.

SF-083:028     heimild um leið
Samkvæmt túnakort frá því um 1920 hafa götur legið eftir endilöngum túnjaðrinum á Fagurhólsmýri.
Heimildir:  Túnakort frá því um 1920.

SF-083:029     heimild um bústað
"Hér er nú tvíbýli [sjá 001 og 002], en var þríbýli um skeið," segir í örnefnaskrá. Ekki er ljóst hvar þriðji bærinn stóð eða hvort hann er nógu gamall til að teljast til fornleifa.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 1

SF-083:030     heimild
"Þetta er nyrzti hluti Efribæjartúns og nær vestur undir svonefndar Tjarnir. Þar var uppistaða, hleypt vatni úr Gljúfurá, sem svo 1936 fyllti upp svæði, sem síðan heitir Nýjatún, en það er norður- og vesturhluti Balanna. Tjarnirnar skiptast í þrennt. Nyrzta og vestasta tjörnin heitir Sandhólatjörn," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 1

SF-083:031 *Litlibrunnur* heimild um brunn
"Innst í lægðinni, sem liggur frá Bæjarlæk upp að Efribæ, var Litlibrunnur, er nú horfinn," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 1

SF-083:032 *Kvíaskúti* heimild um kvíar
"Vestan við Grasklifið er Kvíaklettur; í honum er svo Kvíaskúti," segir í örnefnaskrá. "Í honum er Kvíaskúti. Allstór hellir. Innst í honum er lítið gat og jarðhellir þar inn af. Hlaðið var í gatið til að varna því að fé færi þangað inn. Ekki er vitað hvenær þarna voru síðast ær í kvíum, en á ljósmynd frá 1914 er hlaðinn veggur utan skútans frá klettinum." segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2; Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 141

SF-083:033 *Litli-/Stóri-* örnefni lambhús *Lambhúsklettur*
"Þá er rétt vestan við bæ Litli-Lambhúsklettur, og Stóri-Lambhúsklettur, það er hamarinn, sem gengur lengst fram vestan við Götuklif [032]," segir í örnefnaskrá. "Stóri-Lambhúsklettur er fyrir vestan Götuklif. Í Skjólinu vestan við klettinn er gömul grjóthleðsla, kálgarður, kvíar, rétt eða stekkur." segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2; Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 141

SF-083:034 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Þá er rétt vestan við bæ Litli-Lambhúsklettur, og Stóri-Lambhúsklettur [033], það er hamarinn, sem gengur lengst fram vestan við Götuklif [032] og Stekkatún, sem er þar neðan klettanna vestan Kaupfélagsins," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:035 *Nýjagirðing* örnefni vörslugarður
"Nýjagirðing. Þá byrjum við á túni Neðrabæjar. Þetta stykki er upp af Stóra-Lambhúsklett [033]i, milli túns Kvískerjabóndans og Gömlugirðingar [036], sem er frá hæðinni norðvestur að Stóra-Lambhúskletti og vestur að Girðingarklifi, sem er flá í klettana, hamrabeltið í króknum vestan við Gömlugirðingu, fært hestum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:036 *Gamlagirðing* heimild um býli
"Nýjagirðing [035]. Þá byrjum við á túni Neðrabæjar. Þetta stykki er upp af Stóra-Lambhúsklett [033], milli túns Kvískerjabóndans og Gömlugirðingar, sem er frá hæðinni norðvestur að Stóra-Lambhúskletti og vestur að Girðingarklifi, sem er flá í klettana, hamrabeltið í króknum vestan við Gömlugirðingu, fært hestum. Vestan til í Gömlugirðingu stóð þriðja býlið ," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:037 *Veita* örnefni áveita
"Nú skulum við bregða okkur niður fyrir klettana og taka láglendið. Veita er votlent svæði fram af hömrunum vestur að Girðingarklifi, nær nálega austur að Blesakletti og suður að flugvellinum," segir í örnefnskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:038 *Litluveita* örnefni áveita
"Bleytur er allt svæðið frá Litluveitu, sem er vestan undir Salthöfða, er síðar getur, og vestur að Gissurslandsöldu...," segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:039 *Kúavað* heimild um vað
"Þá taka við Miðbleytur frá þessum engjavegi að Kúavaði, sem er yfir Landálinn, þar sem hann liggur lengst inn í bakkana," segir í örnefnaskrá."Austurbleytur eru frá Veitubökkum og Litluveitu [038]vestur að veginum, sem liggur suðaustur yfir miðjan Aurinn út að Landál [040]. Þá taka við

Miðbleytur frá þessum engjavegi að Kúavaði sem er yfir Landálinn, þar sem hann liggur lengst inn í bakkana,
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:040 heimild um leið
"Austurbleytur eru frá Veitubökkum og Litluveitu vestur að veginum, sem liggur suðaustur yfir miðjan Aurinn út að Landál," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:041 *Miðvað* heimild um vað
"Austurbleytur eru frá Veitubökkum og Litluveitu [038]vestur að veginum, sem liggur suðaustur yfir miðjan Aurinn út að Landál [040]. Þá taka við Miðbleytur frá þessum engjavegi að Kúavaði [039] sem er yfir Landálinn, þar sem hann liggur lengst inn í bakkana, og Miðvaði, sem er einnig yfir sama ál, skammt fyrir austan tættur af austanverðum balanum [042]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:042 heimild um óþekkt
"... Miðvað [041]i, sem er einnig yfir sama ál, skammt fyrir austan tættur af austanverðum balanum.Upp af Miðvaði eru tvö borgarbrot, Tættur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:043 *Vestastavað* heimild um vað
"Vestast yfir Álinn er Vestastavað; það er út í Húsfitartagl [044]vestan við Efstufitartagl," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 3

SF-083:044 *Húsfit* örnefni óþekkt
"Vestast yfir Álinn er Vestastavað [043]; það er út í Húsfitartagl vestan við Efstufitartagl," segir í örnefnaskrá og nokkru síðar í sömu skrá: "Húsfit er milli Mjóakíls og Dælufitaráls. Blöndukíll er í miðri Húsfit, norður af Doru austanverðri,"
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 3

SF-083:045 *Salthöfðavað* heimild um vað
"Salthöfðavað er yfir Álinn, bæði austan og vestan við Salthöfða, og mætast að sunnanverðu," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 3

SF-083:046 *Hjáleiguvað* heimild um vað
"Mjóikíll er vestur með Stórusvæðu að sunnanverðu. Yfir hann er Hjáleiguvað," segir í örnefnaskrá og á öðrum stað segir: "...þangað er ekki fært nema þessa leið, því þetta er svo djúpt,"
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 3

SF-083:047 *Tjaldhóll* örnefni tjaldstæði
"Á miðjum ytri Flóðbakka er Tjaldhóll," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 3

SF-083:048 *Vöguból* örnefni ból
"Fremsti hluti hans heitir Salthöfðanef, Vöguból, það er undir nafnlausu nefi, er gengur vestur úr miðjum Salthöfða og út í Litluveitu [038]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 4

SF-083:049 *Yztaból* örnefni ból
" Yztaból er vestan við klettanefið, sem Vöguból [048] er undir," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 4

SF-083:050 *Miðból* örnefni ból
" Yztaból [049] er vestan við klettanefið, sem Vöguból [048] er undir, Miðból er fyrir miðjum rauða höfðanum" segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 4

SF-083:051 *Efstaból* örnefni ból
"...og Efstaból (104) er undir nyrzta hamrinum, vestan megin í Salthöfða," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 4

SF-083:052 *Nátthagi* örnefni nátthagi
"Undir því [Emmuklifi] er hvammur, sem heitir Nátthagi. Vestan við Nátthagann er Gatklettur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 4

SF-083:053 þjóðsaga
"Upp af Árnakinn er Árnakinnarhnaus. Í honum er Dalahellir. Sagt er, að þaðan liggi göng í Mikilshelli í Salthöfða og í þeim miðjum liggi ormur á gulli," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 5

SF-083:054 *Grettistak* heimild um manndómsraun
"Á Litlhöfða er Grettistak," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 6

SF-083:055 heimild um varnargarður
"Frá Gljúfri rennur Gljúfursá eftir Gljúfursáaraur að Hamarenda. Varnargarður var hlaðinn fyrir Gljúfursá, er hún fór í vexti úr venjulegum farvegi og rann þá austur með Sandhólum og í Sandhólatjörn og fyllti hana upp með malarframburð og 2 minni tjarnir austar, en tjarnirnar lágu allar í röð til suðausturs, en eftir þessum farvegi rennur nú lækur og rennur í Bæjarlækinn, til þess að fá nóg vatn á rafstöðina," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappastaðir - athugasemdir og viðbætur, 1

SF-083:056 heimild um varnargarður
"Einnig má geta þess, að Gljúfursá frá Hamarenda (svo), við vesturenda á flugvellinum, en hlaðinn er traustur grjótgarður við enda flugvallarins, svo áin rennur nú í djúpum farvegi þarna framhjá,"segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hnappastaðir - athugasemdir og viðbætur, 1

SF-083:057 *Götuklif* örnefni leið
"Vestan við Grasklifið er Kvíaklettur; í honum er svo Kvíaskúti [031]. Þá er næst Kvíakletti Götuklif ," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 2

SF-083:058 heimild um leið
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Frá Fagurhólsmýri að Hnappavöllum er um tvær leiðir að ræða. Efri leiðin, sem venjulega er farin, erum 4 km. Það er algerlega torfærulaus leið og vötn engin. Frá Fagurhólsmýri er fyrst farið upp undir fjallsöxl, sem Nónöxl heitir. [Þaðan um samfellt gróðurland sem kallast Græfur]."
Heimildir: SSS, 151-152; ÁFÍ 1937, 29

SF-083:059 heimild um leið
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Frá Fagurhólsmýri að Hnappavöllum er um tvær leiðir að ræða. [...] Hin leiðin milli þessara bæja er um þriðjungi lengri og liggur fyrir utan hamrana. Er þá fyrst farið um skarðið, vestan undir Blesakletti, og svo göturnar, sem liggja út á engjarnar. [...] Þegar kemur

austur fyrir Salthöfðanefið er komið fast að engjunum frá Hnappavöllum og Fagurhólsmýri, og er þá haldið inn með höfðanum að austan sem leið liggur að Hnappavöllum."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 29-30

SF-083:060 heimild
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Vestan undir honum [Salthöfða] er hús, sem er eign kaupfélagsins í Vík í Mýrdal. Þangað eru fluttar vörur, sem til Öræfanna koma, og afhentar þar. Einnig fer þar fram sauðfjárslátrun á haustin."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 29

SF-083:061 heimild um myllu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1874 eða um það bil, kom Sigurður Ingimundarson upp vatnsknúinni kornmyllu, þeirri fyrstu í Öræfum, en þeim var fljótlega komið upp í öllum bæjarþorpum."
Heimildir: BAS III, 58

SF-083:062 heimild
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Hellutak og torfrista sæmileg, og er hvort tveggja nærtækt."
Heimildir: BAS III, 64

SF-083:063 heimild um ristu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Hellutak og torfrista sæmileg, og er hvort tveggja nærtækt."
Heimildir: BAS III, 64

SF-083:064 *Arahellir* heimild um útilegumannabústað
"Í austanverðu Skjólinu er Arahellir; heitir eftir útilegumanni, sem var þar í skjóli bóndans á Fagurhólsmýri og bjargaði reka hans að launum, fannst, af því að spor hans urðu rakin í krapasnjó. Út úr hellinum kemur lækur, sem heitir Arahellislækur," segir í örnefnaskrá. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Í landareigninni er eitt örnefni, Arahellir, sem sögn er við tengd. Þar á að hafa hafzt við sakamaður, er hafði fæði hjá bónda, líklega Salthöfðabónda, en gætti fjörunnar fyrir hann í staðinn."
Heimildir: Ö-Fagurhólsmýri, 4 ; BAS III, 65

SF-083:065 heimild um brunn
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Vatn var tekið úr brunnum við bæina. Árið 1933 eða 1934 var leitt vatn frá vatnshrút í Efri bæinn, en í báða bæina sameiginlega 1952 og þá tekið úr góðri lind, alllangt frá bæjunum."
Heimildir: BAS III, 65-66

SF-083:066 heimild um brunn
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Vatn var tekið úr brunnum við bæina. Árið 1933 eða 1934 var leitt vatn frá vatnshrút í Efri bæinn, en í báða bæina sameiginlega 1952 og þá tekið úr góðri lind, alllangt frá bæjunum."
Heimildir: BAS III, 65-66

SF-083:067 *Bær* heimild um býli
"Bær er sagt að verið hafi fyrir austan Fagurhólsmýri, nálægt Salthöfða. Sigurður Pálsson, sem nú hefir nokkra um áttrætt, segir, að einn kvenmaður hafi sá verið í Öræfum á sínum unga aldri, að nafni Steinunn Þormóðsdóttir, er sagt hafi sig fundið hafa í þessu bæjarstæði, undir hellu í holu, að sjá sem á bitahöfði, klæði, sem af kvenfati, ljódökkt, og hafi hún haft það í upphlut sem óskemmt var; en sú hola hafi aldrei fundist." Í Ferðabók Sveins Pálssonar stendur: "Bær hér býli austan við Fagurhólsmýri, vestan undri svonefndum Salthöfða, sem er lítill klettahöfði". Fer"Norður af Litluveituöldu, með hömrunum, heitir Bæjarstaður; þar var bær. Ofan við Bæjarstað, vestur af Salthöfða, heitir Krókaklif, og vestur af Salthöfða heita Kílar," segir í örnefnaskrá. Bjarni F. Einarsson hefur grafið í umræddar rústir innan landamerkja Fagurhólsmýri í nokkur ár. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu

Fornleifafræðistofunnar hafa starfsmenn hennar rannsakað bæinn og fjós við hann allt frá 2002. Bærinn fór í eyði í Öræfagosi 1362 og Samkvæmt heimasíðunni fundust minjar um hann 1918 undir 4 m þykkum gjóskulögum, þegar grafið var fyrir heygryfju.
Heimildir:Norðanfari, 43; Ferðabók Sveins Pálssonar, 538; http://www.archaeology.is/enter_loader.html

SF-083:068 heimild um leið
"Engjavegur var nokkuð langur, því farið var með lestarnar vestur fyrir Hamarsenda, sem er um einn km vestan við bæinn," segir í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu.
Heimildir: BAS III, 66

SF-083:069 heimild um leið
"Engjavegur var nokkuð langur, því farið var með lestarnar vestur fyrir Hamarsenda, sem er um einn km vestan við bæinn [sjá 111]. En þegar Sigurður Ingimundarson og Ari Hálfdánarson fluttust á jörðina 1883, hófust þeir handa við að gjöra Grjótklif, sem nú er aðeins nefnt Klif, fært með heyband, og stytti það heyflutninginn að miklum mun," segir í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu.
Heimildir: BAS III, 66

SF-083:070 heimild
"Rafstöð var byggð fyrir báða bæina árið 1922," segir í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu. Í örnefnaskrá segir: "Austur frá Efribæ, þar sem vatn var tekið til virkjunar úr Bæjarlæknum, heitir Stífla. Hún var hlaðin 1922 og steypt 1946," og á öðrum stað í sömu heimild segir: "Dalalækur rennur úr Neðridölum fram af Dalaskeri. Mestum hluta hans var veitt þessa leið vegna raflýsingar 1922,". Auður Jónsdóttir ræddi við Guðrúnu Jónsdóttur (fædd 12. júlí 1922) um Neðri-bæ Öræfum árið 2003 sem hluti af verkefni í Kennaraháskóla Íslands. Hún lýsti rafstöðinn: "Rafstöðin. Þegar ég fæddist, 12. júlí 1922, ríkti mikil gleði hjá foreldrum mínum því þá voru komin til sögunnar rafmagnsljós og rafnagnseldavél. Rafstöðin var reist fyrir báða bæina, Neðri bæ og Efri bæ. Síðar smíðaði Helgi Arason á Efri bæ, fæddur 16. mars 1893 sem var móðurbróðir minn, bökunnarofn sem tengdist rafmagni. Helgi raflýsti mörg sveitaheimili í Skaftafellssýslu. Hann steypti vatnsskálar til að knýja stórt hjól og sérstök reim tengdi turbínuna (hverfill) og ég held að hann hafi smíðað allt, eða flest annað en túrbínuna."



*Rafstöðin, líklega 1923. Mynd fengin að láni af vef Kennaraháskóla, sjá fulla vefslóð að neðan.*

Heimildir: BAS III, 66 og Ö-Fagurhólsmýri, 2 og 5, http://www.google.is/imgres?imgurl=http://mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/fagurholsmyri_oraefum/images/skaftafell.jpg&imgrefurl=http://mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/fagurholsmyri_oraefum/&usg=__5h2MU6NfRHqeeMxv5ZlAxe816QU=&h=346&w=500&sz=43&hl=is&start=35&zoom=1&um=1&itbs=1&tbnid=Jz7alcqAIp4UtM:&tbnh=90&tbnw=130&prev=/images%3Fq%3DSv%25C3%25ADnafell%2B%25C3%25AD%2B%25C3%25B6r%25C3%25A6fum%26start%3D20%26um%3D1%26hl%3Dis%26sa%3DN%26ndsp%3D20%26tbs%3Disch:1&ei=NlGYTcGiI5Xu4gaImLGUDA

SF-083:071 heimild um býli
"fyrir ofan Fagurhóslmýri sem nú e hjáleiga frá Hnappavöllum, uppi undir heiðinni fyrir neðan dalina, er haldið að bær verið hafi. Þar sézt til tópta. Jón sigmundsson, sem nú býr á Hofshjáleigu, segist ungur hafa fundið þar leðurkúlu af reiða. En bæjarnafnið vita menn eigi." segir í skrá Ísleifs Einarssonarr frá 1712 en birt var í Norðanfara árið 1878.

Heimildir: Norðanfari, 43

SF-083:072 heimild um túngarð
"Undir hamrinum milli Blesakletts og Salthöfða er Skjól og Skjólhvammur vestan við það. Þar er lítið tún girt hlöðnum garði (GJ.4)." segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 140

SF-083:073 *Kringlubakkahellir* heimild um fjárskýli
"Kringlubakkahellir var austarlega í Kringlubakkagili. Hann var hafður fyrir fjárskýli og tók 30-40 sauði. Hlaðið var fyrir hellisopið en dyr á miðju. Þakið var tiltölulega þunn móhella, sem brast í nokkur stykki og féll niður vorið 1880. Enn má sjá hvar hellirinn var og sjást dyrakamparnir sem voru hlaðnir úr sniddu. Móklappirnar eru á sínum stað 1995, en á yfirborðinu verða nú ekki séð nein bein merki um hellinn og nafnið er týnt." segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 141

## *SF-084 Hofsnes*

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Hofsnes. Bóndaeign. Jarðardýrleiki vjc." JÁM XIII, 435.
1847: 6 hdr. Bændaeign. JJ, 5.
Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Hofsnes er þessu næst [Hofi SF-085], 6 hndr. að dýrleika, frek bæjarleið í landsuður frá Hofi, [...]." SSS, 150.
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 segir einnig: "Rekafjörupart á jörðin lítinn fyrir Hnappavallalandi." JÁM XIII, 435.
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir einnig: "[...] heyskaparlítil jörð, en útiganga góð; [...]." SSS, 150.
Í Sýslu og sóknalýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: "Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." SSS, 151-152.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Undirlendi er heldur lítið, það sem gróið er, og nokkuð mýrlent. Fjalllendi er lítið og illa gróið, en auðvelt til smölunar. [...] Í nefndaráliti frá 1849 segir um jörðina: "Hofsnes, bændaeign. Túnið er lítið og elftingarborið, fóðrar 2 kýr, engjar eru litlar og heldur snöggar, en heyfall heldur gott, hagar eru þröngir en notalegir. Jörðin mezt geta framfleytt 2 kúm og 50 fjár. Lítill fjörustúfur fylgir fyrir Hnappavallalandi, (réttara Fagurhólsmýrar. S.B.). Jörðin er hæg." Við þetta hefði mátt bæta: Torfrista allgóð og nærtæk, hellutak lítið, en gott, veiði, lítið eitt af svartbaksunga. Jörðin hefur verið svo til óbreytt þar til nú, að ræst hefur verið fram mikið land og túnið aukið margfalt við það, sem var." BAS III, 66-67.

SF-084:001 *Hofsnes* bæjarhóll bústaður
Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Hofsnes er þessu næst [Hofi SF-085], 6 hndr. að dýrleika, frek bæjarleið í landsuður frá Hofi, [...]." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Skammt austan við Nestanga, rétt við veginn, er bærinn Hofsnes, gömul hjáleiga frá Hofi, en nú fyrir löngu sjálfstæð jörð og talin fremur góð. Frá Hofsnesi er ekki nema á annan kílómetra austur að




*Túnakort frá því um 1920. Númer sett inn af höfundi og vísa í samsvarandi númer í fornleifaskránni.*

Fagurhólsmýri, [...]." Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Austurbær í byggð frá a.m.k.

1792-? Þar segir einnig: "Á jörðinni var einbýli á árunum 1792-1820, en síðan tvíbýli til 1903. Stóðu bæirnir saman, þar sem nú er kallað "niðri á bæ [sjá einnig 002]", en um 1880 var annar bærinn færður á núverandi stað [sjá 003] (Heimildamaður m.a. Bjarni Sigurðsson, Hofsnesi). Árið 1919 var byggður bær undir járnþaki. [...] Árið 1927 var sett upp rafstöð, sem að mestu nægði til suðu og ljósa." Í örnefnaskrá segir: "Hér var lengi tvíbýli, Efribær og Neðribær, varð einbýli eftir síðustu aldamót"
Heimildir: SSS, 150; ÁFÍ 1937, 25; BAS III, 24-26, 67, Ö-Hofsnes, 1

SF-084:002 *Vesturbær/Neðribær* bæjarstæði býli
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Vesturbær í byggð a.m.k. frá 1821-1903. Í örnefnaskrá segir: "Hér var lengi tvíbýli, Efribær og Neðribær, varð einbýli eftir síðustu aldamót." Í örnefnaskrá segir: " Neðribær er gripahús við norðausturhorn Vesturmýrar. Áður stóð Hofsnesbærinn þar."
Heimildir: BAS III, 26 og Ö-Hofsnes,1

SF-084:003 bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Austurbær í byggð frá a.m.k. 1792. Þar segir einnig: "Á jörðinni var einbýli á árunum 1792-1820, en síðan tvíbýli til 1903. Stóðu bæirnir saman, þar sem nú er kallað "niðri á bæ"[sjá einnig 001], en um 1880 var annar bærinn færður á núverandi stað (Heimildamaður m.a. Bjarni Sigurðsson, Hofsnesi)," Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 samanstóðu túnin á bænum úr þremur stakstæðum túnskikum og var bærinn í þeim efsta.
Samkvæmt túnakorti má ætla að bærinn hafi um 1920 samstaðið að fjórum burstum sem snéru fram og langhúsi á milli en auk þess virðast byggð tvö hólf við bæinn.
Heimildir: BAS III, 67 og Túnakort frá um 1920

SF-084:004 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús innan við 10 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti hefur húsið verið tvískipt og L-laga.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:005 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús innan við 20 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:006 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var kálgarður rúmum 20 m frá bæ 003.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:007 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var kálgarður rúmum um 5 m frá bæ 003.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:008 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús tæpa 50 m frá bæ 003, í túnjaðri.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:009 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús í Neðrabæjartúni um 155 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:010 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús í Neðrabæjartúni um 180 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt en garðlag 027 virðist hafa legið á milli húsa 010, 011 og 012.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:011 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús í Neðrabæjartúni um 190 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt en garðlag 027 virðist hafa legið á milli húsa 010, 011 og 012.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:012 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús í Neðrabæjartúni um 200 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt en garðlag 027 virðist hafa legið á milli húsa 010, 011 og 012.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:013 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús í Neðrabæjartúni rúmum 200 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti hefur húsið verið samstæðuhús og samanstaðið úr 6 hólfum. Útihús 012 snýr þvert á þessi hús að baki og hefur aðeins verið 2 m á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:014 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var kálgarður Neðrabæjartúni um 210 m frá bæ 003, framan við útihúsasamstæðu 013.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:015 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús í Neðrabæjartúni um 220 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:016 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús efst í Neðrabæjartúni um og um 180 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:017 *Nátthaginn* heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús í stakstæðum túnskika sem nefndur var Nátthaginn. Það hefur verið tæpum 300 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt og í túnjaðrinum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:018 *Gerðið* heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 voru þrjú útihús (sjá einnig 019 og 020) í stakstæðum túnskika sem nefndur var Gerðin. Það hús sem hér er skráð var um 125 m frá bæ 003. Í örnefnaskrá segir: "Gerði er túnblettur norðan við Bala vestur af bæ, smástykki."
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920 og Ö-Hofsnes,2

SF-084:019 *Gerðið* heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 voru þrjú útihús (sjá einnig 018 og 020) í stakstæðum túnskika sem nefndur var Gerðin. Það hús sem hér er skráð var um 120 m frá bæ 003. Í örnefnaskrá segir: "Gerði er túnblettur norðan við Bala vestur af bæ, smástykki."
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920 og Ö-Hofsnes,2

SF-084:020 *Gerðið* heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 voru þrjú útihús (sjá einnig 018 og 019) í stakstæðum túnskika sem nefndur var Gerðin. Það hús sem hér er skráð var um 145 m frá bæ 003. Í örnefnaskrá segir: "Gerði er túnblettur norðan við Bala vestur af bæ, smástykki."
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920 og Ö-Hofsnes,2

SF-084:021 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús fast utan við stakstæðan túnblett sem nefndur var Gerðið, ofan hans. Húsið var um 140 m frá bæ 003 og frá því lá garðlag 028 í átt að tveimur kálgörðum 022 og 023.
Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:022 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 varkálgarður um 15 m utan við stakstæðan túnblett sem nefndur var Gerðið. Garðlag 028 lá á milli garðsins og annars kálgarðs 023 annars vegar og hans og útihús 021 hins vegar.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:023 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 varkálgarður um 45 m utan við stakstæðan túnblett sem nefndur var Gerðið. Garðlag 028 lá á milli garðsins og annars kálgarðs 022 og svo áfram að útihúsi 021.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:024 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var gata frá heimatúninu að Gerði.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:025 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 lá gata meðfram heimatúninu um 10 m utan við jaðar þess.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:026 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 lá gata frá heimatúninu og að túnskika sem nefndur var Neðrabæjartún.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:027 heimild um óþekkt
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 virðist garðlag hafa verið á milli nokkurra útihúsa í Neðrabæjartúni.
Samkvæmt túnakorti mætti virðist garðlagið hafa legið á milli húsa 010, 011 og 012.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:028 heimild um óþekkt
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 virðist garðlag hafa verið á tveggja kálgarða (022 og 023) og útihúss (021) skammt utan við Gerði.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:029 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 virðist heimreið að og frá bæ hafa legið ofarlega í heimatúninu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-084:030 *Borgarklettur* örnefni fjárskýli
" Kóngsvíkurmelar eru hólmar, vaxnir melgresi, norðvestur af Ingólfshöfða. Í þeim melum er Markmelur og vestast Vesturmelar. Annar stakur klettur er svo austan við Höfðavíkurós,

Borgarklettur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hofsnes, 1

SF-084:031 *Engjagötukrókur* örnefni leið
"Gissurslandsaur er hér austast, þar vestur af svo Austurdæld. Þar vestar er Austurdældaraur, þar vestur af er Vesturdæld og þar vestar er Vesturdældaraur. Vestur af honum er Engjagötukrókur, þar fram er í álunum Engjagötuhólmi ," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hofsnes, 1

SF-084:032 *Fátækramannahóll* þjóðsaga
"Norðaustan við Kúadal á brúninni er hár klettahóll, sem vegurinn liggur undir, hann heitir Fátækramannahóll. Sagt er að hann hafi nafn af að þangað hafi fátæklingum verið safnað saman í fyrndinni og þeim gefnar gjafir," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hofsnes, 2

SF-084:033 *Þerribali* heimild um óþekkt
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] getið [er] um Nes (Nesmenn) í Rauðalækjarmáldaga frá 1343, en óvíst með öllu, að það hafi verið Hofsnes. Þó mun jörðin hafa verið byggð á þeim tíma, því að rústir eru þar frá 1362." Í örnefnaskrá segir: "Þerribali er milli Vesturmýrar og Bala. Þar fundust tættur frá 1362."
Heimildir: BAS III, 66 og Ö-Hofsnes, 2

SF-084:034 *Girðing* heimild
"Girðing er tún skammt fyrir vestan Gerði [sjá túnakort]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hofsnes, 2

SF-084:035 *Brunnmýri* örnefni brunnur
"Brunnmýri suðaustan við Neðribæ," segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hofsnes, 2

SF-084:036 *Þvottaklettur* örnefni þvottalaug
"Þvottaklettur austan við Klett," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hofsnes, 2

SF-084:037 *Stekkatún* örnefni stekkur
" Stekkatún, heimatúnið sem nú er," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hofsnes, 2

SF-084:038 heimild um kvíar
"Skriða norðan við Stekkatún, Gil austan við það og Stöðull við norðurenda gilsins, austan við grjótgarð [039], þar sem gatan [040] liggur hér heim," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hofsnes, 2

SF-084:039 heimild
"Skriða norðan við Stekkatún, Gil austan við það og Stöðull [038 ]við norðurenda gilsins, austan við grjótgarð, þar sem gatan [040] liggur hér heim," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hofsnes, 2

SF-084:040 heimild um leið
"Skriða norðan við Stekkatún, Gil austan við það og Stöðull [038 ]við norðurenda gilsins, austan við grjótgarð [039], þar sem gatan liggur hér heim," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hofsnes, 2

SF-084:041 heimild um leið
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða

rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur."
Heimildir: SSS; 151-152

SF-084:042 heimild um ristu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Torfrista allgóð og nærtæk, hellutak lítið, [...]."
Heimildir: BAS III, 67

SF-084:043 heimild
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Torfrista allgóð og nærtæk, hellutak lítið, [...]."
Heimildir: BAS III, 67

SF-084:044 heimild um brunn
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1922 var leitt vatn í bæinn frá vatnsknúinni dælu, en síðar var vatnshrútur settur við sömu leiðslu."
Heimildir: BAS III, 67

SF-084:045 *Nes* heimild um býli
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var mögulega býli hér sem kallaðist Nes. Þar stendur: "[...] getið [er] um Nes (Nesmenn) í Rauðalækjarmáldaga frá 1343, en óvíst með öllu, að það hafi verið Hofsnes. Þó mun jörðin hafa verið byggð á þeim tíma, því að rústir eru þar frá 1362."
Heimildir: BAS III, 67;

SF-084:046 *Steinholt* heimild um býli
Í máldaga Rauðalækjarkirkju frá um 1343 segir: "Fjórða Kerlingaey austan til móts við Nesmenn og Steinhyltinga." Í grein Páls Þorsteinssonar frá Hnappavöllum og birtist í Skaftfellingi 1992 stendur: " í máldögunum eru skrásett nokkur nöfn bæja [...] Nesmenn eru kenndir við bæinn Nes (eða Langanes) og Steinhyltingar við Steinholt. Öll þessi bæjarstæði eru horfin,".
Heimildir: DI; III; 776; Skaftfellingur 1992, 146-147

SF-084:047 *Vindás* heimild um býli
Komið var niður á rústir í Hofsnesi sumarið 2008. Þar sáust m.a. þakskífur í ljósum vikri og leiða má líkur að því að hér sé eitt hinna fornu býla sem fóru í eyði í gosinu árið 1362. Þetta er líklega býlið Vindás er m.a. sýnt á korti í grein Sigurðar Þórarinssonar sem birtist í Andvara árið 1957 og endurútgefin í ritröðinni Lesarkir Náttúruverndarráðs.
Heimildir: Lesarkir Náttúruverndarráðs 2, 9

## *SF-085 Hof*

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Hof. Bóndaeign 3 partar, 4 . partur kóngseign. Kirkjustaður, annexía, xivc jarðardýrleiki. Hér á kirkjan hálft heimaland (önnur xivc)." JÁM XIII, 435.
1847: 21 hdr. 3 1/2 h, 1/2 h. Hofskirkjueign, 1/8 Sandfellskirkjueign, og 3/8 bændaeign. Í neðanmálsgrein segir einnig: "Sýslumaður og jb. 1805 segja jörðina 28 h. að dýrleika." JJ, 5-6.
[1343]: "Máldagi Klemenskirkju að Hofi í Héraði (Öræfum) [...]. Clemenskirkia ad hofi j hieradi a heimaland halft med ollum gognum oc giædum. skaptafell halft. sandhofda halfan. svinanes halft. suinafell halft." DI II, 774.
[1387]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Clemens kirkia ad Hofi j Hieradi ä heimaland hälft med olllum gognum og giædum inn ad Kotä sem fellur fyrer innan Kuabacca og sionhending upp j þad hliufur vid nedanverdt fiallid. sem su sama ä fellur ur. og upp j midt Rotafiall ä mots vid sandfellsmenn." DI III, 400-401.
[22. og 23. júní 1482]: "Magnús biskup í Skálholti skipar á synodo með ráði nærstaddra kennimanna allar þær eignir og ítök til Hofskirkju í Héraði (Öræfum), er átt hefir kirkjan á Eyrarhorni, og transskríbera þeir Hofskirkju máldaga, er Michael biskup setti 1387. [...] Þesse adur greindur herra broder Magnus [biskup í Skálholti] giordi þessi umskipti við kirkiuna ad Hofi med handsoludu samþycki Magnusar bonda Gunnarssonar. sem þä var eigandi ad Hofi. Fyrer halft Skaptafell fieck hann til eignar klrkiunni ad Hofi halft Svinafiall." DI VI, 441-443.
22. júní 1482: Máldagi Michaels biskups um Hofskirkju í Héraði. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 284.
[21. september 1488]: "Páll Þorsteinsson selr Magnúsi biskupi í Skálholti tíu hundruð í jörðunni Hofi í Öræfum [...]." DI VI, 638.
[1491-1518]: "Máldagi Hofskirkju í Öræfum. [...] Hof j oræfum. Kirkia sancti clementes pape martyris a hofe a halft heimaland at fornu. oc nu þat at auki er magret þorhallzdotter lagdi kirkiunne þar uppi heimalndit fyrir halft skaptafellid er hun kirkian atti til forna. enn greind margret selldi burt." DI VII, 36-37.
3. ágúst 1525: "Ögmundr biskup fær Ásgrími Ásgrímssyni jörðina Hof í Öræfum til fullrar eignar [...]. en jörðina Kvísker fær biskup Asgrími og jörðina Breiðármörk með sex álna trjáreka, en Asgrímr fær biskupi Fjörð og Svínhóla í Lóni." DI IX, 274-275.
Um 1570: Gíslamáldagar. "Kirkjur í Minna Héraði og nærlendis. [...] Þessar kirkiur voru fordum i minna hieradi sem nu kallast Oræfe. [...] 3. Clementzkirkia ad Hoffe i Hierade ä heimaland hälfft." DI XV, 713.
1576: "Kirkian ad Hofe i Oræfum ä heimaland hälft." DI XV, 701.
1839: Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu segir: "Nú kemur Hof, 28 hndr. að dýrleika, [...]." SSS, 150.
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 segir einnig: "Skógarítak til eldingar og kolgjörðar á jörðin í Skaftafellsheiði. Jörðunni er eignað Fjall og Fjallsfit í Breiðármerkurlandi. Rekafjöru á jörðin fyrir Breiðármerkurlandi, kölluð Fjallsfjara, níu hundurð, Rekafjöru á jörðin einnig fyrir sínu, Hofsnes- og Hnappavallalöndum. Item Tangafjöru fyrir Sandfellslandi. Ingólfshöfði, sem liggur fyrir jarðarinnar landi, er allur jörðunni eignaður eftir gömlum máldögum, fráteknum tveim hlutum Fuglbergs, sem eignaðir eru annar kirkjunni að Rauðalæk, þriðji kirkjunni að Eyrarhorni, eftir bréfsins hljóðan. Síðan hefur Eyrarhornseign lögð verið til Hofs, en Rauðalækjar til Sandfells, og hafa hvöru tveggju, bæði Hofs- og Sandfellsmenn, brúkað Fuglbergið, þó ágreiningur hafi um verið. Rekafjara er vestan undir höfðanum, sögð níu hundruð faðmar að lengd, kölluð Kóngsvík. Þessi fjara hefur fylgt Skaftafellssýslu, síðan fyrst menn til vita." JÁM XIII, 435-436.
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá árinu 1839 segir einnig: "[...] heyskaparlítil jörð og áfallasöm af ánni Kotá. Það stendur upp undir Hofsfjalli, í landsuður frá Sandfelli, en að vegalengd eins og Sandfell frá svínafelli; útigangur hér í lakara lagi."
Í Sýslu og sóknalýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: "Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér

eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." SSS, 151-152.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Í nefndarálitinu frá 11. maí 1849 stendur: "Hof með Liltla-Hofi og Hofskoti 1/2 Hofskirkjueign og 1/2 bændaeign. Túnin eru góð, en undirorpin skriðuföllum á sumum stöðum, fóðrar 12 kýr, engjar eru sárallitlar, hagar í fullu meðallagi eftir því sem hér er í sveit. Álízt jörð þessi að geta framfleytt 12 kúm og 150 fjár. Fjara fylgir mikil og hæg og heldur rekasæl. Upprekstur á jörðin í Breiðamerkurfjalli og er hæg." Við þetta hefði mátt bæta: Hellutak brúkanlegt. Torfrista sérlega góð og nærtæk. Selveiði nokkur. Þarna er sagt, að engjar séu sáralitlar, en þær voru þó grasgefnar og voru taldar með betri engjum hér nærlendis jafnstórum. En árið 1867 tók Skeiðará þær af í hlaupi, og hafði þó skemmt þær nokkuð í Stórahlaupi 1861. Urðu Hofsmenn úr því að sækja mikinn heyskap að, var mest sótt í Sandfellsmýrar og Mýrarland, engi Fagurhólsmýrar. (Heimildarmaður Þorlákur Jónsson (Hof V.6)." BAS III, 68-69.

SF-085:001 *Hof* bæjarhóll bústaður 63°54.441N 16°42.463V
Hof er norðan við þjóðveg 1. Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Nú kemur Hof, 28 hndr. að dýrleika, [...]. Það stendur upp undir Hofsfjalli, í landsuður fr á Sandfelli [SF-086], en að vegalengd eins og Sandfell frá Svínafelli [SF-087]; útigangur hér í lakara lagi." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum.[...] Austustu bæirnir á Heima-Hofi nefndust Austurhús og voru tveir til þrír, en nú tveir [sjá mögulega fornleif 003]. Þá voru Miðhús, sem nú eru í eyði, Lækjarhús og Vesturbær." Í grein eftir Gísla Gestsson sem heitir "Gröf í




*Kirkjan, gamli bærinn og önnur fleiri hús á bæjarstæðinu árið 1973. Öræfi I, Teikning A3.*

Öræfum" í Árbók fornleifafélagsins 1959 segir: "Árið 1362 gaus Öræfajökull, sem þá mun raunar hafa heitið Knappafellsjökull, með þeim býsnum, að öll byggðin gjöreyddist. Í annálsbroti frá Skálholti, sem efalítið er samtímaheimild, en ritað á Norðurlandi, segir svo um árið 1362: "[...] Tók og af tvær kirkjusóknir með öllu, að Hofi og Rauðalæk. Sandurinn tók í miðjan legg á sléttu, en rak saman í

skafla svo að varla sá húsin"."
Í grein Gísla Gestssonar í Árbók fornleifafélagsins 1959 segir einnig: "Á Hofi í Öræfum er byggingarstíll fornlegri en víðast annars staðar á landinu. [...] Fram á síðustu ár voru bæirnir á Hofi allir í gömlum sunnlenzkum stíl, langar, einfaldar húsaraðir, sem snéru mörgum bröttum burstum fram á hlaðið. Nálægt miðri bæjarröðinni voru bæjardyrnar og baðstofa, venjulega á fjóslofti, til annarrar handar, en stofa til hinnar. Stundum var búr og eldhús aftur af bæjardyrum og stofu og undir sama risi og þau. fyrir kom að eldhús var í bæjarröðinni til hliðar við baðstofuna, en út frá þessum húsum stóðu skemmur og smiðja. Engin bæjarhús sneru samhliða hlaðinu." Samkvæmt túnakorti frá um 1920 voru níu hús eða húsgaflar í bæjarröðinni þá. Samkvæmt túnakorti var túnstærðin þá 2,8 teigar og sáðreitir




*Túnakort Hofs frá um 1920. Númer á kortinu eru sett inn af höfundi skýrslu og vísa í númer í fornleifaskrá.*

916 m2. Í heimatúninu eru auk bæjar og kirkju skráð sex útihús (003-008), þrír kálgarðar (009-011) og þrjár götur (012-014). Danskir arkitektúr nemar komu til Hofs sumarið 1974 og mældu þá upp bæjarhúsin. Smiðja A er austast í bæjarröðinni, þá kemur skemma B og þar næst bæjarhúsin C sem voru líklega úr timbri. Vestan við bæjarhúsin er autt svæði allt að fjósi D sem er þar vestar með áföstum súrheysturni. Hlaða E er þar næst og síðust í bæjarröðinni er hlaða F. Greinilegt er að bæjarhúsin tóku miklum breytingum frá því um 1920 og fram til 1970.
Heimildir: SSS, 150; BAS III, 71; ÁHÍF 1959, 44, 45-46, Túnakort frá því um 1920; Öræfi I, D16-D19

SF-085:002 *Hof* kirkjugarður kirkja
HOF Í ÖRÆFUM (AS) Klemensi (SANDFELLSANNEXÍA)
[1343]: Hof j oræfum.
Clemenskirkia ad hofi j hieradi aa heimaland haalft med ollum gognum oc giædum. skaptafell halft. sandhofda halfan. svinanes haalft. suinafell haalft.

hofsmenn eiga j krossholt fimtige hrossa hofn ollum vinnuhrosum vm helgar. af þeim bæ liggur kyrfodur til hofs oc aa ad abyrgiast ad ollu.

hofsmenn eigu oll orknadraap j lambeyaros oc til þess er graus ber næst j sulufell.

fylgia þessi oll somun giædi einn veg eignarhluta sem kirkiuhluta ad hofi.

hofsmenn eigu helming allra þeirra fiarna sem liggia til jokulfells.*

gylltur kalekr var virtur kirkiunni j iiijc. skrin j iijc. kross oc kalekur ogylldur j iiijc. texti oc alltaris steirn silfurbuinn j ijc. hulsker xiij aurar. tuenn messuklædi en bestu j viijc. Messuklædi. iij. ccc. kantara kapur þriar ijc. dalmadika oc subtill ij merkur. alltarisklædi fimm med dukum j iiijc. glodarker ij og jarnstika. iij merkur. sloppar fiorir oc fontklædi oc dukar ijc. tiolld umhuerfis kirkiu. haalft annad. c. vatzkall oc munnlaugar ij oc vatzketill ij merkur. krossar ij. kista. ui alnir lerepz j hundrad. lesbækur þriar samsettar med saung davidspsaltara iiijc. Graduale hundrad. gudspjoll oc pistlar dominicale oc de sanctis per anni circulum hundrat. capitularius. collectarius. commonisbok. handbok med lagasaungum ijc. ottusaungua bok oc saalutidabok v aurum. artijda skraa. formaalabok. ix smabækur. mork. inn summa xlc vijc. xij aurar. katrinar skirpt. klemus skript. kluckur vj. oc biollu eina glergluggar ij. solarstein eirn.

þangad liggia undir ij bæier ad tiundum oc er bænhus aa hvorum oc takast af vj aurar.

þar skal vera prestur oc diakn. tekur prestur iiij merkur. Máld DI II 774-775 *lengra en þetta nær AM dipl afskr 2044 gerð 1/12 1710 ‘eptir fornu pappirsblade med gamalle hende’ ekki.

1362: Elldr uppi i iij stodum fyrir sunnan ... tok ok af ij kirkiu soknir med ollu at Hofi ok Rauda læk ; Annálsbrot frá Skálholti, IA, 226

1387: Registrum domini Michaelis episcopi.

Clemens kirkia ad Hofi j Hieradi ä heimaland hälft med ollum gognum og giædum inn ad Kotä sem fellur fyrer innan Kuabacka og sionhending upp j þad gliufur vid nedanverdt fiallid. sem su sama ä fellur ur. og upp j midt Rotafiall ä mots vid sandfellsmenn.

Hof ä land austur ad gliufri þvi. sem gliufursä fellur ur og j Hamraenda og sidan oslitid land ut ad Jngolfshofda. Jtem Jngolfshofda allan ad fräteknum tveim hlutum fuglbergs sem eignadar eru annar kirkiunni ad Eyrarhorni. þridie kirkiunne ad Raudalæk. Hof ä reka allann fra sallthofda fioru. og ut ad Jngolfshofda.

Jtem orknadrap oll j [mille] Lambeya og til þess gras ber næst j sulufell. xv hrossa beit ä Kviärmyri um sumar firir utan loghelgar. fra Krosshollti liggur kyrfodur til Hofs. og abyrgist ad ollu. Jtem elldividartak og kolagiord j Skaptafellsheidi.

Fylgia þessi oll saman giædi einn veg kirkiuhluta sem eignarhluta ad Hofi.

Þessar ä kirkian jarder. Fiall med ixc. fioru. halft Skaptafell. Suinanes halft. og helming allra þeirra fiarna sem liggia til Jokulfells.

þetta ä kirkian j fridum peningum.

ij kyr. ij. äsaudar kugilldi. j. hest. hross med veturgomlu. xij. saudi veturgamla. viij. saudi tvævetra.

þetta ä kirkian jnnan sig.

Jn primis. j. silfurkaleikur gylltur iiijc. annarr silfurkaleikur ijc. kross silfurbuinn og skrini iiijc. fiogra manna messuklædi enu bestu viijc. alltarissteinn silfurbuinn iiijc. fustans hokull. j. sloppur. kantarakäpa. ij. alltaraklædi. iij. alltarisdukar. v. songbækur. iij. lesbækur. davidzsalltari. Graduale per anni circulum. dominicale de sanctis. sälutijda bok. ij. tiolld. iiij. kluckur.

liggia under iiij bæer til tiundar. Máld DI III 400 401[AM dipl afskr 2043 frá 14.6.1705 e. transcr frá 8.6.1652 e. transcr. frá 16-17.9.1585 e. transcr. frá 22.-23.6.1483 - DI VI, 442-43. Sennilega heimamáldagi]

22. 23.6.1482: ... allt þad sem ätt hafdi kirkian ad Eyrarhorni. lond. reka. og jtok. þad sem epter var ospiallad. þa skyldi þad leggiast til kirkiunnar ad Hofi epter þennan dag.

Þesse adur greindur herra broder Magnus giordi þessi umskipti vid kirkiuna ad Hofi med handsoludu samþycki Magnusar bonda Gunnarssonar. sem þä var eigandi ad Hofi. Fyrer halfr Skaptafell fieck hann til eignar kirkiunni ad Hofi halft Svinafiall. ... DI VI 442 443

21.9.1488: Magnús bp fær upplag fyrir 10 hdr í Hofi og loforð fyrir jörðinni allri DI VI nr. 566 [Hof mun aldrei hafa orðið beneficium]

[1491-1518]: Hof j oræfum.

Kirkia sancti clementes pape martyris a hofe aa halft heimaland ad fornu. oc nu at auki er margret þorhallzdotter lagde kirkiunne þar uppi heimalandit fyrir halft skaptafellid er hun kirkian atti til forna enn greind margret selldi burt.

Jtem a kirkian [ein]a ku. xij. ær. xij. ær. xiij. vetra gamlan vxa. ij. naut tuævetur. iij. naut veturgomul.

þar hefer fallid mork i porcio vm tvo aar hin næstu. Máld DI VII, 37 [AM 257 4to; AM Apogr. 2677; AM 259 4to, bl. 135a]

1495: Skipadi biskup Stephan vc fra stafafellzkirkiv oc til Hofs j oræfum. Afhending Stafells DI VII,

287-
88 [AM 263 fol, bl. 12]
1576: Gíslamáldagar. DI XV, 701.
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Á Sandfelli er prestssetrið og kirkja, en Hof er annexía. [...] Á kirkjunum er messað sinn sunnudaginn á hvörri."
1909: Sandfellskirkja lögð niður og sóknin lögð undir Hofskirkju; (PP, 41)
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Á Hofi er eina kirkjan í Öræfum, torfkirkja gömul og fátækleg. Flestir, sem um Öræfin fara, líta á kirkjuna, enda eru torfkirkjur nú orðnar fátíðar, en lengi getur sú kirkja varla staðið héðan af." Í örnefnaskrá segir: "Kirkjugarður er grafreitur umhverfis kirkjuna og ofan við Austurhús heitir Efratún," Hof í Öræfum er kirkjustaður og var komin kirkja þar fyrir 1343, stendur kirkjan inn í kirkjugarði sem ásamt kirkju er vel við haldið. Kirkjan er miðsvæðis í litlu landbúnaðarþorpi sem saman stendur af sex bæjum.
Kirkjan sem er nýlega uppgerð er örlítið norðvestan við miðju garðsins sem er nokkuð mikið




*Grunnmynd af kirkjunni frá 1974. Öræfi I, Teikning B4.*

upphlaðinn að sunnan en ekkert að norðan sökum halla sem er á landinu.
Kirkjan er í gömlum stíl með upphlaðna veggi, torf þaki og tré burst og er kirkjan er í umsjá þjóðminjavarðar. Leiðin í garðinum eru upphlaðin og ómerkt, er ekkert merkt leiði eldra en frá fyrri hluta 20. aldar í garðinum. Tré eru í garðinum, aðallega birki og ilmreynir og eru sum nokkuð nálægt kirkjunni. Kirkjan er á húsaskrá Þjóðminjasafn og á vefsíðu þeirra segir: "Elsta heimild um kirkju í Hofi er í máldaga frá 1343 og var hún þá bændakirkja, helguð heilögum Klemens. Síðar var kirkjan útkirkja frá Sandfelli. Kirkjan, sem nú stendur, var reist á árunum 1883-85 af Páli Pálssyni forsmið og snikkara frá Hörgsdal með timburgrind úr bindingsverki, en steinhlöðnum langveggjum og helluþaki, þöktu torfi. Stafnar eru úr timbri með tveimur sexrúðu gluggum hvor, auk þess sem tveggjarúðu gluggi er á bjórþili vesturstafns. Kirkjan er sjö stafgólf, 9,8 m á lengd og 4,5 m á breidd. Um miðja tuttugustu öld var húsið orðið mjög hrörlegt og beitti þjóðminjavörður sér þá fyrir því að reisa hana aftur í upphaflegri mynd. Náðust samningar milli Þjóðminjasafnsins og sóknarnefndar um að safnið fengi

kirkjuna til eignar gegn því að það kostaði viðgerð hennar en hún yrði jafnfframt sóknarkirkja Öræfinga. Hún var síðan tekin niður og endurbyggð á árunum 1953-54. Nokkrar viðgerðir hafa verið gerðar á henni síðan. Hofskirkja er sérkennileg blanda af gömlu og nýju. Þannig er gafhlað við austurstafn fornlegt en hvelfing yfir kórnum er í stíl við timburkirkjur frá svipuðum tíma. Að innanverðu er kirkjan nýstárlegri en bæði Víðimýrar- og Saurbæjarkirkjur þar sem hvorki er hér að finna hefðarsæti né hefðbundið kórþil. Kirkjugarðurinn umhverfis kirkjuna er með upphlöðnum leiðum Samkvæmt gamalli hefð, og er kirkjan og allt umhverfi hennar hið fegursta" Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var kirkjan þá nálega í miðjum garði og kirkjugarðurinn 28 X 25 m að stærð. Danskir arkitektúr nemar komu til Hofs sumarið 1974 og mældu þá upp kirkjuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SSS, 152; ÁFÍ 1937, 22 og http://www.natmus.is/minjar-og-rannsoknir/husasafn/husin-kort/nr/343, Túnakort frá um 1920; Öræfi I, B4-B7

SF-085:003 *Hof* heimild um skemmu
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var hús 3-4 m frá bæ 001, milli bæjar og kirkjugarðs. Af túnakortinu að dæma var húsið íbúðarhús. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum.[...] Austustu bæirnir á Heima-Hofi nefndust Austurhús og voru tveir til þrír, en nú tveir [sjá fornleif 001 og 102]." Danskir arkitektúr nemar komu til Hofs sumarið 1974 og mældu þá upp útihús á sama stað. Þá var þetta skemma og hænsnakofi. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum.[...] Austustu bæirnir á Heima-Hofi nefndust Austurhús og voru tveir til þrír, en nú tveir [sjá einnig fornleif 001 og 015]
Heimildir: Túnakort frá því um 1920 og BAS III, 36-38, 71

SF-085:004 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús um 15 m frá bæ 001 hinum megin við heimreiðina 013.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:005 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús um 25 m frá bæ 001 hinum megin við heimreiðina 013.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:006 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús um 50 m frá bæ 001 og stóð það í horninu á kálgarði.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:007 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús um 80 m frá bæ 001.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:008 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var útihús um 75 m frá bæ 001, nálægt túnhorni.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:009 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var stór kálgarður um 3 m frá bæ 001, til móts við hann og aðeins heimreiðin 013 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:010 *Kóngspartur* heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var kálgarður um15 m frá bæ 001. Kálgarðurinn var til móts við

kirkjugarð 002 og aðeins heimreiðin 013 á milli. Um þennan kálgarð segir í örnefnaskrá: "Framan við Kirkjugarðinn [002] er matjurtagarður sem heitir Kóngspartsgarður. Það er síðan kóngur átti hér hlut úr Hofinu en sá hlutur var einnig nefndur Hengigóss, dró nafn af að það féll til konungs vegna þess að eigandi hlutarins hengdi sig. En kóngur taldi sig sjálfkjörinn erfingja allra er slíkt frömdu svo upp komst,"
Heimildir: Túnakort frá því um 1920 og Ö-Hof, 6

SF-085:011 *Melurinn* heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var kálgarður um 140 m frá bæ 001 í jaðri stakstæðs túnskika sem nefndur er Melurinn á túnakortinu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:012 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 lágu götur samsíða heimreiðinni 013 um 55 m frá henni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:013 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 lá heimreið að Hofsbænum 001 frá leið 014 og fram hjá bænum og kirkjugarðsvegg. Leiðin sem sýnd er á túnakortinu er um 140 m löng en hefur legið áfram til beggja átta og er merkt "til Litlahofs" í framhaldinu inn á túnakortið.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:014 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 lágu götur í túnjaðri Hofs og hefur heimreiðin 013 legið heim að bæ 001 frá henni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:015 *Hof - Austurhús* heimild um bústað
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum.[...] Austustu bæirnir á Heima-Hofi nefndust Austurhús og voru tveir til þrír, en nú tveir [sjá einnig fornleif 001 og mögulega fornleif 003]"



*Austurbærinn árið 1973. Öræfi I, Teikningar D16 og D17 samsettar.*

Heimildir: BAS III, 71

SF-085:016 *Lækjarhús* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu voru Lækjarhús (Hof II) í byggð frá a.m.k. 1792 til 1964. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum. [...] Austustu bæirnir á Heima-Hofi nefndust Austurhús og voru tveir til þrír, en nú tveir. Þá voru Miðhús [043], sem

nú eru í eyði, Lækjarhús og Vesturbær[027]." Bærinn er merktur inn á túnakort frá því um 1920. Danskir arkitektúr nemar komu til Hofs sumarið 1974 og mældu þá upp Lækjarhús.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir einnig: "Frá árinu 1881 er til uppsskrift af bæ Gísla Jónssonar Hof II, 10 (Uppskriftabók Hofhrepps), og er hún svohljóðandi: 1.Fjós (þ.e. fjósbaðstofa), 3 stafgólf að lengd með 4 stoðum og sperrum, vídd klénar 5 álnir (3,15 m), hæð 5 1/2 alin (3,45 m) frá gólfi til




*Túnakort Lækjarhúsa í Hofi frá um 1920. Númer á korti eru innsett og vísa í númer í fornleifaskrá.*

mænis. Á fremsta stafgólfi er súð, en á tveim gólfunum er reisifjöl. Glugginn framan á fylgir hálfur

húsinu, og það, sem kringum hann er, og annar gluggi á hlíðinni, (aths. Gísli hefur sjálfur átt 2 rúður). Hurð á hjörum. 2. Bæjarhús, lengd 3 1/2 gólf með 8 stoðum og 4 sperrum, 4 bitum með móleðrum og tvennum langböndum nema einföldum langböndum í innsta stafgólfinu. Þil framan á langt niður fyrir bita. 3. Smiðjuhús, lengd 4 gólf, 8 stoðir með 3 bitum og 4 sperrum, vídd 4 álnir (2,52 m), hæð 5 álnir (3,15 m). Þil er framan fyrir og hurð á hjörum. 4. Hlaða, lengd 3 1/2 gólf með 8 stoðum og langböndum, 3 bitum, hurð á hjörum. 5.Lambhús fyrir 14 lömb með einum bita." Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var bærinn þá fjórar burstir. Samkvæmt túnakortinu voru tún 2,3 teigar en sáðreitir 480 m2. Inn á túnakortið eru merktir tveir bæir (sjá einnig 017) en auk þess fimm útihús (018-022), einn kálgarður (023) og þrjár götur (024-026). Danskir arkitektúr nemar komu til Hofs árið 1974 og teiknuðu þá upp gamla Lækjarhúsbæinn sem að öllum líkindum er sama bygging og sú er merkt er inn



*Gamli bærinn í Lækjarhúsum árið 1974. Öræfi II. Teikning I36.*

á túnakortið eða a.m.k. á sama stað (fremur en 017). Bærinn var teiknaður í samhengi við steinsteypt íbúðarhús sem var líklega innan við 20 m frá. Samkvæmt teikningunni hafa Lækjarhús þá samanstaðið af þremur burstum og inngangur verið á miðjuburstina. Samkvæmt uppmælingunni var bærinn þá um 21 m á lengd. Timburþil virðist hafa verið fyrir tveimur burstunum en sú þriðja virðist að mestu úr torfi og grjóti en á henni virðist lítil hurð. Á miðju burstinni eru auk dyra tveir gluggar á jarðhæð og sá þriðji í risi. Samkvæmt teikningunni mætti ætla að miðjuburstin hefði verið um 5 m á hæð þar sem mest var en hinar tvær verið nálægt 3,6 m. Í textanum sem fylgir með uppmælingunni í útgáfunni kemur fram að búið var að jafna bæinn við jörðu áður en bókin var gefin út árið 1978.
Heimildir: BAS III, 32-33, 71; BAS III, 88, Túnakort frá því um 1920, Öræfi II, teikningar I36-I37

SF-085:017 heimild um bústað
Inn á túnakort Lækjarhúsa frá því um 1920 er merktur bústaður rúmum 20 m frá bæ 016 og í sömu línu. Samkvæmt túnakortinu hefur bærinn samanstaðið af tveimur burstum og langhúsi á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:018 heimild um útihús
Inn á túnakort Lækjarhúsa frá því um 1920 er merkt útihús um 65 m frá bæ 016.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:019 heimild um útihús
Inn á túnakort Lækjarhúsa frá því um 1920 er merkt útihús um 190 m frá bæ 016.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:020 heimild um útihús
Inn á túnakort Lækjarhúsa frá því um 1920 er merkt útihús um 260 m frá bæ 016.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:021 heimild um útihús
Inn á túnakort Lækjarhúsa frá því um 1920 er merkt útihús um 260 m frá bæ 016.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:022 heimild um útihús
Inn á túnakort Lækjarhúsa frá því um 1920 er merkt útihús um 20 m frá bæ 016 en við það er sýndur sambyggður kálgarður, milli þess og bæjar og eru aðeins um 5 m frá enda hans og að bæ.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:023 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Lækjarhúsa frá því um 1920 er merktur kálgarður 2-3 m fyrir framan bæ 016.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:024 heimild um leið
Inn á túnakort Lækjarhúss frá því um 1920 er merkt gata í túninu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:025 heimild um leið
Inn á túnakort Lækjarhúss frá því um 1920 er merkt leið "til Þorláks".
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:026 heimild um leið
Inn á túnakort Lækjarhúss frá því um 1920 er merkt leið "til Odds" og hefur legið að Hofi III, Vesturhúsum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:027 *Vesturbær* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu voru Vesturhús (Hof III) í byggð frá a.m.k. 1792 til 1963.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum. [...]




*Túnakort Vesturhúsa í Hofi frá um 1920. Númerum hefur verið bætt við og vísa þau í fornleifanúmer.*

Austustu bæirnir á Heima-Hofi nefndust Austurhús [001] og voru tveir til þrír, en nú tveir. Þá voru Miðhús [043], sem nú eru í eyði, Lækjarhús og Vesturbær."

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir einnig: "Húsakynni hjá Eiríki Rafnkelssyni bónda á Hofi III voru þannig 1887 (Uppskriftabók Hofshrepps): 1. Baðstofa í þremur stafgólfum, á breidd 4 álnir og 22 þumlungar (3,08 m) milli veggja, á lengd 10 álnir og 6 þuml. (6,45 m) með súð á þrem gólfum, palli og 3 rúmum, þiðjað uppi framan við, tveim gólfum með útiþili og fjórrúðuðum glugga á framþili, tveim hurðum á járnum og með stiga og þili í kringum, með móleðrum og 14 stoðum og 7 sperrum. Fjós er undir lofti, þar eru þrjár byrzlur, lítill fjörgra rúðna gluggi er á vesturhlið. Húsið hallast lítið eitt



*Vesturhús, Lækjarhús og útihús í kring árið 1973. Orœfi I, Teikning A2.*

til hliðar að vestan, um miðbikið, það eru aðeins smiðalýti. 2. Heyhlaða, á lengd 8 álnir, 19 þumlungar (5,53 m), á breidd 6 álnir (3,78 m), á hæð 5 1/2 alin (3,45 m) með langböndum og 8 stoðumundir, með hurð á járnum og þilskífum á framstafni. 3.Eldhús, að lengd 7 1/2 alin (4,71 m), á breidd 4 álnir og 7 þuml. (2,70 m) á hæð 4 álnir, 14 þuml. (2,88 m), með móleðrum og 7 stoðum, fjórum sperrum, einum langböndum, hurð á járnum og þili yfir dyrum. 4.Lambhús, lengd 5 1/4 alin (3,30 m), breidd 2 1/2 alin (1,55 m), með bita og einum sperrum. 5. Hesthús, 4 álnir, 15 þuml. (2,90 m), breidd 3 álnir, 18 þuml. (2,35 m)." Inn á túnakort frá því um 1920 eru auk bæjar merkt önnur bæjarhús 028, sex útihús í




*Vesturhús árið 1973. Öræfi I, Teikning C8*

heimatúninu (029-033) og tvö önnur í Miðhúsatúni (034-035), tveir kálgarðar (036 og 037) og fimm götur (038-042). Samkvæmt túnakortinu var túnið 3 teigar (ha) og sáðreitir 704 m2. Af túnakortinu að dæma hefur bærinn í Vesturhúsum samanstaðið af 6 burstum á þeim tíma. Danskir arkitektúr nemar komu til Hofs sumarið 1973 og mældu þá upp Vesturbæinn. Þá samanstóð hann af þremur bæjarhúsum. Hlaða A var austust. Hún var gerð úr torfi og grjóti en timburþil var að framan. Þar var einnig gengið inn og lítill gluggi var þar fyrir ofan. Baðstofa B var vestan við hlöðuna og var öll framhliðin úr timbri en veggir líklega úr torfi. Húsið er á tveimur hæðum, baðstofan á þeirri efri en fjós og eldhús/búr á þeirri neðri. Stofa C er austurs. Hún var á þremur hæðum, efst var geymsluloft, stofa og eldhús á annarri hæð og niðurgrafin súgeymsla þar undir.
Heimildir: BAS III, 33-35, 71, Túnakort frá því um 1920; Öræfi I, teikning 8-15

SF-085:028 heimild um bústað
Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var bústaður um 7 m frá bænum í Vesturhúsum 027.
Samkvæmt túnakortinu var bústaðurinn aðeins ein burst.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:029 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 var útihús um 35 m frá bæ 027.
Af túnakortinu að dæma hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:030 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 var útihús rúmum 40 m frá bæ 027.
Af túnakortinu að dæma hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:031 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 var útihús rúmum 45 m frá bæ 027.
Af túnakortinu að dæma hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:032 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 var útihús tæpum 90 m frá bæ 027.
Af túnakortinu að dæma hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:033 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 var útihús rúmum 100 m frá bæ 027.
Af túnakortinu að dæma hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:034 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 var útihús rúmum 165 m frá bæ 027 í stakstæðum túnskika sem nefndur er Miðhúsatún.
Af túnakortinu að dæma hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:035 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 var útihús um 180 m frá bæ 027 í stakstæðum túnskika sem nefndur er Miðhúsatún.
Af túnakortinu að dæma hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:036 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 var kálgarður beint framan við bæ 037 og aðeins bæjarhlað á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:037 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 var kálgarður í stakstæðum túnskika sem nefndur er Miðhúsatún.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:038 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 lá heimreið að bænum 037 fá leið 039, að bæ og fram hjá honum milli bæjar 027 og kálgarðs 037 og svo niður túnið.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:039 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 lá leið utan við heimatúnið í Vesturhúsum og að hluta í jaðri þess.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:040 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 lá leið "til Arndísar" frá túnjaðri í Vesturhúsum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:041 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá því um 1920 lá leið skáhalt um Miðhúsatún.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:042 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Vesturhúsa frá um 1920 lá leið skáhallt um Miðhúsatún, þvert á styttri leið 041.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:043 *Miðhús* bæjarstæði bústaður

Í örnefnaskrá segir: " Austan við Lækjarhús er trjálundur, Gróðrarstöð. Þar var áður bær sem hét Miðhús og fyrir ofan og framan Gróðrarstöð er Miðhústún," Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu voru Miðhús (Hof I) í byggð frá a.m.k. 1792 til 1899. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum.[...] Austustu bæirnir á Heima-Hofi nefndust Austurhús og voru tveir til þrír, en nú tveir. Þá voru Miðhús, sem nú eru í eyði, Lækjarhús og Vesturbær." Inn á túnakort Vesturhúsa frá því um 1920 er merktur stakstæður túnskiki sem kallaður er Miðhúsatún. Í túninu eru skráð tvö útihús (034 og 035), kálgarður 037 og tvær götur (041 og 042). Inn á túnakort Hofskots 044 er einnig merktur túnskiki með sama nafni (Miðhúsatún) og þar eru merkt fjögur útihús (052-053) og kálgarður 055.
Heimildir: Ö-Hof, 6, BAS III, 32, 71, Túnakort frá því um 1920

SF-085:044 *Hofskot* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Hofskot (Hof IV) verið í byggð frá a.m.k. 1792-?. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum. [...] Austustu




*Túnakort frá um 1920 fyrir Hofskot. Númer á kortinu vísa í númer í fornleifaskrá.*

bæirnir á Heima-Hofi nefndust Austurhús [001] og voru tveir til þrír, en nú tveir. Þá voru Miðhús [043], sem nú eru í eyði, Lækjarhús [016] og Vesturbær [027]. Nokkru ofar stendur Hofskot."
Samkvæmt túnakortinu var bærinn í Hofskot þá (um 1920) fjórar burstir og langt hús að baki. Samkvæmt túnakortinu var túnið 3 teigar (ha) og sáðreitir 602 m2. Inn á túnakortið er merktur bústaður (045) stutt frá bæ og átta útihús (046-053), tveir kálgarðar (054-055) og tvær leiðir (056 og 057). Að auki bendir örnefnið Hesthúsatún (100) til hesthús á þeim túnbletti sem merktur er inn á túnakortið en þar er ekki sýnt hús.
Heimildir: BAS III, 35-36, 71, Túnakort frá um 1920.

SF-085:045 heimild um bústað
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merktur mannabústaður um 10 m frá bæ 044 og liggur gata

056 á milli.
Samkvæmt túnakortinu samanstóð bústaðurinn af þremur burstum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:046 heimild um útihús
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt útihús um 60 m frá bæ 044, rétt utan túnjaðars.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:047 heimild um útihús
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt útihús um 20 m frá bæ 044.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:048 heimild um útihús
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt útihús rúmum 70 m frá bæ 044.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:049 heimild um útihús
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt útihús um 75 m frá bæ 044, utan við túnið.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:050 heimild um útihús
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt útihús um 100 m frá bæ 044, í stakstæðum túnskika sem nefndur er Miðhúsatún.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:051 heimild um útihús
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt útihús um 105 m frá bæ 044, í stakstæðum túnskika sem nefndur er Miðhúsatún. Húsið var innan við 5 m frá öðru útihúsi 050.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:052 heimild um útihús
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt útihús um 120 m frá bæ 044, í stakstæðum túnskika sem nefndur er Miðhúsatún.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:053 heimild um útihús
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt útihús um 125 m frá bæ 044, í stakstæðum túnskika sem nefndur er Miðhúsatún.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:054 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merktur kálgarður beint framan við bæ 044 og hafa líklega verið um 2-3 m á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:055 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merktur kálgarður tæpum 200 m frá bæ, milli Miðhúsatúns

og annars túnbleðils.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:056 heimild um leið
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt gata eftir endilöngu túninu og liggur hún á milli bústaða 044 og 045.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:057 heimild um leið
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merkt gata sem liggur frá túninu og "til Odda".
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:058 *Litla-Hof I* bæjarstæði bústaður
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Litlahof. Hjáleiga, byggð úr Hofs heimalandi. Dýrleiki er óviss. Skóg hafa (þeirrar hjáleigu) búendur í ítaki Hofs í Skaftafellsskógi." Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Litla-Hof I verið í byggð a.m.k. frá 1792-?. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli




*Túnakort fyrir Litlahof frá um 1920. Númer vísa í fornleifanúmer í skránni.*

[hefur verið] á Hofi á seinni öldum. Þrír austustu bæirnir nefndust Litla-Hof [sjá einnig 072 og 087], en nú er aðeins einn þeirra í byggð."
Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var bærinn þá fimm burstir. Túnið var þá 1,8 teigar (ha) og sáðreitir 530,85 m2. Inn á túnakortið er auk bæjar merkt átta útihús (059-066), einn kálgarður (067) og fjórar leiðir (068-071).
Heimildir: JÁM XIII, 436; BAS III, 27-29, 71, Túnakort frá því um 1920

SF-085:059 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt útihús um 5 m ofan við bæ 058.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:060 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt útihús og kálgarður við um 80 m ofan frá bæ 058. Það hefur verið fast við götu 068.
Samkvæmt túnakortinu var húsið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:061 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt útihús um 135 m frá bæ í stakstæðu túnstikki sem nefnt er Grjótin.
Samkvæmt túnakortinu skiptist húsið í þrjú hólf.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:062 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt útihús um 115 m frá bæ í stakstæðu túnstikki sem nefnt er Grjótin.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:063 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt útihús um 120 m frá bæ í stakstæðu túnstikki sem nefnt er Grjótin.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:064 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt útihús um 140 m frá bæ í stakstæðu túnstikki sem nefnt er Grjótin.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:065 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt útihús um 150 m frá bæ í stakstæðu túnstikki sem nefnt er Grjótin.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:066 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt útihús um 150 m frá bæ í stakstæðu túnstikki sem nefnt er Grjótin.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt og virðist aðeins hafa samanstaðið af tveimur veggjum. Það hefur líklega ekki verið undir þaki.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:067 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merktur kálgarður beint fyrir fram bæ 058 og hefur aðeins verið heimreiðin 068 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:068 heimild um leið
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt heimreið sem legið hefur "frá Páli", fram hjá bæ 058 og eftir endilöngu túninu þar til hún sameinaðist annarri leið 071 og lá áfram (sjá 071) út úr túninu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:069 heimild um leið

Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt leið sem legið hefur þvert á heimreiðina 068.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:070 heimild um leið
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt leið sem legið hefur þvert yfir túnskika sem merktur er Grjótin og sameinast heimreiðinni 068. Framhald þessarar leiðar 070 liggur út úr túninu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:071 heimild um leið
Inn á túnakort Litla-Hofs I frá því um 1920 er merkt leið sem heimreið 068 og leið um túnin Grjótin sameinast í og liggur svo áfram út túnið.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:072 *Litla-Hof II* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Litla-Hof II verið í byggð frá 1792 til 1943. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum. Þrír austustu




*Túnakort fyrir Litlahof II frá um 1920. Merkingar á kortinu vísa í númer í fornleifaskrá.*

bæirnir nefndust Litla-Hof [sjá einnig 058 og 087], en nú er aðeins einn þeirra í byggð."
Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var bærinn þá 4 burstir. Túnið var 1,3 teigar (ha) og sáðreitir 571 m2. Inn á túnakortið er auk bæjar merkt níu útihús (073-081), tveir kálgarðar (082-083) og þrjár leiðir (084-086).
Heimildir: BAS III, 29-30, 71 og Túnakort frá því um 1920

SF-085:073 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt útihús 2-3 m ofan við bæ 072.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:074 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt útihús rúmum 70 m frá bæ 072.
Samkvæmt túnakortinu var húsið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:075 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt útihús um 80 m frá bæ 072.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:076 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt útihús rúmum 90 m frá bæ 072.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:077 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt útihús um 95 m frá bæ 072.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:078 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt útihús um 95 m frá bæ 072, í horni kálgarðs.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:079 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt útihús um 120 m frá bæ 072.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:080 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt útihús um 145 m frá bæ 072, í túnjaðri.
Samkvæmt túnakortinu var húsið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:081 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt útihús um 14 m frá bæ 072, nálægt horni túnbletts sem nefndur er "Skákin" á túnakortinu.
Samkvæmt túnakortinu var húsið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:082 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merktur kálgarður fyrir framan bæ 072 og hefur heimreiðin 085 legið á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:083 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merktur kálgarður um 180 m frá bæ 072, utan við tún.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:084 heimild um leið
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt leið.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:085 heimild um leið

Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt heimreið sem liggur frá leið 084, fram hjá bæ 072 (milli bæjar og kálgarðs 082) og áfram "til Finnboga".
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:086 heimild um leið
Inn á túnakort Litla-Hofs II frá því um 1920 er merkt leið á milli heimatúns og túnbletts sem nefnd er "Skákin".
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:087 *Litla-Hof III* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Litla-Hof III verið í byggð frá 1797 til 1949. Í




*Túnakort fyrir Litlahof III frá um 1920. Númer á teikningu viðbætt og vísa í fornleifaskrá.*

Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum. Þrír austustu bæirnir nefndust Litla-Hof [sjá einnig 058 og 072], en nú er aðeins einn þeirra í byggð."
Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 hefur bærinn á Litla-Hofi III þá verið stæðilegur og samanstaðið af 7 burstum. Túnstærð var þá 1,8 teigar (ha) og sáðreitir 822 m2. Inn á túnakortið er, auk bæjar, merkt sjö útihús (088-094), þrír kálgarðar (095-096, 101) og þrjár götur (097-099).
Heimildir: BAS III, 30-31, 71, Túnakort frá því um 1920

SF-085:088 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt útihús um 70 m frá bæ 087.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:089 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt útihús um 80 m frá bæ 087.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:090 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt útihús rúmum 80 m frá bæ 087. Samkvæmt túnakortinu hefur útihúsið verið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:091 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt útihús um 100 m frá bæ 087. Samkvæmt túnakortinu hefur útihúsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:092 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt útihús tæpum 80 m frá bæ 087. Samkvæmt túnakortinu hefur útihúsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:093 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt útihús tæpum 80 m frá bæ 087. Samkvæmt túnakortinu hefur útihúsið verið einfalt en það hefur staðið mjög nálægt húsi 092.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:094 heimild um útihús
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt útihús tæpum 100 m frá bæ 087. Samkvæmt túnakortinu hefur útihúsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:095 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merktur kálgarður beint framan við bæ 087. Tveir kálgarðar eru raunar á þessum slóðum (sjá einnig 096) og er gata 098 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:096 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merktur kálgarður beint framan við bæ 087. Tveir kálgarðar eru raunar á þessum slóðum (sjá einnig 095) og er gata 098 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:097 heimild um leið
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt heimreið sem legið hefur að bænum 087 og að bæjarhlaðinu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:098 heimild um leið
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt gata sem legið hefur frá bæ 087, milli tveggja kálgarða 095 og 095 og niður tún.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:099 heimild um leið
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merkt gata sem legið hefur í gegnum túnin.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:100 *Hesthústún* örnefni hesthús
Inn á túnakort Hofskot frá því um 1920 er merktur stakstæður túnskiki sem kallaður er "Hesthúsatún". Ekkert hús er merkt inn á túnið en nafnið bendir til þess að slíkt hús hafi verið á þessum slóðum. Í örnefnaskrá segir: "Hesthústún hét einnig neðan við Traðir, vestan við Kirkjusand en hann er aurdrag beint norður af sa.m.k.omuhúsinu," og á öðrum stað: " Hesthústún er milli Hólatúns og Grjóta" og er þar líklega átt við sama tún.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920 og Ö-Hof, 6

SF-085:101 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Litla-Hofs III frá því um 1920 er merktur kálgarður um 110 m frá bæ 087, utan við túnjaðarinn.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-085:102 *Austurhús* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Austurhús (Hof V) verið í byggð frá a.m.k. 1792-?
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] margbýli [hefur verið] á Hofi á seinni öldum.[...] Austustu bæirnir á Heima-Hofi nefndust Austurhús og voru tveir til þrír [sjá einnig 001 og 003], en nú tveir"
Heimildir: BAS III, 36-38, 71

SF-085:103 *Kóngspartur (eldri bær)* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Kóngspartur (Hof VI) í byggð frá 1815 til 1894.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Eyjólfur [Jónsson síðasti ábúandi] flutti bæinn árið 1884 upp að brekkunni [sjá fornleif nr 153]; var það gert vegna þess, að hann stóð áður mjög nærri kirkjunni [002] og náði talsvert inn í núverandi kirkjugarð að sunnanverðu, og var ekki talið fært að endurbyggja kirkjuna nema rýmt væri til í kringum hana."
Heimildir: BAS III, 38, 71

SF-085:104 *Sandhöfði* heimild um býli
[1343]: "Máldagi Klemenskirkju að Hofi í Héraði (Öræfum) [...]. Clemenskirkia ad hofi j hieradi a heimaland halft med ollum gognum oc giædum. skaptafell halft. sandhofda halfan. svinanes halft. suinafell halft." DI II, 774.
Heimildir: DI II, 774

SF-085:105 *Eyrarhorn* bæjarstæði býli
[1179]: Bærinn Eyrarhorn er nefndur í Máldaga Rauðalækjarkirkju. "Enn tvo hlute [í Ingólfshöfða] a sa er byr a eyrar horne."
[1343]: "Máldagi Maríukirkju á Rauðalæk í Litlahéraði [...]. Mariu kirkia at rauda lek a heima land. [...] þria hlute i ingolfshofda. enn eyrar horn ij. hlute."
[1387]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Jtem Jngólfshofda allan ad fräteknum tveim hlutum fuglbergs sem eignadar eru annar kirkiunni ad Eyrarhorni. þridie kirkiunne ad Raudalæk." [22. og 23. júní 1482]: "Magnús biskup í Skálholti skipar á synodo með ráði nærstaddra kennimanna allar þær eignir og ítök til Hofskirkju í Héraði (Öræfum), er átt hefir kirkjan á Eyrarhorni, og transskríbera þeir Hofskirkju máldaga, er Michael biskup setti 1387."
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Ingólfshöfði, sem liggur fyrir jarðarinnar landi, er allur jörðunni eignaður eftir gömlum máldögum, fráteknum tveim hlutum Fuglbergs, sem eignaðir eru annar kirkjunni að Rauðalæk, þriðji kirkjunni að Eyrarhorni, eftir bréfsins hljóðan. Síðan hefur Eyrarhornseign lögð verið til Hofs, en Rauðalækjar til Sandfells, og hafa hvöru tveggju, bæði Hofs- og Sandfellsmenn, brúkað Fuglbergið, þó ágreiningur hafi um verið. [...] Eyrarhorn segist heitið hafi að fornu kirkjustaður úti í leirunum fyrir utan Hof. Sést nú ekkert þar til. Segja menn almennt, að hans eignir hafi lagst til Hofskirkju." Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Kirkjur eða bænhús veit eg ei til hér hafi verið síðan Eyjarhorns- og Rauðalækjarkirkjur [SF-086:028] fyrir Öræfahlaup hið stóra."
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "[...] vitað [er] um ýmsa bæi í Öræfum, sem lagzt hafa í eyði og þó ekki af jökulhlaupum. Þar má t.d. nefna kirkjustaðinn Eyrarhorn, sem var einhvers staðar vestur af Hofi. Árið 1482 voru eigur þess staðar lagðar til Hofs, svo um þær mundir eða litlu fyrr hefir jörðin eyðzt. Sennilegt er, að nú falli Skeiðará þar um, sem sú kirkja stóð." Í Ferðabók Sveins Pálssonar setendur: "3. Eyrarhorn, ætla menn, að hafi staðið í vestur frá Hofnesbænum, upp af Ingólfshöfða, þar sem nú eru einberir sandar."
Heimildir: DI I, 248; DI II, 775-776; DI III, 400-401; DI VI, 441; JÁM XIII, 435-436; SSS, 152; ÁFÍ 1937, 23; Ferðabók Sveins Pálssonar, 537

SF-085:106 *Hellir Eystri* heimild um býli
[1387]: "Máldagi Maríukirkju á Breiðá [...]. Breida [..]. Mariukirkia a breida a heimaland allt med ognum oc giædum. med firoum og skogum. [...] hun a helle hinn eystra oc holaland. [...] helle hinum eystra fylgir lxc fioru er liggur fyrir sallthofda."
Heimildir: DI IV, 14

SF-085:107 heimild
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Á Hofi eru tryggustu og beztu rafstöðvarnar í Öræfum, sökum þess að þar hafa lækirnir mikla fallhæð, eru sæmilega vatnsmiklir og frjósa aldrei."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 22

SF-085:108 *Hreggás* heimild um býli
Í Norðanfara segir: "Hreggsás er sagt að bær heitið hafi, vestan af Hofnestanganum, fyrir vestan götu þá, er liggur til Hofs. Hefir nýlega sést til tópta og garðs." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir: "Hreggsás mun hafa staðið vestan við Hofsnes, sem ennþá er byggt, og hefur til skamms tíma sézt þar til rústa." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Fjallið [ofan við Hof] lækkar eftir því sem utar dregur og endar í lágum tanga, sem kallaður er Nestangi. Þar vestan undir er sagt að bær hafi áður staðið og hét hann Hreggás; nú veit enginn, hvar sá bær stóð."
Heimildir: Norðanfari, 43, Ferðabók Sveins Pálssonar, 538, ÁFÍ 1937, 25

SF-085:109 *Fróðasker* bæjarstæði býli
"Vestan við Gvendarbakka er Fróðaskersaur sem er austan við Fróðasker, sem er valllendisás með stórum steinum og húsatóftum, þar var býli um skeið. Er beint niður af Grasfróða, er síðar getur, er nú tún; býlið hét Fróðasker," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Fróðasker (Hof VIII) í byggð frá 1866 til 1870.
Heimildir: BAS III, 38, 71 og Ö-Hof, 3

SF-085:110 heimild um kolagröf
Í Máldaga Klemenskirkju á Hofi segir: "Jtem elldividartak og kolagiord j Skaptafellsheidi."
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Skógarítak til eldingar og kolgjörðar á jörðin í Skaftafellsheiði."
Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu segir: "Skaftafellsskógur er sveitarinnar aðalskógur, sem mikið gengur af sér, vegna þess sveitarmenn neyðast til að brúka hann frekt, því vegalengd og annar örðugleiki hamlar þeim að geta dregið að sér steinkol, svo munur sé að; en hestar verða að vera járnaðir á flestum bæjum mest allan heyskapartímann vegna grjóts."
Heimildir: DI III, 401; JÁM XIII, 435; SSS, 148

SF-085:111 heimild um leið
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur."
Heimildir: SSS, 151-152

SF-085:112 *Hofsstöðull* bæjarstæði býli
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Hofsstöðull (Hof IX) í byggð frá 1868 til 1870.
Heimildir: BAS III, 39, 71

SF-085:113 heimild um myllu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1874 eða um það bil, kom Sigurður Ingimundarson upp vatnsknúinni kornmyllu, þeirri fyrstu í Öræfum, en þeim var fljótlega komið upp í öllum bæjarþorpum."
Heimildir: BAS III, 58

SF-085:114 heimild
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Hellutak brúkanlegt. Torfrista sérlega góð og nærtæk."

Heimildir: BAS III, 69

SF-085:115 heimild um ristu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Hellutak brúkanlegt. Torfrista sérlega góð og nærtæk."
Heimildir: BAS III, 69

SF-085:116 heimild um áveitu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Miklar áveitur voru framan við túnin og spruttu sérlega vel, enda innihalda lækir þeir, sem veitt er á þær, mikil áburðarefni. Hins vegar komu þær ekki að fullum notum fyrr en eftir 1930, að þær voru girtar ásamt túnunum, en síðan hafa Hofsmenn lítið þurft að sækja heyskap að. Gróið undirlendi er að vísu nokkurt og ekki mjög blautt, en fjalllendi er frekar lítið og illa gróið, þegar frá er tekið Breiðamerkurfjall, sem var erfitt að nota sökum fjarlægðar, vatna og jökla, þó að það væri vitaskuld gert."
Heimildir: BAS III, 69-70

SF-085:117 heimild um fjárhús
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] hús yfir fullorðið fé voru ekki byggð á Hofi fyrr en um og eftir 1870. Mun raunar víða hafa verið svo, nema hvað fjárskýli voru sums staðar úti um haga (Heimild: Þorlákur Jónsson Hof V.6)."
Heimildir: BAS III, 70-71

SF-085:118 heimild um fjárskýli
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] hús yfir fullorðið fé voru ekki byggð á Hofi fyrr en um og eftir 1870. Mun raunar víða hafa verið svo, nema hvað fjárskýli voru sums staðar úti um haga (Heimild: Þorlákur Jónsson Hof V.6)."
Heimildir: BAS III, 70-71

SF-085:119 heimild um brunn
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Vatn var leitt í Hof V árið 1915."
Heimildir: BAS III, 71

SF-085:120 *Kotá* örnefni býli
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Austurtakmörk jarðarinnar eru þau sömu og vesturtakmörk Hofsneslands, en að vestan ræður Kotá mörkum, þar sem hún fellur í föstum farvegi, [...]."
Heimildir: BAS III, 67

SF-085:121 *Gröf* heimild um bústað
Í grein eftir Gísla Gestsson sem heitir "Gröf í Öræfum" í Árbók fornleifafélagsins 1959 segir í samantekt: "Í Borgartúni skammt norðvestur frá Hofi í Öræfum fundust rústir fornbæjar, bæjarhús og útihús tvenn." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Við uppgröft að Gröf í Öræfum fannst sofnhús frá 1362, og í því voru leifar af byggi." Sjá einnig grein Sturlu Friðrikssonar "Korn frá Gröf í Öræfum" í Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1959. Í Ferðabók Sveins Pálssonar stendur: 7. Gröf, telja menn, að hafi staðið undir fjallinu NV af Hofi, vestan við svonefndan Skriðulæk. Sást þar greinilega til tótta fram um 1712, og hafa fundist þar öðru hverju ýmsar minjar úr eiri og látúni."
Í grein Gísla Gestssonar segir einnig:"Tóftir húsanna voru fullar af mjög grófgerðum vikri og mátti sjá, að húsin höfðu staðið uppi, er vikurinn féll og nokkuð eftir vikurfallið. Vikurlagið er vafalaust frá gosi Öræfajökuls árið 1362. Bæjarstæðið var í brekkurótum og hallaði á móti suðvestri en Hofsfjall snarbratt að baki. Bæjarhúsin skiptust í sex tóftir auk ganga. Framhlið húsanna var um 38 m löng og var stétt framan við alla húsaröðina og hlað vel 3 m breitt fram af henni. Húsaskipan var sú, að austast var eldhús, sem snéri timburstafni fram að stétt og var ekki innangengt í eldhúsið. Þá var skáli, sem snéri hlið að stétt (langhús). Næst bæjardyr, líklega með litlum timburstafni. Vestan bæjardyra var stofa, langhús eins og skálinn og vestast búr með timburstafni fram af stéttinni, og var ekki innangengt í það. Að húsabaki voru loks salerni og baðstofa (til gufubaða). Frá bæjardyrum lágu göng þvert fyrir skálaendann beint til salernis, en frá þeim lágu hliðargöng til stofu og baðstofu. Undir göngunum var lokræsi frá salerni fram fyrir hlaðbrúnina. Skálinn var þiljaður í tvennt, og var sinn svipur á hvorum

enda. Í vesturenda virtust hafa verið lokrekkjur við suðurhlið. Þar var upphækkað "set" sem skiptist í 5 reiti nokkuð misbreiða. Við norðurvegg sáust merki til að verið hafi set með þilju yfir. Í miðjum skála var lægra gólf og á því miðju eins konar langeldstæði, en gólfið var að mestu þakið hellum og grjóti og óþjált umferðar. Austurendi skála var miklu óljósari, en þó eru líkur til að þar hafi verið áframhald miðgólfsins og set til beggja handa, en líklega bekkur við gaflhlað. Vesturendi skála hefur líklega verið alþiljaður. Stofa var einnig skipt í tvennt og var afþiljaður klefi í vesturenda, en bekkir við norður-, vestur- og suðurhlið. Í salerni var eins konar for eða þró undir öllu húsinu og timburgólf yfir nokkrum hluta hennar; úr þrónni lá lokræsi, sem fyrr var nefnt. Vindauga var út um salernisvegginn, og eru talsverðar líkur til að þar hafi læk verið veitt inn í bæinn. Í baðstofu var eldstæði byggt inn í vegginn vinstra megin dyra og yfir eldleifunum lá mikið af smásteinum; var það allt mjög spurngið vegna snöggra kælinga, er vatni hefur verið ausið á steinana og eldstæðisveggina. Í baðstofunni sáust merki til, að breiður bekkur hafi verið við norðurhlið og líklega mjórri bekkir við austur- og suðurhlið. Fundur snældusnúða og brýnisbúta í baðstofunni gæti bent til þess, að hún hafi ekki verið eingöngu ætluð til gufubaða. Eldhús er hér nefnt svo vegna þess hve mikil aska var þar í gólfi, en eldstæði var þar óvandað og allir drættir hússins óskýrir. Í búrinu var eldstæði í norðausturhorni og bekkir eða hillur með vestur- og austurveggjum. Á hillunum sáust leifar af keraldi og þar lá heill hverfisteinn, í gólfinu var eitt sáfar, en gólfskánin var mjög öskublandin. Dyr höfðu verið á miðju þilinu og hurð á járnum. [...] Skammt norðvestur frá búrgaflinum fannst rúst kornþurrkunarhúss, sofnhúss, með Orkneyjalagi. Það voru tvö smáhús samstæð og einar útidyr á. [...] Fjósið í Gröf stóð um 50 m austur frá bænum. Í því voru 5 básar að vestan, og stóðu þar uppi 4 vænar beislur úr blágrýtishellum; að austan voru engar beislur. [...] Inn af flórnum voru dyr inn í hlöðu, sem var 12,6 m löng. Stoðasteinar stóðu í tveimur röðum eftir endilangri hlöðu og stóðust steinarnir á í röðunum. Lokræsi var í gólfi hlöðunnar, sem líklega hefur opnast fram í fjósið, enda er nokkur halli innan frá hlöðugafli fram fyrir fjósdyr. Veggir húsanna í Gröf voru allir byggðir úr grjóti þar sem til sást, en vera má að ytri hleðslur útveggja hafi sums staðar verið úr torfi. Á milli hleðsla í veggjum var alls staðar mold svo sem venja er. Hæstu veggir voru enn meira en 2 m á hæð og víðast rúmur 1 m. Sums staðar höfðu veggir þó verið rifnir niður úr. Í útveggjum utanverðum var víða mjög stórt grjót, en annars voru steinar allmisstórir. Innstafir hafa verið undir þökum í hlöðunni í Gröf og líklega einnig í fjósi og skála. Hafa þá væntanlega verið þriggja ása þök á þeim húsum. Í öðrum húsum voru hins vegar ekki innstafir. Má vera að í hinum styttri húsum hafi verið reft á mænás, en í stærri húsum, svo sem stofu og búri, hafa vafalítið verið sperrur undir þaki. Yfir ásum eða sperrum hafa verið raftar, og sáust þess nokkur merki. Á röftunum voru skaraðar hellur, nema ef til vill á baðstofu, eldhúsi og sofnhúsi, en yzt var grasigróið torf." Frekari upplýsingar um uppgröftinn í Gröf má finna í grein Gísla í Árbók fornleifafélagsins 1959.
Heimildir: BAS III, 85; ÁHÍF 1959, 68-70 og 88-91: Ferðabók Sveins Pálssonar, 537

SF-085:122 heimild um hlöðu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Fáum árum fyrir aldamótin 1900 var fyrst flutt þakjárn í sveitina. Guðmundur Jónsson [í Litla-Hofi I] (L. I. 14) keypti það og notaði á hlöðuþak."
Heimildir: BAS III, 90-91

SF-085:123 *Steinker* heimild um óþekkt
"Milli þess bæjar [Sjá Gröf 085:121] og Hofs á fyrrum að hafa staðið stór, holur steinn eða svokallað Steinker, sem tók18 tunnur, og hefur þar sennilega staðið drykkur til reiðu fyrir ferðamenn á söguöldinni," segir í Ferðabók Sveins Pálssonar. "á milli þessarar Grafar og Hofs er steinker, sem sagt er taka 18 tunnur, kallað af þeim, sem nú eru i Hofi, Sýruker og af því kallað, að fyrrmeir í nú elztu manna tíð hér á Hofi, þá söfnuðu menn í það sýru, hver eptir sinum efnum; var þá byggt hús ofan yfir, er nú er aflagt, þar fyrir, að þegar fé á vorin var þar á beit, datt það ofan í þessa sýru og dó; var svo fellt húsið ofan í kerið og sést nú á barmana." segir í grein Þorvalds Thoroddsen sem birtist í Andvara árið 1895. "Sýruker er holur móbergssteinn í jörðu suðvestur af Hofskoti og kringum Sýruker er Sýrukersmói ," segir í örnefnaskrá. Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornleifar segir: "c. "Sýruker", svo nefnt, höggvið í móklöpp; innanmál 1,63 met. X 1,32 m.; dýpt rúml. 1 m."
Heimildir: Ferðabók Sveins Pálssonar, 538; Andvari 1895, 61; ÁÓG 1990, 61 og Ö-Hof, 6

SF-085:124 heimild um óþekkt

Í grein eftir Hans Kuhn sem kallast "Hátúningamelur og Gnúpverjahreppur" í Árbók fornleifafélagsins segir: "Þó að orðið teigur sé merkilegt á þessum stöðum, þá er þó ennþá merkilegra, að skógarpartar voru einnig kallaðir skógartóftir. [...] Hof í Öræfum átti tvær skógartóftir, aðra hjá Björgum og hina í Hrútafelli (Dipl.Isl. II,, bls. 774)."
Heimildir: ÁHÍf 1943-1948, 70

SF-085:125 heimild um hlöðu
Í grein eftir Gísla Gestsson sem heitir "Gröf í Öræfum" í Árbók fornleifafélagsins 1959 segir: "Í stekkatúni frá Hofi, sem er lítið eitt austar með fjallshlíðinni en Gröf stóð, er lítil hlaða með helluþaki." Í grein Gísla Gestssonar segir einnig: "Veggir eru vel 2 m háir og á gólfi standa stoðir á stoðasteinum. Þessi hlaða er aðeins þrjú stafgólf og er frábrugðin Grafarhlöðunni að því leyti einu, að súlnaraðirnar ná út frá göflum og standa því stoðasteinar við gaflana."
Heimildir: ÁHÍF 1959, 62

SF-085:126 *Stekkatún* örnefni stekkur
Í grein eftir Gísla Gestsson sem heitir "Gröf í Öræfum" í Árbók fornleifafélagsins 1959 segir: "Í stekkatúni frá Hofi, sem er lítið eitt austar með fjallshlíðinni en Gröf stóð, er lítil hlaða með helluþaki." "Austan við Langaból er Langatorfa og neðan hennar og austar er Stekkatún," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: ÁHÍF 1959, 62, Ö-Hof, 4

SF-085:127 *Borgartún* heimild um fjárhús
Í grein eftir Gísla Gestsson sem heitir "Gröf í Öræfum" í Árbók fornleifafélagsins 1959 segir: "Suðaustan lækjarins við Skriðulæk er túnblettur sem heitir Borgartún. Það er austur við Skriðulæk, og hefur hann ýmist brotið þar eða borið að því grjót. Þar er talið að fyrst hafi verið gerð fjárhús á Hofi. Nú stendur þar aðeins einn hrörlegur kofi, en margt er þar af misgömlum rústum." Í örnefnaskrá segir: "Neðan Grófarbóls er Borgartún, þar voru fjárborgir, þar var grafið 1956 (Sjá Árbók Fornleifafélagsins 1959),"
Heimildir: ÁHÍF 1959, 5-6 og Ö-Hof,4

SF-085:128 heimild um túngarð
Í grein eftir Gísla Gestsson sem heitir "Gröf í Öræfum" í Árbók fornleifafélagsins 1959 segir: "Frá kofanum í Borgartúni liggur gamall garður, líklega undan girðingu, í sveig fyrst til suðausturs og síðan til suðvesturs niður með Skriðulæk að gamalli tóft, sem stóð skammt frá læknum."
Heimildir: ÁHÍF 1959, 6

SF-085:129 heimild um útihús
Í grein eftir Gísla Gestsson sem heitir "Gröf í Öræfum" í Árbók fornleifafélagsins 1959 segir: "Frá kofanum í Borgartúni [127] liggur gamall garður [128], líklega undan girðingu, í sveig fyrst til suðausturs og síðan til suðvesturs niður með Skriðulæk að gamalli tóft, sem stóð skammt frá læknum."
Heimildir: ÁHÍF 1959, 6

SF-085:130 *Hofshjáleiga* heimild um býli
Í Jarðabók Johnsen segir neðanmáls: "Þar er og nefnd Hofshjáleiga, sem hvorki prestur né sýslumaður geta og beitiland við Ingólfshöfða."
Heimildir: JJ nm, 5-6

SF-085:131 *Hof VII* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Hof VII í byggð frá 1859 til 1862.
Heimildir: BAS III, 38, 71

SF-085:132 heimild um beitarhús
"Skammt austan hans er Grasjökull, hóll með tóftum á. Þar var beitarhús frá Hofi vegna beitar sem jörðin á í Sandfellslandi," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 1

SF-085:133 *Seltóftarey* örnefni sel
"Suður af Grasjökli heita Hofstoppar, vestan við þá heitir Mjóatagl. Mikið af því mun vera í Sandfellslandi, þar ofar er svo Seltóftarey með Kotá," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 1

SF-085:134 *Skjólgarðshólmar* örnefni
"Vestan við Lágeyjarhólma heitir Skjólgarðshólmar. Gvendarenni heitir austur af Grasjökli, innan við Kotá," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 1

SF-085:135 *Hvalvarða* örnefni tröllabústaður
"Austan hans heita Öldur sem ná upp undir Goðafjall. Á Öldunum heitir Grashóll. Öldurnar ná alla leið frá Hvalvörðugili og suður í Dýjakrók, er síðar getur. Austur af Svartajökli er Prestasteinn við þjóðveginn. Inn undir aur framan við Öldur er Hvalvarða, er framan við gilkjaft, er þar við þjóðveginn í Dýjakrók, " segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá segir á öðrum stað: " Sú saga er sögð, að skessa hafi haft aðsetur í Hvalvarðargili þegar sr. Gísli Finnbogason, sem nefndur var Svarti-Gísli, var prestur í Sandfelli. Hafi hann mætt skessu eitt sinn er hann var á leið að Hofi til messugerðar, þar sem hún var á leið af fjöru með hvalkálf á baki. Varð presti þá að orði: „Þessu hefur þú stolið af minni fjöru.“ „Nóg er eftir handa þér, Svarti-Gísli,“ svaraði skessan. Hafi prestur þá eftir messu farið á fjöru og fundið þar reyði mikla,"
Heimildir: Ö-Hof, 1-2

SF-085:136 *Tröð* örnefni leið
"Efst í Langhólma heitir Tröð, þar eru fjárhús [137]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 2

SF-085:137 heimild um fjárhús
"Efst í Langhólma heitir Tröð [136], þar eru fjárhús," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 2

SF-085:138 *Grárófubakkahús* beitarhús
"Vestan við þá [Mela] eru Grárófur, efst í þeim er Grárófubakkinn fyrrnefndi. Þar voru Grárófubakkahús, nú tættur frá Litla-Hofi," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 2

SF-085:139 *Dórumelar* heimild um sauðhús
"Í Dórumelum voru sauðhústættur sem hétu Melatættur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 2

SF-085:140 *Kvíakrókur* örnefni kvíar
" Kvíakrókur, austan við Sóleyjarkeldur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 2

SF-085:141 *Grænaveita* örnefni áveita
"Grænaveita er sunnan við svonefndar Grófir en eftir þeim rennur Grófarlækur, kemur undan Skriðunni og rennur austur í Grænudýjalæk," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 3

SF-085:142 *Svartaveita* örnefni áveita
"Vestan við Grænuveitu[141] er Svartaveita sem nú er orðin að túni. Hún er framan við Nónhólmabarð sem er við Skriðusporðinn en hann er á svonefndri Skriðu sem er vestan við túnið," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 3

SF-085:143 *Einarsborg* heimild um fjárskýli

"Skriðusporðurinn er niður við veg. Einarsborgir var tóftarbrot vestan við Svörtuveitu [142], búið að jafna þær við jörðu," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 3

SF-085:144 *Brúarendi* örnefni leið
"Brúarendi er leifar af vegi ofan við Austurbakka og þar ofar er Einarsborgardý, nú komið í tún, er hér suðvestur frá bæ," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 3

SF-085:145 *Nátthaginn* örnefni nátthagi
"Grænudýjalækur er austan við Nátthagann sem er hér ofan við veg austur með fjalli," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 3

SF-085:146 *Miðhússstekkur* örnefni stekkur
"Uppi undir fjalli, austan við Karlslæk, heitir Flötur, þar austur af, upp við fjall, ofan við veg, er Miðhússtekkatún," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 3

SF-085:147 *Fjárrétt* örnefni rétt
"Uppi undir fjalli, austan við Karlslæk, heitir Flötur, þar austur af, upp við fjall, ofan við veg, er Miðhússtekkatún [146]. Austan þess er Fjárrétt," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 3

SF-085:148 *Grafargil* örnefni mógrafir
"Brekkurnar ná að Grafargilslæk sem kemur úr Grafargili en hverfur er niður úr brekkunum kemur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 4

SF-085:149 *Gröf* mógrafir
Innan við Grafargil neðst heitir Skógartunga; utan við lækinn er Gröf, Eystrigröf og Vestrigröf, þrjár grastorfur neðst í brekkunni," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 4

SF-085:150 *Kirkjugarður* örnefni kirkja
Innan við Grafargil neðst heitir Skógartunga; utan við lækinn er Gröf [149], Eystrigröf og Vestrigröf, þrjár grastorfur neðst í brekkunni. Í austustu torfunni er sporöskjulöguð dæld sem heitir Kirkjugarður," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 4

SF-085:151 *Grófarból* örnefni ból
"Austan við Grafargilslækinn heitir Grófarból, austan þess Langaból [152]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 4

SF-085:152 *Langaból* örnefni ból
"Austan við Grafargilslækinn heitir Grófarból [151], austan þess Langaból," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 4

SF-085:153 *Kóngspartur (yngri bær)* heimild um býli
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Kóngspartur (Hof VI) í byggð frá 1815 til 1894.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Eyjólfur [Jónsson síðasti ábúandi] flutti bæinn árið 1884 upp að brekkunni; var það gert vegna þess, að hann stóð áður [sjá 103] mjög nærri kirkjunni [002] og náði talsvert inn í núverandi kirkjugarð að sunnanverðu, og var ekki talið fært að endurbyggja kirkjuna nema rýmt væri til í kringum hana."
Heimildir: BAS III, 38, 71

SF-085:154 heimild um vörslugarð
"Austan við Langaból er Langatorfa og neðan hennar og austar er Stekkatún [126]. Þar austar eru Torfur, afgirt tún," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 4

SF-085:155 *Bipputó* þjóðsaga tröllabústaður
"Upp af Efribotnsrák, vestan við Efribotn, er í háum kletti, austast í klettinum Bipputó, þar á að hafa búið tröllskessan Bippa, er hæsta hornið hér í fjallinu að vestan, hæst í aðalberginu," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 4-5

SF-085:156 heimild
"Austan megin í Neðribotni er Innriuppspretta og Fremriuppspretta er beint upp af Hofskoti, þar í brekku neðan við klettabeltið, er rafstöð fyrir Heimahof," segir í örnefnaskrá.
"Dalskarðsbrekka er neðan við Dalskarð. Dalskarðslækur er í brekkunni, þessi lækur er virkjaður frá Litla-
Hofi," segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Hof, 4, 5

SF-085:157 *Kvarnartóft* heimild um myllu
" Neðst í Uppsprettu er Kvarnartóft, þar voru tvær myllur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 5

SF-085:158 *Húðarból* örnefni ból
"Húðarbólsklettar eru ofan við Rjúpugrjót og Húðarból er uppi í klettum; hér beint upp af Litunarklettur, er austan við Húðarból," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 5

SF-085:159 *Litunarklettur* örnefni
"Húðarbólsklettar eru ofan við Rjúpugrjót og Húðarból er uppi í klettum; hér beint upp af Litunarklettur, er austan við Húðarból [158]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 5

SF-085:160 *Sandgata* heimild um leið
" Fróðabrekka er neðan við Grasfróða og neðst í brekkunni heita Grjót. Grjótaskák er framan við veginn, meðfram læknum, og Sandgata er vegurinn nú framan við Grjótin," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 5

SF-085:161 *Kvíar* heimild um kvíar
"Rétt austan við Fróðalæk eru Kvíar frá Litla-Hofi," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 6

SF-085:162 *Veita* heimild um áveitu
"Veita er mýrin hér fram undan neðan við túnið, nú er búið að grafa hana mikið í sundur. Í kringum hana er Veitugarður," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 6

SF-085:163 *Stöðull* heimild um rétt
"Stöðull er tún vestur undir Skriðusporði, og Stöðlagarðar, matjurtagarðar; þar var áður fjárrétt," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 6

SF-085:164 *Kvíar* örnefni kvíar
"Ofan við Stöðulinn heita Kvíar og upp af Svíra, austan við Stöðul [164] heita Skákar," segir í

örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 6

SF-085:165 *Rúst* heimild um hesthús
"Framan við þau [Efratún] er hesthúsrúst, nefnd Rúst," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 6

SF-085:166 *Traðir* heimild um traðir
"Neðratún var neðan við Traðir en það var vegurinn um túnið. Nú eru þær horfnar en vegur kominn í staðinn," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 6

SF-085:167 *Sortudý* heimild
"Sléttur eru framan við Grjótskák og Sortudý, öðru nafni Þorgerðargat, er fyrir vestan Sléttur. Þarna var sorti til litunar tekinn í gamla daga og þótti eftirsóknarverð vara," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hof, 7

SF-085:168 heimild um fjárhús
Danskir arkitektúr nemar komu í Hof árið 1974 og teiknuðu þá upp fjárhús sem að öllum líkindum er sama bygging og einhver af þeim útihúsum sem merktar eru inn á túnakort frá því um 1920. Fjárhúsin




*Fjárhúsin árið 1974. Öræfi II. Teikning H32.*

eru hins vegar hvorki staðsett nákvæmlega né heldur nefnd með nafni og því ekki hægt að átta sig á

staðsetningu þeirra án frekari upplýsinga. Samkvæmt uppmælingunni stóð húsið í brekku og skiptist í þrjú hólf og voru tvö þeirra undir þaki.teikningunni hafa tvö hólfannaverið hús undir þaki og opna tóft á milli. Byggingin var úr torfi og grjóti og eitt húsanna með timburgrind og garða. Samkvæmt teikningunni var húsið 15-16 m breitt en 11-12 m langt þar sem mest var. Sjálft fjárhúsið hefur verið 7-8 X 3,2 m að innanmáli. Við hlið þess og í miðið var lítill kofi undir þaki, um 2,8 X 2,8 m að innanmáli. Við hlið hans var svo opin tóft 4 X 3 m að stærð.
Heimildir: Öræfi II, teikningar H32-H34

SF-085:169 *Réttin?* heimild um rétt
Danskir arkitektúr nemar komu í Hof árið 1974 og teiknuðu þá upp grjóthlaðna rétt við lækjarsprænu. Réttin er hins vegar hvorki staðsett nákvæmlega né heldur nefnd með nafni og því ekki hægt staðsetja hana án frekari upplýsinga.
Samkvæmt uppmælingu réttarinnar hefur hún verið úr blönduðu efni, bæði grjót og gaddavír. Ekki er alveg ljóst af teikningunni í hversu mörg hólf hún hefur skipst en ef allt er talið má ætla að þau hafi verið allt að 18 talsins. Samkvæmt uppmælingunni var réttin um 80 X 72 m stór og flest hólfin 4-8 m á




*Réttin teiknuð upp árið 1974. Öræfi II, Teikning J38.*

kannt. Í réttinni virðast þó hafa verið 2-3 stærri hólf, flest afmörkuð að hluta með vírgirðingu.
Heimildir: Öræfi II, teikning 38

SF-085:170 heimild
Í bókinni Íslenzkir sögustaðir segir: "Goðafjall, vekur athygli með nafni sínu. Eru einnig sagnir um að hofið hafi staðið á fjallinu og tóftir sjáist þar enn." "Nokkru fyri norðan bæ þennan var mjer sýnt hátt fjall, hvítt og keilumyndað, og uppi á því er altari, stór steinn dálítið holaður í miðju. Fóru þar fram mannblót í heiðnum sið. Nefnist staður þessi Goðaborg." segir í Ferðabók Ebenzar Hendersen.
Heimildir: KK, 70; Ferðabók, 159

SF-085:171 *Gröf* heimild um býli
Í Norðanfara frá árinu 1878 var birt skýrsla um fornbýli árið 1712 í Öræfasveit, eftir Ísleif Einarsson.

Þar segir: "Gröf heyri jeg sagt að bær heitið hafi. Það er nær hestskeið frá áðurnefndir Gröf [sjá 121], og hefir þar nýlega sést til tópta." Í Ferðabók Sveins Pálssonar stendur: "8. Innri-Gröf á að hafa staðið þar rétt hjá [sjá Gröf 121 og Steinker 170]."
Heimildir: Norðanfari, 43; Ferðabók Sveins Pálssonar, 538

SF-085:172 heimild um óþekkt
"19. apríl 1904. Byrjað að hlaða vörðu á Hofsfjalli." segir í greininni Dagbók sem spannar rúm 90 ár og birtist í Skaftfellingi árið 2004.
Heimildir: Skaftfellingur 2004, 117

SF-085:173 heimild um útihús
Danskir arkitektúr nemar fóru um Öræfasveit árið 193 og teiknuðu upp nokkra bæi og útihús. Á Hofi teikuðu þeir afstöðu Austurbæjar 001, Lækjarhúsa 016 og Vesturbæjar 038. Þetta er grunnflatarteikning en ekki sést þversnið eða framhliðar húsanna. Á milli Vesturbæjar og Lækjarhúsa eru teiknuð tvö hús og garðlag, líklega með fornt byggingarlag.
Á teikningunni er annað húsið fast vestan lækjar sem rennur á þessum slóðum. Fjórar burstir eru á húsinu og líklega ekki innangengt á milli þeirra. Fast bak við húsið er líklega tóft og ein burstin byggð inn í hana. Garðlag liggur í vinkil þar aftar. Hitt húsið er skammt vestar. Það er tvö hólf og líklega var súrheysturn áfastur öðru þeirra.
Heimildir: Öræfi I, teikning 2-3

SF-085:174 heimild um óþekkt
"Stórihnaus er grjóthóll með húsarústum norðaustur frá Miðjökli." segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 144

SF-085:175 *Kotársel* heimild um sel
"Frá Hofi var haft í seli í Kotárseli. Selið tók af með öllu í hlaupinu 1727," segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 146

## *SF-086 Sandfell*

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Sandfell. Kirkjustaður og beneficium. Jarðardýrleiki er sagður xijc. [...] Eigandinn er konungleg majestat." JÁM XIII, 436.
1847: 12 hdr. Kirkjustaður. JJ, 6.
Í Landnámabók segir: "Ásbjorn hét maðr, son Heyjangrs-Bjarnar hersis ór Sogni; [...] Ásbjorn fór til Íslands ok dó í hafi, en Þorgerðr kona hans, ok synir þeira kómu út ok námu allt Ingólfshöfðahverfi á milli Kvíar ok Jokulsár, ok bjó hon at sandfelli ok Gulaugr, son þeira Ásbjarnar, eptir hana; frá honum eru Sandfellingar komnir. Annarr son þeira var Þorgils, er Hnappfellingar eru frá komnir." ÍF I, 320.
Í Íslenskum fornbréfum frá 1179 er máldagi Þorláks biskups Þórhallssonar í Skálholti fyrir Maríukirkju að Rauðalæk í Litlahéraði í Skaftafellsþingi. Í samantekt segir m.a.: "Þegar Þorlákr biskup hinn helgi kom út til stóls síns (1178) sat hann fyrsta vetr um kyrt í Skálholti, en um sumarið eptir (1179) hóf hann yfirferð sína til Austfjarða (Þorl. s. hin ýngri kap. 18; Bisk. s. I, 280). Þá hóf hann og fyrst tilkall til umráða yfir stöðum, þ.e. þeim jörðum sem kirkjur stóðu á, og heimajarðir voru gefnar til, og yfir öllum kirknafjám. Hann kom þá fyrst að Svínafelli, og kúgaði fjárráð kirkjunnar þar af Sigurði Ormssyni; hann hefir þá verið mjög úngr. Þaðan fór biskup til Rauðalækjar; þar bjó Ormr hinn gamli, líklega Ormr Svínfellíngr hinn eldri, faðir Sigurðar; lagði hann einnig kirkjuforræði undir



*Teikning af bæ, kirkju og öðrum mannvirkjum í Sandfelli frá 1973. Öræfi I, bls. 40.*

biskup, og þá ætla eg að máldagi þessi hafi verið gjörðr. [...] Í Wilchins máldögum (1397) er ekki talin kirkja að Sandfelli, og getr það að vísu komið þar af, að kirkju þeirri sé sleppt, því ekki eru taldar í þeim máldögum, heldr en öðrum, allar kirkjur ær eru þá voru uppi: en vera kann einnig, að allt héraðið milli Skeiðarár og Fellshverfis hafi lagzt í eyði eptir þetta hið mikla flóð, og ekki byggzt aptr fyr en eptir svarta dauða. Í máldagabók Gísla biskups Jónssonar (Gíslamáldaga) er Sandfells kirkja talin, og þar er ritaðr máldagi eptir Rauðalækjar kirkju máldaganum hinum ýngra, og sagt um leið, að Sandfell sé komið í staðinn fyrir Rauðalæk, sem sé fyrir laungu af fallinn." DI I, 245, 247.
[1343]: Bærinn nefndur í Máldaga Maríukirkju á Rauðalæk. "þangat liggia und[ir x bæir at tiundum oc lysitollum. ut[an] ad sandfelle oc [jokuls felli. þar eru halfkirkiur oc tekst hundrad af sandfelle." DI II, 777.
[1387]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Clemens kirkia ad Hofi j Hieradi ä heimaland

hälft med ollum gognum og giædum inn ad Kotä sem fellur fyrer innan Kuabacca og sionhending upp j þad hliufur vid nedanverdt fiallid. sem su sama ä fellur ur. og upp j midt Rotafiall ä mots vid sandfellsmenn." DI III, 400-401.
[1491-1518]: "Máldagi Sandfellskirkju í Öræfum. [...] Sandfell. Kirckia j Sandfelle j Litla hierade er helgud gude. jungfru mariu. Sancte Andrese og hinne helgu Aunnu. Hun ä heimaland alltt med gognum og giædum." DI VII, 37-38.
[1523]: "V. gamall maldagi. Aunnu kirkia j Sandfelle a so mikla peninga sem hier seiger. jn primis v. kyr. oc xviij ær. ij. hross. oc annad tuævett: tuævetur gridungur oc vj. aurar j portiu." DI IX, 188.
[25. ágúst 1541]: "Minnisgreinar Gizurar biskups, meðal annars um byggingu á Sandfelli." DI X, 656.
[1544]: "Klausa úr veitingarbrefi, er Gizur biskup gaf síra Jóni Eiríkssyni fyrir Sandfelli í Öræfum." DI XI, 364.
1576: Gíslamáldagar. "Kirkian ad Sandfelle ä heimaland allt. Langanes og Backa. med ollum giædum. DI XV, 701-702.
1839: Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu segir: "Þá kemur Sandfell, um dýrleika þess veit eg ekki. Það stendur fast upp undir því fjalli, er það tekur nafn af. [...] Sandfell stendur suður frá Svínafelli og er þaðan tvær meðalbæjarleiðir." SSS, 150.
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 segir einnig: "Upprekstur er jörðunni eignaður í Fjallslandi. Skógarítak er eignað jörðunni í Skaftafellsheiði. Annað í Jökulfelli. Rekafjöru á jörðin millum Hamarenda og Kvíaár, þar hún rann að fornu og er sú kölluð Bakkafjara. Aftur frá Kvíaá og vestur að Einangrum, kölluð Einangrafjara. Þriðju fyrir nokkrum parti Hofslands. Fjórðu í Höfðavík austan undir Ingólfshöfða. Jörðunni eru eignaðir þrír hlutir Ingólfshöfða. Item allt Fuglberg eftir máldaganum. Hér um ágreinir Sandfells- og Hofsábúendur, en hafa þó hvöru tveggju brúkað." JÁM XIII, 436-437. Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir einnig: "Það er allgóð fjárjörð, nokkur heyskapur, en slæmt heyfall vegna jökulgorms og rauðaleirs, sem sest í heyið. Túnið liggur undir áföllum af sandfoki úr fjallinu fyrir ofan, sem er smáskriða upp í gegn norðan megin." SSS, 150. Í Sýslu og sóknalýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: "Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í




*Túnakort Sandfells frá um 1920. Númer á korti sett inn til samræmis við fornleifanúmer.*

Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum

bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." SSS, 151-152.

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Um undirlendi jarðarinnar skiptir í tvö horn. Er nokkuð af því myndað í Öræfahlaupinu 1727 og er að mestu gróðurlaust, en mikið af landi jarðarinnar er nokkuð mýrlent og vel gróið. Á mörkum fjall- og undirlendis er nokkuð af landinu vel gróið og þótti gott til hagabeitar að vetri til. Fjallendi er nokkurt, talsvert gróið og auðvelt til smölunar að fráteknum litlum hluta, Grænafjallsgljúfri. [...] Öræfahlaupið 1727 fór beggja vegna við Sandfell og tók talsverðan hluta af túninu. Mun engin jörð önnur hafa heðið eins mikið afhroð í því hlaupi, þó að Hof og sérstaklega Svínafell yrðu einnig illa úti. Víst er, að jörðin hafði ekki náð sér að fullu eftir það áfall 1849, þegar nefndarálitið var samið, en þar segir svo: "Sandfell, beneficium. Túnið er lítið og snöggt, [sem] og undirorpið sand og skriðuföllum, fóðrar 2 kýr, engjar eru víðlendar og slæmt heyfall. Hagar eru í tæpu meðallagi. Upprekstrarítak á jörðin fyrir 180 fjár í Breiðamerkurfjalli. Jörðin getur framfleytt 2 kúm, 8 nautum og 100 fjár. Staðnum fylgja miklar fjörur og rekasælar. Skógarítak í Skaftafelli. Líka á staðurinn fuglberg allt og reka fyrir Ingólfshöfða í urðinni, en af þessu er sáralítill arður. Jörðin er heldur örðug í tilliti til slægna og fjöru." Við þetta hefði mátt bæta: Hellutak gott, torfrista sæmileg. [...] Engjarnar voru grasgefnar, en votlendar og þótti heyið tiltölulega betra handa nautgripum en sauðfé. Hagar voru heldur þröngir, enda ágangur í sumarhögum beggja megin frá, en vetrarhagar voru betri en á flestum öðrum bæjum í sveitinni, bæði fyrir sauðfé og hross, og var hrossum stundum komið þangað í hagagöngu." BAS III, 72, 74-75. Í örnefnaskrá (Ö-Sandfell, 1) segir: "Sandfell er með elstu býlum í Öræfum en hefur orðið fyrir miklum og illum búsifjum af eldgosum og vatnagangi."

SF-086:001 *Sandfell* bæjarhóll bústaður

"Bærinn stendur vestan undir Sandfelli, stundum nefnt Sandfellsfjall. Fram undan er frekar mjó graslendisræma en upp frá bænum rís fjallið," segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Sandfell. Kirkjustaður og beneficium. Jarðardýrleiki er sagður xijc. [...] Eigandinn er konungleg majestat." Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Þá kemur Sandfell, um dýrleika þess veit eg ekki. Það stendur fast upp undir því fjalli, er það tekur nafn af. [...] Sandfell stendur suður frá Svínafelli [SF-087] og er þaðan tvær meðalbæjarleiðir." Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Sandfell I verið í byggð a.m.k. frá 1785 til 1947. Þar segir einnig: "Nú [1976] er jörðin í eyði og hefur verið það frá árinu 1947."

Inn á túnakort frá því um 1920 eru merktar þrjú aðskilin bæjarhús (sjá einnig 003 og 004) og er óljóst hvert þeirra er upprunalegasti bærinn. Sá




*Bæjarhúsin í Sandfelli 1973. Öræfi I, Teikning E20.*

bær sem hér er skráður hefur samanstaðið af fjórum burstum, litlum kofa og opinni tóft.
Heimildir: JÁM XIII, 436; SSS, 150; ; BAS III, 39-40, 75; Túnakort frá um 1920; Ö-Sandfell, 1

SF-086:002 heimild um kirkju
gróið. Á mörkum fjall- og undirlendis er nokkuð af landinu vel gróið og þótti gott til hagabeitar að vetri til. Fjallendi er nokkurt, talsvert gróið og auðvelt til smölunar að fráteknum litlum hluta, Grænafjallsgljúfri. [...] SANDFELL Í ÖRÆFUM (RAUÐALÆKJARÞING) (AS) Maríu, Andrési, Önnu HÁLFKIRKJA síðar SÓKNARKIRKJA
Öræfahlaupið 1727 fór beggja vegna við Sandfell og tók talsverðan hluta af túninu. Mun engin jörð önnur hafa [1179]: þing þau sem eru i mille graf brecku og jokuls áar og kirkiu tiunder. nema fra sanda felle. liggia til heðið eins mikið afhroð í því hlaupi, þó að Hof og sérstaklega Svínafell yrðu einnig illa úti. Víst er, að jörðin stadar at rauda lek; Máld DI I 248 249 [Rauðalækjar]
hafði ekki náð sér að fullu eftir það áfall 1849, þegar nefndarálitið var samið, en þar segir svo: "Sandfell, [1343]: [til Rauðalækjar] liggia undir x bæir at tiundum ov lysitollum
beneficium. Túnið er lítið og snöggt, [sem] og undirorpið sand og skriðuföllum, fóðrar 2 kýr, engjar eru utan ad sandfelle oc jokuls felli. þar eru halfkirkiur oc tekst hundrad af sandfelle; víðlendar og slæmt heyfall. Hagar eru í tæpu meðallagi. Upprekstrarítak á jörðin fyrir 180 fjár í Máld DI II 776 777 [Rauðalækjar]
Breiðamerkurfjalli. Jörðin getur framfleytt 2 kúm, 8 nautum og 100 fjár. Staðnum fylgja miklar fjörur og 5.5.1483: Jörðin Skaftafell í Öræfum er í Sandfellskirkjusókn. DI VI, 483
[1491 1518]: Sandfell
Kirckia j Sandfelle j Litla hierade er helgud gude. jungfru mariu. Sancte Andrese og hinne helgu Aunnu.
Hun ä heimaland alltt med gognum og giædum.
Jn primis syngianda kommon med lese. og brestur ä nockud. Jtem matutinale De tempore fra festo




*Kirkjugarðurinn í Sanfdfelli, kálgarður og bærinn árið 1973. Öræfi I, Teikning 21*

sanctæ trinitatis til adventum og er þo nockurn partt ecke epter ordine. Jtem matutinale festiuale fra festo Sancte Johanniz Baptistæ ad Adventum domini. Jtem Canonis kver. Jtem Sancte Onnu kver syngjande med messu. Jtem missale pascale. syngjanda samsett De tempore. De vigilia paschæ ad

adventum Dominj. Jtem missale syngjanda samsett efstu vikuna. og Graduale j kuerum syngjanda. olystur. obundinn.
Jtem jnnistæda kirckiunnar. j Sandfelle. v kyr. xij ær. eitt hross.
Jtem portio vj aurar vppä eitt är medan sera Jon Jllugason hefur halldid.
Jtem ä kirkian eina Brun. Máld DI VII 37 38 [AM 259 4to, bl. 135a-b]
1576: Gíslamáldagar. DI XV, 701-702.
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Á Sandfelli er prestssetrið og kirkja, en Hof er annexía. [...] Á kirkjunum er messað sinn sunnudaginn á hvörri."
1909: Sandfellskirkja lögð niður og sóknin lögð undir Hofskirkju; (PP, 41)
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Eftir Öræfahlaupið 1362 var kirkjan frá Rauðalæk flutt að Sandfelli, og var þar síðan kirkjustaður til ársins 1914, að síðasta kirkjan var rifin. Ekki mun þó hafa verið messað þar næstu ár áður, því að kirkjan var orðin mjög hrörleg. Síðast messaði þar sr. Gísli Kjartansson 21. júlí 1912. Var kirkjan rifin 20. júní 1914, eftir að ákvörðun hafði verið tekin á safnaðarfundi 14. s.m. um að sameina sóknirnar. Kirkjugarðurinn var þó notaður til ársins 1950. Þar eru þrír legsteinar, og er sá elzti frá árinu 1877. Það er hella á leiði Guðlaugar Jónsdóttur (Sv. IV.1), höggvin af Steingrími Jónssyni bónda á Fossi á Síðu, en hann var bróðir Guðlaugar." Í örnefnaskrá segir: " Árið 1913 var kirkjan rifin og sóknin sameinuð Hofssókn. Í Sandfelli er enn grafreitur en jörðin er í eyði." Samkvæmt texta í uppmælingabók danskra arkitektúr nema var búið að jafna kirkjugarðinn á Sandfelli, sem þeir mældu upp sumarið 1973, algjörlega við jörðu þegar þeir komu aftur á staðinn 1974 og það eina sem eftirstóð var reynitré. Kirkjugarðurinn var teiknaður og Samkvæmt henni voru um 90 leiði sjáanleg á yfirborði þar sem og staðsetning kirkjunnar. Kálgarður, líklega 005, var um 10 m frá kirkjugarðinum.
Heimildir: SSS, 152; BAS III, 72-73; Ö-Sandfell,1, Öræfi I, E-21, Öræfi II, 3

SF-086:003 *Sandfell* heimild um bústað
þessu er sáralítill arður. Jörðin er heldur örðug í tilliti til slægna og fjöru." Við þetta hefði mátt bæta: Hellutak gott, torfrista sæmileg. [...] Engjarnar voru grasgefnar, en votlendar og þótti heyið tiltölulega betra handa Inn á túnakort frá því um 1920 eru merktar þrjú aðskilin bæjarhús (sjá einnig 001 og 004) og er óljóst hvert þeirra er upprunalegasti bærinn. Sá bær sem hér er skráður var í miðið og innan við 5 m frá honum á báða nautgripum en sauðfé. Hagar voru heldur þröngir, enda ágangur í sumarhögum beggja megin frá, en vegu til bæjarhúsa 001 og 004. Bærinn hefur samanstaðið af einni burst og tveimur tóftum við. Þetta er vetrarhagar voru betri en á flestum öðrum bæjum í sveitinni, bæði fyrir sauðfé og hross, og var hrossum líklega bærinn sem danskir arkitektanemar mældu og teiknuðu upp árið 1973.
stundum komið þangað í hagagöngu." BAS III, 72, 74-75. Í örnefnaskrá (Ö-Sandfell, 1) segir: "Sandfell er með elstu býlum í Öræfum en hefur orðið fyrir miklum og illum búsifjum af eldgosum og vatnagangi."
Á teikningu arkitektanemanna voru þrjár burstir á bæjarhúsunum. Fjós A var vestast. Það var með timburþili, tveimur hurðum og glugga fyrir ofan þær. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Kamar var í hlöðunni og var austari hurðin á honum. Geymsla var innst í fjósinu. Hús B var næst. Þetta var íbúðarhúsið sjálft, byggt úr torfi og grjóti en með timburþili að framan og aftan. Húsið var á tveimur hæðum, á þeirri neðri var geymsla, stofa, gestaherbergi og eldhús en þeirri efri geymsluloft, tvö herbergi fyrir vinnufólk og börn og eitt fyrir hjónin. Tvær burstir voru á húsinu. Kirkjugarður 002 var líklega aftan við bæjarhúsin en hann er ekki sýndur á túnakortinu frá því um 1920.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-086:004 *Sandfell* heimild um bústað
Inn á túnakort frá því um 1920 eru merktar þrjú aðskilin bæjarhús (sjá einnig 001 og 003). Bærinn sem hér er skráður hefur samanstaðið af tveimur hólfum/húsum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-086:005 heimild um útihús
Inn á túnakort Sandfells frá því um 1920 er merkt útihús og kálgarður fast að baki bæjarhúsunum 001 og 003 og hefur aðeins verið þröngur gangvegur á milli.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið skipst í tvö hólf og kálgarður verið áfastur við.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-086:006 heimild um útihús
Inn á túnakort Sandfells frá því um 1920 er merkt útihús um 135 m frá bæ 001, í stakstæðum túnskika. Samkvæmt túnakortinu hefur húsið samanstaðið úr þremur hólfum.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-086:007 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Sandfells frá því um 1920 er merktur kálgarður, beint fyrir framan bæ 001.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-086:008 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Sandfells frá því um 1920 er merktur kálgarður, beint fyrir framan bæjarhús 003 og 004. Garðurinn er merktur líkt og aðrir kálgarðar en af staðsetningu að dæma má vera að hann sé í raun gamli kirkjugarðurinn (sjá 002).
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-086:009 heimild um leið
Inn á túnakort Sandfells frá því um 1920 er merkt leið í túnjaðri og liggur heimreiðin 010 frá henni að bæ og áfram niður túnið.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-086:010 heimild um leið
Inn á túnakort Sandfells frá því um 1920 er merkt heimreiðin sem liggur frá leið 009i að bæ 001, 003 og 004 og áfram niður túnið.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-086:011 *Sandfell (eldri bær)* heimild um bústað
"Talið er að bærinn hafi fyrrum staðið austar á túninu, þar sem kálgarðurinn er nú," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 1

SF-086:012 *Þerribali* örnefni þvottastaður
"Þerribali er vestan við Bæjarlækinn," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 1

SF-086:013 *Hjáleiga* örnefni bústaður
"Vestasti hluti túnsins heitir Hjáleiga og milli hennar og Hlaðbrekku er nafnlaus aur. Talið var að huldufólk byggi í stærstu steinunum á Hjáleigunni og ljós sæjust loga þar," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 1

SF-086:014 *Sölkutóft* heimild um bústað
"Neðan við Hjáleiguna er Stóralaut. Niður af henni, handan hennar, nær bæ, var Sölkutóft. Sögn fylgdi þeirri tóft, að þar hafi búið kerling sem Salvör hét," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 1

SF-086:015 heimild um fjós
"Handan lautarinnar [Stórulautar], nær bæ, rétt hjá Sölkutóft [014], var einnig tóft eftir nautakofa," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 1

SF-086:016 *Veita* örnefni áveita
"Neðan við túnið er mýrarstykki sem heitir Veita. Um hana rennur lækur, Veitulækur sem á upptök sín í svonefndum Krók, þar sem komið er nálægt læknum í Veitunni og neðst í Veitunni við lækinn Dý..." segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sandfell, 1

SF-086:017 *Húshóll* heimild um óþekkt
"Miðsvæðis í Jöklum er Húshóll, þar er tóft. Þar var hús endur fyrir löngu," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 2

SF-086:018 örnefni virki
"Miðá, öðru nafni Virkisá eystri, var milli Jökla og Sprettshóls," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 2

SF-086:019 *Distriktið* heimild um býli
Í örnefnaskrá segir: "Austast í þessu graslendi heitir Toppar eða Sandfellstoppar, þar næst hér beint suður af bæ er býlið eða var. Býli þetta heitir Destrikti, nú eru það grasivaxnir hólar". Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Fyrir utan Sandfell er farið rétt ofan við eyðibýlið í Sandfellslandi, sem hét Distriktið, þar eru nú sauðahús frá Hofi, og loks er komið á eldri alfaraveginn rétt fyrir austan Svartajökul. Leið þessi er greiðfærari og alltaf farin, þegar inn á byggð er farið með kerrur." Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Desrikti í byggð frá 1871 til 1904.
Heimildir: Ö-Sandfell, 2: ÁFÍ 1937, 17; BAS III, 40-41

SF-086:020 heimild um beitarhús
"Kúamýri er svo efst, næst aurnum, og utan við hana er stór steinn sem heitir Grassteinn, suður með Stóralæk suður af beitarhúsum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 2

SF-086:021 *Þinghóll* örnefni þingstaður
""Breiðamýri, sem nú er að mestu orðin aur, tekur við næst suður af Kúamýri. Þá er næst Þinghólsmýri, er vestur af Stóralæk. Í Þinghólsmýri er Þinghóll og Þinghólssteinn er í mýrinni austan við Hólmann," segir í örnefnaskrá. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: " Eitt örnefni, Þinghóll, gæti bent til, að þingstaður hafi verið í Sandfellslandi, en mjög myndi umhverfi Þinghóls breytt frá þeim tíma."
Heimildir: Ö-Sandfell, 2; BAS III, 75

SF-086:022 heimild um rétt
"Upp af Kúamýri, þar sem réttin er, heitir Hlaup," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 2

SF-086:023 *Selbakkar* örnefni sel
"Austur af Stóralæk, næst bæ, heita Teyginga, svo er Gráhólmi, svo er Selmýri, þar við eru Selbakkar, svo er Forarbugur og Efri- og Ytriforir. Destrikti er upp af Efriforum. Þar vestur af Destrikti eru Selrof," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 2

SF-086:024 *Borgir* heimild um beitarhús
"Í Selmýri eru hæðir nefndar Borgir. Hús voru þar frá Sandfelli," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 2

SF-086:025 *Fjósabakki* örnefni fjós
"Þá eru tvær gras- og lyngtorfur sitt hvorum megin við Bæjarlæk, uppi í fjalli, Vestri-Skógartunga og Eystri-
Skógartunga. Niður og austur af eystri tungunni er Fjósabakki," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Sandfell, 3

SF-086:026 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Austur úr heiðinni milli Stekkatúns og Stóralækjargils er Heiðargil, sameinar Stóralæk niðri á sléttunni," segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Sandfell, 3

SF-086:027 *Kot* örnefni býli
"Kotáraur er meðfram Kotá og myndaður af henni," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Þá tekur við Kotáraurinn, illur yfirferðar venjulega, enda fellur Kotá um hann sitt á hvað. Kotá kemur úr æðistórum og bröttum skriðjökli [Rótarfjallsjökull] austan við Sandfellsfjallið." Við Kotá er merkt örnefnið Kot inn á herforingjaráðskort um 2,2 km frá sunnan við þjóðveg.
Heimildir: ÁFÍ 1937, 21 og Ö-Sandfell, 3

SF-086:028 *Rauðalækur* bæjarstæði býli
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Hvar Rauðilækur hefir staðið, sést ekki nú. Seinna er að vísu getið um hjáleigu frá Sandfelli, sem nefndist Berjahólar [029]. Sá bær hefir ef til vill staðið á líkum stað og Rauðalækur áður. Þar sést enn til tófta, þær eru í svonefndum Rasshólum, kippkorn fyrir utan veginn, sem liggur frá Svínafelli að Sandfelli." Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Ingólfshöfði, sem liggur fyrir jarðarinnar landi, er allur jörðunni eignaður eftir gömlum máldögum, fráteknum tveim hlutum Fuglbergs, sem eignaðir eru annar kirkjunni að Rauðalæk, þriðji kirkjunni að Eyrarhorni, eftir bréfsins hljóðan. Síðan hefur Eyrarhornseign lögð verið til Hofs, en Rauðalækjar til Sandfells, og hafa hvöru tveggju, bæði Hofs- og Sandfellsmenn, brúkað Fuglbergið, þó ágreiningur hafi um verið." Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar segir einnig: "Rauðilækur segist að fornu heitið hafa kirkjustaður, sem verið hafi upp undir falljöklinum, en nú komið í aura og sést ekkert til. Er almennt tal, að allar hans eignir hafi lagst til Sandfellskirkju." Í Íslendingabók segir: "Helgi hét maðr, annarr son Heyjangrs-Bjarnar; hann fór til Íslands ok bjó at Rauðalæk. Hans son var Hildir, er Rauðlækingar eru frá komnir." Í Sörlaþætti í Ljósvetningasögu segir: "Dætr þrjár áttu Kolbeinn ok Guðríðr. Eina dóttur, Guðrúnu, átti Sæmundr inn fróði, ok tvær dætr hans áttu tveir bræðr Sæmundar. Kolbeinn Flosason var grafinn í Fljótshverfi en hon [Guðríður?] færði hann til Rauðalækjar." Í Þorlákssögu biskups yngri segir: "Fór byskup þaðan [frá Svínafelli] til Rauðalækjar. Bjó þar Ormr inn gamli." ÍF XVI, 165. Í Árna sögu biskups segir m.a.: "Herra Árni byskup er þessi frásögn er af skrifuð var son Þorláks Guðmundarsonar gríss ok Halldóru dóttur Orms í Holtum. Hann var fæddr á því ári [1237] sem Magnús byskup Gizurarson andaðizt. Hann fæddiz upp með föður sínum ok móður, en þau bjoggu í þann tíma at Svínafelli at ráði Orms Svínfellings ok vóru þar meðan hann lifði ok nokkora stund ísðan at ráði Ögmundar Helgasonar er þá hafði fjárforráð sona Orms. En síðan peningar eydduz fyrir sonum Orms at Kálfafelli fóru þeir byggðum sínum til Svínafells, en Þorlákr varð fyrir sakir magns munar at skipta byggðum; fengu þeir honum þá Rauðalæk ok fór hann þangat." XVII, 3. c. 1200: Kirknaskrá Páls biskups Jónssonar. DI XII, 5. Í Íslenskum fornbréfum frá 1179 er máldagi Þorláks biskups Þórhallssonar í Skálholti fyrir Maríukirkju að Rauðalæk í Litlahéraði í Skaftafellsþingi. Í samantekt segir m.a.: "Þegar Þorlákr biskup hinn helgi kom út til stóls síns (1178) sat hann fyrsta vetr um kyrt í Skálholti, en um sumarið eptir (1179) hóf hann yfirferð sína til Austfjarða (Þorl. s. hin ýngri kap. 18; Bisk. s. I, 280). Þá hóf hann og fyrst tilkall til umráða yfir stöðum, þ.e. þeim jörðum sem kirkjur stóðu á, og heimajarðir voru gefnar til, og yfir öllum kirknafjám. Hann kom þá fyrst að Svínafelli, og kúgaði fjárráð kirkjunnar þar af Sigurði Ormssyni; hann hefir þá verið mjög úngr. Þaðan fór biskup til Rauðalækjar; þar bjó Ormr hinn gamli, líklega Ormr Svínfellíngr hinn eldri, faðir Sigurðar; lagði hann einnig kirkjuforræði undir biskup, og þá ætla eg að máldagi þessi hafi verið gjörðr. [...] Rauðalækr var lengi eptir það kirkjustaðr, og hinn helzti í því héraði sem kallað var Litlahérað, eða, eptir því sem menn segja almennt, Litlahérað og Stórahérað (Breiðamörk), milli Jökulsár á Breiðamerkrsandi (Breiðár) og Skeiðarár. Um 1340 er saminn annar máldagi Rauðalækjar kirkju, sem enn er til, en ekki laungu þar eptir (1362) kom hið mikla eldgos og jökulflóð úr Knappafellsjökli, sem er austrhluti Öræfajökuls, og eyddi Rauðalæk og allt héraðið þar í kríng; er það eitt hið mesta tjón, sem orðið hefir að einu eldgosi á Íslandi." [1343]: "Máldagi Maríukirkju á Rauðalæk í Litlahéraði [...]. Mariu kirkia at rauda lek a heima land. allt hladna hollt, allt langanes oc backa med ollum [gognum og gedum. [...] þangat liggia und[ir x bæir at tiundum oc lysitollum. ut[an] ad sandfelle oc [jokuls felli. þar eru halfkirkiur oc tekst hundrad af sandfelle. xij. aurar af iokulfelle. benhus þriu oc takazt vj aurar af hveriu." [1387]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Jtem Jngólfshofda allan ad fräteknum tveim hlutum fuglbergs sem eignadar eru annar kirkiunni ad Eyrarhorni. þridie kirkiunne ad Raudalæk." Um 1570: Gíslamáldagar. "Kirkjur í Minna Héraði og nærlendis. [...] Þessar kirkiur voru fordum i minna hieradi sem nu kallast Oræfe. [...] 4.

Mariukirkia ad Raudalæk ä heimaland allt." DI XV, 713. Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Kirkjur eða bænhús veit eg ei til hér hafi verið síðan Eyjarhorns- [SF-085:???] og Rauðalækjarkirkjur fyrir Öræfahlaup hið stóra." Í grein eftir Gísla Gestsson sem heitir "Gröf í Öræfum" í Árbók fornleifafélagsins 1959 segir: "Árið 1362 gaus Öræfajökull, sem þá mun raunar hafa heitið Knappafellsjökull, með þeim býsnum, að öll byggðin gjöreyddist. Í annálsbroti frá Skálholti, sem efalítið er samtímaheimild, en ritað á Norðurlandi, segir svo um árið 1362: "[...] Tók og af tvær kirkjusóknir með öllu, að Hofi og Rauðalæk. Sandurinn tók í miðjan legg á sléttu, en rak saman í skafla svo að varla sá húsin". Í Gottskálksannál segir við árið 1362, en frumheimild annálsins mun vera rituð skömmu síðar: "[...] Í Austfjörðum sprakk í sundur Knappafellsjökull og hljóp ofan Lómagnúpssand svo að af tók vegu alla. á sú í Austfjörðum, er heitir Úlfarsá, hljóp á stað þann, er heitir að Rauðalæk, og braut niður allan staðinn, svo að ekki hús stóð eftir nema kirkjan"." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir: "Enn fremur sást fram undir lok síðusta aldar til tótta suður af Svínafelli, milli þess og Sandfells, og ætla menn að bærinn hafi staðið þar."
Heimildir: JÁM XIII, 435-436, 437; ÍF I, 320, 322; ÍF X, 113; ÍF XVII, 3; DI I, 245; DI II, 775-777; DI III, 400-401; SSS, 152; ÁFÍ 1937, 20; ÁHÍF 1959, 44-45; Ferðabók Sveins Pálssonar, 537

SF-086:029 *Berjahólar* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Berjahólar. Hjáleiga, í heimalandi. Óbyggð í mörg ár. Sér til tófta og túns. Nú óbyggjandi." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Hvar Rauðilækur [028] hefir staðið, sést ekki nú. Seinna er að vísu getið um hjáleigu frá Sandfelli, sem nefndist Berjahólar. Sá bær hefir ef til vill staðið á líkum stað og Rauðalækur áður. Þar sést enn til tófta, þær eru í svonefndum Rasshólum, kippkorn fyrir utan veginn, sem liggur frá Svínafelli að Sandfelli." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir: "Berjahólar hét hjáleiga frá Sandfelli, þar sem jökulfallið mikla er nú. Var þar byggt býli fram til 1632, og í byrjun þessarar aldar sáust þar ennþá leifar af túngarði."
Heimildir: JÁM XIII, 437; ÁFÍ 1937, 20; Ferðabók Sveins Pálssonar, 537

SF-086:030 *Miðhús* bæjarstæði býli Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Miðhús. Sandfellshjáleiga, byggð úr heimalandi."
Heimildir: JÁM XIII, 437

SF-086:031 *Stærri-Sandfellshjáleiga* bæjarstæði býli Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Stærri Sandfellshjáleiga. Landsk. lxxx ál."
Heimildir: JÁM XIII, 437

SF-086:032 *Krossholt* heimild um býli
Í Máldaga Rauðalækjarkirkju frá 1179 segir: "xxx. hrossa skal hafa i kross holltz land fra raudalek bede vetur og sumar." Í Máldaga Klemenskirkju að Hofi frá 1343 segir: "hofsmenn eiga j krossholl fimtige hrossa hofn ollum vinnuhrossum [vm helgar)." Í Máldaga Klemenskirkju á Hofi frá 1387 segir: "fra Krossholti liggur kyrfodur til Hofs. og abyrgist ad ollu."
Heimildir: DI I, 248; DI II, 774; DI III; 400-401

SF-086:033 *Bakki* heimild um býli
Í Máldaga Maríukirkju á Rauðalæk í Litlahéraði frá 1343 segir: "Mariu kirkia at rauda lek a heima land. allt hladna hollt. allt langanes oc backa med ollum [gognum og) gedum." 1576: Gíslamáldagar. "Kirkian ad Sandfelle ä heimaland allt. Langanes og Backa. med ollum giædum."
Heimildir: DI I, 776; DI XV, 701;

SF-086:034 *Skammstaðir* heimild um býli
Í Máldaga Maríukirkju á Rauðalæk frá 1343 segir: " kirkian a skoga alla sem eru ut fra [sauda bols skoge til maudru hola oc allar tungur yfer [sauda bols skoge til þeirra er skammstodum fylger." 1576: Gíslamáldagar. "Kirkian [Sandfellskirkja] ä skoga alla. sem eru vt frä Saudabolsskogie til Modruhola og allar tungur yfir Saudabolsskogie til þeirrar er Skammstodum fylger."

Heimildir: DI II, 776; DI XV, 702;

SF-086:035 heimild um býli
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Ýmsar jarðir í Öræfum guldu þá afhroð mikið, en eðlilega varð þó Sandfell langharðast úti. Fyrir hlaupið voru þar tvær hjáleigur skammt innan við bæinn, og lágu túnin saman. Þar skammt fyrir innan kemur lækur fram úr gljúfri og heitir Stórilækur. Í þennan læk kom talsvert hlaup og eyddi báðar þessar hjáleigur. Standa nú stærðar björg fast við, þar sem húsastafnarnir voru."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 23

SF-086:036 heimild um býli
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Ýmsar jarðir í Öræfum guldu þá [3. ágúst 1727] afhroð mikið, en eðlilega varð þó Sandfell langharðast úti. Fyrir hlaupið voru þar tvær hjáleigur skammt innan við bæinn, og lágu túnin saman. Þar skammt fyrir innan kemur lækur fram úr gljúfri og heitir Stórilækur. Í þennan læk kom talsvert hlaup og eyddi báðar þessar hjáleigur. Standa nú stærðar björg fast við, þar sem húsastafnarnir voru."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 23

SF-086:037 *Langanes* heimild um býli
1576: Gíslamáldagar. "Kirkian ad Sandfelle ä heimaland allt. Langanes og Backa. med ollum giædum."
Heimildir: DI XV, 701

SF-086:038 *Skáli* heimild um óþekkt
Í Frásögum um fornaldarleifar segir: "8) Rúster edur leyfar af Fornmannabyggingum veit ég ecki adrar ad nefna en Skála eirn hér i Sandfelli, sem eptir sinu nærverandi formi er 7 3/4 al á leingd, á hæd 5 1/4, á vídd 5. og 2 1/2 qvart: Meniar af fornum vidum siást en i dag i Skála þessum svo sem Biti 1 strikadur á breidd her um 1/4 al: - Adrir bitar sem i honum voru til ársins 1815 voru breidari en voru þá ordnir fúnir til beggia enda, svo ej urdu notadir til skálands sem þá var endurbættur, - Til nefnds árs sást mænigluggin med fornmanna um bunadi og partar af Sillum mikid þickvum, en þá ónítir sökum fúa. Fornmanna Rúmunum sem i þessum Skála voru fyrr meir, var laungu adur buid ad raska."
Heimildir: FF I, 89-90

SF-086:039 *Sauðabólsskógur* örnefni BÓL
Í Máldaga Maríukirkju á Rauðalæk frá 1343 segir: "kirkian a skoga alla sem eru ut fra [sauda bols skoge til maudru hola oc allar tungur yfer [sauda bols skoge til þeirra er skammstodum fylger."
Heimildir: DI II, 776

SF-086:040 heimild um leið
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Milli þessara bæja [Hofs og Fagurhólsmýri] eru rúmir 5 km. Leiðin liggur austur með fjalli fyrst og er fábreytileg. [...] Framan við veginn eru fyrst engjar frá Hofi, þá móar og mýrasvakkar, en utar sandar og leirur."
Heimildir: SSS, 151-152; ÁFÍ 1937, 25

SF-086:041 *Selhólar* heimild um sel
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Þegar hlaupið kom var nokkuð af heimilisfólki í Sandfelli í seli niðri á flatneskjunni. Þar sem selið stóð hétu þá Nátthólar, en nú Selhólar."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 24

SF-086:042 heimild um myllu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1874 eða um það bil, kom Sigurður Ingimundarson upp vatnsknúinni kornmyllu, þeirri fyrstu í Öræfu, en þeim var fljótlega komið upp í öllum bæjarþorpum."
Heimildir: BAS III, 58

SF-086:043 heimild
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Hellutak gott, torfrista sæmileg."
Heimildir: BAS III, 75

SF-086:044 heimild um ristu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Hellutak gott, torfrista sæmileg."
Heimildir: BAS III, 75

SF-086:045 *Kvíaá* örnefni kvíar Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Rekafjöru á jörðin millum Hamarenda og Kvíaár, þar hún rann að fornu og er sú kölluð Bakkafjara. Aftur frá Kvíaá og vestur að Einangrum, kölluð Einangrafjara."
Heimildir: JÁM XIII, 436

SF-086:046 *Hlaðnaholt* heimild um býli
[1343]: "Máldagi Maríukirkju á Rauðalæk í Litlahéraði [...]. Mariu kirkia at rauda lek a heima land. allt hladna hollt, allt langanes oc backa med ollum [gognum og gedum].
Heimildir: DI II, 776

SF-086:047 heimild um fjárhús




*Fjárhúsin árið 1973. Öræfi I, Teikning E22.*

Danskir arkitektúr nemar komu í Öræfasveit og mældu upp nokkur býli, þar á meðal Sandfell. Þeir mældu upp fjárhús í Sandfelli en ekki er tekið fram hvar það var. Ekki er ólíklegt að húsið sé það sama og merkt er inn á túnakort frá 1920 í stakstæðum túnskika (sjá 006) en um það verður ekkert fullyrt.
Á teikningu arkitektúr nemanna eru veggir fjárhússins úr torfi og grjóti, timbur notað í allar innviði og stoðir og torf á þakinu. Fjárhúsið skiptist í tvö hólf, garði liggur eftir því endilöngu og skiptir í tvennt. Tvennar dyr eru á framhlið.
Heimildir: Öræfi I, teikning E22

## *SF-087 Svínafell*

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Svínafell. Bóndaeign. Jarðardýrleiki viijc." JÁM XIII, 437. 1847: 8 hdr. Bændaeign. JJ, 6. Í Brennu-Njálssögu er Svínafell mjög mikilvægt sögunni þar sem þar býr Flosi Þórðarson Freysgoða. Þar segir m.a.: "Maðr er nefndr Flosi; hann var sonr Þórðar Freysgoða, [...]. Flosi bjó at Svínafelli ok var hofðingi mikill;" ÍF XII, 237-
238.
Í Droplaugarsona sögu segir: "Um várit eptir sendi Flosi frá Svínafelli orð Þorkatli Geitissyni, at hann skyldi fjolmenna norðan til hans. [...] Þorkell safnaði sér liði, ok váru þeir saman þrír tigir. [...] Síðan fór Þorkell með þrjá tigu manna suðr til Svínafells." ÍF XI, 156-157.
Í Þorsteinssögu Síðu-Hallssonar er nefnd Ólöf systir Halls á Síðu, móðir Þórðar sonar Freysgoða að Svínafelli í Öræfum. ÍF XI, 319.
Í Þorlákssögu biskups yngri segir: "Ok er hann [biskup] kom suðr um Lómagnúpssand, tók hann gisting at Svínafelli. Þar bjó þá Sigurðr Ormsson, mikilsháttar maðr af veraldar metnaði, auðigr ok ættstórr." ÍF XVI, 164.Í Árna sögu biskups segir m.a.: "Herra Árni byskup er þessi frásögn er af skrifuð var son Þorláks Guðmundarsonar gríss ok Halldóru dóttur Orms í Holtum. Hann var fæddr á því ári [1237] sem Magnús byskup Gizurarson andaðizt. Hann fæddiz upp með föður sínum ok móður, en þau bjoggu í þann tíma at Svínafelli at ráði Orms Svínfellings ok vóru þar meðan hann lifði ok nokkora stund ísðan at ráði Ögmundar Helgasonar er þá hafði fjárforráð sona Orms. En síðan peningar eydduz fyrir sonum Orms at Kálfafelli fóru þeir byggðum sínum til Svínafells, en Þorlákr varð fyrir sakir magns munar at skipta byggðum; fengu þeir honum þá Rauðalæk ok fór hann þangat." XVII, 3. Í Íslenskum fornbréfum frá 1179 er máldagi Þorláks biskups Þórhallssonar í Skálholti fyrir Maríukirkju að Rauðalæk í Litlahéraði í Skaftafellsþingi. Í samantekt segir m.a.: "Þegar Þorlákr biskup hinn helgi kom út til stóls síns (1178) sat hann fyrsta vetr um kyrt í Skálholti, en um sumarið eptir (1179) hóf hann yfirferð sína til Austfjarða (Þorl. s. hin ýngri kap. 18; Bisk. s. I, 280). Þá hóf hann og fyrst tilkall til umráða yfir stöðum, þ.e. þeim jörðum sem kirkjur stóðu á, og heimajarðir voru gefnar til, og yfir öllum kirknafjám. Hann kom þá fyrst að Svínafelli, og kúgaði fjárráð kirkjunnar þar af Sigurði Ormssyni; hann hefir þá verið mjög úngr. Þaðan fór biskup til Rauðalækjar; þar bjó Ormr hinn gamli, líklega Ormr Svínfellíngr hinn eldri, faðir Sigurðar; lagði hann einnig kirkjuforræði undir biskup, og þá ætla eg að máldagi þessi hafi verið gjörðr." DI I, 245.
Í Sturlungu segir frá samskiptum Guðmundar góða Arasonar og Sigurðar Ormssonar á Svínafelli í Prestssögu Guðmundar góða og er Sigurður einnig aðeins nefndur í Guðmundarsögu dýra. Einnig er Siguður á Svínafelli nefndur í Íslendingasögu ásamt Ormi föður sínum. Sturlunga I, 141, 147-149, 155. Í Sturlungu í Svínfellinga sögu segir: "Ormr Jónsson réð fyrir á bæ þeim, er at Svínafelli heitir. Hann var goðorðsmaðr þar um Síðuna. Hann átti Álfheiði Njálsdóttur ór Skógum. Synir hans váru þeir Sæmundr og Guðmundr. Þeir váru bræðr [Orms] Brandr, er síðan var biskup at Hólum, ok Þórarinn faðir þeira Þorvarðs ok Odds. Systr þeira váru þær Steinunn ok Solveig. Þau váru fimm systkin." Sturlunga II, 87. Einnig er minnst á Svínafell í Arons sögu: "Snýr hann [Aron Hjörleifsson frá Miklaholti í Miklaholtshreppi] nú um þvera Austfjörðu, svá sem leiðir liggja til Hornafjarðar, ok er ekki getit um ferð hans, fyrr en hann kemur á þann bæ er at Svínafelli heitir. Þar bjó þá Ormr Jónsson, mikill höfðingi, er kallaðr var Svínfellingr. Hugðist Aron þar mundu fá góðar viðtökur. En þat brást honum, [...]." Sturlunga II, 253-254.
[1343]: "Máldagi Klemenskirkju að Hofi í Héraði (Öræfum) [...]. Clemenskirkia ad hofi j hieradi a heimaland halft med ollum gognum oc giædum. skaptafell halft. sandhofda halfan. svinanes halft. suinafell halft." DI II, 774.
[1387]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Þessar ä kirkian jarder. Fiall med ixc. fioru. halft Skaptafell. Suinanes halft. og helming allra þeirra fiarna sem liggia til Jokulfells." DI III, 400-401.
[22. og 23. júní 1482]: "Þesse adur greindur herra broder Magnus [biskup í Skálholti] giordi þessi umskipti við kirkiuna ad Hofi med handsoludu samþycki Magnusar bonda Gunnarssonar. sem þä var eigandi ad Hofi. Fyrer halft Skaptafell fieck hann til eignar klrkiunni ad Hofi halft Svinafiall." DI VI, 443.
16. september 1528: "Skrá um ítök klaustursins í Kirkjubæ á Síðu, [...]. Jtem gaf Eirekur þorsteinsson

kirkiubæiar klaustri allan þann skog sem hann hafdi fremst eigande ad ordit j skaptafellz heide til æfinligrar eignar oc frials forrædis j suo mäta ad þeir j svinafelli byggi oc a knappauollvm skyllde hafa þar elldivid epter þvi sem þvi þarfnazt." DI IX, 470-471.
1. ágúst 1546: Þorleifur Pálsson selur Birni Þorleifssyni m.a. Hnappavelli og Svínafell í Öræfum fyrir bæi í Barðastrandasýslu. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 1. Sjá einnig DI XI, 481.
1839: Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu segir: "Svínafjall í suður þar frá [Skaftafelli SF-088], 8 hndr. að dýrleika, undir Svínafellsfjalli, frá Skaftafelli álíka langt, eins og tvær langar bæjarleiðir í öðrum sveitum. " SSS, 150.
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar segir einnig: "Afréttur er jörðunni eignaður í Eystrafjalli fyrir sunnan Skeiðarársand, óbrúkandi vegna vegalengdar. Skógarítak til brenniviðar er jörðunni eignað í Skaftafellsskógi." JÁM XIII, 437.
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir einnig: "Þessi jörð er rétt góð að heyskap og útigangi." SSS, 150.
Í Sýslu og sóknalýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: "Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." SSS, 151-152.
Í Íslenskum fornbréfum IV segir: "Kalfafell [á Síðu]. afriett i Skorumm ad helminge vid Svijnfellinga." DI IV, 235.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Undirlendi jarðarinnar er myndað af jökulánum Svínafellsá og Virkisá en er nú víða vel gróið. Fjalllendi er allmikið og vel gróið, en víða bratt og örðust til smölunar. [...] Svínafell hefur þó lengi legið mjög undir ágangi vatna, bæði Svínafellsár og Virkisár. Skeiðará hefur einnig tekið mikið graslendi, a.m.k. á sl. öld, en engar heimildi eru til um það frá fyrri öldum, þótt líklegast sé, að hún hafi snemma valdið spjöllum þar og víðar í sveitinni. [...] Nefndarálitið frá 1849 er svohljóðandi: "Svinafell, bændaeign. Túnið er stórt, en áhlaupasamt og sumstaðar snöggt, fóðrar 5 kýr, engjar sáralitlar, hagar þröngir, en notalegir. Jörðin ber 6 kúa þunga og 100 fjár. Lítill smáskógur er í jarðarinnar landi og fjara töluverð, en sérlega örðug. [Selasláttur] hefur fyrr meir verið [hér]. Afréttur er eignaður jörðinni í Núpstaðarskógum. Jörðin er erfið á fjörum og notkun fjallhaga, en veiðursæl." Við þetta hefði mátt bæta: Hellutak gott, torfrista góð og nærtæk. Vetrarbeit sérlega góð fyrir sauðfé, selveiði nokkur." BAS III, 76, 77-78. Í örnefnaskrá (bls. 1) segir: "Síðan 1947 hafa býlin verið þrjú, þau fyrst nefndu. Breiðutorfubýlið lagðist þá niður og sameinaðist 3/5 hlutum Vesturbæjar, en 2/5 hlutar Vesturbæjar sameinuðust Bölta. Þessi breyting kom til vegna sölu Vesturbæjarjarðar.
Bæirnir standa suðvestan undir samnefndu felli í skjóli og í einu hlýlegasta bæjarstæði, er séð verður, þó að víða sé leitað, líklega stendur þó enginn bær á landinu eins nærri jökli." Þar segir líka: "Brekkurnar við bæina voru áður aðaltúnin, nú eru þær orðnar bithagi, en véltæk tún hafa verið ræktuð niðri á flatlendinu."

SF-087:001 *Svínafell/Svínafjall* bæjarhóll búataður 63°58.995N 16°51.251V
Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Svínafjall í suður þar frá [Skaftafelli SF-088], 8 hndr. Að dýrleika, undir Svínafellsfjalli, frá Skaftafelli álíka langt, eins og tvær langar bæjarleiðir í öðrum sveitum. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, en húsafjöldi mun mestur á Svínafjalli. Rekavíður er brúkaður til allra bygginga." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Sunnan við Svínafellsjökul er bærinn Svínafell undir brattri og fagurri fjallshlíð. [...] Um langt skeið var Svínafell höfuðbólið í Öræfum. [...] Bæjarstæði er svo fagurt í Svínafelli, sem bezt verður á kosið. Býlin eru fjögur og standa vestan undir skógi vaxinni fjallshlíð." Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Svínafell I verið í byggð a.m.k. frá 1792 til ? Þar segir einnig: "Í Svínafelli hefur til forna aðeins verið einbýli, þó að þar hafi verið margt hjóna, e.t.v. Einnig í nútímamerkingu þess orðs. En síðan um 1800 hafa aldrei verið færri en tveir ábúendur þar og oftast fleiri. Þó er talið, að jörðinnni hafi ekki verið formlega skipt milli Austurbæjar og Vesturbæjar fyrr en um 1830, og hinum pörtunum var skipt út síðar, Böltanum árið 1863 og Breiðutorfu 1858. Böltinn var byggður úr Austurbæ, en Breiðatorfa úr Vesturbæ [...]. Ekki var þó byggt í Breiðutorfu fyrr en um 1870. Bærinn

var áður fram af Austurbænum, en síðan búið þar til 1947, en þá sameinaðist hún aftur Vesturbænum. Árið 1895-1909 var auk þess bær í Stekkatúninu, og var þar búið við lítil efni, en yfirleitt voru Svínfellingar vel í efnum."
Útihús hafa verið reist á gamla bæjarhólnum en einnig hefur hóllinn verið sléttaður.
Hólinn má greina en engar tættur eða önnur ummerki sjást á honum og gæti mikill grasvöxtur átt einhvern þátt í því að dældir verða ekki greindar. Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 samanstóð bærinn þá af fjórum burstum og einu langhúsi. Þá var túnstærð 4,3 teigir (ha) en sáðreitir 1355,25 m2.




*Túnakort fyrir Svínafell (Austurbæ) frá um 1920. Númer vísa í númer í fornleifaskrá.*

Inn á túnakortið eru, auk bæjar, merkt 17 útihús (003-019), einn stakstæður kálgarður (021), þrjár leiðir (022-024) og örnefnið Réttartún (020).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SSS, 150, 152; ÁFÍ 1937, 8, 16; BAS III, 41-42, 78; Skaftafell, 101

SF-087:002 heimild um bænhús 63°58.995N 16°51.251V
Engin vitneskja um staðsetningu bænhúss, hnit þau sömu og 001. SVÍNAFELL Í ÖRÆFUM (AS)
1011: "Á Íslandi at Svínafelli kom blóð ofan á messuhokul prests fostudaginn langa, ok varð hann ór at fara." [eftir Brjánsbardga] ÍF XII, 459. 1179: Sigurðr Ormsson vill vígja kirkju, gefur staðinn eftir Þorláki bp en fær hann aftur að léni; Þorlákssaga yngri, Bsk I, 280 281.
1185: Brávt kirkiv at Svinafelli; Konungsannáll, IA, 119. c. 1200: Kirknaskrá Páls biskups Jónssonar. DI XII, 5.1201: Prestur þar er Steinn heitir, kirkju eða þingaprestur (Sigurður Ormsson heldur staðinn) vafasamt; Sturlunga, 196 198, Prestssaga Guðmundar, Bsk I, 468 469, sbr. Jóns saga eldri (C), Bsk I, 197
1241: Sæmundur Ormsson sem átti bú bæði á Svínafelli og Hörgslandi tók sumt fé bróður síns í kirkjufé Svínfellinga saga, Sturl, 552
pq 1237 (líkl 14. öld): A bæ virðvligum er heitir at Svínafelli varð sa atbvrðr ... (Kona var vanfær og koma María og Guðmundr góði til hennar í draumi og hjálpa henni, hún mælir uphátt:) „Springa mvn nv kviðrinn minn, drottning min sæl." Þat heyrði prestr sa er þar atti heima ... Þaa mælti Maria aðr hvn hyrfvi aa bravt: „Efnn þv nv, Lioðey! þat er ek hefvi alagtt við þik ok seg kirkivpresti þessa vitran." Hvn svaraði: „Enda mvn ek ..." Þessi orð heyrði kirkivprestr þar hana mæla...; Mariu saga,

155 156.
1343: Kirkja í Hofi á Svínafell hálft DI II 774 775 en þess er ekki getið í yngri máld. Hofskirkju fyrr en 1482 DI VI, nr. 399 að Svínafell er lagt til kirkjunnar (aftur?).
1.8.1546: Svínafell selt og kirkjuskyldar ekki getið DI XI, nr. 422

SF-087:003 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús 2-3 m frá bæ 001.
Samkvæmt túnakortinu virðist húsið hafa verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:004 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús rúmum 10 m frá bæ og um 2 m frá útihúsi 003.
Samkvæmt túnakortinu virðist húsið hafa verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:005 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 2 m aftan við bæ 001.
Samkvæmt túnakortinu virðist húsið hafa verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:006 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 5 m frá bæ 001 og var húsið sambyggt kálgarði sem hús 007 var byggt innan.
Samkvæmt túnakortinu var húsið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:007 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús tæpum 20 m frá bæ 001 og var kálgarður umhverfis.
Samkvæmt túnakortinu var húsið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:008 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 30 m frá bæ 001.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:009 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús rúmum 50 m frá bæ.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:010 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 60 m frá bæ 001, fast við heimreið 022.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:011 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 160 m frá bæ 001, í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu skiptist húsið í þrjú hólf.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:012 heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 185 m frá bæ 001, í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:013 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 190 m frá bæ 001, í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:014 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús tæpum 230 m frá bæ 001, í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:015 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 270 m frá bæ 001, í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:016 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 225 m frá bæ 001, í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:017 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 250 m frá bæ 001, í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:018 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús tæpum 240 m frá bæ 001, í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu var húsið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:019 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var útihús um 230 m frá bæ 001, í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:020 *Réttartún* örnefni rétt
"Réttartún er austan við Bæjarlæk neðan við götuna frá Austurbænum og austur í Löngutorfu, það nær niður að vegi og austur að framræsluskurði. Réttartúnsspildur er framræst tún, tvær spildur, austur frá Réttartúni. Hét þar áður Réttartúnsmýri," segir í örnefnaskrá.
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var Réttartún um 35 m frá bæ 001. Á þessum bletti eru merkt tvö útihús (010 og 011) og má vera að annað þeirra hafi verið rétt en ekki er hægt að fullyrða um það af þeim upplýsingum sem fá má af túnakortinu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:021 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 var kálgarður beint framan við bæinn og aðeins heimreiðin 022 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:022 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 lá heimreið frá Vesturbænum 025, fram hjá Austurbænum 001 og áfram að Löngutorfu. "Réttartún [020]er austan við Bæjarlæk neðan við götuna frá Austurbænum og austur í Löngutorfu, það nær niður að vegi og austur að framræsluskurði," segir í örnefnaskrá og á öðrum stað: "Rani er í halla neðan við götuna að Löngutorfu ofan við Réttartúnsspildur austan við Réttartún ofanvert"
Heimildir: Túnakort frá því um 1920., Ö-Svínafell, 3

SF-087:023 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 lágu götur niður túnið í Ekru og að bæ 001. Þær virðast hafa legið þvert á heimreið 022.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:024 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Austurbæjar frá um 1920 lágu götur eftir endilöngu túni Austurbæjarins, nálega samsíða heimreið en rúmum 100 m fjær.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:025 *Vesturbær* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Vesturbær verið í byggð a.m.k. frá 1791. Þar segir einnig: "Í Svínafelli hefur til forna aðeins verið einbýli, þó að þar hafi verið margt hjóna, e.t.v. einnig í




*Túnakort fyrir Svínafell (vesturbæ) frá um 1920. Tölur á korti vísa í fornleifanúmer í skránni.*

nútímamerkingu þess orðs. En síðan um 1800 hafa aldrei verið færri en tveir ábúendur þar og oftast

fleiri. Þó er talið, að jörðinni hafi ekki verið formlega skipt milli Austurbæjar og Vesturbæjar fyrr en um 1830, og hinum pörtunum var skipt út síðar, Böltanum árið 1863 og Breiðutorfu 1858. Böltinn var byggður úr Austurbæ, en Breiðatorfa úr Vesturbæ [...]. Ekki var þó byggt í Breiðutorfu fyrr en um 1870. Bærinn var áður fram af Austurbænum, en síðan búið þar til 1947, en þá sameinaðist hún aftur Vesturbænum. Árið 1895-1909 var auk þess bær í Stekkatúninu, og var þar búið við lítil efni, en yfirleitt voru Svínfellingar vel í efnum."
Samkvæmt túnakort frá því um 1920 var Vesturbærinn þá samsettur úr þremur burstum og langhúsi. Túnstærð Vesturbæjar var þá 5,2 teigir (ha) og sáreitir 1620 m2. Inn á túnakortið er auk bæjar merkt 11 útihús (026-036), 6 stakstæðir kálgarðar (037-042), fjórar leiðir (043-046) og örnefnið Stekkjartún (047).
Heimildir: BAS III, 42-44, 78 og Túnakort frá því um 1920

SF-087:026 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var útihús um 5 m frá bæ 025.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:027 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var útihús um 15 m frá bæ 025.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:028 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var lítill kofi um 3 m frá bæ 025.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:029 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var lítill kofi um 10 m frá bæ 025. Húsið hefur verið í krika þar sem leið 043 frá Brölta og leið 044 komu saman, nálægt bæ.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið tvískipt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:030 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var útihús tæpum 30 m frá bæ 025 í túni sem nefnt er Hesthústún.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt. Líklegt er að annað hvort 030 eða hús 031 sem eru í túninu hafi verið hesthús.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:031 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var útihús 35-40 m frá bæ 025 í túni sem nefnt er Hesthústún.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt. Líklegt er að annað hvort 030 eða hús 031 sem eru í túninu hafi verið hesthús.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:032 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var útihús 35-40 m frá bæ 025 í túni sem nefnt er Hesthústún.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt. Líklegt er að annað hvort 030 eða hús 031 sem eru í túninu hafi verið hesthús.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:033 heimild um útihús

Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var útihús 145 m frá bæ 025 í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:034 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var útihús 150 m frá bæ 025 í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:035 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var útihús 140 m frá bæ 025 í túni sem nefnt er Langatorfa.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:036 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var útihús 230 m frá bæ 025 í túni sem nefnt er Stekkjartún 047.
Samkvæmt túnakortinu hefur húsið verið einfalt og byggt í túnjaðri.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:037 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var kálgarður beint framan við bæ 025 og aðeins um 2-3 m á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:038 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var kálgarður um 5 m frá bæ 025, til móts við útihús 029. Kálgarðurinn var í kverk þar sem gata frá Brölta 043 og önnur gata 044, komu saman.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:039 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var kálgarður fast aftan við bæ 025.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:040 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var kálgarður framan við útihús 031 og 032 en um 30 m frá bæ 025.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:041 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var kálgarður um 235 m frá bæ 025, í túni sem nefnt er Stekkjartún 047.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:042 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 var kálgarður um 230 m frá bæ 025, í túni sem nefnt er Stekkjartún 047.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:043 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 lá leið að Vesturbænum frá Brölta. Leiðin endaði í leið 044, við bæjarhornið 025.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:044 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 lá leið að Vesturbænum ofan úr túni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:045 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 lá leið í jaðri Hesthústúna.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:046 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 lá leið um Stekkjartún 047.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:047 *Stekkjartún* heimild um býli
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1895-1909 var auk þess bær í Stekkatúninu, og var þar búið við lítil efni, en yfirleitt voru Svínfellingar vel í efnum." Samkvæmt túnakorti Vesturbæjar frá um 1920 Var Stekkjartún stakstæður túnskiki rúmum 200 m frá bæ 025 og er líklega um einn og sama staðinn að ræða. Mögulegt er að útihús 036 sé byggt á stekkjarleifum/býlisleifum en ekki verður um það fullyrt. Í örnefnaskrá segir: ... árabil kringum aldamótin 1900 var fimmta býlið Stekkatún," og á öðrum stað: " Stekkatún er austan Lambhagalæks ofan við veg. Miðjavega í því var áður samnefndur bær, sem fyrr er á minnzt." Í örnefnaskrá AG segir: "Austan við Lambhagalæk er Stekkatún , þar var bær í nokkur ár en rifinn fyrir nálega 40 árum. Stekkatúnsbrekkur eru upp af Stekkatúni og Rófa er grasgeiri upp í skógarbrekku" Í örnefnaskrá AG segir einnig: "Upp af Skriðusporði, niður af Stekkatúni, var hóll sem hét Stekkhóll, er horfinn í skriðu,"
Heimildir: BAS III, 44-45,Túnakort frá því um 1920, Ö-Svínafell, 1,4, Ö-Svínafell AG,

SF-087:048 *Bölti* bæjarstæði búst aður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hefur Bölti verið í byggð frá 1863. Þar segir einnig: "Í Svínafelli hefur til forna aðeins verið einbýli, þó að þar hafi verið margt hjóna, e.t.v. einnig í




*Túnakort Bölta í Svínafelli frá um 1920. Númer vísa í númer í fornleifaskrá.*

nútímamerkingu þess orðs. En síðan um 1800 hafa aldrei verið færri en tveir ábúendur þar og oftast fleiri. Þó er talið, að jörðinnni hafi ekki verið formlega skipt milli Austurbæjar [001] og Vesturbæjar[025] fyrr en um 1830, og hinum pörtunum var skipt út síðar, Böltanum árið 1863 og Breiðutorfu [060]1858. Böltinn var byggður úr Austurbæ, en Breiðatorfa úr Vesturbæ [...]. Ekki var þó byggt í Breiðutorfu fyrr en um 1870. Bærinn var áður fram af Austurbænum, en síðan búið þar til 1947, en þá sameinaðist hún aftur Vesturbænum." Í örnefnaskrá segir: " Bölti er suðaustan Skógargils, þar stóð áður á hjalla í bröttu túni samnefndur bær, en árið 1922 var hann fluttur niður á Undirlendið, en heldur þó sínu gamla nafni" Í örnefnaskrá AG segir: " Austan við Skógargilið er Bölti (13), brattur hjalli í túninu. Þar stóð bærinn Bölti alllengi en árið 1922 var hann fluttur niður á Undirlendið,"
Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var Bröltabærinn þá fjórarbustir og langhús. Tún voru þá 2,4 teigir (ha) og sáreitir 1046 m2. Inn á túnakort Brölta er, auk bæjar, merkt 6 útihús (049-054), 3 stakstæðir kálgarðar (055-056, 059) og 2 leiðir (057-058).
Heimildir: BAS III, 44-45, Túnakort frá því um 1920, Ö-Svínafell, 2 og Ö-Svínafell AG, 1

SF-087:049 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Bölta frá um 1920 var útihús um 5 m frá bæ 048.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:050 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 var útihús um 55 m frá bæ 048, efst í túni.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:051 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 var útihús um 55 m frá bæ 048, efst í túni og um 30 m frá 050.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:052 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 var útihús um 65 m frá bæ 048.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:053 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 var útihús um 110 m frá bæ 048, neðst í túninu.
Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:054 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 var útihús um 180 m frá bæ 048 í stakstæðum túnskika sem nefndur er Nýjatún.
Samkvæmt túnakortinu var húsið tvískipt og L-laga.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:055 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 var kálgarður beint framan við bæ 048 og aðeins heimreiðin 057 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:056 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 var kálgarður um 30 m frá bæ 048 í túnhorni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:057 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 lá heimreið fram hjá bænum í Brölta og áfram til beggja átta, annars vegar til Breiðutorfu 060 og hins vegar til Vesturbæjar 025 (sjá einnig 043 fyrir framhald þessarar götu).
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:058 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 var leið í túnjaðri og lá heimreiðin heim að bæ 057 frá henni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:059 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Brölta frá um 1920 var stakstæður kálgarður, utan túna og um 125 m frá bæ 048.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:060 *Breiðatorfa* bæjarstæði bústaður
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Breiðatorfa í byggð frá 1868 til 1947. Þar segir einnig: "Í Svínafelli hefur til forna aðeins verið einbýli, þó að þar hafi verið margt hjóna, e.t.v. einnig í nútímamerkingu þess orðs. En síðan um 1800 hafa aldrei verið færri en tveir ábúendur þar og oftast fleiri. Þó er talið, að jörðinnni hafi ekki verið formlega skipt milli Austurbæjar [001 ]og Vesturbæjar [025] fyrr en um 1830, og hinum pörtunum var skipt út síðar, Böltanum [048] árið 1863 og Breiðutorfu 1858. Böltinn var byggður úr Austurbæ, en Breiðatorfa úr Vesturbæ [...]. Ekki var þó byggt í Breiðutorfu fyrr en um 1870. Bærinn var áður fram af Austurbænum, en síðan búið þar til 1947, en þá sameinaðist hún aftur Vesturbænum." Í örnefnaskrá segir: "Breiðatorfa (oft stytt í Torfa) er norðvestan Skógargils. Í henni nær miðju stóð áður samnefnt býli,"
Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var bærinn í Breiðutorfu þá þrjár burstir og langhús. Tún voru þá 2,7 teigar (ha) og sáðreitir 923 m2. Auk bæjarhúsa eru merkt 5 útihús (061-065), 3 stakstæðir kálgarðar (066-068) og tvær götur (069-070).
Heimildir: BAS III, 45, Túnakort frá því um 1920, Ö-Svínafell, 1

SF-087:061 heimild um útihús




*Túnakort Breiðutorfu í Svínafelli frá um 1920. Númer sett inn af höfundi og vísa til fornleifanúmera.*

Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 var útihús um 35 m frá bæ 060.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:062 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 var útihús 60-70 m frá bæ 060.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:063 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 var útihús um 25 m frá bæ 060.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt en umhverfis var kálgarður.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:064 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 var útihús rúma 50 m frá bæ 060.
Samkvæmt túnakortinu hefur útihúsið skipst í þrjú hólf.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:065 heimild um útihús
Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 var útihús um 185 m frá bæ 060 í túnskika sem nefndur er Nýjatún.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:066 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 var kálgarður beint framan við bæ 060 og aðeins

heimreiðin 070 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:067 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 var kálgarður um 70 m frá bæ 060.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:068 heimild um kálgarð
Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 var kálgarður um 100 m frá bæ 060 við s.k. Flatatún.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:069 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 var leið í túnjaðri heimatúnsins og lá heimreiðin 070 frá henni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:070 heimild um leið
Samkvæmt túnakorti Breiðutorfu frá um 1920 lá heimreið að Breiðutorfu frá leið 069 og að bæ. Samkvæmt túnakortinu lá framhald þessarar leiðar til Brölta (sjá leiðir 043 og 060).
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-087:071 *Nátthagi* heimild um nátthaga
Í örnefnaskrá segir: "Nátthagi er garðbrot efst í Breiðutorfutúni" og á öðrum stað: "Nátthagi er efst í túni Stekkatúnskróks, um hann voru hlaðnir garðar, leifar þeirra sjást nú aðeins að austan og ofan."
Heimildir: Ö-Svínafell, 1 og 4

SF-087:072 *Efri Bölti* örnefni bústaður
Í örnefnaskrá segir: "Efri-Bölti er ofar í brekkunni. Ofan við Bölta er brött torfa, Böltatorfa, er skagar upp í skógarbrekkurnar, efsti hluti hnnar heitir Böltatorfutoppur"
Heimildir: Ö-Svínafell, 2

SF-087:073 *Smiðjutún* örnefni smiðja
Í örnefnaskrá segir: "Smiðjutún er í halla austan við Bölta". Í örnefnaskrá AG segir: "Í halla fyrir austan Böltatorfu er Smiðjutún,"
Heimildir: Ö-Svínafell, 2 og Ö-Svínafell AG, 1

SF-087:074 *Smiðjutún* örnefni smiðja
Í örnefnaskrá segir: "Mjóa-Ekra er gamalt nafn á bröttu túni, sem nú er orðið bithagi, upp af Vesturbæ milli Litlulágar og Fauska, sumir kalla það nú Smiðjutún ásamt því, sem áður er nefnt."
Heimildir: Ö-Svínafell, 2

SF-087:075 heimild
Í örnefnaskrá segir: "Kórar er hvammar í bröttu túni framan í Ekru austanverðri norðvestan við gömlu rafstöðina"
Heimildir: Ö-Svínafell, 2

SF-087:076 *Veiturnar* heimild um áveitu
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Frá Svínafelli liggja tvær leiðir austur eftir sveitinni og koma saman nokkru fyrir innan Hof. Önnur leiðin liggur utan við engið frá Svínafelli, Veiturnar, þá skammt fyrir ofan gamlar jökulöldur, svonefnd Sel, kippkorn í suður frá Sandfelli." Í örnefnaskrá er getið um Veituörnefni á nokkrum stöðum. Þar segir: "Skógarlækur,Bæjarlækur og aðrir lækir í Svínafellstúnum sameinast í Veitulæk, en þorna stundum í malarbornum farvegum sínum á sléttlendinu. Afrennsli allra nýræktarskurðanna í Svínafellstúnum sameinast einnig í Veitulæk, er fellur frá Veitunni, sem nú er orðin að túnum, til suðvesturs og sameinast Svínafellsá utan við gróðurlendið." Á öðrum stað segir: "Í Hálsaskeri ofan vegar eru útisamkomur oft haldnar. Hálsaskersgarður er gamall vörslugarður frá vegi

upp að fjalli, náði áður niður með túnum tengdur. Veitugarði, sem hlaðinn var kringum Veitu" og á enn öðrum: "Veita heitir allt slægjulandið vestan Hálsaskers neðan vegar,
var mýrlendi, nú framræst tún, skiptist áður í Austur-Veitu og Vestur-Veitu."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 17, Ö-Svínafell, 2, 4, 5

SF-087:077 *Hesthústún* örnefni hesthús
"Ofan götunnar að Löngutorfu austur frá Bæjargili er fyrst Hesthústún, bratt og þýft, hét áður Þorlákstún, nær að Hæðalæk, sem er smálækur, stundum þurr að neðanverðu, fellur niður milli Réttartúns og Bana í nýræktarskurð," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá AG segir ennfremur:"Austan við lækinn er Hesthústún, brött brekka, hét áður Þorlákstún,!
Heimildir: Ö-Svínafell, 3 og Ö-Svínafell AG, 2

SF-087:078 heimild um fjárhús
"Upp af fjárhúsum og hlöðu [079] Austurbæjar í Löngutorfu er Lág, löng lægð upp eftir brekkunni. Vestan megin við Lágina er Vestritorfa, og austan megin Eystritorfa, báðar háar og brattar. Grund nefnist neðsti hluti Löngutorfu neðan fjárhúsa."
Heimildir: Ö-Svínafell, 3

SF-087:079 heimild um fjárhús
"Upp af fjárhúsum [078] og hlöðu Austurbæjar í Löngutorfu er Lág, löng lægð upp eftir brekkunni. Vestan megin við Lágina er Vestritorfa, og austan megin Eystritorfa, báðar háar og brattar. Grund nefnist neðsti hluti Löngutorfu neðan fjárhúsa."
Heimildir: Ö-Svínafell, 3

SF-087:080 *Hálsaskersgarður* heimild um vörslugarð
"Hálsasker er stórt svæði austan og neðan við Goðagilsskriðu, það nær austur að Virkisáraurum og upp undir fjallið, efri hluti þess er kjarri vaxinn, en vestri hluti þess neðan vegar er tún. Í Hálsaskeri ofan vegar eru útisamkomur oft haldnar. Hálsaskersgarður er gamall vörslugarður frá vegi upp að fjalli, náði áður niður með túnum tengdur Veitugarði [076], sem hlaðinn var kringum Veitu," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá AG segir: "Þá er næst Hálsasker, þá er komið þar í eitt túnið enn. Reyndar má geta þess að Hálsasker á við stærra svæði. Utan við túnið á Hálsaskeri er hlaðinn vörslugarður sem heitir Hálsaskersgarður,"
Heimildir: Ö-Svínafell, 4, Ö-Svínafell AG, 2

SF-087:081 *Stekkatúnspyttur* heimild um vatnsból
"Stekkatúnspyttur er neðan og austanhallt við Skriðusporð, djúpur pyttur, en hefur grynnzt við framræslu Veitunnar, þar er uppspretta, vikurlag á hreyfingu er í botni pyttsins, úr honum rennur Veitulækur nú um framræsluskurð út fyrir Veitugarð. Vatnsból Stekkatúnsbæjar var hjá eða í Stekkatúnspytti. Sagt er, að í fyrri daga hafi Svínfellingar notað pyttinn til að baða hross sín í," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 5

SF-087:082 *Götubakkar* örnefni leið
" Götubakkar voru áður austur með veginum austan Stekkatúnspytts. Þúfur voru þar neðan við. Þessi tvö síðast talin örnefni eru nú aftekin, því að við ræktun hefur túnið þar sameinast Skriðusporði. Neðan við efsta skurðinn austan Stekkatúnspytts eru þrjár nýræktarspildur, sem tilheyra Austurbæ og snúa frá austri til vesturs,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 5

SF-087:083 *Kvarnarskák* heimild um myllu
"Kvarnarskák er vestan við Breiðuskák, tilheyrir Vesturbæ, þar var áður kvörn, þ.e. kornmylla," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 6

SF-087:084 *Kúagirðing* örnefni vörslugarður

"Kúagirðing efst upp við heimreiðarveg, notuð til beitar, oft sem áheldi fyrir hross," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá AG segir: "Kúagirðing er efst í Vesturveitu, er alveg upp við veg, næst heimreið,"
Heimildir: Ö-Svínafell, 6, Ö-Svínafell AG, 2

SF-087:085 *Girðing* örnefni óþekkt
"Girðing var lítið slægjustykki austur af Efstastykki. Nú er Veitan öll orðin að framræstu túni, ..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 6

SF-087:086 heimild um leið
"Smjörsteinn er stór steinn í grashvammi framan undir hól í Langafellsjökli, minnir á smjörsköku að lögun, hjá honum lá þjóðvegurinn áður," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá AG segir: "Smjörsteinn var við veginn áður en brúin kom, má segja að hann sé hluti af Langafellsjökli,"
Heimildir: Ö-Svínafell, 6-7, Ö-Svínafell AG, 3

SF-087:087 *Virkisá* örnefni virki
"Virkisá er austan Langafellsjökuls," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Árnar, sem undan Falljöklinum koma, eru þrjár. Næst Svínafelli er Virkisá innri eða Innstaá, sem áður hefir verið nefnd. Hún kemur undan jöklinum fast við Svínafellsfjallið. Þá kemur Virkisá eystri eða Miðá, undan jökultungunni fremst, [...]."
Heimildir: Ö-Svínafell, 7, ÁFÍ 1937, 18

SF-087:088 heimild um beitarhús
"Utast í Austur-Söndum eru Strýthólar, háir hólar, þar eru beitarhúsatættur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 7

SF-087:089 *Gömlutættur* heimild um óþekkt
"Gömlutættur eru í Svekju, lágir hólar með tóftarbrotum, norðaustur af Strýthólum," segir í örnefnaskrá. "Gömlutættur eru í Svekju, þar skammt austur af er Þorleifshóll (100), nú orðinn lágur því aurinn hækkar af framburði Virkisár," segir í örnefnaskrá AG.
Heimildir: Ö-Svínafell, 8, Ö-Svínafell AG, 4

SF-087:090 *Valdyshólar* heimild um býli
"Valdishólar (óviss uppruni, kannski afbakað) eru austast og efst í Söndum, þar eru beitarhúsatættur. Fremst í þeim Háihóll, hár og toppmyndaður," segir í örnefnaskrá. Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Valdyshólar, en engar sagnir eru tengdar við þau örnefni. Goðagils og Valdyshóla er hvergi getið í heimildum, en sagnir eru um, að maður, er Valdi hér, hafi búið um tíma í Valdyshólum á átjándu öld, [...]."
Heimildir: Ö-Svínafell, 8

SF-087:091 *Borgir* örnefni fjárskýli
"Borgir eru utast á Grashólabakka skammt ofan við Strýthóla," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá AG segir ennfremur: "Á Grashólabakka utast, skammt ofan Strýthóla, heita Borgir,"
Heimildir: Ö-Svínafell, 8, Ö-Svínafell AG, 4

SF-087:092 *Sel* heimild um sel
"Selbakkar eru vestan Skjólsteinsskiptis beint út af Seli. Selbakkasteinn er utast á bökkunum miðja vega. Selbakkalækur er á Selbökkum. Leira er vestast í Söndum, graslendi austan Veitulæks utan frá bökkum upp á móts við Sel. Götusteinn [093], lítill steinn efst á Leiru. Sel eru hólar efst í Vestur-Söndum, stærstur þeirra er Selhóll, þar eru beitarhús," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Frá Svínafelli liggja tvær leiðir austur eftir sveitinni og koma saman nokkru fyrir innan Hof. Önnur leiðin liggur utan við engið frá Svínafelli, Veiturnar, þá skammt fyrir ofan gamlar jökulöldur, svonefnd Sel, kippkorn í suður frá Sandfelli. Þar eru beitarhús." Í örnefnaskrá AG segir að auki: "Selhóll, þar eru fjárhús, efst í Leiru er Götusteinn,"

Heimildir: Ö-Svínafell, 9, ÁFÍ 1937, 17, Ö-Svínafell AG, 4

SF-087:093 *Götusteinn* örnefni leið
"Leira er vestast í Söndum, graslendi austan Veitulæks utan frá bökkum upp á móts við Sel. Götusteinn, lítill steinn efst á Leiru," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 9

SF-087:094 heimild um túngarð
"Veitubakkar eru meðfram Veitulæk beggja megin utan Veitu. Austar og ofar við túngirðinguna eru Stórusteinar," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 9

SF-087:095 *Götur* örnefni leið
"Upp með Veitu að vestan heita Götur; efst á þeim er fjárrétt [094]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 9

SF-087:096 heimild um rétt
" Upp með Veitu að vestan heita Götur[095]; efst á þeim er fjárrétt," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 9

SF-087:097 *Stöðull* heimild um kvíar
"Stöðull er ofan við Götur [096]vestur af Undirlendi utan túns. Þar vestar eru gamlir farvegir Svínafellsár, er nefnast Aur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 9

SF-087:098 *Neðstivegur* heimild um leið
"Drápsfoss er í Hrútagili, dregur nafn af því, að fé hefur hrakið þar fram af, þegar mikið var í læknum. Götur yfir Hrútagil nefnast
Neðstivegur mest farinn,..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Svínafell, 10

SF-087:099 *Miðvegur* heimild um leið
"Drápsfoss er í Hrútagili, dregur nafn af því, að fé hefur hrakið þar fram af, þegar mikið var í læknum. Götur yfir Hrútagil nefnast
Neðstivegur [098 ]mest farinn, Miðvegur milli Neðstavegs og Drápsfoss,..." segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Svínafell, 10

SF-087:100 *Efstivegur* heimild um leið
"Drápsfoss er í Hrútagili, dregur nafn af því, að fé hefur hrakið þar fram af, þegar mikið var í læknum. Götur yfir Hrútagil nefnast
Neðstivegur [098 ]mest farinn, Miðvegur [099] milli Neðstavegs og Drápsfoss, Efstivegur ofan við Drápsfoss," segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Svínafell, 10

SF-087:101 *Hrossavað* heimild um vað
"Hrossavað yfir Hrútagilslæk ofan við fossa," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 10

SF-087:102 *Húsadalir* örnefni óþekkt
"Húsadalir eru austur af Háaskeri vestan Skógarlæks, þar eru stórir steinar," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 10

SF-087:103 *Höltuglámuból* örnefni ból
"Skuggarák er neðst í Skuggaklettum vestur af Höltuglámubóli, Höltuglámuból er undir Hnútuklettum vestast," segir í örnefnaskrá.

Heimildir: Ö-Svínafell, 11

SF-087:104 *Langaból* örnefni ból
"Grámosar er stórt svæði austur frá Geldingagili framan í fjallinu neðan Breiðurákar. Efst í þeim niður af Breiðurákarnefi er Langaból," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 11

SF-087:105 *Flosahellir* heimild
" Flosahellir er austan við Litlasvelti ofanvert framan í kletti, tvískiptur og skáhallur, þannig að vestri hlutinn er nokkru ofar en sá eystri. Þar er sagt, að smalamaður frá Svínafelli hafi staðið af sér Öræfahlaupið 1362, hellirinn nær ekki langt inn í bergið," Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Austarlega í því [Svínafelli?] og nokkuð hátt uppi er hellir, sem heitir Flosahellir. Ekki er hann stór né markverður." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "[...] þjóðsögur [eru] tengdar við sum örnefni þar, og er Flosahellir þeirra merkast. Er sagt, að í honum hafi Hallur smali bjargazt í Öræfahlaupinu 1362."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 17; BAS III, 78

SF-087:106 *Kjötból* örnefni ból
"Kjötból er skammt innan við Vondagil í miðjum hlíðum, og Kjötbólsklettur upp af því," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 13

SF-087:107 *Neðstivegur* heimild um leið
"Stígar eru þar innan við, stórt svæði austan í fjallinu, klettabelti og hjallar. Í Stígum eru Neðstivegur, aðalgatan,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 13

SF-087:108 *Miðvegur* örnefni leið
"Stígar eru þar innan við, stórt svæði austan í fjallinu, klettabelti og hjallar. Í Stígum eru Neðstivegur [107] aðalgatan, Miðvegur,..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 13

SF-087:109 *Efstivegur* heimild um leið
"Stígar eru þar innan við, stórt svæði austan í fjallinu, klettabelti og hjallar. Í Stígum eru Neðstivegur [107] aðalgatan, Miðvegur [108], Efstivegur." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 13

SF-087:110 *Ból* örnefni BÓL
"Vondarák liggur sunnan að Vondasvelti ofan af fjalli. Innan við Stíga eru Ból. - Nokkuð innan við Bólin er Háls, hæð með grónum brekkum og skriðum framanhallt við Gljúfrið í Dalnum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Svínafell, 13

SF-087:111 heimild um óþekkt
"Tögl eru vestan Virkisár og ná út að sandinum, austan við Svekju. Rétt út við sand eru Strýthólarnir, þar eru tættur," segir í örnefnaskrá AG
Heimildir: Ö-Svínafell AG, 4

SF-087:112 heimild um leið
"Í Hrútagili, rétt neðst, er Drápsfoss. Fé hrakti eitt sinn í fossinn. Gata er yfir gilið, rétt neðst," segir í örnefnaskrá AG
Heimildir: Ö-Svínafell AG, 5

SF-087:113 heimild
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir : "Hellutak gott, torfrista góð og nærtæk."

Heimildir: BAS III, 78

SF-087:114 heimild um ristu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir : "Hellutak gott, torfrista góð og nærtæk."
Heimildir: BAS III, 78

SF-087:115 heimild um brunn
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Vatn var leitt í Austurbæ og Vesturbæ árið 1915 og báðir bæir raflýstir 1925."
Heimildir: BAS III, 79

SF-087:116 *Skakkeshólmi* heimild um áfangastað
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Vestast í Svínafellslandi var áningastaður, sem var af sumum kallaður Skakkeshólmi, e.t.v. afbökun úr Starkaðshólma, en Starkaðarhólma (í fleirtölu) er getið í Rauðalækjarmáldaga 1343. Sumir nefndu þennan hólma Skakkhólshólma, og er það nafn sennilega réttara. Þó er ekkert um Skakkhól vitað. Er því annaðhvort, að Svínafellsá hefur fyrir löngu tekið hann af eða að hér er um skýringartilraun á hinu nafninu að ræða. Þegar Svínafellsá flutti sig í núverandi farveg, tók hún þennan áningarstað með öllu af."
Heimildir: BAS III, 79

SF-087:117 heimild um kolagröf
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Svínfellingar sóttu skóg til kolagerðar að Skaftafelli fram að aldamótum 1900."
Heimildir: BAS III, 77

SF-087:118 *Grettistak* heimild um aflraun
Heimildir: FF, 89:

SF-087:119 heimild um leið
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Frá Svínafelli liggja tvær leiðir austur eftir sveitinni og koma saman nokkru fyrir innan Hof. Önnur leiðin liggur utan við engið frá Svínafelli, Veiturnar, þá skammt fyrir ofan gamlar jökulöldur, svonefnd Sel, kippkorn í suður frá Sandfelli. Þar eru beitarhús. Fyrir utan Sandfell er farið rétt ofan við eyðibýlið í Sandfellslandi, sem hét Distriktið, þar eru nú sauðahús frá Hofi, og loks er komið á eldri alfaraveginn rétt fyrir austan Svartajökul. Leið þessi er greiðfærari og alltaf farin, þegar inn á byggð er farið með kerrur."
Heimildir: SSS, 151-152; ÁFÍ 1937, 17

SF-087:120 *Svínanes* heimild um býli
[1343]: "Máldagi Klemenskirkju að Hofi í Héraði (Öræfum) [...]. Clemenskirkia ad hofi j hieradi a heimaland halft med ollum gognum oc giædum. skaptafell halft. sandhofda halfan. svinanes halft. suinafell halft." Í örnefnaskrá AG segir: "Innan við Svínafellsá, niður frá jökulöldu, vestan ár, er austan við ána(?). Þá er þar innar á sem heitir Skráma. Breytti um farveg og er nú norður af Stóruöldu. Skráma rennur um svæði sem vanalega er nefnt Nes, Svínanes. Skráma rennur í Neskvíslar. Stóraalda er hæð í Svínanesi (í Skaftafellslandi)." Í Ferðabók Sveins Pálssonar stendur: "5. Svínanes er talið hafa staðið þar, sem hinn mikli jökull hefur nú skriðið fram, milli Skaftafells og Svínafells, því þar hafa fundist tilhöggnar spýtur úr rauðaviði, er áin hefur borið fram undanjökli þessum,".
Var mögulega einhvern tíma bær á þessum stað?
Heimildir: DI II, 774, Ö-Svínafell AG, 4: Ferðabók Sveins Pálssonar, 537

SF-087:121 heimild um leið
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Efri vegurinn liggur fyrst í jaðri túnanna í Svínafelli, austur fyrir svonefnt Hálsasker, sem er sléttur valllendisbali og austasti hluti túnanna. Þá taka við aurar, sem

Innstaá hefur fallið um, kallaðir Háu-aurar. Þegar riðið er austur aurana, er skammt upp til fjallsins."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 17

SF-087:122 heimild um fjós Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson stendur: "Á uppvaxtarárum Jóns [Einarssonar bónda í Hæðum f. 1846] stóð enn gamli Svínafellsskálinn, mikil bygging og vel miðuð. Hann var notaður sem svefnskáli vinnufólks frá tveimur heimilum í Svínafelli, en um kvöldvökur var setið að vinnu og skemmtun á fjóspalli. [...] Rekkjurnar voru í öðrum enda Svínafellsskálans til beggja hliða, lokrekkjur vel um búnar. Þangað gekk vinnufólkið í kvöldlok og háttaði í myrkri."
Heimildir: Skaftafell, 101

SF-087:123 heimild um myllu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1874 eða um það bil, kom Sigurður Ingimundarson upp vatnsknúinni kornmyllu, þeirri fyrstu í Öræfu, en þeim var fljótlega komið upp í öllum bæjarþorpum."
Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1993 er ljósmynd af kvarnakofa í Skógargili, í landi Svínafells.
Heimildir: BAS III, 58; ÁFÍ, 131

SF-087:124 *Ekra* örnefni akur
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Örnefnið Ekra bendir til, að kornrækt hafi verið í Svínafelli, og er ekki vafi á, að hún hefur verið stunduð þar a.m.k. til 1362. Geta má þess, að 1343 átti Rauðalækjarkirkja sáld korns í jörðu (sáld = 102,9 k.g.), og hefur þar því verið allvænn akur." Ekra er merkt inn á túnakort Svínafells (austurbæjar) frá því um 1920 og er þá heiti á túnskika hjá bæ 001. "Ekra er austan við Fauska, bratt, gamalt tún, sem tilheyrir Austurbæ, nú bithagi," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: BAS III, 76, Túnakort frá því um 1920, Ö-Svínafell, 2

SF-087:125 heimild um beitarhús
"Beitarhúsin á Stóruöldu, sem enn má sjá rústir af, voru sömuleiðis byggð á nítjándu öld." segir í bókinni Skaftafell í Öræfum.
Heimildir: Skaftafell í Öræfum, 59

## *SF-088 Skaptafell*

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Skaftafell. Kóngsjörð. Landsk. eftir jarðabók 1697, 1 1/2c. Jarðardýrleiki xijc." JÁM XIII, 437.
1847: 12 hdr. Bændaeign. JJ, 6.
Skaftafell er nefnt í Brennu-Njálssögu. Þar segir m.a.: "Flosi [Þórðarson Freysgoða] mælti til Hoskulds [Þráinsson Hvítanesgoði]: "Þat segir Hildigunnur mér, at fáleikar sé miklir með yðr Njálssonum, ok þykki mér þat illa, ok vil ek bjóða þér, at þú ríðir eigi vestr, ok mun ek fá þér bústað í Skaptafelli, [...]." ÍF XII, 278-279.
[1343]: "Máldagi Klemenskirkju að Hofi í Héraði (Öræfum) [...]. Clemenskirkia ad hofi j hieradi a heimaland halft med ollum gognum oc giædum. skaptafell halft. sandhofda halfan. svinanes halft. suinafell halft." DI II, 774.
[1387]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Þessar ä kirkian jarder. Fiall med ixc. fioru. halft Skaptafell. Suinanes halft. og helming allra þeirra fiarna sem liggia til Jokulfells." DI III, 400-401.
[22. og 23. júní 1482]: "Þesse adur greindur herra broder Magnus [biskup í Skálholti] giordi þessi umskipti við kirkiuna ad Hofi med handsoludu samþycki Magnusar bonda Gunnarssonar. sem þä var eigandi ad Hofi. Fyrer halft Skaptafell fieck hann til eignar klrkiunni ad Hofi halft Svinafiall." DI VI, 443.
[5. maí 1483]: "Magnús biskup í Skálholti geldr klaustrinu í Kirkjubæ jarðirnar Skaptafell í Öræfum og Haukafell í Hornafirði [...]." DI VI, 482. [1491-1518]: "Máldagi Hofskirkju í Öræfum. [...] Hof j oræfum. Kirkia sancti clementes pape martyris a hofe a halft heimaland at fornu. oc nu þat at auki er magret þorhallzdotter lagdi kirkiunne þar uppi heimalndit fyrir halft skaptafellid er hun kirkian atti til forna. enn greind margret selldi burt." DI VII, 36-37.
25. ágúst 1541: Gissur biskup Einarsson skrifar bréf í Skaftafelli til Ásgíms Ásgrímssonar varðandi sölu á jörðinni Horni í Hornafirði. DI X, 656.
Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Skaftafell, 12 hndr. að dýrleika, er norðasti bær í Sandfellssókn, [...]." SSS, 150.
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar segir einnig: "Upprekstur á jörðin í Freysneslandi, þar sem heitir Hafrafell. Er nú óbrúkandi, því allt er komið í jökul." JÁM XIII, 437. Í Sýslu- og sóknalýsingum frá



*Horft til Skaftafells, í nóvember 2010.*

1839 segir einnig: "[...] sauðfjárjörð allgóð, en heyskaparlaus að kalla nema túnið; [...]." SSS, 150.
Í Sýslu og sóknalýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: "Öngvar

selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Afréttir eru öngvir nema Hofsmenn reka geldfé, mest 50 fjár, í Breiðamerkurfjall og Svínafellsmenn í Hafrafjall fáar kindur. [...] Flestir bæir eru hér álíka byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." SSS, 151-152.
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Undirlendi er að heita má ógróið nema vestan Skeiðarár, en fjalla og heiðalönd víðlend og vel gróin, en nokkuð erfið til smölunar. [...] Í nefndaráliti frá 11. maí 1849 segir: "Skaftafell, bændaeign. Túnið er heldur stórt en snöggt, fóðrar 3 kýr, engjar eru engar og sáralitlar slægjur í bithaga. Hagar eru víðlendir en [erfiðir]. Jörðin álízt að geta framfleytt 2 kúm og 150 fjár. Fjörur fylgja miklar en [ærið] örðugar. Skógur er hér töluverður. Jörðin er á allan hátt örðug, en [upprekstur] mætti vera hér á sumrum fyrir 80 fjár." Við þetta hefði mátt bæta: Hellutak sæmilegt, en langsótt. Torfrista léleg. Selveiði talsverð, bæði að vori og hausti, en erfið." BAS III, 80, 82-83. "Nú er Skaftafell þjóðgarður. Það var selt ríkinu 13. maí 1966 en formleg afhending fór fram 15. september 1967." BAS III, 84.

SF-088:001 *Skaptafell (elsta* bæjarhóll bústaður *bæjarstæði)*
Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979 segir: "Svo er sagt að á fyrri öldum hafi




*Túnakort Skaftafells frá því um 1920. Tölusetning höfundar og vísar í fornleifanúmer í skránni.*

bærinn í Skaftafelli staðið niðri á jafnsléttu, en þegar fyrst er vitað stóð hann steinsnar uppi í brekkunni [002]." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Áður stóðu bæirnir á sléttlendinu undir heiðinni, en vegna ágangs Skeiðarár varð að flytja þá um 100 m. upp í brekkuna (250 m.y.s.). Nú eru þrír bæir í Skaftafelli: Austast Bölti [003], þá Sel [038] og efst og vestast Hæðir [021-022]." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Á fyrri öldum var einbýli í Skaftafelli, og virðist það hafa haldizt til 1830. Var bærinn [sjá 002] austast við eystra gilið, og var allhátt upp að honum árið 1814, eftir sögn Hendersons, en nú hefur Skeiðará að mestu tekið tætturnar af þeim bæ. Varla þarf þó að efa, að það hefur ekki verið hið upprunalega bæjarstæði. Hefur bærinn eflaust upphaflega staðið neðan við brekkuna, en verið

færður, þegar Skeiðará tók að bera undir sig, en fyrir því eru engar heimildir kunnar. [...] Ekki eru mér kunnugar áreiðanlegar heimildir um það, hvaða ár gamli bærinn í Skaftafelli var færður upp í Bölta [003], en eftir því sem næst verður komizt, mun það hafa verið árið 1849. Eins og áður er sagt, mun hafa verið einbýli í Skaftafelli til ársins 1832, en þá eða árið eftir var jörðinni skipt í þrjá parta, og var hver um sig talinn 4 hundruð og 8 álnir."
Heimildir: SSS, 150; ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 83-84; Skaftafell, 29, 30-34

SF-088:002 *Skaftafell (næst elsta* bæjarhóll bústaður *bæjarstæði)*
Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Skaftafell, 12 hndr. að dýrleika, er norðasti bær í Sandfellssókn, [...]." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Á fyrri öldum var einbýli í Skaftafelli, og virðist það hafa haldizt til 1830. Var bærinn austast við eystra gilið, og var allhátt upp að honum árið 1814, eftir sögn Hendersons, en nú hefur Skeiðará að mestu tekið tætturnar af þeim bæ. Varla þarf þó að efa, að það hefur ekki verið hið upprunalega bæjarstæði. Hefur bærinn eflaust upphaflega staðið neðan við brekkuna[sjá 001], en verið færður, þegar Skeiðará tók að bera undir sig, en fyrir því eru engar heimildir kunnar. [...] Ekki eru mér kunnugar áreiðanlegar heimildir um það, hvaða ár gamli bærinn í Skaftafelli var færður upp í Bölta [sjá 003], en eftir því sem næst verður komizt, mun það hafa verið árið 1849. Eins og áður er sagt, mun hafa verið einbýli í Skaftafelli til ársins 1832, en þá eða árið eftir var jörðinni skipt í þrjá parta, og var hver um sig talinn 4 hundruð og 8 álnir." Í grein eftir Þórð Tómasson í Árbók fornleifafélagsins 1975 segir: "Bjarni sonur hagleiksmannsins þjóðkunna, Jóns Einarssonar, bjó í Skaftafelli um aldamótin 1800. Var þá farið að þrengja að búsetu á gamla bæjarstæðinu sökum ágangs Skeiðarár. Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979 segir: "Svo er sagt að á fyrri öldum hafi bærinn í Skaftafelli staðið niðri á jafnsléttu [001], en þegar fyrst er vitað stóð hann steinsnar uppi í brekkunni [002]. Það var árið 1814 þegar Ebenezer Henderson kom þar, nú eru tóftir þessa bæjar að mestu horfnar, Skeiðará mun fyrst hafa grafið þær burt og síðan borið möl yfir staðinn svo að nú sjást aðeins litlar leifar af bakveggjum í brekkurótunum." Í örnefnaskrá segir: "Neðan við Bæjarsker eru gömul tún, þar eru leifar gamla bæjarins og túnsins á Skaftafelli"
Í bókinni Skaftafell segir einnig: "Í Skaftafelli hefur verið mikill og vel húsaður bær og jafnan reki nægur til að halda við húsum. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson komu að Skaftafelli 1756 og segja umhverfi bæjarins "hið fegursta, alvaxið jurtum, birki, víði og reynivið." Þeir greina frá því að ævaforn hús séu í Skaftafelli og Svínafelli og sagt að þau séu frá 11. öld. Á það bera þeir þó brigður, þótt húsin séu stærri en venja er til og viðir þeirra úr hinu gamla rauðgreni. Ætla þeir að bæir þessir hafi verið endurreistir sennilega oftar en einu sinni. Svo vel vill til að varðveitt er ein úttekt jarðahúsa bæjarins í gamla Skaftafelli, gerð eftir fráfall Bjarna Jónssonar í hendur ekkju hans, Guðnýju Þorsteindóttir, 20. maí, 1834. Úttektina framkvæmdu þeir Ísleifur Ásgrímsson og Jón Árnason bóndi á Fagurhólsmýri. Er hún á þessa leið: 1. Skálahús, 4 stafgólf, 1 1/2 faðmur á vídd og 5 álnir á hæð, 3 bitar, 3 sperrur og 3 stoðir, með hvorri hlið sylla og langbönd í 3 stafgólfum enn í eitt vatnar syllur. Álíst vel stæðilegt að veggjum og viðum. Þil er fyrir ofan bita og neðan, með hurð í járnum í góðu standi. Húsinu fylgja 4. rúm. 2. Búrhús, 2 rúmgóð stafgólf, í sama formi og skálinn, með 3 bitum, langböndum og syllum, þili undir og yfir bita, hurð á járnum. Húsið vel stæðilegt. 3. Bæjardyrnar, 7 al. á lengd, 4 á vídd, 6 á hæð, með 3 bitum. 3 sperrum, 2 langböndum og syllu með hvörri hlið, 6 stöfum og þili fyrir ofan og neðan bita, samt hurð á járnum. Reisifjöl er á þesu húsi með fornu lopti. Húsið er allt í forsvaranlegu standi. 4. Eldhúsið, 3 1/2 stafgólf, 4 al. á vídd, eins á hæð, með 4 bitum og stoðum undir. Með vöglum fyrir ofan bita. 1 langband á hvörri hlið. Þilið og hurðin framan fyrir er lítilfjörlegt. Ofan á það er lagt 48 skildingar. Að öðru er húsið stæðilegt að veggjum og viðum. 5. Fjósið, 5 stafgólf á lengd, með forsvaranlegri vídd og hæð, 6 stoðum og einlægum langböndum, 4 bitum, 2 sperrum, hurð á járnum. Ofan við fornan raftvið og hellu á húsið er metið 8 rd. 6. Heyhlaða, 5 stafgólf, rúmgóð bæði að vídd og lengd, vel stæðileg að veggjum og viðum, með hurð á járnum. Ofan á annan vegginn utanvert legst 2 rd. 7. Eitt hús í selinu, 4 stafgólf í sæmilegu standi að veggjum og viðum. Dyrnar þar fram af 1/2 stafgólf í sæmilegu standi að veggjum og viðum. Dyrnar þar fram af 1/2 stafgólf, er þils- og hurðarlaust. Ofanálag 1 rd. Kálgarður 1. 1 1/2 ásauðarkúgildi fylgir jörðinni. Ofanálag jarðarinnar 11 rd., 48 s. Oft er hér erfitt að átta sig á gömlum úttektum bæjarhúsa og víst geta verið hér ýmis vafaatriði. Bót í máli er að Jón Stefánsson í Skaftafelli man vel eftir nokkrum tóftum síðasta bæjarins í gamla Skaftafelli. Meir en hálf öld var liðin frá ofantöku bæjarins, er Jón kom þar fyrst svo að rústum

hans að hann festi þær í minni. Stór Skeiðarárhlaup höfðu brotið niður brekkur og bæjarrústirnar voru fremst á brotbakka, greinilega nokkuð skertar að austanverðu.. Vestast í rústabreiðunni var stór langhústóft með útgang á suðurhlið. Innan við dyrnar var stöpull, sem skipti tóftinni í tvo hluta. Þarna hljóta skáli og búr úttektarinnar frá 1834 að hafa verið undir einu þaki og með hlöðnum millivegg. Úttektin sker úr um það að þau tvö hús hafa verið jöfn á vídd og að risi. Bæjardyrahúss úttektarinnar sá engan stað, er Jón Stefánsson hugleiddi bæjarrústina með afa sínum, Jóni Einarssyni. Það hús hlýtur að hafa staðið fram af skálabyggingunni og verið tengt henni með dyrum og gangi á gaflveggi. Bæjardyrarústin hefur verið foreydd af Skeiðará um aldamótin 1900. [...] bæjardyragerð er [sýnd á ljósmynd] í Ferðabók Gaimard frá árinu 1836 og er frá Hnappavöllum í Öræfum. Syllur hafa verið felldar utan á stoðir í Skaftafellsskálanum og ætla má að bitahöfuð hafi verið grópuð ofan í stoðir og sperrutær hvílt þar ofan á, líkt og var t.d. í gamla Sólheimaskálanum í Mýrdal, sem elstu menn muna enn til. Sama uppgersla hefur verið á búri. Jón Stefánsson segir að austan við áðurnefnda langhústóft hafi verið djúpt sund að austan þess löng hlöðutóft, er sneru upp og fram. Norðurendi hennar er ekki enn með öllu horfinn. Austan við hlöðutóftina var stofutóft að sögn Jóns Einarssonar og brotið framan af henni. Sund var austan við stofutóftina og austan þess tóftir eftir þrjú lítil hús. Mun austasta húsið hafa verið útieldhús. Sást það af eldhúsösku, sem þar kom í ljós, er til var grafið. Hlaup Skeiðarár á þessari öld hafa afmáð framangreindar minjar." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Bærinn í Skaftafelli stóð fram á 19. öld sunnan í heiðarsporðinum rétt austan við Eystragil, þar sem enn sjást litlar minjar langrar búsetu. Skeiðará og Skaftafellsá hafa verið mikilvirkar við að móta landið neðan við heiðina, hlaða þar upp og eyða gróðri. Stórtækust hafa Skeiðarárhlaupin verið við að færa landið í það horf, sem flæmdi byggðina upp í Bölta, Sel og Hæðir. [...] Skeiðará hefur að mestu brotið niður gamla bæjarstæðið. Enn sést þar til rústar af hlöðugafli og af einu bæjarhúsi. Hafa þau hús náð eitthvað lengra upp í brekkuna en hin húsin. Aftan við þessi tóftarbrot er nú votlendi, sem vart er gangandi um á skóm í rigningatíð." "Gömlutún eru bæjarrústir í skóglausri brekku, bæjarrústirnar eru þar niður við sand," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Austan við bæjargilið eru ennþá greinilegar bæjarrústir, þar sem heita Gömlutún, í skóglausri valllendisbrekku. Var
Heimildir: SSS, 150; ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 83-84; Skaftafell, 29, 30-34; Ö-Skaftafell, 9, Ö-Skaftafell, 9: ÁFÍ 1937, 12 og Túnakort frá því um 1920, Skaftafell, 246

SF-088:003 *Bölti* bæjarhóll bústaður
Í örnefnaskrá segir: "Skaftafell er landmikil jörð og mikil fjölbreytni í landslagi og gróðri, bæirnir standa framan í Skaftafellsheiði í snarbröttu túni. Þar voru lengi þrjú býli. Hæðir efst [021], heldur ofar en bærinn er nú hjá Ragnari, þar austar og aðeins neðar Sel [038] og Bölti neðstur. Nú er Sel í eyði." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Þegar yfir Skeiðará kemur er örskammt upp að brekkufætinum á Skaftafelli. Þar er allt skógi vaxið og grasi vafið. Vegurinn liggur upp með fögru klettagili, sem Bæjargil heitir, með stórvöxnum reynitrjám. Á móts við hjallann, sem býlin standa á, er hár foss, sem Hundafoss heitir. Við erum komin að Skaftafelli í Öræfum. [...] Áður stóðu bæirnir á sléttlendinu undir heiðinni [001-002], en vegna ágangs Skeiðarár varð að flytja þá um 100 m. Upp í brekkuna (250 m.y.s.)," Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979 segir: "Svo er sagt að á fyrri öldum hafi bærinn í Skaftafelli staðið niðri á jafnsléttu [001], en þegar fyrst er vitað stóð hann steinsnar uppi í brekkunni [002].[...] Í Skaftafelli varð þríbýli og bæirnir standa í allt að 100 m hæð fyrir ofan sandinn, Bölti austast, Sel [038] spölkorni vestar og efst og vestast Hæðir[021 og 022]." Í grein eftir Þórð Tómasson í Árbók fornleifafélagsins 1975 segir: "Skaftafellsbýlin voru þrjú lengst af á 19. öld og framan af þessari öld [20. öld]. Býlin hétu Bölti, Sel og Hæðir. [...] Bjarni sonur hagleiksmannsins þjóðkunna, Jóns Einarssonar, bjó í Skaftafelli um aldamótin 1800 [sjá 002]. Var þá



*Túnakort Bölta frá um 1920 frá Þjóðskjalasafni Íslands. Tölumerkingar eru höfundar og samsvara fornleifanúmerum í fornleifaskrá.*

farið að þrengja að búsetu á gamla bæjarstæðinu sökum ágangs Skeiðarár. Sonur og tengdasonur Bjarna reistu býlin Sel og Hæðir um 1830. Guðný Þorsteinsdóttir, ekkja Bjarna Jónssonar, bjó þá enn í gamla Skaftafelli [sjá 002]. Þorsteinn sonur hennar byggði svo upp bæinn í Bölta, [...]." Í viðbót við grein sína segir Þórður í Árbókinni 1979: "Um búsetu í Skaftafelli framan af 19. öld sem að var vikið í grein minni, ritar Sigurður á Kvískerjum þetta: „Bjarni Jónsson bjó frá 1798-1832. Jón sonur hans hóf búskap 1832 og er talið að hann hafi þá byggt í Selinu. Brynjólfur mágur hans ætlaði fyrst að byggja upp í Hæðunum en varð að hætta við það vegna heilsuleysis, en þegar hann hóf búskap í Skaftafelli 1833, reisti hann bæ beint upp af gamla bænum, og var sá bær ekki fluttur upp í Hæðir fyrr en 1864. Böltinn var byggður nokkru fyrr, eða eftir því sem næst verður komist um 1849-50." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Ekki eru mér kunnugar áreiðanlegar heimildir um það, hvaða ár gamli bærinn í Skaftafelli var færður upp í Bölta, en eftir því sem næst verður komizt, mun það hafa verið árið 1849. Eins og áður er sagt, mun hafa verið einbýli í Skaftafelli til ársins 1832, en þá eða árið eftir var jörðinni skipt í þrjá parta, og var hver um sig talinn 4 hundruð og 8 álnir."
Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Bærinn Brölti stendur á svonefndum Austurbrölta, skammt vestur frá Bæjargili" Samkvæmt túnakorti Bölta frá því um 1920 var túnið í Brölta þá 4,3 teigar ot sáðreitir voru 2225 m2. Samkvæmt túnakortinu var þá stæðilegur bæjarhús á bænum og virðast þau hafa samanstaðið af langhúsi og fjórum burstum beggja vegna. Inn á túnakortið er auk bæjar 003 merkt níu útihús (004-010, 014 og 019), fimm kálgarðar (012-013 og 015-016) og þrjár leiðir (017-018 og 020). Í ársskýrslu Þjóðminjasafnsins 1979 í Árbók fornleifafélagsins 1980 kemur fram að gamla smiðjan í Bölta var endurnýjuð og árið 1981 var vestara fjárhúsið frá Bölta sem stendur upp í túninu rétt við veg heim að Seli og Hæðum einnig gert upp Samkvæmt Árbók fornleifafélagsins 1982. Bærinn er sýndur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906.
Heimildir: ÁHÍF 1979, 95; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 45-46; ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95, 181-182; ÁHÍF 1980, 137; ÁHÍF 1982, 206; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 83-84; Túnakort frá því um 1920; Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906

SF-088:004 heimild um útihús
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús 30-40 m aftan við bæ 003 og var kálgarður sambyggður húsunum á milli þeirra og bæjar. Samkvæmt túnakortinu má ætla að á þessum stað hafi verið tvískipt hús.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.; bæjateikningar danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:005 heimild um útihús
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt útihús 30m frá bæ 003 í túni sem merkt er Háböltatún. Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:006 heimild um útihús
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt útihús 115 m frá bæ 003 í túni sem merkt er Háböltatún. Samkvæmt túnakortinu var húsið einfalt og mjög lítið.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikningar danskra landmælingamanna 1906

SF-088:007 heimild um rétt
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt fjárrétt um 115 m frá bæ 003 í túni sem merkt er Háböltatún. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Skammt til útnorðurs frá Böltabænum [003] er fjárrétt Skaftafellsbænda með viðbyggðum fjárhúsum. [...] Niður af réttinni er Hábölti."
Samkvæmt túnakortinu var réttin byggð við túnjaðarinn og hefur skipst í 3 hólf.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906 og Skaftafell, 231.

SF-088:008 heimild um útihús
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 90 m frá bæ 003 í túni sem merkt er Oddatún. Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:009 heimild um útihús
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 100 m frá bæ 003 í túni sem merkt er Oddatún.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:010 heimild um útihús
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt útihús um 45 m frá bæ 003.
Samkvæmt túnakortinu var útihúsið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:011 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merktur kálgarður um 65 m frá bæ í Oddatúni.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:012 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merktur kálgarður beint framan við bæ 003 og hefur aðeins heimreiðin 020 verið á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:013 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merktur kálgarður um 55 m frá bæ 003.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:014 *Gömlutún* heimild um fjárhús




*Fjárhúsin Gömlutún árið 1974. Öræfi II, Teikning G28*

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt útihús í jaðri Gömlutúna um 180 m frá bæ 003. Gamli bærinn í Skaftafelli er sagður í Gömlutúnum sjá 002. Danskir arkitektúr nemar komu í Skaftafell árið 1974 og teiknuðu þá upp fjárhús í Gamlatúni, sem að öllum líkindum er sama bygging og sú er merkt er inn á túnakortið eða a.m.k. á sama stað.

Samkvæmt túnakortinu var skiptist húsið í þrjú hólf og uppmælda húsið er einnig þrjú hólf. Samkvæmt teikningunni hafa tvö hólfanna verið hús undir þaki og opin tóft á milli. Byggingin var úr torfi og grjóti og húsin tvö með timburgrind. Samkvæmt teikningunni var húsið tæplega 17 X 12 m og hólfin þrjú áþekk að innanmáli eða 6,4-7 X 3-3,4 m að stærð. Hæð húsanna virðist annars vegar hafa verið 2- 2,5 m þar sem mest var. Ljósmynd innan úr húsunum er einnig í bókinni.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920, Öræfi II, teikningar G28-G31 og ljósmynd bls.12

SF-088:015 heimild um kálgarð

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merktur kálgarður um 65 m frá bæ og ofan við leið 017.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:016 heimild um kálgarð

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merktur kálgarður um 190 m frá bæ 003 fast við veg 017.

Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:017 heimild um leið

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt leið sem legið hefur frá Seli, meðfram endilöngu

heimatúni Bölta, þvínæst milli þess og Oddatúns og að lokum meðfram jaðri Gömlutúna.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:018 heimild um leið
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt leið sem legið hefur milli Háböltatúns og heimatúns Bölta.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:019 heimild um útihús
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt "rúst" í stakstæðum túnskika um 125 m frá bæ 003.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:020 heimild um leið
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt heimreið að bænum 003 frá leið 017.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:021 *Hæðir* bæjarstæði bústaður
Í örnefnaskrá segir: "Skaftafell er landmikil jörð og mikil fjölbreytni í landslagi og gróðri, bæirnir standa framan í Skaftafellsheiði í snarbröttu túni. Þar voru lengi þrjú býli. Hæðir efst, heldur ofar en bærinn er nú hjá Ragnari, þar austar og aðeins neðar Sel [038 ]og Bölti [003] neðstur. Nú er Sel í eyði." Í grein eftir Þórð Tómasson í Árbók fornleifafélagsins 1975 segir: "Skaftafellsbýlin voru þrjú lengst af á 19. öld og framan af þessari öld [20. öld]. Býlin hétu Bölti [003], Sel [038] og Hæðir. [...] Bjarni sonur hagleiksmannsins þjóðkunna, Jóns Einarssonar, bjó í Skaftafelli um aldamótin 1800 [sjá 002]. Var þá farið að þrengja að búsetu á gamla bæjarstæðinu sökum ágangs Skeiðarár. Sonur og tengdasonur Bjarna reistu býlin Sel og Hæðir um 1830. [...]." Í viðbót við grein sína segir Þórður í Árbókinni 1979: "Um búsetu í Skaftafelli framan af 19. öld sem að var vikið í grein minni, ritar Sigurður á Kvískerjum þetta: „Bjarni Jónsson bjó frá 1798-1832. Jón sonur hans hóf búskap 1832 og er talið að hann hafi þá byggt í Selinu. Brynjólfur mágur hans ætlaði fyrst að byggja upp í Hæðunum en varð að hætta við það vegna heilsuleysis, en þegar hann hóf búskap í Skaftafelli 1833, reisti hann bæ beint upp af gamla bænum [sjá 022], og var sá bær ekki fluttur upp í Hæðir fyrr en 1864. [...].“" Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979 segir: "Í Skaftafelli varð þríbýli og bæirnir standa í allt að 100 m hæð fyrir ofan sandinn, Bölti austast, Sel spölkorni vestar og efst og vestast Hæðir. Árið 1818 byggði Brynjólfur Þorsteinsson sér tvö hús hátt uppi í hlíðinni nokkru ofar en Hæðir standa nú og er talið að hann hafi þá flutt í þau hús. Þá var ekki byggð uppi í brekkunum, [...]. Brynjólfur missti heilsuna og fluttist árið eftir, 1819, að Reynivöllum í Suðursveit og bjó þar í nokkur ár, en húsin hafa líklega staðið ónotuð. [...] Árið 1832 flutti Brynjólfur aftur að Skaftafelli og nú reisti hann nýjan bæ uppi í brekkunni austan við eystra bæjargilið, en hann dó árið 1835. Ekki var búið þarna til langframa og var flutt þangað sem Brynjólfur hafði byggt húsin árið 1818. Óvíst er hvenær þessi flutningur fór fram, „eftir því sem næst verður komist árið 1867, en rituð samtímaheimild hefur engin fundist,“ segir Sigurður Björnsson frá Kvískerjum. Bærinn í Hæðum stóð á sama stað og Brynjólfur valdi honum til ársins 1939, þá var hann fluttur nokkru neðar í brekkuna þangað sem hann stendur nú." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Þegar yfir Skeiðará kemur er öskammt upp að brekkufætinum á Skaftafelli. Þar er allt skógi vaxið og grasi vafið. Vegurinn liggur upp með fögru klettagili, sem Bæjargil heitir, með stórvöxnum reynitrjám. Á móts við hjallann, sem býlin standa á, er hár foss, sem Hundafoss heitir. Við erum komin að Skaftafelli í Öræfum. [...] Áður stóðu bæirnir á sléttlendinu undir heiðinni, en vegna ágangs Skeiðarár varð að flytja þá um 100 m. upp í brekkuna (250 m.y.s.). Nú eru þrír bæir í Skaftafelli: Austast Bölti, þá Sel og efst og vestast Hæðir." Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hafa Hæðir verið í byggð frá 1833. Þar segir einnig: "Í Selinu var búið til ársins 1946, en það síðan sameinað Skaftafelli III, Hæðunum. Skaftafell III mun hafa verið byggð 1833. Voru það hjónin Brynjólfur Þorsteinsson frá Felli í Suðursveit og Þuríður Bjarnadóttir, systir Jóns í Selinu, er þá byggðu bæ austan við eystra gilið, alllangt fyrir ofan gamla bæinn. Árið 1818 höfðu þau hafið undirbúning að bæjarbyggingu, þar sem bærinn Hæðir stendur nú, en orðið að hætta þá vegna vanheilsu Brynjólfs. Seinna var bærinn fluttur, skammt þaðan sem hann stendur nú, en dálítið ofar. Var það eftir því sem næst verður komizt árið 1867, en rituð samtímaheimild hefur engin fundizt. Þetta styðzt við munnmæli, sem eru að nokkru staðfest í kirkjubók Sandfellssóknar." Í bókinni

Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Gamli Hæðabærinn stóð spölkorn ofan við þann bæ, sem nú stendur í Hæðunum. Frá þeim bæ var flutt 1939, hús tekin ofan og tættur jafnaðar við jörðu. Bærinn sem stóð í Hæðunum 1939, var arftaki annars, sem rifinn var 1901." Hér er skráður sá Hæðarbær sem merktur er inn á túnakort frá því um 1920 og fyrst var byggður 1818 en var aftur í byggð milli 1864/67-1939.
Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var Hæðabærinn þá samsettur úr fimm burstum og einu opnu hólfi eða tóft. Að baki virðist hafa verið lítið hús. Samkvæmt túnakortinu voru túninu í Hæðum þá 2,3 teigar (ha) og sáðreitir 769 m2. Í túni Hæða og tveimur litlum túnblettum við það (sem líklega hafa tilheyrt því) eru sýnd sjö útihús (024-030), þrír kálgarðar (031-033) og fjórar leiðir (034037). Í grein Gísla Gestssonar í Árbókinni 1979 segir einnig: "Ragnar Stefánsson í Skaftafelli lýsir húsaskipan í gamla bænum í Hæðum þannig í bréfi, dags. 10. nóv. 1978: „Bærinn í Hæðum sem ég man eftir var að húsaskipan á þessa leið: Austast var smiðja, þá autt bil ca 4 m, þá kom stofuhús með herbergjaskipan líkt og í Selinu. Gengið var inn gang og úr honum í gestaherbergi til hægri þegar inn var komið, en göng í baðstofu til vinstri. Fyrir enda gangsins var gengið inn í eldhúsið. Yfir því og stofu og gangi, eða með öðrum orðum sagt, yfir öllu húsinu, var loft sem notað var til geymslu. Undir stofu var kjallari þar sem mjólkurmatur, slátur og garðávextir voru geymdir. Baðstofan var fjósbaðstofa, en vestan hennar kom svo gamla eldhúsið og síðan fjóshlaðan, sem var vestasta húsið í þorpinu.“ Færa má rök fyrir því að þetta gamla eldhús sé hús það sem Brynjólfur Þorsteinsson byggði árið 1818 og bjó í og að það hafi staðið óhaggað að mestu uns það var rifið og endurbyggt árið 1922. [...] ummerki [sáust] eftir dyr á austurvegg hússins og hefur átt að ganga um þær í annað hús, en aldrei var á þessum slóðum innangengt í hlóðaeldhús þar sem þá fylltist bærinn af brælu. Er trúlegast að Brynjólfur hafi hugsað húsið sem hluta af framtíðarbæ sínum, sem hann gafst þó upp við að byggja. [...] Þegar bærinn var fluttur 1939 var eldhúsið rifið og viðirnir úr því flestir notaðir í fjósið á nýja bænum og þar eru þeir enn (1978). Í bókinni Skaftafell segir einnig: "Vestan við smiðjuna var stofuhús, þá bæjardyr og þar innar af búr. Var gengið í það úr bæjardyrahúsi um uppslegið þil. Búrið var rúmgott með þakglugga móti vestri. Úr bæjardyrunum var gengið upp í fjósbaðstofu. Vestan við hana var gamla eldhúsið, sem síðar er lýst. Byrjað var að hafa göng austur í fjósbaðstofuna úr eldhúsinu en brátt varð að fylla upp í þau, því reyk lagði eftir þeim til fjóss og baðstofu. Stofan var með miðsyllu og því tvísettum þiljum. Að neðan voru spjaldþiljur. Neðri þiljur voru um einn þriðji af hæðinni á efri þiljum. Nótlistar voru í hornum stofunnar á efri og neðri þiljum. Allir voru þessir viðir heimaunnir og efri þiljur allar úr breiðum borðum. Stofan var ómáluð. [...] Í Hæðastofunni var borð smíðað af Jón Einarssyni, borðplatan úr amerískri eik en fætur úr ljósviðistré, heflaðir. Nokkru fyrir aldamótin 1900 var rifinn kampurinn milli bæjardyra og fjósbaðstofu og þar gert upp kames. Þarna varð þá jafnframt rennuhús. Rennurnar voru gerðar úr sívölu tré. Var mjótt bak tekið úr trénu öðru megin og rennan grópuð ofan í tréð. Hún var tjörguð eins og hún tók á móti. Síðan var glóðhitað sívalingsjárn og dregið nokkru sinnum eftir tjörunni. Kamesþiljurnar fyrir neðan miðsillu voru rauðmálaður en þiljurnar fyrir ofan miðsillu grænmálaðar. Þessar þiljur voru síðar notaðar í baðstofuna, sem byggð var 1901, í innra þilið, en herbergi voru í sitt hvorum enda þeirrar baðstofu. Í fremri enda eldri fjósbaðstofunnar var einnig herbergi, um ein rúmlengd. Gamli bærinn var rifinn vestur af eldhúsi árið 1901 og nýr byggður í stað hans. Þorpið var fært saman við nýbygginguna þannig að rúmgóðar bæjardyr hurfu sem sérstakt hús. Allt timburverk í bænum var unnið af Jóni Einarssyni. Þar sem áður var gamla stofuhúsið næst smiðju, kom húsasund. Vestan þess var þá byggt stofuhús á hlöðnum kjallara, sem notaður var sem kartöflugeymsla og mjólkurhús. Bak við stofuna var þá sett búr og var gengið úr því í kjallarann. Allir viðir, þiljur og gólfborð, voru heimaunnir, allir fláar sneiddir með öxi svo félli í nót. Einn sexrúðnagluggi var framan í stofunni, rúðurnar 10x12 tommur að stærð. Sama gluggastærð var framan á baðstofu. Inn með vesturhlið stofu var gangur og undir sama risi og hún. Úr honum var gengið til stofu og upp í baðstofu. Síðar komu göng innar af ganginum norður í þverhús, sem byggt var þar aftur af. Við þessa endurbyggingu bæjarins hvarf litla, góða kamesið vestan við bæjardyr, [...]. Stöpull var hlaðinn upp aftur þar sem það var. Búið var að byggja eldhús árið 1901 bak við stofuhúsið og átti að byrja þar með hlóðir, en svo illa trekkti í þeim að hætta varð við það. Þetta hús var síðar þiljað að innan og þar var sett upp fyrsta eldavélin, sem kom í Hæðirnar 1904 eða 1905. [...] Baðstofan frá 1901 var þrískipt, sem fyrr segir. Hún var 5 stafgólf á lengd eða 15 álnir. Austan á sjálfri baðstofunni voru tveir gluggar með nokkru millibili, hvor fjögra rúðna. [...] Skemma var engin á eldra eða yngra bænum. Bæjardyr og smiðja komu að nokkru í stað skemmu. Í bæjardyrunum voru geymd trésmíðaáhöld, auk annarra muna. Í smiðjunni voru m.a. Geymd reiðtygi og yfir þau breitt milli nota.

Stór kornkista var í búri gamla bæjarins, sett saman úr heilum borðum og með flötu loki. Síðar var hún flutt í eldhúsið. Fleiri kistur af sömu gerð voru á heimilinu. Fjósið undir baðstofunni var einstætt eins og hvarvetna var síður í Öræfum. Það var með þremur kúabásum og tveimur smærri. Þrep var til hliðar við flórinn. [...] Oftast voru tvær kýr í fjósi, stöku sinnum þrjár og geldgripir yfirleitt tveir. Vatnssókn var erfið í fjós og bæ. Var því grafinn brunnur vestan megin í fjósinu, hátt á níunda alin niður, hringmyndaður með fláa og ekki hlaðinn upp og hélst sér þó vel. Úr honum fékkst afbragðsgott vatn og þraut helst ekki. Vel var gengið frá brunnopinu og vinda sett þar upp til hagræðis. [...] Báðir gömlu Hæðabæirnir voru undir grjóthellu. Með vindskeiðar á húsum fór eftir Heimildir: þakþykkt, þær voru ýmist einfaldar eða tvöfaldar. Þetta fór þá einnig eftir því hve breið borð voru fyrir hendi. Á íveruhúsum var aftursláttur á vindskeiðum. [...] Alltaf var innangengt í fjós svo ekki þurfti að fara út til mjalta um innistöðutíma. [...] Jón Einarsson bjó í bænum, sem Bjarni Brynjólfsson byggði, bætti hann að þörfum og hélt húsum í góðu horfi. Stofninn í bænum var eldhúsi, fyrsta húsið sem byggt var af Brynjólfi og Þuríði upp í Hæðum 1818. Það stóð þar eftir, er þau fluttu austur í Suðursveit, var óvenju vandað að byggingu, enda ætlað til íbúðar. Eldhúsið var gert upp með stoðum, syllum, bitum, sperrum, langböndum og mænirás. Stóðu stoðir á vandlega völdum stoðasteinum. Stoðir og sperrur voru heflaðar. Langbönd voru einnig hefluð. Stoðir voru stallaðar að utan hið efra og þar á felldar syllur gerðar úr breiðum borðum. Húsið var krossreist. Það var þrjú og hálft stafgólf, hlaðið úr grjóti að innan en utangarðshleðsla var úr sniddu. Hlaðinn kampur var framan á því og dyrnar austan við hann, við austurvegg. Skúrfjöl var undir eldhúsþilinu, fram á dyrnar en ekki gert yfir þær milli kamps og veggjar. Smágluggi var á hálfþilinu framan á eldhúsinu, ofanhallt við miðju og bar inn litla birtu. Sennilega hefur hann fyrst verið skænisgluggi, því rammi var felldur innan í gluggaumgerðina. Hjörukengir voru í glugganum vestanmegin. Eldhúsið var undir góðri þakhellu, sem lögð var á raft, og vandlega tyrft að utan. Á gaflinum að norðan var vindauga, sem aðeins var opið og notað þegar unnið var að því að hirða tað, en taðgeymslan var í norðurenda eldhússins. Milli nota var gatið vandlega byrgt. Eldhússtrompurinn var ferkantaður, lágur stokkur um eitt fet á hæð og drógst að sér að ofan. Við hann var hafður tréhleri uppi á þekjunni og nefndist skjól. [...] Hlóðirnar voru í suðvesturhorni hússins, vestan við dyrnar, tvö eldstæði á sléttum bálki. Helluklumpi var reistur upp á innri enda hlóðanna. Þar voru stundum þurrkaðir sokkar. Hellur voru í eldstæði og höfð glufa milli þeirra. Undir þeim var ónninn, sem askan féll í og frá honum loftaði upp um glufuna. Trekkur kom að eldi utan frá dyrum. Í Selseldhúsinu var því öðruvísi hagað. Þar var óngat inn að óninum gegnum eldhúsvegginn. Annað eldstæðið var einna helst notað við slátursuðu og við að bræða selspik, hvíldi sig þess á milli. Yfir hlóðunum milli fremsta bita og næst fremsta bita var hótréð. Það var með ferhyrndum götum fyrir hóina, sem gengu upp um þau. [...] Stoðirnar austan megin í eldhúsinu gengdu tvennu hlutverki, auk þess að halda húsinu uppi þá voru þær með götum fyrir rakningshælana, sem á var rakið til allra vefja allt til um 1930. Skilhællinn var einnig rekinn inn í vegginn og endurnýjaður eftir þörfum, hinir héldu sér frá ári til árs. [...] Bökunarhella úr járni var hluti af innbúi eldhússins og jafnan notuð er bakaðar voru flatkökur. Þá voru lagðir aflangir steinar sitt hvoru megin við glóðina og hellan þar ofan á. [...] Gamla eldhúsið var rifið 1939, en viðir þess varðveitast enn í fjósbyggingu [...]."
Hættumat: ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95-101, 181-182; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 48-49, 84; Skaftafell, 110-114, 115; Túnakort frá því um 1920.

SF-088:022 *Hæðir* heimild um bústað
Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hafa Hæðir verið í byggð frá 1833 þó þar hafi fyrst verið byggð hús 1818. Þar segir einnig: "Í Selinu var búið til ársins 1946, en það síðan sameinað Skaftafelli III, Hæðunum. Skaftafell III mun hafa verið byggð 1833. Voru það hjónin Brynjólfur Þorsteinsson frá Felli í Suðursveit og Þuríður Bjarnadóttir, systir Jóns í Selinu, er þá byggðu bæ austan við eystra gilið, alllangt fyrir ofan gamla bæinn [002]. [...] Seinna var bærinn fluttur, skammt þaðan sem hann stendur nú [sjá 021], en dálítið ofar. Var það eftir því sem næst verður komizt árið 1867, en rituð samtímaheimild hefur engin fundizt. Þetta styðzt við munnmæli, sem eru að nokkru staðfest í kirkjubók Sandfellssóknar." Sú staðsetning Hæða sem hér er skráð er austan við Eystragilið þar sem bærinn var frá 1833-1864/67 er hann var fluttur á 021.
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Brynjólfur Þorsteinsson og Þuríður Bjarnadóttir fluttu frá Reynivöllum að Skaftafelli 1833 og byggðu sér þá bæ í brekkunni upp frá gamla Skaftafellsbænum. Þar er nú gömul fjárrétt." Í grein Gísla Gestssonar, "Eldhús í Hæðum í Skaftafelli" sem birtist í Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1980 segir um bæjarhúsin: "Austast var smiðja,

þá autt bil ca 4 m, þá kom stofuhús með herberjaskipan líkt og í Selinu (sjá 038]. Gengið var inn á gang og úr honum í gestaherbergi til hægri [...] en göng í baðstofu til vinstri. Fyrir enda gangsins var gengið inn í eldhúsið. Yfir [...] öllu húsinu, var loft sem notað var til geymslu. Undir stofu var kjallari þar sem mjólkurmatur, slátur og garðávextir voru geymdir. Baðstofan var fjósbaðstofa, en vestan hennar kom svo gamla eldhúsið og gamla fjóshlaðan,".
Heimildir: BAS III, 48-49, 84; Skaftafell, 35 og 110; Arbók hins íslenzka fornleifafélags 1980, 95-96

SF-088:023 heimild um leið
Inn á túnakort Sels frá því um 1920 er merkt leið meðfram frá heimatúninu og inn í túnið Gíslatorfu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:024 heimild um útihús
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús rúmum 10 m aftan við bæ 021.
Samkvæmt túnakortinu hefur þetta hús verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:025 heimild um útihús
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 100 m frá bæ 021.
Samkvæmt túnakortinu hefur þetta hús verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:026 heimild um útihús
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 130 m frá bæ 021.
Samkvæmt túnakortinu hefur þetta hús verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:027 heimild um útihús
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús rúmum 80m frá bæ 021, í stakstæðu túni sem nefnt er Skerbali.
Samkvæmt túnakortinu hefur þetta hús verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:028 heimild um útihús
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús tæplega 100m frá bæ 021, í stakstæðu túni sem nefnt er Skerbali.
Samkvæmt túnakortinu hefur þetta hús verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:029 heimild um útihús
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 er merkt útihús um 145 m frá bæ 021, í stakstæðu túni sem nefnt er Fornviðarbrekka.
Samkvæmt túnakortinu hefur þetta hús verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:030 heimild um útihús
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 75 m frá bæ 021, efst í túni.
Samkvæmt túnakortinu hefur þetta hús verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:031 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er

merktur kálgarður, beint framan við bæ 021 og er aðeins götur 034 á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:032 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merktur kálgarður um 10 m frá bæ 021 og fast ofan við götur 034.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:033 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 er merktur kálgarður rúmum 60 m frá bæ, nálægt túninu Skerbala.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:034 heimild um leið
Inn á túnakort Hæða og Sels frá því um 1920 er merkt leið sem liggur frá götu 034, fram hjá bæ 021 og eftir endilöngu túninu og inn í túnið í Seli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:035 heimild um leið
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 er merkt leið sem liggur frá leið 034 og inn í túnið Skerbala.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:036 heimild um leið
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 er merkt leið sem liggur frá leið 034 og að túninu Fornviðarbrekku.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:037 heimild um leið
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 er merkt leið sem liggur í túnjaðri eftir endilöngu heimatúninu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:038 *Sel* bæjarstæði bústaður
Í örnefnaskrá segir: "Skaftafell er landmikil jörð og mikil fjölbreytni í landslagi og gróðri, bæirnir standa framan í Skaftafellsheiði í snarbröttu túni. Þar voru lengi þrjú býli. Hæðir efst [021], heldur ofar en bærinn er nú hjá Ragnari, þar austar og aðeins neðar Sel og Bölti [003] neðstur. Nú er Sel í eyði." Í grein eftir Þórð Tómasson í Árbók fornleifafélagsins 1975 segir: "Skaftafellsbýlin voru þrjú lengst af á 19. öld og framan af þessari öld [20. öld]. Býlin hétu Bölti [003], Sel og Hæðir [021 og 022]. [...] Bjarni sonur hagleiksmannsins þjóðkunna, Jóns Einarssonar, bjó í Skaftafelli um aldamótin 1800. Var þá farið að þrengja að búsetu á gamla bæjarstæðinu sökum ágangs Skeiðarár. Sonur og tengdasonur Bjarna reistu býlin Sel og Hæðir um 1830. [...]." Í viðbót við grein sína segir Þórður í Árbókinni 1979: "Um búsetu í Skaftafelli framan af 19. öld sem að var vikið í grein minni, ritar Sigurður á Kvískerjum þetta: "Bjarni Jónsson bjó frá 1798-1832. Jón sonur hans hóf búskap 1832 og er talið að hann hafi þá byggt í Selinu. Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979




*Bæjar- og útihús í Seli árið 1973. Öræfi I, teikningar F24 og F25 samsettar.*

segir: "Í Skaftafelli varð þríbýli og bæirnir standa í allt að 100 m hæð fyrir ofan sandinn, Bölti austast, Sel spölkorni vestar og efst og vestast Hæðir. [...] sel frá Skaftafelli mun hafa staðið þar sem bærinn í Seli stóð síðar. [...] Árið 1832 flutti Jón Bjarnason, mágur Brynjólfs [Þorsteinssonar], í Selið fyrstur manna og var síðan búið í Seli þangað til árið 1946 að síðasti bóndi flutti þaðan." Samkvæmt skýrslu Þjóðminjasafnsins í Árbók fornleifafélagsins 1971 var ákveðið að gera upp bæinn í Selinu í Skaftafelli árið 1970 og var það í vinnslu til ársins 1982. Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Þegar yfir Skeiðará kemur er örskammt upp að brekkufætinum á Skaftafelli. Þar er allt skógi vaxið og grasi vafið. Vegurinn liggur upp með fögru klettagili, sem Bæjargil heitir, með stórvöxnum reynitrjám. Á móts við hjallann, sem býlin standa á, er hár foss, sem Hundafoss heitir. Við erum komin að Skaftafelli í Öræfum. [...] Áður stóðu bæirnir á sléttlendinu undir heiðinni, en vegna ágangs Skeiðarár varð að flytja þá um 100 m. Upp í brekkuna (250 m.y.s.). Nú eru þrír bæir í Skaftafelli: Austast Bölti, þá Sel og efst og vestast Hæðir." Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu var Sel í byggð frá 1832 til 1946. Þar segir einnig: "1832 mun Jón Bjarnason (Sk. II.1) hafa byggt í Selinu, og bjó hann þar síðan til dauðadags. Hann sléttaði dálítinn blett í túninu, óvíst hvaða ár, og mun það hafa verið fyrsta túnasléttunin í Öræfum. (sögn Ragnars Stefánssonar, Skaftafelli). Í Selinu var búið til ársins 1946, en það síðan sameinað Skaftafelli III, Hæðunum." Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornminjar segir: "Gamli bærinn í Seli, svo og tvær gamlar heyhlöður með ásþaki sem standa neðanvert við hann. Tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 18.05.1972. Ekki þinglýst." Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins segir: "[...] sel frá Skaftafelli mun hafa staðið þar sem bærinn í Seli stóð síðar."

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var tún Sels þá 3,3 teigar (ha) og sáðreitir 1099 m2. Inn á túnakortið er, auk bæjarins merkt fjögur útihús (039-042), tveir kálgarðar (043-044) og fimm leiðir (023, 034, 045 og 046). Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "[...] varðveitt er ein úttekt jarðarhúsa bæjarins í gamla Skaftafelli, gerð eftir fráfall Bjarna Jónssonar í hendur ekkju hans, Guðnýju Þorsteinsdóttir, 20. maí 1834. Úttektina framkvæmdu þeir Ísleifur Ásgrímsson og Jón Árnason bóndi á Fagurhólsmýri. Er hún á þessa leið: [...] Eitt hús í selinu, 4 stafgólf í sæmilegu standi að veggjum og viðum. Dyrnar þar fram af 1/2 stafgólf í sæmilegu standi að veggjum og viðum. Dyrnar

þar fram af 1/2 stafgólf, er þils- og hurðarlaust. Ofanálag 1 rd." Danskir arkitektanemar fórum um Öræfasveit árið 1973 og teiknuðu m.a. upp bæjarhús Sels. Þá voru bæjarhúsin þrjú. Stofa A er austust, fjósbaðstofa B er þar vestar og hlaða, áður hlóðaeldhús vestust. Greinilegt er að bæjarhúsin voru endurbyggð og rými þeirra breytt um hlutverk í tímans rás. Um 2 m vestan við Hlöðu C eru fjárhús/skemma D, miðað við teikninguna er það nýtt hús. Þar vestar er fjárhús E sem áður var smiðja og vestar er fjárhús F. Líklegt er að bygging skemmu/fjárhúss D hafi raskað bæjarröðinni.
Heimildir: ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95, 181-182; ÁHÍF 1971, 145; ÁHÍF 1982, 206-207; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 47, 84; ÁÓG 1990, 61, ÁHÍF 1979, 95; Öræfi I, F24

SF-088:039 heimild um hlöðu
Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 20 m frá bæ 038. Danskir arkitektúr nemar teiknuðu upp nokkur hús á Seli árið 1973 og Samkvæmt þeim er þetta hlaða, áður baðstofa, byggð árið 1880. Árið 1940-50 var síðan byggð önnur hlaða við vesturvegg, líklega ofan í eitt húsið sem sýnt er á túnakorti frá því um 1920.
Samkvæmt túnakortinu má ætla að húsið hafi skipst í þrjú hólf. Framan við það var kálgarður. Á teikningu Dananna var húsið um 12x7 m að stærð og dyr á norðurvegg.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906; Öræfi I, F24

SF-088:040 heimild um útihús
Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 20 m frá bæ 038.
Samkvæmt túnakortinu má ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:041 heimild um útihús
Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 120 m frá bæ 038.
Samkvæmt túnakortinu má ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:042 heimild um útihús
Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 155 m frá bæ 038 í stakstæðu túni sem nefnt er Gíslatorfa.
Samkvæmt túnakortinu má ætla að húsið hafi verið einfalt.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:043 heimild um útihús
Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merktur kálgarður beint framan við bæ og hefur einungis bæjarhlaðið verið á milli.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:044 heimild um kálgarð
Inn á túnakort Sels frá því um 1920 er merktur kálgarður um 45 m frá bæ 038.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:045 heimild um leið
Inn á túnakort Sels frá því um 1920 er merkt heimreið frá leið 034 og að bæ 038.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:046 heimild um leið
Inn á túnakort Sels frá því um 1920 er merkt leið meðfram Gíslatorfu og eftir endilöngu heimatúninu.
Heimildir: Túnakort frá því um 1920.

SF-088:047 heimild

"Ef við byrjum hér niður við sjó. Svínafellsfjara er næst austan Skaftafellsfjöru sem er fernir 1800 faðmar, að viðbættri Freysnesfjöru, sem er 900 faðmar og svo er Jökulsfellsfjara sem er austust. Ósar liggja þar gegnum fjöruna, á merkjum austast er Markós, svo er Veiðiós. Vestan við hann er skipsflak gamalt, þar nokkru vestar er Blautós og Melós," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 1

SF-088:048 *Húsfit* heimild um sæluhús
Í örnefnaskrá segir: "Austur af þar er Harðaskriða, þetta er hæð. Þar ofar upp við jökul er mikil alda, Háalda, fór að miklu leyti í hlaupi 1922. Í námunda við ölduna er Háöldukvísl og nokkuð austar er grasfit sem heitir Eystrifit. Upp af Eystrifit er Sæluhús og þess vegna er fitin stundum nefnd Húsfit. Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Á austanverðum sandinum [Skeiðarársandi] er stórgrýttara og harðara undir fæti. Þar heitir og Harðaskriða. Sæluhúskofi er þar, en hvergi er snöp fyrir hestana."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 1; ÁFÍ 1937, 7

SF-088:049 heimild um leið
"Upp með Langagili ofarlega, austanverðu, er dalbotn sem heitir Rauðsdalur eftir hesti sem um aldamót villtist frá Núpsstað og komst í þennan dal, þó vegurinn sé ekki góður," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 2

SF-088:050 *Kvíguból* örnefni ból
"Af sumum er þetta svæði nefnt Kiðjatungur og mun það vera eldra nafn. (Kiðjaleiti, Kiðjaklettur). Neðan til í þeim, vestan til, er gildrag með hellisskúta, nefnt Kvíguból," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "...miðsvæðis sunnan í fellinu eru Vestasta-, Mið- og Austasta-Hamragil og Hamragilsaxlir milli þeirra. Sumir hafa nefnt þetta landsvæði Kiðjatungur og enn aðrir Kiðjaleiti, sem mun ágiskun manna, sem finna vildu stað Kiðjaleit Þorgerðar landnámskonu, er greinir frá í Landnámu. Byggir þetta á því að neðan til í Hamragilsöxlum vestan til er gildrag með hellisskúta, sem nefndur er Kvíaból"
Heimildir: Ö-Skaftafell, 2 og Skaftafell 251

SF-088:051 *Kindaból* örnefni ból
"Framundan Stóra-Bláhnúk, gengur hæð niður að aurunum, það heitir Háls. Miðsvæðis á Hálsinum í miðri hlíð er smá hellisskúti, Kindaból," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Í honum [Hálsi] miðsvæðis er ból, kallað Kindaból,"
Heimildir: Ö-Skaftafell, 2 og Skaftafell, 252

SF-088:052 *Réttargil* heimild um rétt
"Skammt innan við Vestragilið er annað gil, það heitir Réttargil. Neðst í því er Helluhóll, þar var rétt áður fyrr. Réttargilið kemur ofan úr Austurdal sem liggur hér alllangt inn," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar, Skaftafelli segir: "Heitir gilið Eystragil og dalurinn Austurdalur. Gilið er einnig nefnt Réttargil, því fjárrétt var byggð við það, vestan megin niður við sandinn, Fjallsféð var réttað í henni á vorin."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 3 og Skaftafell, 252

SF-088:053 *Jökulfell/Bæjarstaður* heimild um býli
[1343]: "Máldagi Maríukirkju á Rauðalæk í Litlahéraði [...]. xij. aurar af iokulfelle." [1387]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Þessar ä kirkian jarder. Fiall med ixc. fioru. halft Skaptafell. Suinanes halft. og helming allra þeirra fiarna sem liggia til Jokulfells."
[1397]: Herra Gyrdur leggur til kirkju á Lómagnúpi xij ær og kv frá Jökulfelli. 1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Jökulfell. Eyðijörð. Segist hafi verið kirkjustaður. Þessi jörð er nú lögð til Skaftafells. Landskuld hér af er sögð verið hafi v aurar." Í Árbók ferðafélagsins segir: "Frá Skaftafelli er um 5 km. vegur inn í skóg, en fremur seinfarinn. [...] Bæjarstaðaskógur er talinn með þróttmestu og fegurstu skógum hér á landi. [...] Nokkru vestar var bær, sem Jökulfell hét, sunnan undir Jökulfelli. Þar var hálfkirkja (sa.m.k.v. Rauðalækjarmáldaga) frá 1343." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Ef til vill hefur Skeiðará eyðilagt Jökulfellsland, en rústir af bænum sáust fram að 1800 [...]." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð

Tómasson segir: "Jökulfell hefur að fornu verið kostabýli og virðist hafa átt hluta af Skaftafellsheiði. Til þess benda örnefnin Merkigil og Merkijaðar í Vesturheiðinni." Á öðrum stað í sömu bók segir: "Skaftafellsfjöll og Morsárdalur er land fornbýlisins Jökulfell, sem stóð í Bæjarstað sunnan í Jökulfelli. Hingað leiddi landnámskonan Þorgerður í Sandfelli kvígu sína frá Tóftafelli við Kvíá frá sólrisi til sólarlags. Allt bendir til að þarna hafi verið reist byggð þegar á landnámsöld. Jökulfell hefur verið fagurt blómabýli framan af öldum en verður fyrir þeim áföllum eigi síðar en á 14. öld að til landauðnar horfir. Kirkja er þar þá af felld og leggur Gyrðir Skálholtsbiskup ær hennar tólf og eina kú til Núpsstaðakirkju um 1350 að því er segir í Vilkins máldaga. Allt bendir til þess að jarðirnar Jökulfell og Freysnes hafi fylgt Skaftafelli í kóngsgarð á 16. öld, kunna þá að hafa verið komnar í eyði en haldast þó sem sérstakar leigujarðir til 17. aldar, er þær leggjast endanlega undir Skaftafell. Séra Gísli Finnbogason greinir frá því um 1700 að tætturnar frá byggðinni í Jökulfelli sjáist greinilega." Og á enn öðrum stað: "Í Bæjarstað sáust minjar kirkjugarðs og byggðar í byrjun 18. aldar. Þær rústir eru að líkindum komar í aur og grjót í nánd lækjarins, sem fellur niður vestan við skóginn. Rúst af litlu húsi er á þrepi í skóginum innan við Bæjarstað [sjá 150]. Allt er óvíst um not af því, en ekki myndu menn byggja kindahús við þær aðstæður sem þar eru." "Hálsinn heitir einnig innan við Réttargilið, einhvers staðar hér hefur býlið Jökulfell verið og talað var að fara inn að Bæjarstað og hér inn með hlíðinni er Bæjarstaðaskógur, beinvaxinn og fallegur, þó ekki sé hann stór um sig," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins segir: "Frá Skaftafelli er um 5 km. vegur inn í skóg, en fremur seinfarinn. [...] Bæjarstaðaskógur er talinn með þróttmestu og fegurstu skógum hér á landi. [...] Sagt er, að fyrr á öldum hafi verið bær á þessum slóðum og dragi skógurinn nafn af honum. Ekki vita menn rök fyrir þeim sögnum." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir: "1. Jökulfell eða Bæjarstaður, sem nú heitir svo, stóð undir samnefndu fjalli NV af Skaftafellsbænum [...] Sáust þar enn leifar kirkjugarðs í byrjun þessarar aldar [18. öld]." Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Góðir landkostir héldust víða í hlíðum Morárdals, þótt byggð legðist þar af. Að sögn séra Gísla var forðum tekinn húsaviður í Jökulfelli, en á dögum hans var mesti skógurinn affallinn. Árið 1756, þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson heimsækja Skaftafell, er láglendi Morsárdals gróðurlaus auðn, en hlíðarnar voru vaxnar þeim kjarngróðri að kjötið af sauðfénu, sem þar gekk, var gestum Skaftfellsbænda óætt fyrir fitu sakir."
Heimildir: DI II, 775-777; DI III, 400-401; DI IV, 199; JÁM XIII, 438; ÁFÍ 1937, 14; BAS III, 81; Skaftafell, 14, 249 og 252; Ö-Skaftafell, 3 og ÁFÍ 1937, 14; Ferðabók Sveins Pálssonar, 536

SF-088:054 *Bóltorfa* örnefni ból
"Í Bæjarstaðaskógi eru þrjár torfur, þær heita Vestastatorfa, Breiðatorfa og Bóltorfa," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 3

SF-088:055 *Rauðhellir* heimild
"Til að komast upp í Miðrák er klettakambur. Skammt þar innar, neðan við alla kletta er Rauðhellir," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Jón [Bjarnason í Selinu] gerði eitt sinn raun þess að vindþurrka kjöt að gömlum hætti og hengdi það upp á birkitrönur í Rauðhelli."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 3; Skaftafell, 215

SF-088:056 *Einstigi* örnefni leið
"Uppaf hálsinum og inn af skóginum heita Rauðhellar, einkennilega mótuð hamrahlíð. Í henni eru grasból eða hvammar miðsvæðis, liggja á ská. Niður af þeim heita Einstigi. Til að komast upp í Miðrák er klettakambur," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 3

SF-088:057 *Nautaból* örnefni ból
"Skammt innan við Rauðhelli er Fálkaklettur og Nautaból og Nautabólsklettar þar upp af, þetta er skammt framan við hornið áður en Kjósin byrjar," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Neðst í honum [Nautabólskletti] er Nautaból. Ætla má að þetta örnefni sé tengt við byggðina í Jökulfelli"
Heimildir: Ö-Skaftafell, 3 og Skaftafell, 253

SF-088:058 *Réttargil* heimild um rétt

"Næst austan við Lambadal er svo Réttargil, þar skammt innar er geysileg grjóturð sem heitir Gæskugreni," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Aðeins framar [en Gæskugreni] er Réttargil. Þar réttuðu Skaftfellingar Miðfellsféð."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 3 og Skaftafell 253

SF-088:059 *Lambhagaklettur* heimild um býli
"Austan við Kambinn er hár ávala klettur, Lambhagaklettur og gras fyrir neðan klettinn sem bendir á að þar hafi verið bær," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 4

SF-088:060 heimild um fjárskýli
"Á sandinum þar í námunda var grassvæði fram á síðustu öld sem nefnt var Eyjar, nú alveg horfið. Næsta gil með nafni er Hrafnagil, þar á milli var sauðaborg sem var notuð fram um síðustu aldamót," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Næsta gil inn frá þessum örnefnum er Götugil og skammt innar er Hrafnagil. Milli þeirra er sauðaborg, notuð fram yfir aldamótin 1900."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 6 og Skaftafell, 233

SF-088:061 *Götugil* örnefni leið
"Þá er næst gil [næsta gil við Hrafnagil sjá 060] sem heitir Götugil," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 6

SF-088:062 *Grafningur* heimild um vörslugarð
"Milli þeirra [Götugils og Hrafnagils] uppi heitir Grafningur, það er grastorfa sem grafið var kringum svo hún væri fjárheld," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 6

SF-088:063 *Kolgrafargil* heimild um kolagröf
"Þar framar [en Grafningur] heitir Kolgrafargil. Innan við það voru þrjár torfur, neðst er Neðri-Kolgrafargilstorfa, svo er þar upp af Efri-Kolgrafargilstorfa og efst er Grafarbakki, þar ofar er Grafarbakkaskott, liggur niður úr bakkanum, er að blása upp," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Innan við Fornviðarbrekku er Kolgrafargil."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 6 og Skaftafell, 232

SF-088:064 heimild um refagildru
"Skerið þar fyrir austan heitir Sjónarsker og liggur að Bæjargili, móts við Svartafoss. Framarlega á því, þar sem það er hæst, var áður tófugildra og rústir. Þær eru nú útsýnisstaður. Þar rétt fyrir neðan gildruna er lægð sem heitir Nyrðraskarð," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 8

SF-088:065 *Tjaldlág* heimild um tjaldstæði
"Neðan við Lyngbarð, framan við Neðrabarð, er lítill hvammur sem heitir Tjaldlág, þar tjölduðu kolagerðarmenn til forna," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 6

SF-088:066 heimild um óþekkt
"Næsta gil í túninu, vestan við bæinn, heitir Grjótlækur, hann kemur í tvennu lagi að ofan og sameinast vestur frá bæ. Vestri álman kemur úr Fornviðarbrekku, upp af henni er svo Vestri-Kliftorfa, svo myndast þar tunga í henni, heitir Sker og þar er kofi," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 6

SF-088:067 heimild um fjárhús
"Milli tanganna og langt niður eftir er gróðurlítið land sem heitir Oddasker. Neðarlega í því skeri er einstök torfa, Miðoddatorfa, nú ræktað land. Þar eru fjárhús," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Neðri-Oddi afmarkast af skarði, sem er á milli giljanna. Sé gengið yfir skarðið á brattann þá tekur við Háoddi og aðeins ofar Oddalág. Þar var byggt fjárhús og stendur enn"

Heimildir: Ö-Skaftafell, 9 og Skaftafell, 244

SF-088:068 *Gamlibrunnur* örnefni brunnur
"Hér liggur nafnlaus lægð, eða skorningur, niður túnið á ská eftir götunni [067], austur eftir. Heitir í lægðinni Gamlibrunnur. Ef við förum svo neðst í túnið og tökum frá þessum skorning og austur að Sellæk, sem kemur hér þvert niður túnið, ..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 6

SF-088:069 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Þá er upp af Nóngróf Stekkatúnsgróf og vestan hennar er Stekkatún og austan hennar er Gömlukvíar [070]," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Vestur af þeim [hlöðum hjá Seli, sjá 139 og 140] er Stekkatún."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 232

SF-088:070 *Gömlukvíar* örnefni kvíar
"Þá er upp af Nóngróf Stekkatúnsgróf [069] og vestan hennar er Stekkatún og austan hennar er Gömlukvíar," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Neðan við hlöðurnar [139 og 140] eru Gömlukvíar"
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7

SF-088:071 *Austurrúst* heimild um óþekkt
"Ofan við Gömlukvíar [070] er Austurrúst," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Rétt neðan við Selsbæinn er Austurrúst,"
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 232

SF-088:072 heimild um leið
"Þá er komið upp að götunni og ofan við hana var bærinn Sel [038], þar upp af var Selbarð. Enn ofar í sömu línu og Kliftorfurnar er Gíslatorfa," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7

SF-088:073 heimild um leið
"...allmiklu ofar er Miðtorfa og efst er Háatorfa og er þá komið upp að götu," segir í örnefnaskrá
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7

SF-088:074 *Selstöðull* örnefni kvíar
"Ofan hennar [götu sjá 073] er stórt svæði, óræktað, nefnt Selstöðull," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Er þá komið upp að vegi austan Selbæjarins. Ofan hans er stórt svæði, óræktað, nefnt Selstöðull."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 232

SF-088:075 heimild um leið
"Hér liggur nafnlaus lægð, eða skorningur, niður túnið á ská eftir götunni, austur eftir. Heitir í lægðinni Gamlibrunnur [069]. Ef við förum svo neðst í túnið og tökum frá þessum skorning og austur að Sellæk, sem kemur hér þvert niður túnið, ..." segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 6

SF-088:076 *Grafarskógur* örnefni kolagröf
"Austan við Vangalæk er neðst Grafarskógur," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Neðan hans [Hábrölta] er Grafarskógur niður að sandi,"
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 231

SF-088:077 heimild um rétt
"Austan við Vangalæk er neðst Grafarskógur [076]. Þar upp af með læknum er Háibölti. Upp af honum er fjárrétt og ofar Litlasker (235) og þar upp af götu er geysimikil hæð, Vörðusker," segir í örnefnalýsingu.

Heimildir: Ö-Skaftafell, 7

SF-088:078 *Vörðusker* heimild um óþekkt
"Austan við Vangalæk er neðst Grafarskógur [076]. Þar upp af með læknum er Háibölti. Upp af honum er fjárrétt [077] og ofar Litlasker og þar upp af götu er geysimikil hæð, Vörðusker" segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Þar ofan við er Litlasker og ofar, upp af veginum vestur í Hæðir, er geysimikil hæð, sem nefnist Vörðusker."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7

SF-088:079 *Grafreitur* örnefni legstaður
"Neðst, austan hans, heitir Austurbölti. Upp af honum eru þrír hryggir, er snúa upp og niður. Vestast er Grafreitur...," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Niður af Bröltabænum er nú heimilisgrafreitur."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 231

SF-088:080 *Stekkjartúnsbalar* örnefni stekkur
"Neðst, austan hans, heitir Austurbölti. Upp af honum eru þrír hryggir, er snúa upp og niður. Vestast er Grafreitur [080], svo er Smalatorfa og austast eru Stekkjartúnsbalar," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7

SF-088:081 *Skjólgarðsból* heimild um BÓL
"Þar ofar, vestast, heitir Rani og ofan bæjarins í Bölta, heitir Kúatorfa. Þar neðst, austan túns, heitir Skjólgarðsból," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Skjólgarðsból er hvammur vestanmegin í gilinu [Bæjargili/Vesturgili], ofan við Lambhaga"
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 239

SF-088:082 heimild um leið
"Þar ofar, vestast, heitir Rani og ofan bæjarins í Bölta, heitir Kúatorfa. Þar neðst, austan túns, heitir Skjólgarðsból [081] og ofar, ofan við götu, Kvarnarkofalág [083]," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7

SF-088:083 *Kvarnarkofalág* örnefni mylla
"Þar ofar, vestast, heitir Rani og ofan bæjarins í Bölta, heitir Kúatorfa. Þar neðst, austan túns, heitir Skjólgarðsból [081] og ofar, ofan við götu [082], Kvarnarkofalág," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Kvarnakofalág er við gilið, ofan við Magnúsarfoss, þar sem göngubrúin er."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 231

SF-088:084 *Jaðravegur* heimild um leið
"Gatan sem lá inn í Bæjarstaðaskóg heitir Jaðravegur, á henni eru ræsi og rennur þar neðar," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: ""Um Klifina lá Klifgata [089] í Jaðarveg, sem lá svo áfram inn heiðina"
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 237

SF-088:085 *Miðgata* heimild um leið
"Beint inn úr túni er Miðgata, þar spölkorn neðar, Pallgata [086]. Þær lágu allar inn á Snið og Grjóthól, þar neðar var svo Neðri-Miðgata [087] og svo Neðstagata [088], neðst í brekkunum, skammt ofan við sandinn," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Bak við hann [garð ofan við bæinn Hæðir] var svonefnd Klifgata [090], sem lá til norðvesturs upp í heiðarbrúnina og almennt var farin af fólki, sem fór á jökli. Hún var einnig farin, þegar riðið var inní Bæjarstað í smalamennsku, sem altítt var að vori, en oft var þó farið gangandi til þeirra starfa. Þá var að mestu hætt að fara Miðgötu fyrir neðan bæinn. Hún þótti verri að fara sökum giljanna inni í heiðinni, en Klifgata lá ofan við þau, önnur en Hrafnagil og Eyjargil."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 114-115

SF-088:086 *Pallagata* heimild um leið
"Beint inn úr túni er Miðgata [085], þar spölkorn neðar, Pallgata. Þær lágu allar inn á Snið og Grjóthól, þar neðar var svo Neðri-Miðgata [087] og svo Neðstagata [088], neðst í brekkunum, skammt ofan við sandinn," segir í örnefnaskrá.Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Pallagata [í landi Hæða] var skammt neðan við Miðgötu, nokkru neðar var Neðri-Miðgata og síðan Neðstagata. Þær lágu líkt og fjárbrautir gegnum viðinn og voru einkum notaðar við smölun."
"Þá er næst Fornviðarbrekka, nú að verða að túni. Neðan til í henni er Innrabarð, við hliðina á því er Eystrabarð. Neðan við þau miðsvæðis er Lyngbarð, smáblettur, vestan þess er Pallgötubarð," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 6-7 og Skaftafell, 114-115

SF-088:087 *Neðri-Miðgata* heimild um leið
"Beint inn úr túni er Miðgata [085], þar spölkorn neðar, Pallgata [086]. Þær lágu allar inn á Snið og Grjóthól, þar neðar var svo Neðri-Miðgata og svo Neðstagata [088], neðst í brekkunum, skammt ofan við sandinn," segir í örnefnaskrá.Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Pallagata [í landi Hæða] var skammt neðan við Miðgötu, nokkru neðar var Neðri-Miðgata og síðan Neðstagata. Þær lágu líkt og fjárbrautir gegnum viðinn og voru einkum notaðar við smölun."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 114-115

SF-088:088 *Neðstagata* heimild um leið
"Beint inn úr túni er Miðgata [085], þar spölkorn neðar, Pallgata [086]. Þær lágu allar inn á Snið og Grjóthól, þar neðar var svo Neðri-Miðgata [087] og svo Neðstagata, neðst í brekkunum, skammt ofan við sandinn," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Pallagata [í landi Hæða] var skammt neðan við Miðgötu, nokkru neðar var Neðri-Miðgata og síðan Neðstagata. Þær lágu líkt og fjárbrautir gegnum viðinn og voru einkum notaðar við smölun."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 114-115

SF-088:089 *Klifgata* heimild um leið
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Garður [090] var hlaðinn ofan við bæinn [Hæðir]. Bak við hann var svonefnd Klifgata, sem lá til norðvesturs upp í heiðarbrúnina og almennt var farin af fólki, sem fór á jökli. Hún var einnig farin, þegar riðið var inní Bæjarstað í smalamennsku, sem altítt var að vori, en oft var þó farið gangandi til þeirra starfa. Þá var að mestu hætt að fara Miðgötu [086] fyrir neðan bæinn. Hún þótti verri að fara sökum giljanna inni í heiðinni, en Klifgata lá ofan við þau, önnur en Hrafnagil og Eyjargil." Á öðrum stað segir einnig: "Um Klifina lá Klifgata í Jaðarveg [084], sem lá svo áfram inn heiðina"
Heimildir: Skaftafell, 114-115 og 237

SF-088:090 heimild um túngarð
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Garður var hlaðinn ofan við bæinn [Hæðir]."
Heimildir: Skaftafell, 114

SF-088:091 *Töflutorfa* heimild um smalakofa
"Ofan við Sniðabrekku, uppi á heiðinni, nokkuð hátt uppi í Skerhóla, heitir Töflutorfa. Þar byggðu smalar sér kofa," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Torfan þar ofan við er nafnlaus, en upp við Skerhól, sem rís þarna yfir heiðina, eru torfur með nöfnum. Vestast er Tóttartorfa, sem dregur nafn sitt af því að smalar, sem þarna sátu yfir kvíám, byggðu sér lítið hús eða skýli í torfunni til að leita skjóls í rigningu. Það er fyrir löngu niður fallið."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 235

SF-088:092 *Hrossbeinatorfa* örnefni legstaður
"Austur af Miðoddatorfu, austur undir Eystragili, er lítil torfa, Hrossbeinatorfa," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 8

SF-088:093 *Heygata* heimild um leið
"Svo er Heygötufoss og Heygata var vegur í gamla daga. Svo eru tveir fossar neðst, nafnlausir," segir

í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 8

SF-088:094 *Gildrusker* örnefni refagildra
"Bak við það eru efstu grastorfur á heiðinni, það heitir Leynidalstorfur. Framan við þær er sker sem heitir Gildrusker," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 9

SF-088:095 heimild um beitarhús
"Svo er þar fyrir framan Sláttutorfur, ná þvert yfir og vestur af þeim, er Austurheiðarfoss. Niður úr þeim austanverðum er grasivaxinn valllendistangi, Sláttutorfutangi, á honum er lítið sauðahús," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 9

SF-088:096 *Tunga* heimild um útihús Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Vestan við Þerribala, ofan við tætturnar [002] er svonefnd Tunga. Um hana er lítið lækarrennsli, nefnt Fauski. Aðeins vestar eru útihúsarústir frá gamla bænum.
Heimildir: Skaftafell, 246

SF-088:097 *Fauski* heimild um vatnsból
"En vestan við hann[Skáka], ofan við bæjarrústirnar, er smáblettur, Tunga. Þá er rétt bak við rústirnar, lækur sem heitir Fauski," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Rétt ofan við bæinn var lindin Fauski, sem áður hefur runnið um bæjarþorpið í föstum farvegi."
Heimildir: Ö-Skaftafell, 10 og Skaftafell, 29-30

SF-088:098 *Bergstóftarbalar* örnefni leið
"Þar aðeins vestar [en Fauski] eru rústir eftir útihús frá gamla bænum, ofan við þær eru paldrar sem kallaðir eru Bergstóftarbalar. Þar er sagt að hafi búið [099] einsetumaður, Bergur að nafni," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 10

SF-088:099 heimild um býli
"Þar aðeins vestar [en Fauski] eru rústir eftir útihús frá gamla bænum, ofan við þær eru paldrar [098] sem kallaðir eru Bergstóftarbalar. Þar er sagt að hafi búið einsetumaður, Bergur að nafni," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Skaftafell, 10

SF-088:100 heimild um óþekkt
"Í Bæjarstað sáust minjar kirkjugarðs og byggðar í byrjun 18. aldar [053]. Þær rústir eru að líkindum komar í aur og grjót í nánd lækjarins, sem fellur niður vestan við skóginn. Rúst af litlu húsi er á þrepi í skóginum innan við Bæjarstað [sjá 150]. Allt er óvíst um not af því, en ekki myndu menn byggja kindahús við þær aðstæður sem þar eru," segir í Skaftafelli Þórðar Tómassonar.
Heimildir: Skaftafell, 252

SF-088:101 *Freysnes* bæjarstæði bústaður
Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Freysnes er kallað, en segist enginn fyrir víst vita, nær þar hafi byggð verið. Þar við er enn nú kennd Freysnesfjara, sem liggur til Skaftafells með Freysnesi. Landsk. er sögð verið hafi v aurar." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Annar bær, Freysnes, var í Skaftafellslandi, eða hefur lagzt undir Skaftafell, en hann mun ekki heldur hafa verið í byggð eftir 1362." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: " Örnefnið Freysnes kynni að vera tengt þinghaldinu [á Skaftafellsþingi] og þá jafnframt Freysdýrkun Svínfellinga hinna fornu. Bærinn Freysnes mun hafa staðið nálægt þeim stað þar sem hringvegurinn (þjóðvegurinn) mætir nú afleggjaranum heim að Skaftafelli." Þar segir einnig: "Bærinn Freysnes féll úr byggð, að því er virðist, á miðöldum, og jörðin lagðist síðar undir Skaftafell. Sveinn Pálsson segir að bærinn hafi verið sauðaustur [svo] frá Skaftafelli, niðri á láglendinu "þar sem

fjárhúsin standa nú" (þ.e. 1794). Þetta mun hafa verið vestar en nú er nefnt Freysnes, nærri sanni þar sem þjóðleiðin nýja (hringvegurinn) kemur inn á Öræfaveginn. Þarna voru slægjustykki frá Skaftafelli, Vondibakki, sem var sleginn langt fram eftir 19. öld, og svo kölluð Blautafit, mjög góð slgæja." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir:" 4. Freysnes á að hafa staðið milli Skaftafells og Svínafells, skammt frá beitarhúsum, sem enn standa þar á litlum grasbletti."
Heimildir: JÁM XIII, 437; Skaftafell, 13, 27-28; BAS, 81; Ferðabók Sveins Pálssonar, 537

SF-088:102 heimild um tröll
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Það er mælt að tröllkona hafi búið þar inn á dalnum, innan við Skaftafellsskóginn, í helli einum, sem þar finnst enn í dag. Þessi skessa var mjög vinveitt Bjarna [bónda í Skaftafelli]. [...] Hellirinn stendur enn í dag með einum glugga á miðjum mæni, en rúm skessunnar kvað vera höggvið í bergið. Er það hér um bil átta álna langt og tveggja álna breitt. En mælt er að gamli Bjarni hafi smíðað hurð og allan dyrabúning fyrir helli þann svo skessan skyldi eiga því betra þar inni." Í greininni "Skessan í Skaftafelli" og birtist í Glettingi 2005 segir: " Híbýli skessunnar átti að haf verið í helli þeim er nú er kallaður Búrið. Hann er í svokölluðu Miðfelli sem er á milli Morsársdals og Kjósar. Einar hefur verið svo hugulsamur að smíða dyraumbúnað úr tré í hellisopið [...] og þessi dyraumbúnaður er nú ef til vill eina sönnunargagnið fyrir því að þarna hafi búið mannvera [...]."
Heimildir: Skaftafell, 218-219; Glettingur 2005, 78

SF-088:103 heimild um leið
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur."
Heimildir: SSS; 151-152

SF-088:104 *Skaftafellsþing* heimild um þingstað
Í Brennu-Njálssögu segir: "Hon [Hildigunnur Starkaðardóttir] mælti: "Hefna mundi Hoskuldr þín, ef hann ætti eptir þik at mæla." Flosi [Þórðarson Freysgoða] svaraði: "Eigi skortir þik grimmleik, ok sét er, hvat þú vill." Hildigunnr mælti: Minna hafði misgort Arnór Ornólfsson ór Forsárskógum við Þórð Freysgoða, foður þinn, ok vágu bræðr þínir hann á Skaftafellsþingi, Kolbeinn ok Egill." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Skaftafell er hinn forni þingstaður Skaftfellinga og syðst af þingunum þremur í Austurfjórðungi. Ekki er vitað hvar þingstaðurinn var, enda hafa miklar breytingar orðið í Skaftafelli á síðari öldum."Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Talið er líklegt, að þingstaður hafi verið í Skaftafelli, en engar sagnir eða örnefni styðja það nema nafnið Skaftafellsþing. Að vísu er þar eitt örnefni, Þjófafoss, sem sumum hefur dottið í hug að bendi til þingstaðar, en þar sem engar heimildir eru fyrir því, að þjófum hafi verið drekkt, heldur aðeins hengdir, mun ekkert upp úr því leggjandi." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Í Skaftafelli hafa Skaftfellingar haldið vorþing sitt á þjóðveldisöld í fimmtu eða sjöttu viku sumars. Enginn veit nú með vissu hvar þingið var háð. Ýmsir myndu ætla að það hefði verið einhvers staðar í nánd bæjarins Skaftafells, í jaðri Skaftafellsheiðar. Ekki verður þó afsannað að minjar þingsins sem fyrir löngu afmáðar niðri á láglendinu af völdum Skeiðarár eða Skaftafellsár. Örnefnið Freysnes kynni að vera tengt þinghaldinu og þá jafnframt Freysdýrkun Svínfellinga hinna fornu. Bærinn Freysnes mun hafa staðið nálægt þeim stað þar sem hringvegurinn (þjóðvegurinn) mætir nú afleggjaranum heim að Skaftafelli."
Heimildir: ÍF XII, 291; ÁFÍ 1937, 12; BAS III, 80; Skaftafell, 13

SF-088:105 *Hetta* heimild um huldufólksbústað
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Þar einn steinn hérna austan við Eystragil, sem eldra fólkið hafði trú á að huldufólk byggi í. Þessi steinn stendur á Bæjarskeri, skerbungunni fyrir ofan gamla bæinn og heitir Hetta." Á öðrum stað í bókinni segir einnig: "Vestan til á því [Bæjarskeri] ofanverðu er allstór steinn, sem heitir Hetta."
Heimildir: Skaftafell, 212 og 246

SF-088:106 heimild um sæluhús
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Sæluhús var byggt á sandinum einhvern tíman á öðrum tug aldarinnar á svokallaðri Hörðuskriðu, nálægt miðjum sandi, fram af Háöldu, sem tók af í

hlaupinu 1922 og þar með sæluhúsið og breytti mjög svæðinu þar í kring. Húsið var byggt úr timbri, portbyggt og hesthús niðri. Mjög fljótt eftir hlaupið 1922 var byggt annað sæluhús, þar sem enn stendur úti á sandi en nokkru austar og á öruggari stað."
Heimildir: Skaftafell, 161

SF-088:107 heimild
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Geta má þess líka að skömmu eftir aldamótin [1900] og samhliða vörðugerð var gengist í að setja upp lugtir á hæfilega háum stólpum vestan við Skeiðará og fyrir austan Núpsvötn hjá einnig Gígjunni. Farm að þessu hefur sést lugtarstaur við Gígjuhólinn. Núpsstaðarbóndinn sá um vestari lugtina, að hún væri í lagi og steinolía hjá henni, og einn Skaftafellsbóndinn sá um lugtina hér austur frá. Menn sem voru seint á ferð og þurftu aðstoðar við með að komast leiðar sinnar, gerðu þá vart við sig með því að kveikja á lugtinni."
Heimildir: Skaftafell, 161

SF-088:108 heimild um samgöngubót
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Næsta framkvæmd, [...], var gerð rétt eftir aldamótin 1900. [...] Hann [sr. Magnús Bjarnarson á Prestbakka] beitti sér fyrir því að yfir Skeiðarársand væri vörðuð leið. Í þetta verk gengu allir verkfærir karlmenn í Öræfum og byggðu á einum degi nokkuð þéttar og mjög vel lagaðar vörður, trapisulagaðar og æði stórar. Ég held að enn standi einar þrjár af þeim vörðum nokkuð langt fyrir ofan sæluhúsið, sem nú er á sandinum. Þessar vörður voru byggðar á 18 tímum."
Heimildir: Skaftafell, 161

SF-088:109 *Háalda* heimild um sæluhús
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Áður stóð sæluhúsið undir stórgrýttri jökulöldu, sem Háalda hét, nær jöklinum [Skeiðarárjökli]. Var það talið öruggt þar fyrir hlaupum. En í flóðinu 1922 skolaðist aldan svo gjörsamlega í burtu, og þar með sæluhúsið, að ekki sjást hennar nú merki."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 7

SF-088:110 heimild um myllu
Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Árið 1874 eða um það bil, kom Sigurður Ingimundarson upp vatnsknúinni kornmyllu, þeirri fyrstu í Öræfu, en þeim var fljótlega komið upp í öllum bæjarþorpum."
Heimildir: BAS III, 58

SF-088:111 heimild um leið
Samantekt á vísbendingum um þessa leið eru í bókinni Íslenzkir sögustaðir. Samkvæmt Jöklariti Sveins Pálssonar voru á lok 18. aldar sagnir um að leið væri á milli Skaftafells og Möðrudals á Fjöllum um Mosárdal. Það átti að sjást til gatna í Miðfelli, norðan við Mosárdal og hlutum sem þar höfðu fundist. Aðrar vísbendingar þessu til stuðnings eru nokkrar, m.a. í máldaga Möðrudals á fjalli, frá dögum Gísla biskups Jónssonar (1558-87) um að kirkjan þar hafi átt skógarítak í Skaftafelli, í Jarðabók frá 1797 átti Skaftafell hrossabeit í Mörðudal og örnefnið Klofajökull talið benda til skarðs sem farið hafi veið um. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Lífseigar sagnir hafa verið á reiki um samband Möðrudals á Fjalli og Skaftafells, ótrúlegar fremur, þar sem reginöræfi og stórjökull skilja milli bæja. Skilríkir menn hafa stutt þetta þeim líkum að skarð eða klofi hafi rofið Vatnajökul í öndverðu byggðar og hann því heitið Klofajökull. Sagnir um veginn forna milli Möðrudals og Skaftafells hafa í senn geymst í bókum og í minni manna."
Heimildir: KK, 71, Skaftafell, 23

SF-088:112 heimild um samgöngubót
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Sagnir um veginn forna milli Möðrudals og Skaftafells hafa í senn geymst á bókum og í minni manna. Sveinn Pálsson læknir hafði af þessu fréttir í Skaftafelli árið 1793 og skráði í dagbók sína. "Á snarhallandi klettasvaða utan í Miðfelli fannst fyrir mörgum árum garðlag úr torfi og náði það yfir klöppina. Þó hafði fallið niður stykki við annan endann. Garðurinn var þannig gerður að fara mátti með hest eftir honum, og sést af því að þar hefur fyrrum legið vegur norður á jökla. En garðurinn hefur verið hlaðinn til þess að komast mætti yfir hina bröttu

klöpp, og hafa þá sennilega áður verið höggnar í hana smáholur til þess að garðurinn stæði. [...]." Sveinn Pálsson telur þetta góð og gild fræði og greinir frá því sama í Jöklariti sínu."
Heimildir: Skaftafell, 23-24

SF-088:113 heimild um fjárhús
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Bærinn Freysnes féll úr byggð, að því er virðist, á miðöldum, og jörðin lagðist síðar undir Skaftafell. Sveinn Pálsson segir að bærinn hafi verið sauðaustur [svo] frá Skaftafelli, niðri á láglendinu "þar sem fjárhúsin standa nú" (þ.e. 1794). Þetta mun hafa verið vestar en nú er nefnt Freysnes, nærri sanni þar sem þjóðleiðin nýja (hringvegurinn kemur inn á Öræfaveginn. Þarna voru slægjustykki frá Skaftafelli, Vondibakki, sem var sleginn langt fram eftir 19. öld, og svo kölluð Blautafit, mjög góð slægja."
Heimildir: Skaftafell, 27-28

SF-088:114 *Sýslumannsvarða* heimild um samgöngubót
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Það var varða á sandinum, sem gamlir menn hér nefndu Sýslumannsvörðu. Í vestursýslunni var hún nefnd Sýsluvarða. [...] Hún fór í hlaup á síðustu öld og enginn veit nú, hvar hún var." Í bókinni Leyndardómar Vatnajökuls segir að sýslumannsvarða hafi verið nálægt miðjum sandi. Hún hvarf í Skeiðarárhlaupi árið 1903. Hún var gerð í tengslum við vegbætur Magnúsar Stephensen (sjá 641:101).
Heimildir: Skaftafell, 160; Leyndardómar Vatnajökuls, 162

SF-088:115 heimild um kálgarð
Í bókinni Skaftafell segir einnig: "[...] varðveitt er ein úttekt jarðahúsa bæjarins í gamla Skaftafelli [002], gerð eftir fráfall Bjarna Jónssonar í hendur ekkju hans, Guðnýju Þorsteindóttir, 20. maí, 1834. Úttektina framkvæmdu þeir Ísleifur Ásgrímsson og Jón Árnason bóndi á Fagurhólsmýri. Er hún á þessa leið: [...] Kálgarður 1." Kálgarður þessi hefur verið við gamla bæjarstæði Skaftafells.
Heimildir: Skaftafell, 30-32

SF-088:116 heimild um leið
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Vegbætur [á Skeiðarársandi] koma ekki til sögunnar fyrr en á 19. öld. Er þá farið að ryðja braut yfir sandinn. Magnús Stephensen sýslumaður á Höfðabrekku 1823-
1844 mun hafa beitt sér fyrir því að gera vegarslóð yfir sandinn."
Heimildir: Skaftafell, 160

SF-088:117 heimild um leið
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Þegar Skeiðará var farin á jökli, lá þjóðleiðin um Skorahlíðar og Grjóthól." Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Við Grjóthól liggur sniðgata niður í Mosárdal, áður fjölfarin, er þjóðgata lá um Skeiðarárjökul,"
Heimildir: Skaftafell, 48a og Skaftafell, 234

SF-088:118 heimild um smiðju
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Búið [Sel 038] átti góða smiðju og verkfærakostur þar bendir til þess að Bjarni hafi verið meir en búhagur."
Heimildir: Skaftafell, 97-98

SF-088:119 heimild um fjós
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Í fjósi [á Seli 038] voru þrjár kýr, tveir tarfkálfar tvævetrir, [...]."
Heimildir: Skaftafell, 98

SF-088:120 heimild um smiðju
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir um smiðju í Hæðum: "Smiðjan var framan af vestan við Grjótlæk , en Jón Einarsson gerði hana að fjárhlöðu og byggði lambakofa dálítið vestar. [...] Allt voru þetta jötuhús."."

Í Skaftafelli segir einnig: "Bæjardyr og smiðja komu að nokkru í stað skemmu. Í bæjardyrunum voru geymd trésmíðaáhöld, auk annarra muna. Í smiðjunni voru m.a. geymd reiðtygi og yfir þau breitt milli nota."
Heimildir: ÁHÍF 1979, 181; Skaftafell, 114, 115

SF-088:121 heimild um hlöðu
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Heimahlaðan [í Hæðum 021] var langbandareist."
Í Skaftafelli stendur einnig: "Heimahlaðan var langbandareist. Stoðirnar skiptu henni í þrjá hluta eftir endilöngu. Miðhlutinn nefndist áll en geilar til hliða. Venja Stefáns í Skaftafelli var að setja kúaheyið í álinn og eystri geilina. Allaf var kastað fyrst í álinn. Þar var taðan borin upp svo sem til vannst. Hestahey fékkst af vallendi og mýrardrögum utan túns. Var jafnan reynt að sæta því til að þurrka það vel. Það var sett í vestri geilina. Heyjað var innan um viðinn niður frá bænum og borið upp þaðan."
Heimildir: Skaftafell, 114

SF-088:122 heimild um kolagröf
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Ítaksskógar kirkna og bænda voru í Jökulfelli og Skaftafelli. [...] Vafalaust hafa bændur vestan Skeiðarár notið góðs af skógum Skaftafellsbænda ýmist með því að fá leyfi til kolabrennslu eða með kolakaupum. [...] Not Skaftafellsbænda af skóginum voru margþætt. Úr honum fékkst mest af því eldsneyti, er notað var, skógurinn gaf nothæfan raftvið í hús og var gagnlegur í ýmsa smíði, smíðakol voru eingöngu sótt í skóginn, skógviður var hafður til þess að skýla heyjum á vetrum, viðar um var gott fóður handa skepnum með heygjöf og skógurinn var fénaði til bjargar í útbeit að vetri, er tók fyrir jörð. [... Þegar skóglendi gekk til þurrðar á jörðum annarra jarða um miðbik Skaftafellssýslu] var þá vart að afla á annan hátt [kola] en að fá þau frá jörðum, sem höfðu yfir skóglend að ráða. [...] mikilla kola [... þurfti að] afla úr Skaftafellsskógi bæði handa ábúanda jarðarinnar og bændum í Öræfasveit og víðar. [...] Lítið mun hafa verið sótt hingað til kolagerðar eftir að kom fram yfir síðustu aldamót, en Skaftafellsbændur héldu áfram að gera til kola fyrir sjálfa sig og notuðu viðarkol jafnframt steinkolum fram á sjötta tug þessarar aldar."
Heimildir: Skaftafell, 136, 140, 146-147

SF-088:123 heimild
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Gott hellutak var í Kóragiljum, neðan og austan við Kristínartinda. Hægt var að fá hellur í Skerjunum ofan við túnið en yfirleitt voru það helluklumpar, sem sneitt var hjá."
Í Skaftafelli segir einnig: "Lítið var sótt af hellu eftir aldamótin 1900, einna helst til að bæta inn á hús, sem þurfti að helluleggja að nýju eftir endurbyggingu. Hellan var borin upp úr Kóragiljum að hausti. Þaðan var hún flutt á sleðum, er sleðafæri gafst, þangað sem hægt var að koma hestum við til flutnings og látin bíða þar vors. Stórar hellur voru bundnar í ólareipi og gátu verið tvær til þrjár í klyfi. Smærri hellur voru fluttar í laupum."
Heimildir: Skaftafell, 129

SF-088:124 heimild um ristu
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Torfvelta var fremur slæm á jörðinni og vart um annað en vallendistorf að ræða."
Heimildir: Skaftafell, 129

SF-088:125 heimild um kvíar
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Fráfærur lögðust niður í Hæðunum um aldamótin 1900. Þorsteinn Guðmundsson sem bjó í Selinu 1901-1920 tók upp fráfærur og var með þær nokkur ár, en erfitt þá að halda þeim uppi móti því, þegar bæirnir þrír stóðu að þeim saman. Gamlar kvíarústir sjást enn neðan við Selsbæinn en einnig voru notaðar færikvíar. Mikið starf var á heimilinu í Hæðum við að koma mjólk í mat."
Heimildir: Skaftafell, 121

SF-088:126 heimild um kvíar
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Kýr voru látnar liggja úti á sumrin nema ef eitthvað

var að veðri og þá yfirleitt mjólkað á stöðli [frá Hæðum]."
Heimildir: Skaftafell, 116

SF-088:127 *Einarsborg* heimild um fjárskýli
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Sauðaborg, sem nefndist Einarsborg, var inn við Götugil. Hún var mun minni [en Böltaborg 128]. Vel var yfirleitt að því gætt í hagleysu að féð fengi fylli sína, en vel var því borgið ef það náði til jarðar."
Heimildir: Skaftafell, 116

SF-088:128 *Böltaborg* heimild um fjárskýli
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Fénaður, sem gekk að miklu sjálfala, var hafður við fjárborgir inni í heiði. Svonefnd Böltaborg var fjárborg frá Bölta, höfð fyrir sauði. Stóð hún undir Eyjargili, á fremra barmi þess, skammt neðan við Miðgötu. Í henni hefði geta staðið um 100 fjár."
Í Skaftafelli segir einnig: "Borgarveggirnir voru ekki mannhæðarháir, hlaðnir úr grjóti. Þrjú löng tré voru lögð ofan á veggina, þannig að endar hvíldu á veggjarbrún en miðjan í lausu lofti nokkuð innan við vegginn. Innan við trén var borgin opinn þríhyrningur. Út á trén voru þétt lagðar viðarhríslur með lumin á. Kekkir voru lagðir ofan á þær úti á veggnum og síðan tyrft yfir út á trén. Myndaðist þannig gott skjól. Dyr voru framan á borginni. Ekki safnaðist snjór fyrir í henni. Fénu var gefið á skalla úti fyrir borginni, þegar hárið var. Kofi var byggður upp við Böltaborg."
Heimildir: Skaftafell, 116

SF-088:129 heimild um fjárhús
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Ærhús [frá Hæðum] var inni á sléttu flötinni í Fornviðarbrekku. Það tók um 40 kindur. Hey var borið frá hlöðunni í kláfum. [...] Allt voru þetta jötuhús."
Heimildir: Skaftafell, 115

SF-088:130 heimild um fjárhús
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Niðri á Hæðabarði var ærhús [frá Hæðum] fyrir 24 ær, það þriðja austur af því, niðri í túninu. Allt voru þetta jötuhús."
Heimildir: Skaftafell, 115

SF-088:131 heimild um hesthús
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Hesthús fyrir tvo brúkunarhesta var fyrir ofan bæinn [Hæðir]. Annað stóð norðvestur af því í hvarfi af Klifbrúninni. Gjafahestarnir voru í húsinu heima við bæinn, hinum var gefinn úrgangur, m.a. hey, sem rakað var af gólfum í fjárhúsum."
Heimildir: Skaftafell, 115

SF-088:132 heimild um hesthús
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Hesthús fyrir tvo brúkunarhesta var fyrir ofan bæinn [Hæðir]. Annað stóð norðvestur af því í hvarfi af Klifbrúninni. Gjafahestarnir voru í húsinu heima við bæinn, hinum var gefinn úrgangur, m.a. hey, sem rakað var af gólfum í fjárhúsum."
Heimildir: Skaftafell, 115

SF-088:133 heimild um kálgarð
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Dreifing fjárhúsa og hesthúsa miðaðist við það að koma áburði með góðu móti á túnin. Hlaðbrekkan heima var brött. Mykjan var sett ofan fyrir hana að vetri ofan í kálgarð [frá Hæðum]."
Heimildir: Skaftafell, 115

SF-088:134 heimild
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Vestan við kálgarðinn [frá Hæðum] var hlaðin opin for upp við stéttina. Í hana var sett sumarmykja og var toppmyndaður haugur uppaf að hausti. Svipað fyrirkomulag var á hinum bæjunum."
Heimildir: Skaftafell, 115

SF-088:135 *Skollamelur* heimild um legstað
Í Skaftafelli eftir Þórð Tómasson segir: "Nokkru austar [en Skaftafellsmelar og Efrimelar]var svonefndur Skollamelur, sem rótaðist brott í Skeiðarárhlaupi árið 1903. Þjóðsaga segir að melurinn hafi verið kenndur við blámann, sem var á Indíafarinu 1667. Hafði hann synt með línu frá skipinu upp í fjöruna og var þá brátt örmagna af vosbúð og kulda. Bóndinn í Skaftafelli kom í fjöruna til hjálpar hinum nauðstöddu mönnum og vildi hlýka blámanninum með mat og klæðum, en skipstjórinn kom í veg fyrir það. Taldi hann, að sagan segir, að blámaðurinn myndi geta eytt öllu lífi á Íslandi, ef hann hjarnaði við. Dó hann svo drottni sínum og var grafinn upp í melnum, sem síðan var við hann kenndur. Örnefnið var svo helst til viðmiðunar um það, hvar Indíafarið hefði strandað á Skaftafellsfjörum." Í örnefnaskrá segir: "Við vesturenda fjörunnar eru Skaftafellsmelar, það eru hólar vaxnir melgresi. Alllangt austan við þá, eins og klukkutíma gang, er nafnið Skollamelur, hann er nú horfinn, var melkollur sem fór í hlaupi 1903. Nafn sitt á hann að hafa frá því þegar „Amsterdam“ strandaði, var svertingi sem sagt er að hafi synt með streng í land en dáið af vosbúð í fjörunni eða á þessum mel,"
Heimildir: Skaftafell, 229 og Ö-Skaftafell, 1

SF-088:136 *Merkiskollur* heimild
"Örnefnið Merkiskollur var í Leirunum mikið ofar og vestar en Skollamelur [135]. Ekki er það eldra en frá starfi landmælingamannanna dönsku sumarið 1902.
Heimildir: Skaftafell, 230

SF-088:137 *Trjákollur* heimild
"Fremst í Skaftafellsmelum, rétt fram undir affallanum, var hár melur, sem hét Trjákollur. Þar höfðu Skaftfellingar bækistöð og skjól í fjöruferðum og fluttu þangað tré af fjöru og sóttu þangað síðar eftir því sem ferðir féllu. Sigurðarfitaráll skar austan af Trjákolli og komu þá þar tré og plankar í ljós, er hulist höfðu sandi." segir í Skaftafelli Þórðar Tómassonar.
Heimildir: Skaftafell, 230

SF-088:138 þjóðsaga
Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Rétt vestan við Böltabæinn [003] er Mýrarlækur og fellur niður hlíðina. Hann heitir við upptök sín Lækningalækur. Þangað var sótt vatn handa veiku fólki."
Heimildir: Skaftafell, 231

SF-088:139 heimild um hlöðu
Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Tvær heyhlöður [sjá líka 140] byggðar í fornum stíl eru neðan við Selsbæinn [038]"
Heimildir: Skaftafell, 232

SF-088:140 heimild um hlöðu
Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Tvær heyhlöður [sjá líka 139] byggðar í fornum stíl eru neðan við Selsbæinn [038]"
Heimildir: Skaftafell, 232

SF-088:141 *Myllukofabrekka* örnefni mylla
Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Austan við eystri lækinn [austari kvísl Grjótlækjar] er Myllukofabrekka vestan í Vestara-Klifi,"
Heimildir: Skaftafell, 232

SF-088:142 *Borg* heimild um fjárskýli Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Milli Hrafnagils og Eyjagils er tótt gerð upp úr gamalli sauðaborg. Nefnist hún Borg og svæðið umhverfis ber sama nafn,"
Heimildir: Skaftafell, 234

SF-088:143 heimild um rétt
Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Neðsti hluti gilsins [Bæjargils/Vesturgils] hefur mjög

breytt um svip frá því sem var um miðja 19. öld. Hafa Skeiðarárhlaupin verið þar að verki. Það var sögn Jóns Einarssonar í Hæðum að þarna hefði veirð í gilkjaftinum geysistór hellir, sem Skaftfellingar ráku inn í sauðfé í smölun. Hafði hellirinn verið það stór að hann tók allt safnið. Einhverjar hleðslur voru fyrir framan til að kreppa að féinu. Jón mundi vel eftir þessu frá uppvaxtarárum sínum í Svínafelli um og fyrir 1860. Þetta var allt komið í sandinn um aldamótin 1900 og síðan hefur landið mikið hækkað þarna."
Heimildir: Skaftafell, 238

SF-088:144 *Lambhagi* heimild um stekk Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Nær neðst í gilinu [Bæjargili/Vesturgili], vestanmegin, er nú gömul grjóthleðsla, endurnýjuð af Oddi Magnússyni í Böltanum á þessari öld. Þessi staður heitir Lambhagi. Þar voru stekklömb höfð í aðhaldi um fráfærur."
Heimildir: Skaftafell, 239

SF-088:145 *Þjófafoss* þjóðsaga Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Nokkrir fossar eru í Bæjargili. Neðstur var Lambhagafoss. Hann hvarf við hækkun sandsins. Neðstur er nú Þjófafoss,...[...] Um Þjófafoss er sú sögn að við hann sé hellir, sem hafi samgang við helli við Skarðafoss. Eftir þeim ranghala áttu þeir að hafa sloppið þjófarnir sem voru að stela úr gamla Skaftafellsbænum og sluppu undan leitarmönnum líkt og jörðin hefði gleypt þá."
Heimildir: Skaftafell, 239

SF-088:146 *Hundafoss* heimild um vað Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Nokkrir fossar eru í Bæjargili. Neðstur var Lambhagafoss. Hann hvarf við hækkun sandsins. Neðstur er nú Þjófafoss [145], þá Hundafoss...[...]. Við Hundafoss hagar svo til að þar eru klettanibbur fremst á brúninni. Stikluðu hundar oft á þeim, er þeir fóru yfir lækinn, og enda menn líka, því þetta var beinasta leiðin."
Heimildir: Skaftafell, 239-240

SF-088:147 *Hempustíflur* heimild Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Rétt fyrir neðan Magnúsarfoss, tæplega mitt á milli fossanna, eru stíflur í læknum frá ómunatíð, kallaðar Hempustóflur. Ekki veit ég af hverju það nafn er dregið"
Heimildir: Skaftafell, 243

SF-088:148 heimild um vað
"Svo er Heygötufoss og Heygata [093] var vegur í gamla daga. Svo eru tveir fossar neðst, nafnlausir," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Smáfossar eru í honum [Eystrilæk]. Neðst eru tveir fossar nafnlausir. Ofan við þá er Heygötufoss við Heygötu, gamla heybandsveginn, sem lá þar yfir lækinn."
Heimildir: Skaftafell, 244

SF-088:149 heimild um rétt
Í bók Þórðar Tómassonar, Skaftafelli segir: "Heitir gilið Eystragil og dalurinn Austurdalur. Gilið er einnig nefnt Réttargil, því fjárrétt var byggð við það, vestan megin niður við sandinn [052], Fjallsféð var réttað í henni á vorin.Mér var sagt að fram undir síðustu aldamót eða jafnvel öllu lengur hafi verið réttað í helli neðst í þeim gilkjafti. Nú mótar aðeins fyrir honum, svo mjög hefur landið hækkað þarna á skömmum tíma af framburði."
Heimildir: Skaftafell, 252

SF-088:150 heimild um leið
"Neðan undir eru skriðrunnar gjótur sem heita Innriskriða og Gláma en um þær lágu örðugar leiðir sem farnar voru til að ná kindum frá jökuljaðrinum og upp á heiðina." segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1993.
Heimildir: ÁFI 1993, 63

SF-088:151 heimild um bústað
"Fremur nýlega gekk Ragnar Stefánsson óvart fram á það sem hann taldi vera tóft af litlu húsi milli klettabelta í hlíðinni ofan og norðaustan Bæjarstaðarskógar. Þetta var í sjálfu sér undarlegur fundur,

því hefð hefur verið í Öræfum um að feður fræddu syni sína mjög nákvæmlega um öll kennileiti á jörð þeirra [...] Hafði Ragnar það til merkis um að þarna væri ekki um fjárhús eða stekk að ræða[...] sennilega hefði ekki verið vitað um tóftina í nokkrar kynslóðir" segir í bókinni Skaftafell í Öræfum.
Heimildir: Skaftafell í Öræfum, 60

SF-088:152 *Heiðarbær* heimild um fjárhús
Danskir arkitektúr nemar ferðuðust um Öræfasveit árið 1973 og mældu upp nokkra bæi og útihús. Í Skaftafelli mældu þeir upp fjárhús og er það merkt Heiðarbær.
Samkvæmt teikningu arkitektúr nemanna er Heiðarbær þrískipt tóft en fram- og afturhlið húsanna voru




*Heiðarbær árið 1973. Öræfi I, Teikning F26.*

bara teiknuð. Hlaða A er líklega austust. Áttahorf vantar á teikninguna og áttir því teknar út frá henni. Veggir hennar eru úr torfi og grjóti og timburþil að framan. Torf er á þakinu. Næst er fjárhús og er það aðeins lægra en hlaða A. Sem fyrr eru veggir og þak úr torfi og dyr á miðri framhlið. Vestast er fjárhús C og er það nánast eins og fjárhús B.
Heimildir: Öræfi I, teikning 26

SF-088:153 heimild um rétt
"Nokkuð ofan við Bergstóftarbalann var fjárrétt. Svæðið vestan við hana heitir Gilbarmur." segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 151

## *SF-641 Fornleifar á fleiri en einni jörð*

SF-641:001 heimild um leið
Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur. Sé það austur, er Breiðamerkursandur farinn, langur og vatnasamur. Þar eru vötn: Heimari-Kvíá og Eystri Kvíá, báðar vondar í vatnavöxtum. Þessar ár renna hér um bil mitt á milli Hnappavalla og Tvískerja, austasta bæjar í Hofssókn. Hinar ár á sandinum eru: Breiðá, Hrútá, Fjallsá, Deildará og Jökulsá, allar vondar, en Jökulsá verst, sem nú í tvö ár hefur verið næstum ófær nema á jökli með hesta og slæmur vegur oftast. - Sé vestur farið, er Skeiðarársandur. Hann má ríða á þremur tímum á góðum hesti, en hinn hér um bil á fjórum tímum. Á Skeiðarársandi eru vegabætur kostaðar af sýslumanni h(er)ra M.Stephensen."
Heimildir: SSS, 151-152

SF-641:002 heimild um leið
"Í bókinni Auðnustundir birtir Birgir Kjaran alþm. Bréf frá Hannesi á Núpstað [...] Þar segir svo:" Veginn, sem ég fann á Skeiðarársandi, [...] fann ég að ég held 1898-99. Var gangandi á leið austan úr Öræfum, tók mér beinustu stefnu rétt framan við jökulinn á sléttri skriðöldu, sem var skammt vestan við miðsandinn. Tók ég þá eftir því, að það lá steinaröð beina línu, þar sem ég gekk. Fór ég að athuga þetta, því að á þessu var greinilegt mannaverk, og sá ég, að á gizka 4 álnum framar var samskonar steinaröð, og var því ekki um að villast, að hér var mannaverk og ruddur vegur. Það sást engin gata milli steinaraðanna." segir í bókinni Samgöngur í Skaftafellssýslum.
Heimildir: Samgöngur í Skaftafellssýslum, 27

SF-641:003 heimild um leið
Í bókinni Samgöngur í Skaftafellssýslum segir að vörðuð leið hafi verið gerð yfir Skeiðarársand um aldamótin síðustu, þ.e. 19. öld. Í bókinni Leyndardómar Vatnajökuls segir að uppúr 1910 hafi þessi leið verð rudd og komið fyrir stikum.
Heimildir: Samgöngur í Skaftafellssýslum, 28; Leyndardómar Vatnajökuls, 162

## *SF-642 Ingólfshöfði*

Í Íslendingabók segir: " Ingólfr hét maðr nórænn, es sannliga es sagt at færi fyrst þaðan til Íslands, þá es Haraldr enn hárfagri vas sextán vetra gamall, en í annat sinn fám vetrum síðarr; hann byggði suðr í Reykjavík. Þar es Ingolfshofði kallaðr fyr austan Minþakseyri, sem hann kom fyrst á land, en þar Ingólfsfell fyr vestan Olfossá, es hann lagði sína eigu á síðan." ÍF I, 5. Í Brennu-Njálssögu segir frá því er Kári Sölmundarson strandar skipi sínu í snjóbyl í Ingólfshöfða þegar hann kemur að utan frá Katanesi og skip hans brotnar í spón. ÍF XII, 462.
"Höfði fram við sjó, suður frá Fagurhólsmýri, dregur nafn af Ingólfi Arnarsyni, sem hér kom að landi og dvaldi fyrsta vetur sinn sem landnámsmaður. Ingólfshöfði er hæstur að austan og lækkar vestur. Höfðinn er úr móbergi, og fuglatekja og varp var í honum, og útræði var héðan endur fyrir löngu, en nálægt 1800 fórust tvö skip þaðan, og þá lagðist útræði niður. Leiðin frá Fagurhólsmýri liggur um aura og leirur, stundum eru þær undir vatni, en vanalega er það mjög grunnt." segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar (bls. 1). Samkvæmt sömu heimild átti Sandfell fuglabjörgin í höfðanum en Hof hafði þar grasnyt en "Samkvæmt fornri venju er Öræfingum frjáls öll bjargfuglaveiði gegn ákveðnum landshlut til Sandfells."

SF-642:001 *Gönguklif* heimild um leið
Í örnefnaskrá Sigurðar Björnssonar segir: "Sandalda nær upp í lægðina. Þar austan við tekur við svæði sem nefnt er „milli Klifa" og nær að Gönguklifi sem er eina færa leiðin upp á Höfðann austan við Kaplaklif,". Í örnefnaskrá Helga Arasonar segir: "Gönguklif er norður af lægð þeirri, er gengur yfir Ingólfshöfða þveran til norðurs og suðurs, þar sem mætist graslendi og grjót."
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði og nágrenni SB, 1, Ö-Ingólfshöfði HA, 1

SF-642:002 *Púki* heimild um rétt
Í örnefnaskrá Sigurðar Björnssonar segir: "Austan við Gönguklif er grasbrekka, nefnd Árbólstorfa. Nafnið talið komið af því farviður hafi verið geymdur í bóli við torfuna meðan útgerð var frá höfðanum. Undir klettinum, vestan við torfuna, er skúti eða ból, kallað Púki, mun áður hafa heitið Áraból," Í örnefnaskrá Helga Arasonar segir: "Austan við Gönguklif, neðan við bjargið, er grastorfa mikil, er Árabólstorfa heitir. Vestan við hana (austan við Gönguklif) er skúti, sem Púki nefnist. Framan við hann er hlaðinn garður, og hefur skútinn verið hafður fyrir fjárrétt, þá höfðinn er smalaður, en nú mun því verða hætt, því í vor var hlaðin lítil fjárrétt uppi á brún norðaustan við Gönguklif." Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Vestan til í torfunni er hellir, sem heitir Púki. Þar voru geymd veiðarfæri, meðan útræði var frá höfðanum"
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði og nágrenni SB, 1, Ö-Ingólfshöfði HA, 1, Ö-Ingólfshöfði AG, 2

SF-642:003 *Skiphellir* örnefni naust
Í örnefnaskrá Sigurðar Björnssonar segir: "Austan við Árabólstorfu nær bergið niður á sléttan sand. Þar er dálítil hvilft neðst í berginu, e.t.v. leifar af helli, heitir Skiphellir. Þar fyrir ofan, nokkuð hátt uppi í berginu er Skiphellisnef og austur af því er Fýlarák,". Í örnefnaskrá Helga Arasonar segir: "Fast við austurenda Árabólstorfu er Skiphellir og Skiphellisnef; munu vera 15-20 faðmar upp í hellinn,"
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði og nágrenni SB, 1 og Ö-Ingólfshöfði HA, 1

SF-642:004 *Vaðshellir* örnefni skemma
Í örnefnaskrá Sigurðar Björnssonar segir: " Í berginu ofan við Skollatorfu er lítill skúti nefndur Vaðshellir og óvíst er hvernig á því nafni stendur," en síðar segir "Hugsanlegt að vaður til þess hafi verið geymdur í Vaðshelli". Í örnefnaskrá Helga Arasonar segir: "Í bjarginu ofan við Skollatorfu er skúti heldur lítill; heitir hann Vaðshellir. (Þar hafa máske vaðir verið geymdir, þegar útræði var við höfðann, og er það þó varla líklegt.)"
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði og nágrenni SB, 2, Ö-Ingólfshöfði HA, 2

SF-642:005 heimild um leið
Í örnefnaskrá Helga Arasonar segir: "Nú er farið með hesta upp höfðann, upp Kóngsöldu, og er venjulega lagt upp töluverðan spöl vestan við Selaklett. Áður var ætíð farið upp Kaplaklif [006], en

nokkrum árum eftir síðustu aldamót var því hætt, því sandaldan blés stöðugt burtu, og er nú orðið margra mannhæða hátt bjarg, þar sem farið var. Mun þetta stafa af því, að Höfðavíkurós hefur nú lengi runnið fast meðfram höfðanum, en áður hafði hann einatt útfall nokkurn spöl austan við höfðann"Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Þá er hér það, sem gleymdist: Á norðanverðum miðjum Grjóthöfða er skarð, sem heitir Kaplaklif. Fram yfir síðustu aldamót lá sandbrekka að Kaplaklifi, svo að það var fært hestum, en nú er það ófært hestum, síðan Höfðavíkurós gróf sand frá berginu"
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði HA, 1 og Ö-Ingólfshöfði AG, 3

SF-642:006 heimild um leið
Í örnefnaskrá Helga Arasonar segir: "Nú er farið með hesta upp höfðann, upp Kóngsöldu [005], og er venjulega lagt upp töluverðan spöl vestan við Selaklett. Áður var ætíð farið upp Kaplaklif, en nokkrum árum eftir síðustu aldamót var því hætt, því sandaldan blés stöðugt burtu, og er nú orðið margra mannhæða hátt bjarg, þar sem farið var. Mun þetta stafa af því, að Höfðavíkurós hefur nú lengi runnið fast meðfram höfðanum, en áður hafði hann einatt útfall nokkurn spöl austan við höfðann"
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði HA, 1

SF-642:007 *Baðstofa* örnefni skemma
Í örnefnaskrá Sigurðar Björnssonar segir: "Bak við urðina er þröngur skúti, nefndur Baðstofa"
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði og nágrenni SB, 2

SF-642:008 *Borgarklettur* örnefni fjárskýli
Í örnefnaskrá Sigurðar Björnssonar segir: "Borgarklettur er hálfan annan km norður af Ingólfshöfða og 40-50 m na af honum var Sker, Mávasker, nú komið í sand en 50-60 sm hátt fyrsta tug þessarar aldar" Samkvæmt örnefnaskrá Helga Arasonar er kletturinn einn og hálfan kílómetra norður af Ingólfshöfða.
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði og nágrenni SB, 3 og Ö-Ingólfshöfði HA, 3

SF-642:009 heimild
Í örnefnaskrá Helga Arasonar segir: "Suðvestur af Gönguklifi [001], nokkurn spöl frá brúninni, er allmikil grjótvarða, er Björn Gunnlaugsson lét hlaða, er hann var við landmælingar". Í athugasemdum og leiðréttingum við örnefnaskrá segir: "Varða á milli Gönguklifs og Kaplaklifs, nokkurn spöl frá bergbrúninni. Varðan er hlaðin á klöpp og mun vera eitthvað á annan meter á hæð og hefur verið vel hlaðin, enda nóg af góðu byggingargrjóti þar nærri. Munnmæli sögðu þetta landmælingavörðu Björns Gunnlaugssonar. En nú hefur fundizt heimild fyrir því, að varðan hafi verið byggð 1814 í sambandi við strandmælingar, er þá fóru fram hér á landi."
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði HA, 1 og Ö-Ingólfshöfði, ath og leiðr, 1

SF-642:010 heimild um leið
Í örnefnaskrá Helga Arasonar segir: "Tófuskúti er vestur af Hvannstóðskletti (lítill skúti), 7-8 faðma upp frá urð. (Mun þangað vondur vegur; þangað fór laus Einar Jónsson, sonur Oddnýjar á Gerði.)"
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði HA, 1

SF-642:011 *Svínafellshús* heimild um bústað Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Graslendið austan við lægðina, sem fyrr var getið, heitir Grashöfði. Þrír kofar voru vestan til á Grashöfða, austan Gönguklifs. Þeir hétu Svínafellshús, Hofshús [012] og Neshús [013]. Þar höfðu veiðimenn bústað, meðan fuglaveiði var stunduð á sumrum, en á vetrum voru kofarnir skýli fyrir kindur, er gengu úti í höfðanum. Skápar voru hlaðnir úti í veggina; í þeim voru geymdir malpokar o. fl. Nú eru þessir kofar að mestu fallnir."
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði AG, 1

SF-642:012 *Hofshús* heimild um bústað Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Graslendið austan við lægðina, sem fyrr var getið, heitir Grashöfði. Þrír kofar voru vestan til á Grashöfða, austan Gönguklifs. Þeir hétu Svínafellshús [011], Hofshús og Neshús [013]. Þar höfðu veiðimenn bústað, meðan fuglaveiði var stunduð á sumrum, en á vetrum voru kofarnir skýli fyrir kindur, er gengu úti í höfðanum. Skápar voru hlaðnir úti í veggina; í þeim voru geymdir malpokar o. fl. Nú eru þessir kofar að mestu fallnir."

Heimildir: Ö-Ingólfshöfði AG, 1

SF-642:013 *Neshús* heimild um bústað Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Graslendið austan við lægðina, sem fyrr var getið, heitir Grashöfði. Þrír kofar voru vestan til á Grashöfða, austan Gönguklifs. Þeir hétu Svínafellshús [011], Hofshús [012] og Neshús. Þar höfðu veiðimenn bústað, meðan fuglaveiði var stunduð á sumrum, en á vetrum voru kofarnir skýli fyrir kindur, er gengu úti í höfðanum. Skápar voru hlaðnir úti í veggina; í þeim voru geymdir malpokar o. fl. Nú eru þessir kofar að mestu fallnir."
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði AG, 1

SF-642:014 heimild um óþekkt Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: " Allvíða á Grashöfða sjást gamlar tættur, t. d. á Höfðanefi. Sagt er, að þar hafi byggt Ingólfur Arnarson."
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði AG, 1

SF-642:015 heimild um verbúð Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Tvær tættur hafa blásið upp í rofi og veggirnir hrunið í moldarflag. Munu þar hafa verið verbúðir fyrr á öldum. Þar hafa fundizt ýmsir smámunir, hnoðsaumur úr bát o. fl."
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði AG, 1

SF-642:016 *Skollastígur* heimild um leið
"En Skollastígur er leið í Skollavík, þar sem hægt er að ganga laus," segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar.
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði AG, 2

SF-642:017 heimild um skotbyrgi
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Í Ingólfshöfða er nú skýli fyrir strandmenn og nokkrar vistir. Skýli þetta nota veiðimenn þann tíma, sem þeir liggja þar við. Áður en þetta skýli kom, lágu menn við í litlum kofa og lélegum, sem er þar skammt frá." Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Allvíða á Grjóthöfða sjást gamlar menjar, tættur og skollagryfjur, en skollagryfjur voru byrgi, hlaðin upp úr grjóti og hella yfir, op í báða enda; þetta var gildra."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 28, Ö-Ingólfshöfði AG, 1

SF-642:018 heimild um skotbyrgi
Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Í Ingólfshöfða er nú skýli fyrir strandmenn og nokkrar vistir. Skýli þetta nota veiðimenn þann tíma, sem þeir liggja þar við. Áður en þetta skýli kom, lágu menn við í litlum kofa og lélegum, sem er þar skammt frá." Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Allvíða á Grjóthöfða sjást gamlar menjar, tættur og skollagryfjur, en skollagryfjur voru byrgi, hlaðin upp úr grjóti og hella yfir, op í báða enda; þetta var gildra."
Heimildir: ÁFÍ 1937, 28, Ö-Ingólfshöfði AG, 1

SF-642:019 heimild
"Skammt sunnan Skollatorfu er Stuttvíasig. Uppi sér enn steyptar undirstöður af vita sem reistur var 1916 og er sigið þar sem þær nyrðri bera saman," segir í örnefnaskrá Sigðurar Björnssonar. Í örnefnaskrá Helga Arasonar segir: "Stuttvíasig er norðaustur af vitanum, þar sem hornstoðirnar bera saman. (Viti á járngrind byggður 1916. Vitinn endurbyggður á öðrum stað 1948." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Önnur bygging í höfðanum [Ingólfshöfða] er vitinn. Hann stendur sunnan á höfðanum á nefi, sem heitir Kambur."
Heimildir: Ö-Ingólfshöfði og nágrenni SB, 2, Ö-Ingólfshöfði, 2 og ÁFÍ 1937, 28

SF-642:020 heimild um verbúð
Í Ferðabóks Sveins Pálsssonar segir í dagbók frá árinu 1793: "Beint í suðri og skammt frá sést Ingólfshöfði [...] Þangað til fyrir hér um bil 20 árum var gott útræði frá höfðanum á vetrarvertíðinni [...] Nú hefur þetta lagzt algerlega af [...] auk þess hefur Skeiðará í einu hinna geysilegu hlaupa eyðilagt með öllu vörina eða lendingu bátanna, en hún var aðeins ein við Ingólfshöfða." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Fyrr á öldum var útræði stundað frá Ingólfshöfða og má enn sjá rústir

sumra verbúðanna. Nú er það útræði aflagt fyrir löngu, enda er lending bæði ill og ótrygg við sandinn. Þó mun nokkurt útræði hafa haldizt fram yfir 1800, en svo er sagt, að þá hafi á sama degi farizt þaðan tvö skip, sem á voru flestir af röskustu mönnum sveitarinnar. Við þá blóðtöku féllu sjósóknir alveg niður. Löngu síðar 1915 eða 1916, var svo enn gerð tilraun með að leita fiskjar úr Öræfum. Í það sinn var að vísu ekki róið frá höfðanum, heldur frá sandinum nokkru austar."
Heimildir: Ferðabók Sveins Pálssonar, 276-277; ÁFÍ 1937, 28

SF-642:021 heimild um verbúð
Í Norðanfara árið 1878 var birt skrá Ísleifs Jónssonar yfir eyðibýli í Öræfum frá 1712. Þar segir að 3 verhús séu á Ingólfshöfða, eitt frá Hnappavöllum, annað frá Hofi og þriðja frá Sandfelli. Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Fyrr á öldum var útræði stundað frá Ingólfshöfða og má enn sjá rústir sumra verbúðanna. Nú er það útræði aflagt fyrir löngu, enda er lending bæði ill og ótrygg við sandinn. Þó mun nokkurt útræði hafa haldizt fram yfir 1800, en svo er sagt, að þá hafi á sama degi farizt þaðan tvö skip, sem á voru flestir af röskustu mönnum sveitarinnar. Við þá blóðtöku féllu sjósóknir alveg niður. Löngu síðar 1915 eða 1916, var svo enn gerð tilraun með að leita fiskjar úr Öræfum. Í það sinn var að vísu ekki róið frá höfðanum, heldur frá sandinum nokkru austar." Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornleifar segir: "b. Verbúðartóftir fjórar, uppi á Ingólfshöfða." Í grein eftir Þorvald Thoroddsen sem birtist í Andvara árið 1895 stendur:"Um 1700 var Ingólfshöfði áfastur við land, þá var þar útræði, 4 verbúðir og lending vestan undir höfðanum. Vestan undir höfðanum er og sagt, að hafi verið fjörður til forna og skipaleg."
Heimildir: Norðanfari, 44; ÁFÍ 1937, 28; ÁÓG 1990, 61; Andvari 1895, 47

SF-642:022 *Kárahróf* heimild um naust
Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornleifar segir: "a. "Kárahróf", svo nefnt, forn nausttóft á Ingólfshöfða.".
Heimildir: ÁÓG 1990, 61

SF-642:023 heimild um brunn
"Skömmu eftir aldamót var grafinn lítill brunnur í lægðinni upp frá Gönguklifi [001]. Hann var stækkaður eftir 1916 og timbur sett yfir hann." segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 154

SF-642:024 *Festarklettur* heimild um lendingu
"Að sögn manna hefur einhvern tíma legið kaupskip við Ingólfshöfða. Þar er klettur einn, sem heitir Festarklettur með gati sem koma má inn handlegg og er talið að þar hafi skipið verið fest," segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu.
Heimildir: Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 154

## *SF-643 Hafrafell*

"Hafrafell er afréttarland milli Svínafells og Skaftafells. Að því liggja Svínafellsjökull að austan og Skaftafellsjökull að vestan. Áður náðu jöklarnir saman fyrir neðan fellið, svo að það var innlukt jökli en nú hafa jöklarnir hopað svo að allbreitt bil er milli jökulsporðanna og þar hefur nú verið lagður akfær vegur upp undir fellið. Hafrafell er langur móbergsrani, mest af því er í landi Skaftafells en hefur lengi verið notað sem afréttur frá Svínafelli." Ö-Hafrafell, 1.
"Freysnes [SK-188:101] hefur að fornu átt land milli Skaftafellsár og Svínafellsár. þar sér nú engan stað byggðar, en nýtt landnám í ræktun er nú hafið þar frá Skaftafelli framan við Stóröldu. Bak við Stóröldu, upp að Hafrafelli, er aurasvæði og jökull lokaði leiðinni upp í Hafrafell til um 1940. Nú er þarna breitt jökullaust svæði og gróður breiðist þar út frá ári til árs. Hafrafell er risbratt og fremur gróðurlítið fjall og innan þess tekur við Hrútfjall í ríki jökulsins, og rís í Hrútfjallstindum allt upp í 1924 metra hæð. Hafrafell er hið forna heiðarland Freysness, en hefur um langan aldur verið nytjað frá Svínafelli. Greiddi Svínfellingar landleiguna ýmist með haustlömbum, slægjum eða öðrum greiða, eftir því sem um samdist. Ekki bar Hafrafell margt sauðfé, líklega um 60 ær, sem skiluðu sæmilegum lömbum og ekki lakari en annars staðar. Hafrafell er nú hluti af þjóðgarðinum í Skaftafelli."

SF-643:001 *Útigönguból* örnefni ból
"Torfur heita allstórar grastorfur austan í Hafrafelli framarlega. [...] Útigönguból er innst á Torfum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hafrafell, 1

SF-643:002 *Ból* örnefni ból
"Svarthamrar eru háir klettar mót vestri, fyrir innan Grjótdal.[...] Svarthamranef er innarlega á Svarthömrum.[...]Ból er fremst undir Svarthömrum," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hafrafell, 2

SF-643:003 *Kvíar* örnefni kvíar
"Kvíar eru grasflár undir klettabeltum fremst í Svarthamradal, skammt innan við Svarthamranef. [...] Rák er yfir Kvíum, þar er gatan [004] upp úr dalnum fram á Svarthamrana," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hafrafell, 2

SF-643:004 heimild um leið
"Kvíar [003] eru grasflár undir klettabeltum fremst í Svarthamradal, skammt innan við Svarthamranef. [...] Rák er yfir Kvíum, þar er gatan upp úr dalnum fram á Svarthamrana," segir í örnefnaskrá.
Heimildir: Ö-Hafrafell, 2

SF-643:005 heimild um óþekkt
"Erfitt virðist nútímamönnum að láta sér skiljast að átt sé við Hrútfjall innan Hafrafells í máldaga Hnappavallakirkju frá um 1343 þar sem segir: "í Hrúgafell 12 ungneyta rekstur....skógartópt...í Hrútafelli."" Engan veginn er þó fyrir það að synja að þarna inni hafi verið gróðursæll dalur á miðöldum." segir í Skaftafelli Þórðar Tómassonar.
Heimildir: Skaftafell, 256

SF-643:006 heimild um leið
Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Um Hafrafell skrifar Árni Magnússon í Héraðslýsingu Íslands á þessa leið 1703: "Milli Svínafells og Skaftafells er Hafrafell, stórt og grösugt fjall. Þangað var forna manna farvegur og fjárganga á sumrin.""
Heimildir: Skaftafell, 256

SF-643:007 *Einstigi* örnefni leið
Í bók Þórðar Tómassonar, Skaftafell segir: "Einstigi er austan á móti ofan við Fremri-Menn,"
Heimildir: Skaftafell, 256

## *SF-644 Breiðamerkursandur*

Afréttarland frá Fagurhólsmýri I. og Hnappavöllum III, sem eiga hlutdeild í Felli í Suðursveit. Í örnefnaskrá Breiðamerkursands (nr. 3, bls. 1) segir: "Landssvæði eign Hofskirkju, vestan Breiðamerkurjökuls og norður frá Kvískerjum. Austur af Öræfajökli; fjall þetta var um nokkrar aldir umkringt jökli en nú á síðari tímum hefur jökullinn gengið til baka og um 1946 opnaðist leið frá því jökullaus og nú er þetta sund orðið allbreitt, Býlið Fjall stóð þar við og 1694 sást þar til túns og tópta. En 1709 var allt komið í jökul."

"Svæði það sem skilur að Suðursveit og Öræfi heitir Breiðamerkursandur, milli bæja er hann 27 km. Nokkuð er hann farinn að gróa upp; nokkuð austan hreppamarka rennur Jökulsá til sjávar, er hún ein stysta og vatnsmesta á landsins, er nú líkari vog en á," segir í örnefnaskrá Breiðamerkursands1, 1. Í annarri örnefnaskrá Breiðamerkursands (2) segir á fyrstu síðu: "Vestan hennar er svæði sem heitir Breiðamörk eða Breiðármörk; bendir nafnið á að hér hafi verið skóglendi áður fyrr, þetta er milli Fjallslands sem fyrr var og sveitarmarkanna austast og er eign Hofskirkju."

SF-644:001 *Breiðármörk, Breiðá* bæjarstæði býli

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Breiðármörk. Kóngseign hálf, en hálf bóndaeign. Eyðijörð. [...] Skóg lítilfjörlegan á jörðin eður hefur átt í Breiðármerkurmúla, hvör er nú umgirtur af jöklum. Reka á jörðin fyrir sínu landi." 1847: Í Jarðabók Johnsen segir neðanmáls: "1805 getur og um eyðihjáleigu frá Hofi, "Fjall" og sömuleiðis um eyðijörð, "Breiðumörk", sem þar segir að konúngur hafi átt að hálfi og er sá partur þá máksi seldur ..." Í Þorsteins sögu Síðu-Hallssonar er nefnd Ólöf dóttir Össurar frá Breiðá í Öræfum. Bærinn Breiðá er nefndur þó nokkuð í Brennu-Nálssögu. Þar segir m.a.: "Þaðan fóru þeir [Þangbrandr Vilbaldús og Síðu-Hallr] til Breiðár, ok bjó þar Ozurr Hróaldsson, frændi Halls. [...] Gipti Flosi [Þórðarson Freysgoða] þá Kára [Sölmundarsyni] Hildigunni, bróðurdóttur sína, er Hoskuldr Hvítaness goði hafði átta. Bjoggu þau þá fyrst at Breiðá." [1343]: Maríukirkja á Breiðamörk er nefnd í visitasíu Jóns biskups Sigurðarsonar og Máldaga Maríukirkju á Breiðá í Öræfum í hinu Íslenska fornbréfasafni. Kirkja tekin af eftir gos í Hnappafellsjökli um 1362 eða um 1500, ekki ljóst. [1343]: "Máldagi Maríukirkju á Hnappavöllum í Öræfum [...]. hvn a xxx hesta hrishogg j breidarland." [1387]: "Máldagi Maríukirkju á Breiðá [...]. Breida [..]. Mariukirkia a breida a heimaland allt med ognum oc giædum. med firoum og skogum. [...] hun a helle hinn eystra oc holaland." 3. ágúst 1525: "Ögmundr biskup fær Ásgrími Ásgrímssyni jörðina Hof í Öræfum til fullrar eignar [...]. en jörðina Kvísker fær biskup Asgrími og jörðina Breiðármörk með sex álna trjáreka, en Asgrímr fær biskupi Fjörð og Svínhóla í Lóni." Um 1570: Gíslamáldagar. "Kirkjur í Minna Héraði og nærlendis. [...] Þessar kirkiur voru fordum i minna hieradi sem nu kallast Oræfe. 1. Mariukirkia ä Breidä ä heimaland alltt." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Nokkru austar [en bærinn Fjall] með fjallinu [Breiðamerkurfjalli] var bærinn Breiðamörk, sem er sami bærinn og áður hét Breiðá. [...] Á Breiðá var kirkja, en hefir sennilega lagzt niður við eldgosin og jökulhlaupin á 14. öld. [...] Breiðamörk var byggð fram um miðja 17. öld, en var að fullu dæmd óbyggileg um 1700. Rústir sáust af bænum nokkuð fram á 18. öld." "Vestan hreppamarka tekur við Breiðamörk, en það er land samnefndrar jarðar sem fór í eyði árið 1698. Þetta var sama jörðin og Breiðá sem getið er í Njálu, en óvíst mun hvenær nafnið breyttist. Breiðamerkursandur er líka í Landnámu nefndur Breiðársandur, og er líklegast að hann hafi skift um nafn á svipuðum tíma og bærinn. Ekki er vitað nákvæmlega hvar bærinn stóð, en jökull gekk yfir rústir hans á 18.öld," segir í örnefnaskrá (1). Í annarri örnefnaskrá (2) segir: "Vestan hennar er svæði sem heitir Breiðamörk eða Breiðármörk; bendir nafnið á að hér hafi verið skóglendi áður fyrr, þetta er milli Fjallslands sem fyrr var og sveitarmarkanna austast og er eign Hofskirkju. Þar upp við jökul hefur býlið Breiðá verið, sem fór undir jökul í upphafi 18. aldar. Þar var sr. Gísli Finnbogason síðastur." Í Ferðabók Sveins Pálssonar, í dagbók frá 1793, segir að bærinn Breiðamörk hafi verið austan við Fjallá og Breiðamerkurfjall rísi upp úr jöklinum þar skammt fyrir ofan. Í Jöklariti Sveins kemur fram að bænhús eða kapella með garði umhverfis hafi verið á Breiðumörk. Í dyrum þess var mikil graníthella, kölluð Kárahella. Undir henni átti Kári Sölmundarson að vera grafinn. Grein Sigurðar Þórarinssonar, "Hérað milli sanda og eyðing þess", sem upphaflega út árið 1957 í Andvara en var endurprentuð í ritröðinni Lesarkir Náttúruverndarráðs fjallar um Öræfasveit. Þar stendur að bæjarstæði Breiðumerkur sé nýlega komið undan jökli, vegna jökulbráðnunar.

Heimildir: JÁM XIII, 433-434; JJ nm, 5-6; ÍF XI, 319; ÍF XII, 258, 310, 316, 349, 463; DI I, 168; DI II, 772; DI II, 773; DI IV, 14; DI IX, 274-275; DI XV, 713; ÁFÍ 1937, 35, Ö-Breiðamerkursandur1, 1, Ö-Breiðamerkursandur2, 1, Ferðabók Sveins Pálssonar, 280, 533-534

SF-644:002 *Fjall* bæjarstæði býli
Í Íslendingabók segir: "Þórðr illugi son Eyvindar eikikróks braut skip sitt á Breiðársandi; honum gaf Hrollaugr [friðlusonur Rögnvaldar jarls á Mæri] land milli Jokulsár ok Kviár, ok bjó hann undir Felli við Breiðá." [1179]: Í Máldaga Rauðalækjarkirkju segir: "xl. gelldinga annars hundrads skal [kirkjan] hafa i fiallz land." [1343]: "Máldagi Maríukirkju á Rauðalæk í Litlahéraði [...]. xl. gelldinga hofn annars hundrads i fiallz land." [1387]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Þessar ä kirkian jarder. Fiall med ixc. fioru. halft Skaptafell. Suinanes halft. og helming allra þeirra fiarna sem liggia til Jokulfells." 1576: Gíslamáldagar. "Kirkian ad Sandfelle ä [...] xL geldinga hofn annars hundads i fiallsland." Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Jörðunni [Hofi] er eignað Fjall og Fjallsfit í Breiðármerkurlandi. Rekafjöru á jörðin fyrir Breiðármerkurlandi, kölluð Fjallsfjara, níu hundurð, [...]. Fjall. Hofskirkjueign. Eyðijörð. Liggur í norðaustur af Breiðármörk. Hefur fyrir 14 árum sést til túns og tófta, en er nú allt komið í jökul. Öll eign jarðar er sagt lagst til Hofskirkju í Öræfum, af hvörri eign nú er ei eftir nema eitt fjall umgirt af jöklum, þó lítt brúkandi til lambagöngu á sumar. Item Fjallsfit og Fjallsfjara." Í Jarðabók Johnsen segir neðanmáls: "1805 getur og um eyðihjáleigu frá Hofi, "Fjall" og sömuleiðis um eyðijörð, "Breiðumörk", sem þar segir að konúngur hafi átt að hálfi og er sá partur þá máksi seldur ..."Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Byggð var áður undir Breiðamerkurfjalli, en hefir eyðzt af ágangi jöklanna. Suðvestan undir fjallinu stóð bærinn Fjall. [...] Árið 1695 sáust enn tóftir af Felli, en rétt á eftir lagðist jökullinn þar yfir." Í örnefnaskrá segir: "Vestan við Breiðamerkurfjöru tekur við Fjallsfjara, og er hún kennd við bæinn Fjall, sem stóð framanundir Bæjarskeri í Breiða-merkurfjalli og fór undir jökul árið 1700. Mörk milli Breiðamerkurfjöru og Fjallsfjöru eru að Kaplaklif komi fram undan Breiðamerkurmúla, og eru það nú talin mörk milli Breiðamerkur og Fjallslands, en það tekur við vestan Breiðamerkur. Upp við jökulinn er Breiðárlón, en úr því rennur Breiðá vestur í Fjallsárlón sem er framan undir Fjallsjökli (Fjallsárjökli). Áður (til 1954 ) rann Breiðá fram skammt vestan markanna milli Breiðármerkur og Fjallslands, og er þar farvegur eftir hana. " Í örnefnaskrá 3 segir: "Landssvæði eign Hofskirkju, vestan Breiðamerkurjökuls og norður frá Kvískerjum. Austur af Öræfajökli; fjall þetta var um nokkrar aldir umkringt jökli en nú á síðari tímum hefur jökullinn gengið til baka og um 1946 opnaðist leið frá því jökullaus og nú er þetta sund orðið allbreitt, Býlið Fjall stóð þar við og 1694 sást þar til túns og tópta. En 1709 var allt komið í jökul. " Á öðrum stað í sömu skrá segir: "Þar norður af, austur af Eyðnatindi, er Hrossadalur, nokkuð stórt svæði, Eftir dalnum er stórt gil, Hrossagil. Þar norður af er Bæjarsker. Undir því hefur trúlega Fjallsbærinn staðið." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir: " 4. Fjall eða Fell við Breiðá, er Landnáma nefnið svo, hefur staðið vestan við Breiðumörk, þar sem jökull er nú gengin yfir. Þar sáust garðlög fram um 1700. [...]". Grein Sigurðar Þórarinssonar, "Hérað milli sanda og eyðing þess", sem upphaflega út árið 1957 í Andvara en var endurprentuð í ritröðinni Lesarkir Náttúruverndarráðs árið 1979. Þar er fjallað um Öræfasveit og stendur að bæjarstæði Fjalls sé nýlega komið undan jökli, vegna jökulbráðnunar.
Heimildir: ÍF I, 319-320; DI I, 248; DI II, 776; DI III, 400-401; DI XV, 701-702; JÁM XIII, 434-435; JJ nm, 5-6; ÁFÍ 1937, 35, Ö-Breiðamerkursandur1, 1, Breiðamerkursandur 3, 1 og 2; Lesarkir Náttúruverndarráðs 2, 7

SF-644:003 *Nautastígur* örnefni leið
Í örnefnaskrá segir: "Slauf er talsvert svæði grösugt og grænt. Upp af Bæjarskeri neðst í fjallinu er Nautastígur,"
Heimildir: Ö-Breiðamerkursandur 3, 2

# 3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Yfirferð heimilda um gamla Hofshrepp leiddi í ljós 909 minjastaði á átta lögbýlum og afréttarlandi. Minjafjöldinn er talsverður og lætur nærri að nálega 100 fornleifar leynist að meðaltali á hverju lögbýlanna. Við skráninguna var öllum þeim átta lögbýlum, sem voru skráð sem slík í Jarðatali Johnsen árið 1847, gefið sérstakt númer en auk þess voru fornleifar á Breiðamerkursandi, Ingólfshöfða, Hafrafelli skráðar undir sérstökum númerum. Sömu sögu er að segja um fornleifar á fleiri en einni jörðu.

Helsta einkenni byggðarinnar í Öræfum er þéttbýli, þ.e. sveitin samanstendur nú í raun af byggð á sex túnstæðum undir fjallsrótum: á Kvískerjum, Hnappavöllum, Fagurhólsmýri/Hofsnesi, í Hofi, Svínafelli og Skaftafelli.[2] Um dreifingu minjastaða almennt gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Gera má ráð fyrir að Hofshreppur sé ekki undanskilin þessari meginreglu, þvert á móti bendir allt til að hlutfall minjastaða í heimatúnum sé talsvert hærra þar en annars staðar og eru því talsverðar líkur á að nokkuð stórt hlutfall þekktra minjastaða sé horfið, m.a. vegna túnasléttunar, nýbygginga og af völdum náttúrunnar. Þrátt þetta var ástand margra fornra torfbygginga með eindæmum gott á svæðinu fyrir tæplega 40 árum þegar danskir arkitektúr nemar heimsóttu svæðið. Ljóst er að búast má við að lang stærsti hluti fornleifa í Öræfum leynist í heimatúni byggðakjarnanna þó fornleifar séu án efa víða annars staðar á svæðinu, bæði ofan svarðar og langt undir uppsöfnuðum gjósku- og mannvistarlögum. Um ástand minja verður hins vegar ekki skorið nema að undangenginni vettvangsskráningu og því verður, í þessari skýrslu, ekki lagt mat á ástand minjastaða, heldur fremur varpað ljósi á fjölda þeirra og fjölbreytileika.

Við þá úttekt sem hér er lokið var reynt að komast fyrir um fyrra hlutverk allra þeirra minjastaða sem skráðir voru. Í flestum tilfellum reyndist unnt að ákvarða hlutverkið og eru langflestir minjastaðirnir, eins og gefur að skilja, tengdir landbúnaði á einhvern hátt. Sérstaka athygli vakti hinn mikli fjöldi bústaða sem skráður var á svæðinu en samtals voru þekktir bústaðir á 98 stöðum. Ástæða þessa er m.a. sú að máldagar geta fjölda bæja í byggð fyrir

[2] auk þess sem lítil gróðurtorfa er eftir í Sandfelli.

Öræfagosið 1362 sem ekki byggðust upp aftur, en jafnframt og ennfremur sú staðreynd að algengt er að margbýlt sé á hverri jörðu og í hverjum byggðarkjarna sé að finna fjölmarga bústaði. Á svæðinu voru skráðar upplýsingar um fjölmargar minjar í túnum eða 216 útihús, 58 kálgarða, 14 kvíar, 11 stekki og 7 smiðjur svo einhver dæmi séu tekin.

Þrátt fyrir að Öræfasveit hafi langt fram eftir 20. öld verið fræg fyrir samgönguleysi og einangrun var annar stærsti minjaflokkurinn á svæðinu samgönguminjar. Ljóst er því þrátt fyrir að einangrun sveitarinnar hafi verið rofin síðar en víðast annars staðar voru vitaskuld miklar samgöngur innan svæðis og milli þess og nágrannasveita á fyrri öldum. Um það bera fjölmörg samgöngumannvirki (sem getið er í heimildum) vott. Samtals voru skráðar 159 leiðir, 3 áfangastaðir og 2 brýr. Af öðrum athyglisverðum minjaflokkum sem skráðir voru á svæðinu mætti t.d. nefna staði sem tengjast þjóðsögum en fjölmargir slíkir staðir eru þekktir, sem og minjar um sjósókn Öræfinga fyrr á öldum frá Ingólfshöfða.

Ljóst er að margir merkir minjastaðir leynast í Öræfum sem gætu hentað vel til kynningar og/eða frekari rannsókna. Ábendingar um hvaða staðir hafa óvenjugott minjagildi verða hins vegar ekki gerðar nema að undangenginni vettvangsrannsókn þar sem lagt er mat á ástand og gildi minjastaða á svæðinu.

Á skrá yfir friðlýstar fornleifar, Friðlýsingaskrá eru sex minjastaðir á svæðinu og einn til viðbótar, kirkjan á Hofi telst til friðaðra húsa. Friðlýstar minjar í Öræfum eru eftirfarandi[3]:

1. Elsta bæjarstæði Hnappavalla (SF-082:199). Bæjarstæðið var friðlýst árið 1952. Það er talið hafa lagt í eyði í gosinu 1362 en ekki sjást nein ummerki þar nú.
2. Bæjarstæði Húsavíkur (SF-082:207) var vestan við bæ í landi Hnappavalla. Talið er að bærinn hafi lagðist í eyði í kjölfar gossins árið 1362. Bærinn var friðlýstur árið 1952 en ekki sést til mannvirkja á þessum slóðum.
3. Kirkjan á Hofi (SF-085:002) er sem fyrr segir hluti af húsaskrá Þjóðminjasafns Íslands og er vel viðhaldið. Kirkjan þykir skemmtileg blanda af nýjum og gömlum byggingarstíl en hún var gerð árunum 1883-85.
4. Sýruker, öðru nafni Steinker (SF-085:123) er í landi Hofs. Skálin, eða kerið er úthöggvin í móberg og ber fornu verklagi gott vitni.
5. Bærinn Sel (SF-088:038) í Skaftafelli er friðlýstur ásamt tveimur, gömlum heyhlöðum með ásþaki sem standa neðan við hann. Bærinn er uppgerður og vel varðveittur.

[3] Það skal því ítrekað að allar minjar eru jafnar fyrir þjóðminjalögum, þær eru friðhelgar og þeim má ekki raska án leyfis Fornleifaverndar ríkisins.

6. Á Ingólfshöfða eru einu ummerki sjósóknar á svæðinu. Þar eru fjórar verbúðartóftir (SF-642:021) friðlýstar.
7. Á Ingólfshöfða er að auki friðlýst s.k. Kárahróf (SF-642:022), sem var naust.

Heimildaúttekt um fornleifar sýnir að í héraðinu eru fjölmargir áhugaverðir minjastaðir aðrir en þeir sem friðlýstir hafa verið. Dæmi um slíka staði gætu verið selminjar, heilleg torfhús í túnum, hellar og fleiri forn eyðibýli s.s. hið meinta býli „Vindás“ í landi Hofsness. Raunar mætti lengi telja en hér verður látið staðar numið og enn ítrekað hversu miklum fróðleik til viðbótar vettvangsúttekt minja mun skila. Auk þess að veita ómetanlegar upplýsingar um eðli og ástand minja á svæðinu er slík skráning nauðsynlegur grunnur að hvers konar kynningu á minjum og sögu svæðisins. Einnig má búast við að vettvangsúttekt bæti að lámarki við um 20% fleiri minjastöðum sem engar heimildir hafa varðveist um en finnast við vettvangsgöngur eða eftir ábendingar frá staðkunnugum heimamönnum.

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar mörg vannýtt tækifæri. Ljóst er í Öræfum eru slíkir möguleikar mjög miklir. Mikill fjöldi ferðamanna fer um svæðið ár hvert og er hin stórfenglega náttúra svæðisins aðal aðdráttaraflið þó að vissulega sé þegar gaumur gefinn að búsetusögu svæðisins. Ljóst er hins vegar að enn er sóknarfæri í þessum efnum. Ítarlegri kynning á fornleifum og sögu svæðisins myndi auka mjög á gildi útivistar og fleiri tækifæri mætti nýta til að flétta saman kynningu á gönguleiðum og fornleifafræðslu. Upplagt væri einnig að nýta heillegar fornleifar til grenndarfræðslu fyrir börn í þeim tilgangi að vekja áhuga þeirra á arfleið sinni og nærsögu.

Með skýrslu þessari er stigið fyrsta skrefið í átt til fullrar skráningar og þekkingar á minjum í Öræfum og er það von höfunda að á allra næstu árum megi stíga fleiri slík skref í átt að heildstæðari þekkingu á minjum og sögu í Öræfum.

# HEIMILDASKRÁ

**ÁFÍ** 1937: Magnús Björnsson (1937). "Lönd og leiðir í Austur Skaftafellssýslu." *Árbók Ferðafélags Íslands: Austur-Skaftafellssýsla*. Ísafoldarprentsmiðja: Reykjavík.

**ÁFÍ 1993**: Hjörleifur Guttormsson (1993). "Við rætur Vatnajökuls: byggðir, fjöll og skriðjöklar." *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Ágúst Ó. Georgsson (ritstjóri) (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*.

Reykjavík: Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

**BAS III:** Magnús Björnsson (1976). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III*. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

**Bsk**: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi* I-II, Kaupmannahöfn

1858-1878.

Bjarni F. Einarsson (1999). *Kvísker : fornar minjar djúpt í jörðu: skýrsla yfir prufuholugröft haustið 1999.* skýrsla 1. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. (2002). *Undir Salthöfða í Öræfum. Leit að bæjarstæði.* Reykjavík. Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. (2004). Bær við Salthöfða II. Eyðibýli í Öræfum. Drög. Reykjavík. Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson (2005). Bær við Salthöfða. Eyðibýli í Öræfum II og III. Reykjavík. Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson (2006). "Inn í eilífiðina á augnabliki – Bær í Öræfum". *Glettingur 15.* árgangur, 1.-3. tbl.

Bjarni F. Einarsson (2007). Bær við Salthöfða. Eyðibýli í Öræfum IV. Reykjavík. Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson (2008). Bær við Salthöfða. Eyðibýli í Öræfum VI. Reykjavík. Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson (2008). "Transproduktion i det medeltida Island. Med utgåbgspunkt från gården Bær í Öræfi S-Island. *Simunarbók. Heiðursrrit til Símun V. Arge á 60 ára deagnum* 5. september 2008. Tórshavn 2008.

Bjarni F. Einarsson (2009). Bær við Salthöfða. Eyðibýli í Öræfum VII. Viðauki: Sofnhúsið á Gröf. Reykjavík. Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson (2010). *Kvísker : fornar minjar djúpt í jörðu: skýrsla yfir prufuholugröft haustið 2010.* skýrsla 2. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, (1853-1976). Kaupmannahöfn og Reykjavík.

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* (1983). Sveinbjörn Rafnsson gaf út. Reykjavík.

Flosi Björnsson (1974). „Varða Sveins Pálssonar í Kvískerjafjöllum.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1974*. Reykjavík: Hið íslenzka fornleifafélag, bls.143-146.

**FSP:** *Ferðabók Sveins Pálssonar : dagbækur og ritgerðir 1791-1797* (1945). Jón Eyþórsson (ritstjóri). Reykjavík: Snælandsútgáfan.

Gísli Gestsson (1959). „Gröf í Öræfum.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1959*. Reykjavík: Hið íslenzka fornleifafélag, bls. 5-87.

Henderson, Ebenezer (1957). *Ferðabók: frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815 með vetursetu í Reykjavík*. Reykjavík: Snæbjörn Jónsson.

Hjörleifur Guttormsson og Oddur Sigurðsson (1997). *Leyndardómar Vatnajökuls: víðerni, fjöll og byggðir: stórbrotin náttúra, eldgos og jökulhlaup*. Reykjavík: Fjöll og firnindi.

Ives, Jack D (2007). *Skaftafell í Öræfum: Íslands þúsund ár.* Reykjavík : Ormstunga

**JÁM**: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-13. Kaupmannahöfn (1913-43); Reykjavík (1990).

**JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. (1847). Kaupmannahöfn.

Konungsannáll, IA: Storm, Gustav: *Islandske Annaler indtil 1578,* Kristjanía 1888

**ÍF I-XIV**: *Íslenzk fornrit I-XIV.* (1936-1986). Reykjavik

**KK**: Kristian Kålund (1984-86). *Íslenzkir sögustaðir I-IV.* Reykjavík : Örn og Örlygur

*Norðurfari* (1848). Kaupmannahöfn: Gísli Brynjúlfsson og Jón Þórðarson.

Páll Þorsteinsson (1985). *Samgöngur í Skaftafellssýslum*. Hornafjörður.

Páll Þorsteinsson (1992) „Rauðalækur í Héraði milli sanda. ” *Skaftfellingur 8,* bls. 140-158.

Sigurður Björnsson (1963). „Lækjarfarvegur lagaður til á 14. öld.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1963. Reykjavík: Hið íslenzka fornleifafélag, bls. 110-111

Sigurður Björnsson (2007). *Sótt fram : Saga sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu og þættir úr Öræfum*. Höfn: Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Sigurður Þórarinsson (1979). *Hérað milli sanda og eyðing þess*. Lesarkir Náttúruverndarráðs 2. Reykjavík: Náttúruverndarráð.

**SSS**: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 (1997). Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík.

*Sturlunga saga* I-II. (1946). Reykjavík.

Þjóðminjasafn Íslands (2011). Hofskirkja í Öræfum. Sótt þann 03.04.2011. Slóðin er: http://www.natmus.is/minjar-og-rannsoknir/husasafn/husin-kort/nr/343

Þorsteinn Guðmundsson (2005). „Skessan í Skaftafelli.“ *Glettingur 15(2-3)*, bls. 75-79.

Þórður Tómasson (1980). *Skaftafell: þættir úr sögu ættarseturs og atvinnuhátta*. Reykjavík: Þjóðsaga.

Þórður Tómasson (1975). Föng til búmarkafræði.“ *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1975: Reykjavík: Hið íslenzka fornleifafélag 1975. Bls. 91-102.

Þorvaldur Thoroddsen (1895). „Ferð um Austur-Skaptafellssýslu og Múlasýslur sumarið 1894.“ *Andvari: tímarit hins íslenzka þjóðvinafélags*, 20. Árg., bls. 47

Öræfi (I): opmåling og registrering i det sydøstlige Island. Aarhus : Arkitektskolen i Aarhus, 1974-78.

Öræfi II : opmåling og registrering i det sydøstlige Island**.** 2 bindi. Aarhus: Arkitektskolen i Aarhus.

**Óprentaðar heimildir:**

Björn Gísli Arnarson et. al (1999). *Menningarminjar í Öræfum Austur-Skaftafellssýslu: svæðisskráning*. Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu.

Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906. Landmælingar Íslands.

Túnakort frá um 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

**Ö-Breiðamerkursandur1.** Ókunnur skrásetjari. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Breiðamerkursandur2.** Ókunnur skrásetjari. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Fagurhólsmýri.** Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Hafrafell.** Þorsteinn Jóhannsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Hnappavellir.** Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar

**Ö-Hof.** Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Hofsnes.** Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Ingólfshöfði.** Helgi Arason skráði. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Ingólfshöfði AG.** Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Ingólfshöfði og nágrenni.** Sigurður Björnsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Ingólfshöfði, ath og leiðr.** Sigurður Arason skráði. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Kvísker.** Ókunnur skrásetjari. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Sandfell.** Ókunnur skrásetjari. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Skaftafell.** Ókunnur skrásetjari. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Svínafell.** Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar.

**Ö-Svínafell.** Þorsteinn Jóhannsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar.